ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 25

31. árgangur

21.3.2024

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2024/EES/25/01 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 frá 16. mars 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna fyrirhugaðrar öflunar á virkum eignarhlut í lánastofnunum eins og um getur í 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB 1

2024/EES/25/02 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/171 frá 19. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mikilvægismörkin fyrir lánaskuldbindingar sem komnar eru fram yfir gjalddaga 10

2024/EES/25/03 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/728 frá 24. janúar 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur um að undanskilja viðskipti við ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja landi frá kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis 15

2024/EES/25/04 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1580 frá 19. október 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2015/2197 um tæknilega framkvæmda-rstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 18

2024/EES/25/05 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1229 frá 11. júlí 2022 um breytingu á ákvörðunum 2014/312/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB, (ESB) 2016/1332 og (ESB) 2017/176 að því er varðar gildistíma viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun 22

2024/EES/25/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1005 frá 23. júní 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Alphachloralose Grain sem Frakkland og Svíþjóð vísuðu áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 26

2024/EES/25/07 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/835 frá 25. maí 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Primer Stain TIP í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 30

2024/EES/25/08 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1807 frá 14. nóvember 2018 um ramma um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga í Evrópusambandinu 34

2024/EES/25/09 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2012 frá 16. janúar 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga með því að ákvarða ramma fyrir samanburðaraðferð við útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu bygginga og byggingarþátta 44

2024/EES/25/10 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1570 frá 23. maí 2023 um leiðréttingu á ungversku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma 63

2024/EES/25/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1345 frá 1. ágúst 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráningu og samþykki fyrir starfsstöðvum með landdýr í haldi og sem safna, framleiða, vinna eða geyma kímefni 65

2024/EES/25/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1698 frá 6. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með kalíumdíformati sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er ADDCON Europe GmbH) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 104/2010 69

2024/EES/25/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1699 frá 6. september 2023 um stöðu attapúlgíts sem fóðuraukefnis innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 74

2024/EES/25/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1703 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, sem fóðuraukefni fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur), leyfi fyrir þeirri blöndu fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 337/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/997 76

2024/EES/25/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1704 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012 81

2024/EES/25/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1705 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með ríbóflavíni (B2-vítamíni), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 84

2024/EES/25/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1707 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir 2-asetýlfúrani og 2-pentýlfúrani sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ... 87

2024/EES/25/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1708 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr með virka vömb og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 839/2012 91

2024/EES/25/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1709 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 94

2024/EES/25/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1710 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir öll jórturdýr og ketti og hunda, leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 832/2012 og (ESB) 2016/1007 97

2024/EES/25/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1711 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 537/2007 (leyfishafi er Biozyme Incorporated) 102

2024/EES/25/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1713 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Genencor International B.V.) 106

2024/EES/25/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/384 frá 03. mars 2021 um heppileika nafngifta á yrkjum af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 637/2009 110

2024/EES/25/24 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1149 frá 5. apríl 2023 um leiðréttingu á pólsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið 118

2024/EES/25/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1030 frá 25. maí 2023 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni AH2, *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45 og *Purpureocillium lilacinum* af stofni PL11 120

2024/EES/25/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1042 frá 26. maí 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fólpet í eða á tilteknum afurðum 123

2024/EES/25/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1049 frá 30. maí 2023 um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fisklýsi, pendímetalín, kindamör og spírótetramat í eða á tilteknum afurðum 137

2024/EES/25/28 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1068 frá 1. júní 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýantranilípról í eða á tilteknum afurðum 152

2024/EES/25/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1069 frá 1. júní 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bixafen, sýpródiníl, fenhexamíð, fenpíkoxamíð, fenpýroxímat, flútíaníl, ísoxaflútól, mandípropamíð, metoxýfenósíð og spínetóram í eða á tilteknum afurðum 165

2024/EES/25/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1536 frá 25. júlí 2023 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir nikótín í eða á tilteknum afurðum 190

2024/EES/25/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1783 frá 15. september 2023 um breytingu á II. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir denatóníumbensóat, díúrón, etoxasól, metómýl og teflúbensúrón í eða á tilteknum afurðum 210

2024/EES/25/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2399 frá 6. október 2023 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362 að því er varðar tilteknar villur varðandi hermun með tölvuvæddri straumfræði 236

2024/EES/25/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/731 frá 3. apríl 2023 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2024, 2025 og 2026 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 239

2024/EES/25/34 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2482 frá 13. nóvember 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar efnið bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) í lækningatæki 252

2024/EES/25/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2089 frá 28. september 2023 um að samþykkja hvarfmassa N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 256

2024/EES/25/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/515 frá 8. mars 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu abamektíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 260

2024/EES/25/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/932 frá 8. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virka efnið pýridalýl 265

2024/EES/25/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/939 frá 10. maí 2023 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 267

2024/EES/25/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/962 frá 15. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1448 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kalsíumkarbónati og kalksteini og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 271

2024/EES/25/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/998 frá 23. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 275

2024/EES/25/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/999 frá 23. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 282

2024/EES/25/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1000 frá 23. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* GC-91, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 287

2024/EES/25/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1001 frá 23. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 294

2024/EES/25/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1002 frá 23. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 299

2024/EES/25/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1003 frá 23. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 306

2024/EES/25/46 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1004 frá 23. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 313

2024/EES/25/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1005 frá 23. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *Kurstaki* SA-12, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 320

2024/EES/25/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1021 frá 24. maí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 326

2024/EES/25/49 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1436 frá 10. júlí 2023 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu dímoxýstróbíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 331

2024/EES/25/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1446 frá 12. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, álammóníumsúlfat, álfosfíð, álsílíkat, kalsíumkarbíð, sýmoxaníl, dódemorf, etýlen, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7-C20, flóníkamíð (IKI-220), gibberellsýru, gibberellín, halósúlfúrónmetýl, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfíð, maltódextrín, metamítrón, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, pýretrín, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni 335

2024/EES/25/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1447 frá 12. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virku efnin *Bacillus pumilus* QST 2808 og penflúfen 341

2024/EES/25/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1488 frá 6. júlí 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kvarssandi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 344

2024/EES/25/53 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/543 frá 9. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar úthlutun til aðildarríkjanna á mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun 349

2024/EES/25/54 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/448 frá 1. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/574 um tæknistaðla til að koma á fót og starfrækja rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur 353

2024/EES/25/55 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1653 frá 17. ágúst 2023 um færslu heitis í skrána yfir landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki („Borzag pálinka“) 383

2024/EES/25/56 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2197 frá 10. júlí 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 að því er varðar úthlutun einkvæmra tækjaauðkenninga fyrir snertilinsur 385

2024/EES/25/57 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2056 frá 26. september 2023 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 að því er varðar uppfærslu á skránni um viðeigandi nægilega fjölþættar vísitölur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 387

2024/EES/25/58 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1718 frá 8. september 2023 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 392

2024/EES/25/59 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1650 frá 15. maí 2023 um leiðréttingu á sænsku tungumálaútgáfunni á framseldri reglugerð (ESB) 2018/389 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta 397

2024/EES/25/60 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1527 frá 31. maí 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samningsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum 399

2024/EES/25/61 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1862 frá 4. október 2022 um að taka saman skrár yfir lénsheiti, sem tekin hafa verið frá og lokað fyrir, undir höfuðléninu .eu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 403

2024/EES/25/62 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/980 frá 16. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 að því er varðar bráða-birgðasnjallökurita og notkun hans á kerfi fyrir sannvottun leiðsöguboða í opinni þjónustu Galíleó og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1228 587

2024/EES/25/63 Tilskipun evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/946 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/25/EB að því er varðar að auka kröfur um stöðugleika og aðlögun þeirrar tilskipunar að kröfum um stöðugleika sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur skilgreint 595

2024/EES/25/64 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2495 frá 15. nóvember 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna 605

2024/EES/25/65 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2496 frá 15. nóvember 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna 607

2024/EES/25/66 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2497 frá 15. nóvember 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæð vegna sérleyfa 609

2024/EES/25/67 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2510 frá 15. nóvember 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga 611

2024/EES/25/68 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2303 frá 24. nóvember 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1780 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup 613

2024/EES/25/69 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/163 frá 12. desember 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 að því er varðar að fella Cayman-eyjar og Jórdaníu brott úr töflunni í I. lið í viðaukanum 652

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/461 **2024/EES/25/01**

frá 16. mars 2017

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna fyrirhugaðrar öflunar á virkum eignarhlut í lánastofnunum eins og um getur í 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum 9. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rétt þykir að setja fram sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát til að tryggja að lögbær yfirvöld leggi rétt mat á tilkynningar um fyrirhugaða beina eða óbeina öflun eða aukningu á virkum eignarhluta í lánastofnunum, ef fyrirhugaður eigandi er aðili sem lýtur eftirliti í öðru aðildarríki eða öðrum geira, móðurfélag slíks eftirlitsskylds aðila eða sá einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum eftirlitsskyldum aðila. Í þeim tilvikum ættu viðkomandi lögbær yfirvöld að hafa samráð sín á milli og veita hvert öðru þær upplýsingar sem óskað er eftir og sérhverjar aðrar mikilvægar upplýsingar.

2) Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 2013/36/ESB á samráðsferlið sem um getur í 24. gr. þeirrar tilskipunar einnig við um mat á hluthöfum og félagsaðilum að lánastofnun, að því er varðar veitingu starfsleyfis til að hefja starfsemi lánastofnunar. Sameiginlegu verklagsreglurnar, eyðublöðin og sniðmátin ættu þess vegna einnig að gera samráð á milli viðkomandi lögbærra yfirvalda mögulegt þegar matið á hluthöfum eða félagsaðilum með virkan eignarhlut er framkvæmt sem hluti af matinu á umsóknum um starfsleyfi lánastofnana.

3) Til að auðvelda samstarf lögbærra yfirvalda og tryggja skilvirkni við upplýsingaskipti þeirra ættu lögbær yfirvöld að tilnefna sérlega tengiliði sérstaklega að því er varðar samráðsferlið sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og gera slíkar upplýsingar aðgengilegar öllum á vefsetrum sínum.

4) Samráðsferli með skýrum tímakröfum ætti að vera sett upp til að tryggja tímanlegt og skilvirkt samstarf lögbærra yfirvalda.

5) Þessi tilhögun samráðs ætti einnig að tryggja að lögbær yfirvöld vinni saman að því að bæta samráðsferlið með því að stuðla að endurgjöf um gæði og mikilvægi upplýsinganna sem mótteknar eru, eftir því sem við á.

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin („EBA“) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2017, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferlið sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB á milli eftirfarandi aðila:

a) lögbærs yfirvalds starfandi lánastofnunar sem fyrirhugað er að afla eða auka virkan eignarhlut í, eða sem ber ábyrgð á veitingu starfsleyfis til að hefja starfsemi sem lánastofnun („yfirvaldið sem leggur fram beiðni“),

b) viðkomandi lögbærs yfirvalds fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila, þegar slíkur fyrirhugaður eigandi, hluthafi eða félagsaðili fellur undir einn af flokkunum sem um getur í a-, b- og c-liðum 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB („yfirvaldið sem beiðni er beint til“).

2. gr.

Tilnefndir tengiliðir

Að því er varðar samráðsferlið sem sett er fram í 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skulu viðkomandi lögbær yfirvöld tilnefna, með því að gefa upp eitt heimilisfang sérstakrar deildar eða pósthólf, tengiliði fyrir sendingu samráðstilkynninga og önnur samskipti í samræmi við þessa reglugerð og skulu gera upplýsingar um þessa tengiliði aðgengilegar öllum á vefsetrum sínum.

3. gr.

Samráðstilkynning

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynningu til yfirvaldsins sem beiðni er beint til eins fljótt og mögulegt er eftir móttöku tilkynningar, sem um getur í 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og, að öllu jöfnu, eigi síðar en 10 virkum dögum eftir að matstímabilið, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 22. gr. þeirrar tilskipunar, hefst.

2. Þegar matið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er framkvæmt sem hluti af mati á umsókn lánastofnunar um starfsleyfi til að hefja starfsemi skal yfirvaldið sem leggur fram beiðni senda samráðstilkynningu til yfirvaldsins sem beiðni er beint til eins fljótt og mögulegt er eftir móttöku slíkrar umsóknar og, að öllu jöfnu, eigi síðar en 10 virkum dögum eftir móttöku allra upplýsinganna sem um getur í 15. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

3. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynningarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skriflega með pósti, símbréfi eða tryggum rafrænum hætti og stíla þær á tilnefndan tengilið yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

4. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynningarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. með því að fylla út sniðmátið sem sett er fram í I. viðauka, tilgreina meginatriðin er varða fyrirhugaðan eignarhlut og upplýsingarnar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni óskar eftir frá yfirvaldinu sem beiðni er beint til í tengslum við hann.

4. gr.

Staðfesting á móttöku samráðstilkynningar

Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal senda yfirvaldinu sem leggur fram beiðni staðfestingu á móttöku samráðstilkynningarinnar sem um getur í 3. gr. innan 2 virkra daga frá móttöku slíkrar tilkynningar.

5. gr.

Svar frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

1. Svar við samráðstilkynningu skal vera skriflegt, á því formi sem sett er fram í II. viðauka og sent með pósti, símbréfi eða tryggri rafrænni aðferð. Það skal stílað á tilnefndan tengilið yfirvaldsins sem leggur fram beiðni, sem um getur í 2. gr., nema yfirvaldið sem leggur fram beiðnina taki annað sérstaklega fram.

2. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal eins fljót og mögulegt er og eigi síðar en 20 virkum dögum eftir móttöku samráðstilkynningarinnar veita yfirvaldinu sem leggur fram beiðni:

a) allar viðeigandi upplýsingar sem óskað er í samráðstilkynningunni, þ.m.t. sjónarmið eða fyrirvara í tengslum við öflun fyrirhugaðs eiganda,

b) allar mikilvægar upplýsingar, að eigin frumkvæði.

3. Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til getur ekki virt tímamörkin sem sett eru fram í 2. mgr. skal það tafarlaust upplýsa yfirvaldið sem leggur fram beiðnina um réttlætanlegar ástæður sem gera slíka seinkun nauðsynlega og gefa upp áætlaðan svardag. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal veita reglulega endurgjöf um framvinduna annað hvort að eigin frumkvæði eða að beiðni yfirvaldsins sem leggur fram beiðni.

4. Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til getur ekki, af óhjákvæmilegum ástæðum, veitt allar tilskildar upplýsingar nógu snemma til að virða tímamörkin sem sett eru fram í 2. mgr. skal það:

a) veita þær upplýsingar sem þegar eru tiltækar innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 2. mgr. með því að nota formið sem sett er fram í II. viðauka,

b) veita allar upplýsingar sem vantar um leið og þær verða tiltækar og með þeim hætti, þ.m.t. munnlega, að tryggt sé að sérhverjar nauðsynlegar aðgerðir geti hafist með skjótum hætti.

5. Ef umbeðnar upplýsingarnar eru veittar munnlega, skv. b-lið 4. mgr., skulu þær í framhaldinu staðfestar skriflega í samræmi við 1. mgr. nema lögbær yfirvöld sem í hlut eiga samþykki annað.

6. gr.

Verklagsreglur um samráð

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðni er beint til skulu nota fljótvirkustu aðferðirnar af þeim sem settar eru fram í 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. til að eiga samskipti í tengslum við samráðstilkynningu og svarið við henni, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þagnarskyldu, samskiptatíma, magns upplýsinganna sem þarf að miðla og aðgengileika upplýsinganna fyrir yfirvaldið sem leggur fram beiðnina.

2. Upplýsingarnar sem yfirvaldið sem beiðni er beint til veitir skulu, að þess bestu vitund, vera tæmandi, nákvæmar og uppfærðar.

3. Við móttöku samráðstilkynningar skal yfirvaldið sem beiðni er beint til vera tímanlega í samskiptum við yfirvaldið sem leggur fram beiðni ef það þarfnast einhverra nánari skýringa í tengslum við upplýsingarnar sem beðið er um.

Yfirvaldið sem leggur fram beiðnina skal einnig bregðast skjótt við öllum óskum yfirvaldsins sem beiðninni er beint til um útskýringar.

4. Ef umbeðnu upplýsingarnar er að finna hjá öðru yfirvaldi í sama aðildarríki og því sem yfirvaldið sem beiðni er beint til er í, en sem ekki er lögbært yfirvald að því er varðar 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skal yfirvaldið sem beiðni er beint til tafarlaust reyna eftir bestu getu að safna upplýsingunum og senda þær til yfirvaldsins sem leggur fram beiðni í samræmi við 5. gr.

Ef umbeðnu upplýsingarnar er að finna hjá öðru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða hjá öðru yfirvaldi í sama aðildarríki, sem er lögbært yfirvald að því er varðar 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skal yfirvaldið sem beiðni er beint til tafarlaust upplýsa yfirvaldið sem leggur fram beiðni þar um.

5. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram skulu vinna saman að því að leysa þau vandkvæði sem upp kunna að koma við að svara beiðni.

6. Yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni skulu veita hvort öðru endurgjöf um niðurstöðu matsins sem samráðið snérist um og, eftir því sem við á, um gagnsemi upplýsinga eða annarrar móttekinnar aðstoðar og um hver þau vandamál sem upp komu við að veita slíka aðstoð eða upplýsingar.

7. Komi fram nýjar upplýsingar eða nánari upplýsinga gerist þörf á matstímabilinu skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðninni er beint til tryggja að skipst sé á öllum mikilvægum upplýsingum sem máli skipta. Sniðmátin sem sett eru fram í I. viðauka skulu, eftir því sem við á, notuð í þeim tilgangi.

8. Lögbær yfirvöld skulu í samráðsferlinu nota opinbert tungumál aðildarríkis í Sambandinu sem almennt er notað í alþjóðlegri samvinnu eftirlitsyfirvalda og skulu birta valið á slíku tungumáli eða tungumálum á vefsetrum sínum. Þeim lögbæru yfirvöldum aðildarríkja sem hafa sameiginlegt opinbert tungumál, eða eru sammála um að nota annað opinbert tungumál aðildarríkis í Sambandinu, er heimilt að nota það tungumál.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Sniðmát samráðstilkynningar

(Ákvæði 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461)

Samráðstilkynning

Dagsetning: .....

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Sími:

Tölvupóstfang:

Tilvísunarnúmer:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti viðtakandi,

Í samræmi við 3. gr. framkvæmdareglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 ([1]) er hér með lögð fram samráðstilkynning í tengslum við þau mál sem nánar er greint frá hér að neðan.

Bent er á að matsferlinu lýkur hinn [*bæta skal við dagsetningu*] ([2]). Við yrðum þess vegna þakklát ef þið gætuð veitt umbeðnar upplýsingar og allar aðrar mikilvægar upplýsingar, sem og sjónarmið eða fyrirvara sem þið kunnið að hafa um fyrirhugaðan eignarhlut, innan 20 virkra daga frá móttöku þessa bréfs eða, ef það er ekki mögulegt, upplýsingar um hvenær þið búist við að vera í aðstöðu til að veita umbeðna aðstoð.

Þessi samráðstilkynning, svar þitt og vinnsla er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([3]).

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 frá 16. mars 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna fyrirhugaðrar öflunar á virkum eignarhlut í lánastofnunum eins og um getur í 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2017, bls. 57).

([2]) Í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eða, eftir því sem við á, 15. gr. tilskipunarinnar.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

Upplýsingar um fyrirhugaðan eignarhlut

Deili á fyrirhuguðum eigendum, hluthöfum eða félagsaðilum:

.....

.....

.....

[Sé um að ræða einstaklinga skal tiltaka persónuupplýsingar, þ.m.t. nafn, fæðingardag og -stað, kennitölu (ef tiltæk) og heimilisfang. Sé um að ræða lögaðila skal tiltaka skráð heiti, skráð heimilisfang aðalskrifstofu, póstfang (ef annað) og landsbundið kenninúmer (ef tiltækt)]

Nafn viðkomandi eftirlitsskyldra aðila, eins eða fleiri, í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðni er beint til og tengsl við fyrirhugaðan eiganda, hluthafa eða félagsaðila:

.....

.....

.....

[Ef fyrirhugaður eigandi, hluthafi eða félagsaðili er eftirlitsskyldur aðili, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, nægir að gefa upp nafn fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila. Ef fyrirhugaður eigandi, hluthafi eða félagsaðili fellur undir einn af flokkunum sem skilgreindir eru skv. b- eða c-lið 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er einnig nauðsynlegt að útskýra tengsl fyrirhugaða eigandans, hluthafans eða félagsaðilans við viðkomandi eftirlitsskyldan aðila sem er með staðfestu í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðni er beint til.]

Deili á markfyrirtækinu eða -stofnuninni sem sótt er um starfsleyfi fyrir:

.....

.....

.....

[Setja skal inn skráð heiti, skráð heimilisfang aðalskrifstofu, póstfang (ef annað) og landsbundið auðkennisnúmer (ef tiltækt)]

Stærð á fyrirliggjandi og fyrirhuguðum beinum eða óbeinum eignarhlut fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila í markfyrirtækinu eða -stofnuninni sem sótt er um starfsleyfi fyrir:

.....

.....

.....

[Setja skal inn upplýsingar um hlutafé markfyrirtækisins eða -stofnunarinnar sem sótt er um starfsleyfi fyrir, sem er í eigu eða búist er við að verði í eigu fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila (ef við á, fyrir og eftir fyrirhugaða öflun), þ.m.t. i) fjölda og gerð hlutabréfa félagsins, hvort heldur almennra hlutabréfa eða annarra, sem eru í eigu eða fyrirhugað er að verði aflað af fyrirhuguðum eiganda, hluthafa eða félagsaðila (ef við á, fyrir og eftir fyrirhugaða öflun), ásamt nafnvirði slíkra hlutabréfa, ii) hlutdeild í heildarhlutafé félagsins sem hlutabréfin standa fyrir, sem eru í eigu eða fyrirhugað er að verði aflað af fyrirhuguðum eiganda, hluthafa eða félagsaðila (ef við á, fyrir og eftir fyrirhugaða öflun) og iii) vægi atkvæðisréttar alls í félaginu sem hlutabréfin standa fyrir, sem eru í eigu eða búist er við að verði í eigu fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila (ef við á, fyrir og eftir fyrirhugaða öflun), ef önnur en hlutdeildin í hlutafé félagsins. Fyrir óbeina öflun skulu slíkar upplýsingar veittar að breyttu breytanda.]

Upplýsingar um öll önnur yfirvöld sem koma að málinu:

.....

.....

.....

[Hvort yfirvaldið sem leggur fram beiðni hafi verið eða verði í sambandi við eitthvert annað yfirvald í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðni er beint til í tengslum við viðfangsefni beiðninnar eða eitthvert annað yfirvald sem yfirvaldinu sem leggur fram beiðni er kunnugt um að eigi virkra hagsmuna að gæta varðandi viðfangsefni beiðninnar]

[Viðbótarupplýsingar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni veitir (ef einhverjar):

.....

.....

.....

.....]

Tegund umbeðinnar aðstoðar

Beiðni um sértækar upplýsingar:

.....

.....

.....

.....

[Setja skal inn nákvæma lýsingu á sértæku upplýsingunum sem sóst er eftir, þ.m.t. öllum viðkomandi skjölum sem beðið er um. Slíkar upplýsingar skulu fela í sér:

— *ef tiltæk, niðurstöðu úr nýjasta mati á hæfi (með tilliti til hæfi og hæfni) fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila eða viðkomandi fulltrúa eftirlitsskylda aðilans,*

— *ef tiltæk, niðurstöðu úr nýjasta mati á fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila eða viðkomandi eftirlitsskylds aðila, með tilheyrandi opinberum eða ytri endurskoðunarskýrslum,*

— *ef tiltæk, niðurstöðu úr nýjasta mati yfirvaldsins sem beiðni er beint til á gæðum stjórnunarfyrirkomulags hjá fyrirhuguðum eiganda, hluthafa eða félagsaðila eða viðkomandi eftirlitsskyldum aðila, og stjórnunar- og bókhaldsaðferðum hans, innri eftirlitskerfum, stjórnarháttum fyrirtækis, samstæðuskipulags, o.s.frv.,*

— *hvort einhverjar ástæður séu til að gruna, í tengslum við fyrirhugaða öflun eða hlutdeild, að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi eða hafi átt sér stað eða verið reynd,*

og allar aðrar sértækar upplýsingar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni sækist eftir.]

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

———

II. VIÐAUKI

Sniðmát svars frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

(Ákvæði 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461)

Svar frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

Dagsetning: .....

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Sími:

Tölvupóstfang:

Tilvísunarnúmer yfirvalds sem beiðni er beint til:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Sími:

Tölvupóstfang:

Tilvísunarnúmer yfirvalds sem leggur fram beiðni:

Ágæti viðtakandi,

Í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 ([1]), höfum við afgreitt samráðstilkynningu þína dags. [dd.mm.áááá] með tilvísunarnúmerið sem um getur að ofan.

Þetta svar er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([2]).

Ef við á skal greina frá hvers konar vafaatriðum í tengslum við afmarkaðar upplýsingar sem óskað er eftir eða hverja aðra þætti þessa mats:

.....

.....

.....

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 frá 16. mars 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna fyrirhugaðrar öflunar á virkum eignarhlut í lánastofnunum eins og um getur í 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2017, bls. 57).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

Setja skal fram umbeðnar upplýsingar hér eða vísa til viðkomandi viðauka sem innihalda umbeðnar upplýsingar:

.....

.....

.....

Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til vill veita einhverjar aðrar mikilvægar upplýsingar eða aðrar upplýsingar skal veita slíkar upplýsingar hér eða útskýra hvernig þær verða veittar eða vísa til viðkomandi viðauka sem innihalda þær upplýsingar:

.....

.....

.....

[Veita skal allar mikilvægar upplýsingar, eins og um samstæðuskipulag eða nýjasta mat á fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs eiganda eða viðkomandi eftirlitsskylds aðila.]

Ef einhver sjónarmið eða fyrirvarar eru í tengslum við fyrirhugaða öflun, skal setja þá fram hér:

.....

.....

.....

Ef einhverjar umbeðnar upplýsingar voru ekki tiltækar við gerð þessa svars og bið eftir slíkum upplýsingum hefði leitt til þess að svarið hefði ekki verið lagt fram innan hins ákveðna tímaramma, skal tilgreina slíkar upplýsingar hér og taka fram hvenær búist er við að þær verði veittar:

.....

.....

.....

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/171 **2024/EES/25/02**

frá 19. október 2017

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mikilvægismörkin fyrir lánaskuldbindingar sem komnar eru fram yfir gjalddaga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 6. mgr. 178. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þar sem markaðs- og efnahagsskilyrði innan sömu lögsögu eru svipuð ættu lögbæru yfirvöldin að setja ein sameiginleg viðmiðunarmörk fyrir matið á mikilvægi lánaskuldbindingar, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, fyrir allar stofnanir í viðkomandi lögsögum þeirra. Slík mikilvægismörk, sem ættu að haldast samkvæm yfir tíma, hafa í för með sér þann kost að auka samanburðarhæfi eiginfjárkrafna á milli stofnana í sömu lögsögu.

2) Annars vegar er fjárhæðin sem gæti talist veruleg háð stigi heildarlánaskuldbindingarinnar. Hins vegar hafa stofnanir tilhneigingu til að álíta allar fjárhæðir undir tilteknu stigi sem óverulegar, án tillits til sambands þeirra við heildarlánaskuldbindinguna. Mikilvægismörkin ættu þess vegna að samanstanda af tveimur þáttum: algildisþætti (algildri fjárhæð) og hlutfallsþætti (prósentunni sem gjaldfallna fjárhæðin stendur fyrir af heildarlánaskuldbindingunni). Lánaskuldbinding sem komin er fram yfir gjalddaga ætti, þ.a.l. að teljast veruleg þegar farið er yfir hvoru tveggja mörkin sem gefin eru upp sem algild fjárhæð og mörkin sem gefin eru upp sem prósenta.

3) Verulegur mismunur er á meðaltekjum og meðalupphæðum lánaskuldbindinga á milli ýmissa skuldara. Þess vegna ætti að aðgreina mikilvægismörkin til samræmis, með aðskildum algildisþáttum viðmiðunarmarkanna fyrir smásöluáhættu-skuldbindingar og fyrir aðrar áhættuskuldbindingar.

4) Aðlaga ætti mikilvægismörkin að staðbundnum einkennum hverrar lögsögu. Mismunandi efnahagsskilyrði, þ.m.t. mismunandi verðlag í lögsögum, réttlætir að algildisþáttur mikilvægismarkanna geti verið breytilegur frá einni lögsögu til annarrar. Slíkur greinarmunur er þó sjaldan réttlætanlegur að því er varðar hlutfallsþáttinn. Hlutfallsþátturinn ætti þ.a.l. að jafnaði að vera sá sami í öllum lögsögum, á meðan nokkurn breytileika ætti að heimila fyrir algildisþáttinn. Þetta mun gera lögbæru yfirvöldunum kleift að setja mikilvægismörkin við hæfilegt stig, upp að tilteknu hámarki, sem tekur tillit til sértækra skilyrða í viðkomandi lögsögum þeirra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 9.3.2023, bls. 32.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.

5) Jafnvel þótt samræma ætti skilyrðin fyrir að setja mikilvægismörk þvert á mismunandi lögsögur í Sambandinu, ætti að heimila einhvern mismun í viðmiðunarmörkunum sem gilda í hinum mismunandi lögsögum, sem endurspeglar þau mismunandi áhættustig sem viðkomandi lögbær yfirvöld álíta ásættanleg vegna sérkenna landsbundinna markaða. Þar af leiðandi gæti þurft að ræða hæfilegt stig á mikilvægismörkunum innan mismunandi samstarfshópa eftirlitsaðila.

6) Mikilvægismörkin geta haft veruleg áhrif á útreikninginn á eiginfjárkröfum og væntum töpum fyrir allar stofnanir í viðkomandi lögsögu, án tillits til aðferðarinnar sem notuð er fyrir slíkan útreikning. Af þessum ástæðum ættu lögbæru yfirvöldin, þegar mikilvægismörkin eru skilgreind, að taka tillit til nokkurra þátta, þ.m.t. sértækra áhættueinkenna smásöluáhættuskuldbindinga. Sértæk áhættueinkenni smásöluáhættuskuldbindinga og annarra áhættuskuldbindinga en smásöluáhættuskuldbindinga ætti að taka til athugunar aðskilið.

7) Stofnanir með starfsemi yfir landamæri gætu einnig þurft að beita mikilvægismörkunum sem lögbært yfirvald í tiltekinni lögsögu setur. Viðmiðunarmörkin sem lögbært yfirvald annarrar lögsögu setur gætu þ.a.l. verið mikilvægur þáttur þegar lögbært yfirvald metur hvort áhættustigið sem ákveðin viðmiðunarmörk endurspegla sé ásættanlegt. Mikilvægismörk sem skilgreind eru af lögbærum yfirvöldum ættu því að vera gagnsæ og tilkynnt til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) svo unnt sé að birta þau almenningi.

8) Lögbæru yfirvöldin ættu að setja mikilvægismörkin á stig sem samsvarar áhættustiginu sem þau telja ásættanlegt. Þar sem það áhættustig er háð því hvernig mikilvægismörkunum er beitt í ferlinu við greiningu vanskila er nauðsynlegt fyrir lögbær yfirvöld, þegar viðmiðunarmörkin eru sett, að ganga út frá ákveðnum forsendum um hvernig fjárhæðir og hlutföll sem borin verða saman við algildis- og hlutfallsþátt mikilvægismarkanna verða reiknuð út og hvenær í ferlinu við greiningu vanskila mikilvægismörkin eiga við. Í því samhengi ætti að setja viðmiðunarmörkin þannig að stofnunum sé kleift að auðkenna skuldara sem verulega mikið meiri áhætta starfar af vegna greiðsludráttar að hluta til eða óreglulegs en kerfisbundins greiðsludráttar og að auðkenna tímanlega umtalsverða lánaskuldbindingu sem komin er fram yfir gjalddaga.

9) Mikilvægi lánaskuldbindinga sem komnar eru fram yfir gjalddaga er hluti af skilgreiningunni á vanskilum í b-lið 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Fyrir stofnanir sem nota innramatsaðferðina (IRB-aðferðina) leiðir sérhver breyting á þeirri skilgreiningu til breytinga í matskerfunum sem notuð eru fyrir útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna greiðslufallsáhættu. Lögbært yfirvald ætti þ.a.l. ekki að breyta mikilvægismörkunum nema þau séu ófullnægjandi vegna breyttra markaðs- eða efnahagsskilyrða sem leiða til verulegrar bjögunar í ferlinu við greiningu vanskila.

10) Lögbæru yfirvöldunum ætti að vera heimilt að fresta beitingu mikilvægismarkanna fyrir stofnanir sem krafist er að framkvæmi verulegar breytingar á innramatslíkönum sínum og fyrir stofnanir þar sem innleiðing slíkra viðmiðunarmarka er íþyngjandi vegna þess að fyrri aðferð sem þær beittu við ákvörðun um mikilvægi áhættu-skuldbindinga sem komnar eru fram yfir gjalddaga er að verulegu leyti ólík þessum viðmiðunarmörkum. Ennfremur ætti dagsetningin, fyrir stofnanir sem nota innramatsaðferðina en beita staðalaðferðinni á hluta áhættuskuldbindinga sinna á grundvelli 148. eða 150. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar nýju mikilvægismörkin koma til framkvæmda að vera sú sama fyrir allar áhættuskuldbindingar þessara stofnana. Til að koma í veg fyrir óhóflega seinkun á beitingu viðmiðunarmarka í Sambandinu ætti þó að takmarka slík lengri tímabil.

11) Gefa ætti lögbæru yfirvöldunum nægan tíma til að framkvæma yfirgripsmikla greiningu sem nauðsynleg er til að setja mikilvægismörkin á ásættanlegt stig.

12) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina

13) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilyrði fyrir að setja mikilvægismörk fyrir smásöluáhættuskuldbindingar

1. Lögbært yfirvald skal setja sameiginleg mikilvægismörk fyrir smásöluáhættuskuldbindingar fyrir allar stofnanir í lögsögu þess.

Fyrir stofnanir sem beita skilgreiningunni á vanskilum sem mælt er fyrir um í a- og b-liðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) 575/2013 á stigi einstakrar lánsheimildar getur lögbæra yfirvaldið sett aðskilin sameiginleg mikilvægismörk fyrir smásöluáhættuskuldbindingar.

2. Mikilvægismörkin sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. skulu samanstanda af algildis- og hlutfallsþætti.

Algildisþátturinn skal gefin upp sem hámarksfjárhæð fyrir samtölu allra fjárhæða sem komnar eru fram yfir gjalddaga sem skuldari skuldar stofnuninni, móðurfélagi þeirrar stofnunar eða einhverju af dótturfélögum þess („lánaskuldbinding sem komin er fram yfir gjalddaga“). Hámarksfjárhæðin skal ekki fara upp yfir 100 evrur eða jafngildi þeirrar upphæðar í viðkomandi gjaldmiðli hvers ríkis.

Hlutfallsþátturinn skal gefin upp sem prósenta sem endurspeglar þá upphæð lánaskuldbindingarinnar sem komin er fram yfir gjalddaga sem hluta af heildarfjárhæð allra áhættuskuldbindinga í efnahagsreikningi vegna þess skuldara stofnunarinnar, móðurfélags þeirrar stofnunar eða einhvers af dótturfélögum þess, að undanskildum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa. Prósentan skal vera á milli 0% og 2,5% og skal sett við 1% hvenær sem sú prósenta endurspeglar áhættustig sem lögbæra yfirvaldið telur vera ásættanlegt í samræmi við 3. gr.

3. Mikilvægismörkin sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. skulu sett í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr., að því undanskildu að „lánaskuldbinding sem komin er fram yfir gjalddaga“ og „heildarfjárhæð allra áhættuskuldbindinga í efnahagsreikningi stofnunarinnar vegna þess skuldara, að undanskildum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa“ skulu vísa til upphæða lánaskuldbindingar skuldarans sem leiðir af einstakri lánsheimild sem stofnunin, móðurfélagið eða eitthvert af dótturfélögum þess hefur veitt.

4. Þegar mikilvægismörkin eru sett í samræmi við þessa grein skal lögbæra yfirvaldið taka tillit til áhættueinkenna smásöluáhættuskuldbindinga og tilgreiningarinnar á smásöluáhættuskuldbindingum sem sett er fram í 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir banka sem beita innramatsaðferðinni og í 123. gr. þeirrar reglugerðar fyrir stofnanir sem beita staðalaðferðinni.

5. Þegar mikilvægismörkin eru sett í samræmi við þessa grein skal lögbæra yfirvaldið ganga út frá því að skuldarinn sé í vanskilum þegar farið er yfir hvoru tveggja, mörkin sem gefin eru upp sem algildisþáttur mikilvægismarkanna og mörkin sem gefin eru upp sem hlutfallsþáttur þeirra viðmiðunarmarka, annað hvort í 90 daga samfellt eða 180 daga samfellt, ef allar af áhættuskuldbindingunum sem teknar eru með í útreikninginn á lánaskuldbindingunni sem komin er fram yfir gjalddaga eru tryggðar með íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SME) og þeim 90 dögum hefur verið skipt út með 180 dögum í samræmi við b-lið 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir þessar áhættuskuldbindingar.

2. gr.

Mikilvægismörk fyrir áhættuskuldbindingar aðrar en smásöluáhættuskuldbindingar

1. Lögbært yfirvald skal setja sameiginleg mikilvægismörk fyrir áhættuskuldbindingar, aðrar en smásöluáhættu-skuldbindingar, fyrir allar stofnanir í lögsögu þess.

2. Mikilvægismörkin sem um getur í 1. mgr. skulu sett í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. að því undanskildu að algildisþáttur þeirra mikilvægismarka skal ekki fara yfir 500 evrur eða jafngildi þeirrar upphæðar í viðkomandi gjaldmiðli hvers ríkis.

3. Þegar mikilvægismörkin eru sett í samræmi við þessa grein skal lögbæra yfirvaldið taka tillit til áhættueinkenna áhættuskuldbindinganna, annarra en smásöluáhættuskuldbindinga.

4. Þegar mikilvægismörkin eru sett í samræmi við þessa grein skal lögbæra yfirvaldið ganga út frá því að skuldarinn sé í vanskilum þegar farið er yfir hvoru tveggja, mörkin sem gefin eru upp sem algildisþáttur mikilvægismarkanna og mörkin sem gefin eru upp sem hlutfallsþáttur þeirra viðmiðunarmarka, annað hvort í 90 daga samfellt eða 180 daga samfellt, ef áhættuskuldbindingarnar sem teknar eru með í útreikninginn á lánaskuldbindingunni sem komin er fram yfir gjalddaga eru áhættuskuldbindingar vegna opinbers aðila og þeim 90 dögum hefur verið skipt út með 180 dögum í samræmi við b-lið 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir þessar áhættuskuldbindingar.

3. gr.

Áhættustig

Lögbært yfirvald skal telja að mikilvægismörk endurspegli ásættanlegt áhættustig, samkvæmt kröfunum í d-lið 2. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr.575/2013, ef þau viðmiðunarmörk leiða hvorki til greiningar óhóflegs fjölda vanskila sem rekja má til annarra aðstæðna en fjárhagslegra erfiðleika skuldara né til verulegrar seinkunnar á greiningu vanskila sem rekja má til fjárhagslegra erfiðleika skuldara.

4. gr.

Tilkynning um mikilvægismörkin

Lögbært yfirvald skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um mikilvægismörkin sem sett eru í lögsögu þess. Lögbært yfirvald sem setur hlutfallsþátt mikilvægismarkanna á hærri eða lægri prósentu en 1% skal rökstyðja það val fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

5. gr.

Uppfærsla mikilvægismarkanna

Ef algildisþáttur mikilvægismarkanna er settur í öðrum gjaldmiðli en evrum og ef, vegna flökts á gengi gjaldmiðils, jafngildi þess þáttar er hærra en 100 evrur fyrir smásöluáhættuskuldbindingar eða 500 evrur fyrir áhættuskuldbindingar, aðrar en smásöluáhættuskuldbindingar, skulu viðmiðunarmörkin haldast óbreytt, nema lögbæra yfirvaldið rökstyðji fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni að mikilvægismörkin endurspegli ekki lengur áhættustig sem lögbæra yfirvaldið telur vera ásættanlegt.

6. gr.

Dagsetningin þegar mikilvægismörkin koma til framkvæmda

Lögbært yfirvald skal ákvarða dagsetningu fyrir beitingu mikilvægismarkanna sem getur verið breytileg fyrir mismunandi flokka stofnana en sem skal eigi vera síðar en 31. desember 2020 fyrir stofnanir sem nota staðalaðferðina sem mælt er fyrir um í 2. kafla, II. bálki, þriðja hluta reglugerðar (ESB) 575/2013.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 7. maí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/728 **2024/EES/25/03**

frá 24. janúar 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur um að undanskilja viðskipti við ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja landi frá kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 5. mgr. 382. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt a-lið 4. mgr. 382. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga viðskipti á milli stofnunar annars vegar og ófjárhagslegs mótaðila, eins og hann er skilgreindur í 9. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([2]), hins vegar og fara ekki yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar, sem um getur í 3. og 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar (ESB) 648/2012, að vera undanskilin kröfum vegna eiginfjárgrunns um áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði (CVA), óháð því hvort sá ófjárhagslegi mótaðili hafi staðfestu í Sambandinu eða í þriðja landi.

2) Í 9. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er „ófjárhagslegur mótaðili“ skilgreindur sem fyrirtæki með staðfestu í Sambandinu. Af því leiðir að viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar gildir ekki um ófjárhagslegan mótaðila með staðfestu í þriðja landi.

3) Í 4. mgr. 382. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er ekki gerður greinarmunur á ófjárhagslegum mótaðilum með staðfestu í Sambandinu og ófjárhagslegum mótaðilum með staðfestu í þriðja landi. Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði ættu sömu reglur að gilda um ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í Sambandinu og ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja landi.

4) Í 11. grein framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 ([3]) eru settar fram viðmiðunarfjárhæðir stöðustofnunar fyrir hvern flokk OTC-afleiðna, eins og krafist er í b-lið 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Í 25. forsendu framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 149/2013 er útskýrt að „ef farið er yfir eitt af þeim gildum sem sett hafa verið fyrir flokk OTC-afleiða, ætti það að teljast sem farið hafi verið yfir fjárhæðarmörk stöðustofnunar fyrir alla flokka“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 9.3.2023, bls. 32.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 338.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunarskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

5) Til þess að samningur sé undanþeginn fram að gjalddaga hans, eins og mælt er fyrir um í síðustu undirgrein 4. mgr. 382. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ætti að nægja að skilyrði þeirrar reglugerðar séu uppfyllt við upphaf samningsins. Þó gætu komið upp tilvik þar sem stofnun stundar oft viðskipti við tiltekinn ófjárhagslegan mótaðila og daglega í sumum tilfellum. Sannprófun á því hvort staða ófjárhagslegs mótaðila með staðfestu í þriðja landi endurspeglist rétt í kröfum vegna eiginfjárgrunns stofnunarinnar að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirði getur í þeim tilvikum lagt óhóflega byrði á stofnunina. Því er viðeigandi að kveða á um annan valkost í formi árlegrar sannprófunar á stöðu ófjárhagslegs mótaðila með staðfestu í þriðja landi. Tíðni sannprófunar ætti þó að aukast í ársfjórðungslega ef heildarfjárhæð ófjárhagslegs mótaðila af viðskiptum í tilteknum flokki OTC-afleiðna er nálægt því að fara yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar fyrir þann flokk Þetta ætti að hafa í för með sér tíðara eftirlit með því hvort farið hafi verið yfir þessa viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar, þar sem meiri líkur eru á því að svo hafi verið.

6) Í a-lið 4. mgr. 382. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 kemur fram að viðskipti við ófjárhagslega mótaðila, sem fara ekki yfir þá viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar sem tilgreind er í 3. og 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skulu vera undanskilin kröfu vegna eiginfjárgrunns fyrir leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis. Þar af leiðandi ber stofnun skylda til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns fyrir leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis í samræmi við VI. bálk þeirrar reglugerðar fyrir alla OTC-afleiðugerninga með þeim mótaðila sem falla undir gildissvið 1. mgr. 382. gr. þeirrar reglugerðar, ef hún uppgötvar að annaðhvort telst einn af mótaðilum hennar með staðfestu í þriðja landi ekki vera ófjárhagslegur mótaðili eða að viðkomandi viðskipti eru hærri en viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar, í kjölfar matsins sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þróuð voru í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning, og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er varðar a-lið 4. mgr. 382. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu stofnanir telja til ófjárhagslegra mótaðila með staðfestu í þriðja landi þá mótaðila sem uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

a) þeir eru með staðfestu í þriðja landi,

b) þeir myndu teljast ófjárhagslegur mótaðili í skilningi 9. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef þeir væru með staðfestu í Sambandinu.

2. Stofnanir skulu sannreyna hvort mótaðili sé ófjárhagslegur mótaðili með staðfestu í þriðja landi:

a) við upphaf viðskipta þegar skipt er við nýjan mótaðila,

b) árlega fyrir fyrirliggjandi mótaðila,

c) þegar ástæða er til að ætla að mótaðilinn sé ekki lengur ófjárhagslegur mótaðili með staðfestu í þriðja landi.

3. Stofnanir skulu rökstyðja þá skoðun sína að fyrirtæki sé ófjárhagslegur mótaðili með staðfestu í þriðja landi.

2. gr.

1. Í þeim tilgangi að undanskilja viðskipti við ófjárhagslegan mótaðila með staðfestu í þriðja landi frá kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis í samræmi við a-lið 4. mgr. 382. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu stofnanir sannreyna, fyrir hvern flokk OTC-afleiðusamninga sem um getur í 11. gr. framseldrar

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

reglugerðar (ESB) nr. 149/2013, að vergt undirliggjandi verðmæti OTC-afleiðusamninga þessa ófjárhagslega mótaðila innan þess flokks fari ekki yfir viðkomandi viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar sem um getur í 11. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Stofnanir skulu framkvæma sannprófunina sem um getur í 1. mgr. í einu af eftirfarandi tilvikum:

a) við upphaf hverra nýrra viðskipta við þann mótaðila,

b) reglulega.

3. Að því er varðar b-lið 2. mgr. skal tíðni reglubundinna sannprófana vera í samræmi við annað hvort af eftirfarandi:

a) árlega,

b) ársfjórðungslega, ef vergt undirliggjandi verðmæti OTC-afleiðuviðskipta ófjárhagslegs mótaðila með staðfestu í þriðja landi fyrir einhvern flokk OTC-afleiða er hærra en 75% viðmiðunarfjárhæðar stöðustofnunar fyrir þann flokk sem um getur í 11. gr. í framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013.

4. Stofnanir skulu rökstyðja þá skoðun sína að fyrir hvern flokk OTC-afleiðusamninga sem um getur í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 149/2013 fari vergt undirliggjandi verðmæti fyrir þann flokk OTC-afleiðusamninga ófjárhagslegs mótaðila ekki yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar sem um getur í þeirri grein.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1580 **2024/EES/25/04**

frá 19. október 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2015/2197 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 354. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að gjaldmiðlapörin sem um getur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 ([2]) haldi áfram að endurspegla raunverulega fylgni milli viðkomandi gjaldmiðla er nauðsynlegt að uppfæra skrána yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni.

2) Í skránni er dagsetningin 31. mars 2017 notuð sem lokadagsetning í þeim tilgangi að reikna út þriggja og fimm ára gagnaraðirnar sem þarf til að meta gjaldmiðlapörin í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

4) Í ljósi þess að aðrar nauðsynlegar breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2015/2197 fela ekki í sér mikilvægar breytingar á efnislegum skilmálum, hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 ([3]), ekki leitað annars opins samráðs, þar sem slíkt gæti talist óhóflegt í tengslum við umfang og áhrif viðkomandi draga að tæknilegum framkvæmdarstöðlum.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 263, 22.10.2018, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 9.3.2023, bls. 32.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 frá 27. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 313, 28.11.2015, bls. 30).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 19. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni

1. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við evru (EUR)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD).

2. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við arabískt dírham (AED)

Kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

3. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við albanskt lek (ALL)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

4. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bosnískt og hersegovínskt mark (BAM)

Albanskt lek (ALL), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

5. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við búlgarskt lef (BGN)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

6. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kínverskt júan (CNY)

Arabískt dírham (AED), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

7. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við tékkneska krónu (CZK)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

8. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við danska krónu (DKK)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD).

9. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis við Hong Kong dal (HKD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

10. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við króatíska kúnu (HRK)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

11. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ungverska fórintu (HUF)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

12. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ísraelskan nýsikil (ILS)

Marokkóskt dírham (MAD), taílenskt bat (THB).

13. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við indverska rúpíu (INR)

Taílenskt bat (THB).

14. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við suður-kóreskt vonn (KRW)

Singapúrskur dalur (SGD).

15. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við líbanskt pund (LBP)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

16. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við marokkóskt dírham (MAD)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), singapúrskur dalur (SGD), evra (EUR).

17. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við fyrrverandi lýðveldis Júgóslavíu makedónskan denar (MKD)

Tékknesk króna (CZK).

18. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við makaóskt pataka (MOP)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

19. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við filippseyskan pesa (PHP)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

20. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við pólskt slot (PLN)

Ungversk fórinta (HUF).

21. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við rúmenskt lei (RON)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

22. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við serbneskan denara (RSD)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

23. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við singapúrskan dal (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), suður-kóreskt vonn (KRW), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

24. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taílenskt bat (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

25. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taívanskan dal (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

26. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bandaríkjadal (USD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD).

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1229 **2024/EES/25/05**

frá 11. júlí 2022

um breytingu á ákvörðunum 2014/312/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB, (ESB) 2016/1332 og (ESB) 2017/176 að því er varðar gildistíma viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun

(tilkynnt með númeri C(2022) 4739) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að veita megi vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB. Setja skal sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

2) Með ákvörðun 2014/312/ESB ([2]) kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 31. desember 2022.

3) Með ákvörðun 2014/391/ESB ([3]) kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 28. júlí 2022.

4) Með ákvörðun 2014/763/ESB ([4]) kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 31. desember 2022.

5) Með ákvörðun (ESB) 2016/1332 ([5]) kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „húsgögn“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 28. júlí 2022.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 189, 18.7.2022, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2022 frá 23. september 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 31, 20.4.2023, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB frá 28. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss (Stjtíð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 45).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB frá 23. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur (Stjtíð. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 18).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB frá 24. október 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur (Stjtíð. ESB L 320, 6.11.2014, bls. 46).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1332 frá 28. júlí 2016 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir húsgögn (Stjtíð. ESB L 210, 4.8.2016, bls. 100).

6) Með ákvörðun (ESB) 2017/176 ([6]) kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „gólfklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 26. janúar 2023.

7) Í samræmi við niðurstöður gæðaeftirlits með umhverfismerki ESB frá 30. júní 2017 ([7]) lagði framkvæmdastjórnin, ásamt umhverfismerkinganefnd ESB, mat á og staðfesti vægi framangreindra vöruflokka fyrir kerfið um umhverfismerki ESB.

8) Enn fremur er framkvæmdastjórnin, ásamt umhverfismerkinganefnd ESB, í samræmi við niðurstöður gæðaeftirlits með umhverfismerki ESB frá 30. júní 2017, að koma í framkvæmd lausnum til að bæta samvirkni þvert á vöruflokka og til að auka notkun umhverfismerkis ESB, þ.m.t. að samþætta náskylda vöruflokka eftir því sem við á og sjá til þess að í endurskoðunarferlinu sé viðeigandi athygli beint að samræmi milli viðeigandi stefna ESB, löggjafar og vísindaþekkingar.

9) Til að greiða enn frekar fyrir umbreytingunni yfir í hagkerfi með meiri hringrás er framkvæmdastjórnin að prófa samþættingu aðferðarinnar við mælingu umhverfisspors vöru ([8]) í endurskoðun viðmiðana fyrir umhverfismerki ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur og fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss í samræmi við nýju aðgerðaáætlunina um hringrásarhagkerfi fyrir hreinni og samkeppnishæfari Evrópu ([9]). Því er rétt að framlengja gildistíma viðmiðananna fyrir umhverfismerki ESB sem settar eru fram í ákvörðununum 2014/312/ESB og 2014/763/ESB til að framkvæmdastjórnin geti framkvæmt endurskoðunina á viðmiðununum fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss þegar iðngreinin hefur lokið endurskoðuninni á reglunum um vöruflokka í tengslum við umhverfisspor vöru fyrir málningu til skreytingar ([10]) og til að ljúka yfirstandandi endurskoðun á viðmiðununum fyrir ídrægar hreinlætisvörur, sem hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir, með því að fella inn rannsóknir á mælingum á umhverfisspori vöru.

10) Af sömu ástæðu skal endurskoða viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir rúmdýnur, fyrir húsgögn og fyrir gólfklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus í samræmi við nýju aðgerðaáætlunina um hringrásarhagkerfi fyrir hreinni og samkeppnishæfari Evrópu og tengt, væntanlegt frumkvæði að löggjöf. Því er viðeigandi að framlengja gildistíma viðmiðananna fyrir umhverfismerki ESB, sem settar eru fram í ákvörðunum 2014/391/ESB, (ESB) 2016/1332 og (ESB) 2017/176, fram að sömu lokadagsetningu til að framkvæmdastjórnin geti endurskoðað viðmiðanirnar fyrir þessa þrjá vöruflokka saman, í samvirkni við væntanlegt frumkvæði að löggjöf, og samþætt þær ef það er talið mögulegt.

11) Til að veita nægan tíma til að ljúka við endurskoðunarferlið fyrir alla vöruflokka og til að tryggja markaðssamfellu fyrir leyfishafa ætti að framlengja gildistíma núgildandi viðmiðana og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun fram til 31. desember 2025 fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss, til 31. desember 2026 fyrir rúmdýnur, til 31. desember 2023 fyrir ídrægar hreinlætisvörur og til 31. desember 2026 fyrir húsgögn og fyrir gólfklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus.

12) Því ætti að breyta ákvörðunum (ESB) 2014/312/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB, (ESB) 2016/1332 og (ESB) 2017/176 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/176 frá 25. janúar 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna gólfklæðninga að meginhluta úr viði, korki og bambus (Stjtíð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 44).

([7]) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um endurskoðun á framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (COM(2017) 355 lokagerð).

([8]) https://ec.europa.eu/environment/eussd/smgp/policy_footprint.htm

([9]) Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Ný aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi fyrir hreinni og samkeppnishæfari Evrópu“ (COM(2020) 98 lokagerð).

([10]) https://ec.europa.eu/environment/eussd/smgp/documents/PEFCR_Decorative%20Paints_Feb%202020.pdf

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á ákvörðun 2014/312/ESB

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/312/ESB kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2025.“

2. gr.

Breyting á ákvörðun 2014/391/ESB

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/391/ESB kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2026.“

3. gr.

Breyting á ákvörðun 2014/763/ESB

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/763/ESB kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2023.“

4. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2016/1332

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2016/1332 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „húsgögn“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2026.“

5. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2017/176

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/176 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „gólfklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2026.“

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Virginijus SINKEVIČIUS

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1005 **2024/EES/25/06**

frá 23. júní 2022

um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Alphachloralose Grain sem Frakkland og Svíþjóð vísuðu áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012

(tilkynnt með númeri C(2022) 4193) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 26. mars 2013 voru sæfivörurnar Black Pearl Grain og Souricide Foudroyant leyfðar í Frakklandi og Svíþjóð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]). Hinn 26. mars 2018 leyfðu Frakkland og Svíþjóð flokk skyldra sæfivara, Alphachloralose Grain, sem inniheldur vöruna Black Pearl Grain og vöruna Souricide Foudroyant. Flokkur skyldu sæfivaranna Alphachloralose Grain inniheldur vörur sem eru nagdýraeitur, sem falla undir vöruflokk 14 í samræmi við V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012, til notkunar af hálfu þjálfaðs fagfólks til að verjast músum innanhúss í agnkössum sem ekki er hægt að eiga við eða í agnstöðvum með loki, eða til notkunar af hálfu fólks, sem er ekki fagfólk, í agnkössum sem ekki er hægt að eiga við, og sem innihalda alfaklóralós sem virkt efni (hér á eftir nefndur flokkur skyldra sæfivara). Handhafi leyfisins fyrir flokki skyldu sæfivaranna er LODI S.A.S.

2) Árið 2019 tilkynntu Holland og Finnland Frakklandi að árið 2018 hefðu eitrunarmiðstöðvar, gæludýraeigendur og dýralæknastofur tilkynnt um umtalsverða aukningu á tilvikum frumeitrunar og fylgieitrunar hjá köttum og hundum sem báru einkenni alfaklóralóseitrunar. Í Frakklandi höfðu þarlendar eitrunarmiðstöðvar sem sinna heilbrigði dýra og dýraafurða einnig tilkynnt um aukningu á alfaklóralóseitrun hjá gæludýrum, einkum frumeitrun hjá hundum, á tímabilinu frá 2017 til 2018.

3) Árið 2019 bárust Svíþjóð upplýsingar frá dýralæknastofum sem bentu til þess að nagdýraeitur sem innihéldu alfaklóralós hefðu valdið fylgieitrun hjá köttum. Smádýrasjúkrahús Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar lýsti því yfir að innan dýralækningageirans í Svíþjóð og í nokkrum öðrum löndum hefði á undanförnum árum orðið aukning í tilkynningum um grun um alfaklóralóseitrun hjá köttum.

4) Hinn 30. október og 17. desember 2019 breyttu Frakkland og Svíþjóð, eftir því sem við á, leyfunum fyrir flokki skyldu sæfivaranna Alphachloralose Grain í samræmi við a-lið 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til að bregðast við frumeitrunartilvikum hjá hundum og fylgieitrunartilvikum hjá köttum.

5) Frakkland breytti leyfinu til að krefjast viðbótarmerkinga á vörunum til að gefa skýrt til kynna áhættu fyrir menn og lífverur utan markhóps og til að tilgreina á umbúðunum þá skyldu að nota flokk skyldu sæfivaranna einungis í agnkössum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 168, 27.6.2022, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2022 frá 28. október 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 35, 4.5.2023, bls. 4.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

6) Á grundvelli upplýsinga frá Efnastofnun Svíþjóðar breytti Svíþjóð leyfinu fyrir vörunni til að takmarka notkun hennar við þjálfað fagfólk og bætti við þeim skilyrðum að ekki mætti nota sæfivöruna í umhverfi þar sem reikna mætti með nærveru katta og að safna verði dauðum músum að lokinni notkun sæfivörunnar. Leyfishafinn áfrýjaði breytingu Svíþjóðar og Land- og umhverfisdómstóll Svíþjóðar komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun Efnastofnunar Svíþjóðar um að breyta leyfinu fyrir vörum sem innihalda alfaklóralós og að gefa út takmörkun að því er varðar þessar vörur væri á rökum reist og áfrýjuninni var hafnað.

7) Hinn 15. apríl 2020 vísuðu Þýskaland og Danmörk andmælum gegn breytingunum sem Frakkland og Svíþjóð gerðu á leyfinu fyrir flokki skyldu sæfivaranna til samræmingarhópsins skv. 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Andmælin frá Þýskalandi vörðuðu ráðstafanirnar sem Frakkland innleiddi sem voru, að mati Þýskalands, ófullnægjandi. Þýskaland taldi að til þess að bregðast við fylgieitrunartilvikunum ætti notkunin á flokki skyldu sæfivaranna að takmarkast við þjálfað fagfólk.

9) Andmælin frá Danmörku vörðuðu takmarkanir Svíþjóðar á notkuninni á flokki skyldu sæfivaranna við þjálfað fagfólk. Samkvæmt Danmörku var takmörkunin á notkuninni á flokki skyldu sæfivaranna við þjálfað fagfólk ekki réttlætanleg á yfirráðasvæði landsins. Danmörk upplýsti að landið hefði enga vitneskju um að fylgieitranir hefðu komið upp í Danmörku og að í landslöggjöf Danmerkur væri engin skilgreining á hugtakinu „þjálfað fagfólk“ í tengslum við varnir gegn músum sem byggjast á notkun efna.

10) Hinn 6. júní 2020 bauð skrifstofa samræmingarhópsins hinum hlutaðeigandi aðildarríkjunum og leyfishafanum að leggja fram skriflegar athugasemdir um vísunina. Leyfishafinn lagði fram skriflegar athugasemdir 30. júní 2020, 6. júlí 2020 og 23. júlí 2020. Vísunin var rædd innan samræmingarhópsins 6. og 23. júlí 2020 með þátttöku leyfishafans.

11) Þar sem ekki náðist samkomulag innan samræmingarhópsins vísaði Frakkland óleystu andmælunum til framkvæmdastjórnarinnar 21. október 2020 og Svíþjóð 7. ágúst 2020, skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og lögðu ítarlega yfirlýsingu fyrir framkvæmdastjórnina um það atriði sem aðildarríkin náðu ekki samkomulagi um og ástæðurnar fyrir ágreiningi þeirra.

12) Í kjölfar vísana Frakklands og Svíþjóðar skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 óskaði Öryggis- og efnastofnun Finnlands (Tukes), í maí 2021, eftir áliti frá Matvælastofnun Finnlands og finnska dýralæknasambandinu um áhrif alfaklóralósvara á gæludýr og þörfina fyrir að takmarka notkun á alfaklóralósvörum. Í því áliti, sem Finnland deildi með framkvæmdastjórninni, kom fram að sæfivörur sem innihalda alfaklóralós valdi umtalsverðum skaða og þjáningum hjá bæði gæludýrum og villtum dýrum, að fjöldi eitrunartilvika hjá gæludýrum sem tilkynnt hafa verið til Tukes og Matvælastofnunar Finnlands sé umtalsverður og að undanþágur frá leyfunum, í samræmi við a- og c-lið 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, á árinu 2019 sem felast í því að takmarka, að því er varðar fólk sem er ekki fagfólk, markaðssetningu og notkun sæfivaranna við fyrirframfyllta agnkassa, sem Finnland hafði þegar innleitt, hafi ekki dregið nægilega mikið úr tilvikum. Því mælti Matvælastofnunin Finnlands með því að notkun og framboð á vörum, sem innihalda alfaklóralós, yrði takmörkuð við þjálfað fagfólk. Hinn 8. desember 2021 breytti Finnland leyfunum fyrir nagdýraeitri sem inniheldur alfaklóralós til að takmarka vörurnar við notkun í atvinnuskyni í samræmi við 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

13) Því til viðbótar aflaði Efnastofnun Svíþjóðar sér viðbótarupplýsinga í formi blóðsýnagreininga frá Háskóladýraspítalanum í Uppsölum í Svíþjóð sem staðfestu tilvist alfaklóralóss í blóði dýranna sem höfðu orðið fyrir eitrun.

14) Samkvæmt iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er það skilyrði fyrir veitingu leyfis að sæfivaran sjálf eða leifar hennar hafi engin tafarlaus eða tafin óviðunandi áhrif á heilbrigði dýra, beint eða með drykkjarvatni, matvælum, fóðri, andrúmslofti eða með öðrum óbeinum áhrifum.

15) Í fyrstu undirgrein 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um að veita megi leyfi fyrir sæfivöru þótt skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr., sé ekki fullnægt að fullu, svo fremi að ákvörðun um að samþykkja ekki sæfivöruna myndi valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða umhverfið sem hlytist af notkun sæfivörunnar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í leyfinu. Í annarri undirgrein 5. mgr. 19. gr. stendur enn fremur að notkun sæfivöru, sem er leyfð samkvæmt þeirri málsgrein, skuli háð viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu til að tryggja að menn, dýr og umhverfið verði fyrir sem minnstum váhrifum af sæfivörunni Notkun sæfivöru, sem er leyfð samkvæmt þeirri málsgrein, skal vera bundin við þau aðildarríki þar sem skilyrði fyrstu undirgreinarinnar er uppfyllt.

16) Að lokinni grannskoðun á upplýsingunum sem aðildarríkin og handhafi leyfisins fyrir flokki skyldu sæfivaranna lögðu fram telur framkvæmdastjórnin að flokkur skyldu sæfivaranna uppfylli ekki að öllu leyti skilyrðin sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að teknu tilliti til álits Matvælastofnunar Finnlands og finnska dýralæknasambandsins, sem og skýrslnanna frá Háskóladýraspítalanum í Uppsölum og sænska dýralæknasambandinu þar sem bent var á að flokkur skyldu sæfivaranna hafi óviðunandi áhrif á heilbrigði dýra og staðfest, með greiningarprófunum sem voru gerðar á dýrunum sem urðu fyrir eitruninni, að umtalsverður fjöldi eitrunartilvika þar sem alfaklóralós kom við sögu hafi komið upp hjá köttum.

17) Í samræmi við 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 má því einungis veita leyfi fyrir þessum flokki skyldu sæfivaranna í aðildarríkjum sem telja að það að veita ekki leyfi fyrir honum myndi valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða umhverfið sem hlytist af notkun sæfivörunnar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í leyfinu.

18) Í samræmi við 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal notkun sæfivöru einnig háð viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu til að tryggja að menn, dýr og umhverfið verði fyrir sem minnstum váhrifum af sæfivörunni.

19) Virka efninu alfaklóralósi var bætt við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

20) Hinn 24. desember 2019 var lögð fram umsókn hjá Efnastofnun Evrópu um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu alfaklóralósi skv. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Hinn 15. október 2020 upplýsti lögbært matsyfirvald Póllands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni um endurnýjun.

21) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, átti samþykkið fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 að renna út 30. júní 2021, áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefði verið tekin. Því var lokadagsetningu gildistíma samþykkis fyrir alfaklóralósi frestað með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/333 ([3]) til 31. desember 2023 til að gera það kleift að rannsaka umsóknina.

22) Meta ætti áhættuna á fylgieitrun hjá dýrum vegna notkunar á sæfivörum sem innihalda alfaklóralós og nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr áhættu, sem skal beita til að draga úr þeirri áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una, í tengslum við matið á umsókninni um endurnýjun á samþykki fyrir alfaklóralósi og síðan ættu aðildarríki að taka tilhlýðilegt tillit til þess við veitingu leyfa fyrir sæfivörum sem innihalda alfaklóralós.

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/333 frá 24. febrúar 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð ESB L 65, 25.2.2021, bls. 58).

23) Með hliðsjón af framangreindum atriðum telur framkvæmdastjórnin að ráðstafanir til að draga úr áhættu til að bregðast við áhættunni á frum- og fylgieitrunartilvikum vegna notkunar á vörum sem innihalda alfaklóralós ættu, í sérstökum undantekningartilvikum, meðan beðið er eftir niðurstöðunum úr matinu á alfaklóralósi, að ráðast af sérstökum aðstæðum og fyrirliggjandi sönnunargögnum fyrir því að fylgieitrunartilvik komi upp í einstökum aðildarríkjum. Sum aðildarríki gætu t.d. talið nauðsynlegt að takmarka notkunina við þjálfað fagfólk meðan önnur gætu talið viðbótarkröfur um merkingar nægilegar.

24) Hinn 14. febrúar 2022 gaf framkvæmdastjórnin leyfishafanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir í samræmi við 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfishafinn lagði fram athugasemdir sem framkvæmdastjórnin tók síðan tillit til.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Flokkur skyldra sæfivara sem er auðkenndur með málsnúmerinu FR-0019764-0000 í sæfivöruskránni uppfyllir ekki að öllu leyti skilyrðin sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

Því má einungis veita leyfi fyrir flokki skyldu sæfivaranna, sem er auðkenndur með málsnúmerinu FR-0019764-0000 í sæfivöruskránni, í aðildarríkjum sem telja að það að veita ekki leyfi fyrir honum myndi valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða umhverfið sem hlytist af notkun sæfivörunnar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í leyfinu.

Notkun sæfivörunnar skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu eins og um getur í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sem skulu, í hverju aðildarríki fyrir sig, samþykktar á grundvelli sérstakra aðstæðna og fyrirliggjandi sönnunargagna fyrir því að fylgieitrunartilvik hafi komið upp í því aðildarríki.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/835 **2024/EES/25/07**

frá 25. maí 2022

um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Primer Stain TIP í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012

(tilkynnt með númeri C(2022) 3379) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 29. apríl 2016 lagði fyrirtækið Lanxess Deutschland GmbH (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir Frakkland um samhliða gagnkvæma viðurkenningu á leyfi fyrir sæfivörunni Primer Stain TIP (hér á eftir nefnd sæfivaran) í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Sæfivaran er viðarvarnarefni í vöruflokki 8, til notkunar sem fyrirbyggjandi meðferð gegn sveppagróðri sem upplitar við, kylfusveppum sem skemma við og bjöllum sem bora í við (lirfum). Varan er borin á með burstum og rúllum, með sjálfvirkri dýfingu, handvirkri dýfingu og íhellingu og inniheldur virku efnin tebúkónasól, 3-joðó-2-própýnýlbútýlkarbamat (IBPC) og permetrín. Þýskaland er tilvísunaraðildarríkið sem ber ábyrgð á matinu á umsókninni, eins og um getur í 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2) Hinn 28. ágúst 2020 vísaði Frakkland andmælum skv. 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til samræmingarhópsins og tilgreindi að skilyrðin í leyfinu sem Þýskaland setti tryggi ekki að sæfivaran uppfylli kröfuna sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar. Frakkland telur að til að tryggja örugga meðhöndlun sæfivörunnar við notkun með burstum og rúllum og sjálfvirkri dýfingu þurfi að nota persónuhlífar sem samanstanda af efnaþolnum hlífðarhönskum sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374 (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum), við notkun með handvirkri dýfingu og íhellingu þurfi að nota persónuhlífar sem samanstanda af efnaþolnum hlífðarhönskum sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374 (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum) og utanyfirgalla a.m.k. af gerð 6 eins og tilgreint er í Evrópustaðli EN 13034, og við síðari handvirka vinnslu á nýmeðhöndlaða timbrinu þurfi að nota efnaþolna hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374. Samkvæmt Frakklandi tryggir beiting tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana í samræmi við tilskipun ráðsins 98/24/EB ([2]) sem hugsanlegur staðgöngukostur fyrir notkun á persónuhlífum ekki fullnægjandi vernd ef þessar ráðstafanir eru ekki tilgreindar og metnar í matinu á sæfivörunni.

3) Þýskaland telur að með tilskipun 98/24/EB sé fastsett forgangsröðun fyrir mismunandi ráðstafanir til áhættumildunar til að vernda starfsfólk og beiting tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana sett í forgang fram yfir notkun á persónuhlífum við notkun á sæfivörunni. Samkvæmt Þýskalandi er það vinnuveitandans að ákveða, samkvæmt þeirri tilskipun, hvaða tæknilegu og skipulagslegu ráðstöfunum skuli beita og þar eð slíkar ráðstafanir eru margs konar sé ekki gerlegt að lýsa ráðstöfununum og meta þær í leyfinu fyrir sæfivöruna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 30.5.2022, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2023 frá 3. febrúar 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 75, 19.10.2023, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (fjórtánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).

4) Hinn 28. október 2020 vísaði Þýskaland óleystu andmælunum til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð ekki náðist samkomulag innan samræmingarhópsins. Við það tækifæri lét það framkvæmdastjórninni í té ítarlegt yfirlit um þau atriði sem aðildarríki náðu ekki samkomulagi um og ástæðurnar fyrir ósamkomulagi þeirra. Sú yfirlýsing var send hlutaðeigandi aðildarríkjum og umsækjandanum.

5) Í b- og c-lið 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um að sú reglugerð skuli ekki hafa áhrif á tilskipun ráðsins 89/391/EBE ([3]) og tilskipun ráðsins 98/24/EB.

6) Í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 kemur fram að ein af viðmiðununum fyrir veitingu leyfis sé að sæfivaran sjálf eða leifar hennar hafi engin óviðunandi áhrif á heilbrigði manna.

7) Í 9. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er tilgreint að beiting sameiginlegu meginreglnanna, sem mælt er fyrir um í þeim viðauka, um mat á málsskjölum fyrir sæfivörur, sem um getur í b-lið 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, ásamt öðrum skilyrðum sem sett eru fram í 19. gr. hennar skuli leiða til þess að lögbær yfirvöld eða framkvæmdastjórnin ákveði hvort veita skuli leyfi fyrir sæfivöru. Slíkt leyfi getur falið í sér takmarkanir á notkun sæfivörunnar eða önnur skilyrði.

8) Í d-lið 18. liðar VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er tilgreint að í áhættumatinu sem er gert fyrir vöruna skuli ákvarða hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til verndar mönnum, dýrum og umhverfinu, bæði við fyrirhugaða, eðlilega notkun sæfivörunnar og við raunhæfar verstu aðstæður.

9) Í 2. lið 56. liðar VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er tilgreint að ein af niðurstöðunum sem matsaðilinn skal komast að til að staðfesta að viðmiðanirnar sem settar eru fram í b-lið 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar séu uppfylltar sé sú að sæfivaran geti uppfyllt viðmiðanirnar að tilteknum skilyrðum uppfylltum eða með tilteknum takmörkunum.

10) Í 62. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er tilgreint að matsaðili skuli, eftir því sem við á, komast að þeirri niðurstöðu að einungis sé hægt að uppfylla viðmiðunina í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar með því að nota forvarnar- og varnarráðstafanir, þ.m.t. útfærslu verkferla, tæknilegt eftirlit, notkun fullnægjandi búnaðar og efniviðar, beitingu ráðstafana til verndar starfsmönnum almennt og, ef ekki er unnt að koma í veg fyrir váhrif með öðrum aðferðum, ráðstafanir til að verja einstaklinga, þar með taldar persónuhlífar s.s. öndunar- og rykgrímur, hlífðargallar, hanskar og hlífðargleraugu, í því skyni að minnka váhrif á þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

11) Í 62. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er þó ekki kveðið á um að matið sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að einungis sé hægt að uppfylla viðmiðunina í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar með því að nota forvarnar- og varnarráðstafanir skuli framkvæmt í samræmi við tilskipun 98/24/EB. Þar er ekki heldur kveðið skýrt á um að sú tilskipun myndi ekki gilda. Því ætti ekki að draga þá ályktun út frá þessum ákvæðum að tilskipun 98/24/EB gildi ekki. Þar að auki eru viðeigandi skuldbindingar samkvæmt tilskipun 98/24/EB lagðar á vinnuveitendur en ekki á lögbær yfirvöld aðildarríkja.

12) Í 4. gr. tilskipunar 98/24/EB er kveðið á um að við mat á áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsfólks sem stafar af tilvist efnafræðilegra áhrifavalda skuli vinnuveitendur afla sér nauðsynlegra viðbótarupplýsinga frá birginum eða frá öðrum tiltækum heimildum og að þessar upplýsingar skuli, eftir því sem við á, taka til sértæka matsins á áhættu fyrir notendur sem byggist á löggjöf Sambandsins um efnafræðilega áhrifavalda.

13) Í 6. gr. tilskipunar 98/24/EB er mælt fyrir um forgangsröðun þeirra ráðstafana sem vinnuveitandi skal gera til að vernda starfsfólk fyrir áhættum sem tengjast efnafræðilegum áhrifavöldum á vinnustað. Það skal sett í forgang að skipta hættulega efninu út og ef því verður ekki við komið verður að draga eins og kostur er úr áhættu vegna hættulega efnafræðilega áhrifavaldsins að því er varðar öryggi og heilsu starfsfólks á vinnustað með því að beita ráðstöfunum til verndar og forvarna. Ef ekki er mögulegt að koma í veg fyrir váhrif frá hættulegu efni með öðrum aðferðum skal tryggja vernd starfsfólks með því að beita einstaklingsbundnum verndarráðstöfunum, þ.m.t. persónuhlífum.

([3]) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

14) Að teknu tilliti til aðferða við að bera sæfivöruna á og fyrirliggjandi upplýsinga frá matsaðilanum eru ekki tilgreindar neinar slíkar tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir í umsókninni um leyfi fyrir sæfivörunni og ekki heldur við matið á þeirri umsókn.

15) Því er það álit framkvæmdastjórnarinnar að sæfivaran uppfylli viðmiðunina sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði varðandi notkun hennar komi fram í leyfinu og á merkimiða sæfivörunnar: „Við notkun með burstum og rúllum og sjálfvirkri dýfingu verður að nota efnaþolna hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374 (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum), við notkun með handvirkri dýfingu og íhellingu verður að nota efnaþolna hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374 (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum) og utanyfirgalla a.m.k. af gerð 6 eins og tilgreint er í Evrópustaðli EN 13034 og við síðari handvirka vinnslu á nýmeðhöndlaða timbrinu verður að nota efnaþolna hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374 (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum). Þetta hefur ekki áhrif á beitingu vinnuveitenda á tilskipun ráðsins 98/24/EB og annarri löggjöf Sambandsins á sviði heilbrigðis og öryggis á vinnustöðum.“

16) Ef umsækjandi um leyfi tilgreinir skilvirkar tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir og leyfisyfirvaldið er sammála því að slíkar ráðstafanir leiði til þess að dregið verði jafnmikið eða meira úr váhrifum, eða ef leyfisyfirvaldið sjálft tilgreinir ráðstafanir sem leiða til þess að það dregur jafnmikið eða meira úr váhrifum, ættu þó þessar ráðstafanir að koma í staðinn fyrir notkun persónuhlífa og vera tilgreindar í leyfinu og á merkimiða sæfivörunnar.

17) Hinn 15. febrúar 2022 gaf framkvæmdastjórnin umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir í samræmi við 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Umsækjandinn lagði ekki fram athugasemdir.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Sæfivaran sem er auðkennd með málsnúmerinu BC-NF023903-46 í sæfivöruskránni uppfyllir skilyrðið sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði varðandi notkun hennar komi fram í leyfinu og á merkimiða sæfivörunnar: „Við notkun með burstum og rúllum og sjálfvirkri dýfingu verður að nota efnaþolna hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374 (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum), við notkun með handvirkri dýfingu og íhellingu verður að nota efnaþolna hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374 (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum) og utanyfirgalla a.m.k. af gerð 6 eins og tilgreint er í Evrópustaðli EN 13034 og við síðari handvirka vinnslu á nýmeðhöndlaða timbrinu verður að nota efnaþolna hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í Evrópustaðli EN 374 (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum). Þetta hefur ekki áhrif á beitingu vinnuveitenda á tilskipun ráðsins 98/24/EB og annarri löggjöf Sambandsins á sviði heilbrigðis og öryggis á vinnustöðum.“

Ef umsækjandi um leyfi tilgreinir tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir og leyfisyfirvaldið er sammála því að slíkar ráðstafanir leiði til þess að dregið verði jafnmikið eða meira úr váhrifum en með þeirri minnkun sem næst með því að nota persónuhlífarnar sem um getur í fyrstu málsgrein, eða ef leyfisyfirvaldið sjálft tilgreinir slíkar ráðstafanir sem leiða til þess að það dregur jafnmikið eða meira úr váhrifum en með þeirri minnkun sem næst með því að nota persónuhlífarnar sem um getur í fyrstu málsgrein, skal þó beita þeim ráðstöfunum í stað þess að nota umræddar persónuhlífar og þær skulu tilgreindar í leyfinu og á merkimiða sæfivörunnar. Í því tilviki skal skyldan til að tilgreina skilyrðið varðandi notkun sæfivörunnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein ekki gilda.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/1807 2024/EES/25/08

frá 14. nóvember 2018

um ramma um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga í Evrópusambandinu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Stafvæðing hagkerfisins eykst hröðum skrefum. Upplýsinga- og fjarskiptatækni er ekki lengur sérstakur geiri, heldur er hún grundvöllur allra nútímalegra, nýskapandi hagkerfa og samfélaga. Rafræn gögn eru miðdepillinn í þessum kerfum og geta skapað mikil verðmæti ef þau eru greind eða sameinuð við þjónustu og vörur. Hröð þróun gagnahagkerfisins og nýtilkomin tækni á borð við gervigreind, vörur og þjónustu í tengslum við Net hlutanna, sjálfstýrð kerfi og 5G vekja á sama tíma upp ný lagaleg álitaefni sem snúast um aðgang að gögnum og endurnotkun gagna, bótaábyrgð, siðareglur og samstöðu. Íhuga ætti að hefja vinnu varðandi málefni sem snúa að bótaábyrgð, einkum með því að koma til framkvæmda reglum um sjálfseftirlit og öðrum bestu starfsvenjum, þar sem tekið er tillit til tilmæla, ákvarðana og aðgerða án mannlegra afskipta í allri virðiskeðju gagnavinnslunnar. Slík vinna gæti einnig tekið til viðeigandi fyrirkomulags við að ákvarða bótaábyrgð, við yfirfærslu ábyrgðar milli þjónustuaðila sem vinna saman, við tryggingar og við endurskoðun.

2) Virðiskeðjur gagna eru byggðar á mismunandi gagnaaðgerðum: sköpun og öflun gagna; samsöfnun og skipulagningu gagna; gagnavinnslu; greiningu, markaðssetningu og dreifingu gagna; notkun og endurnotkun gagna. Árangursrík og skilvirk gagnavinnsla er grundvallaratriði í sérhverri gagnavirðiskeðju. Þó standa einkum tvenns konar hindranir fyrir hreyfanleika gagna og innri markaðinn í vegi fyrir árangursríkri og skilvirkri gagnavinnslu og þróun gagnahagkerfisins í Sambandinu: kröfur sem aðildarríkin hafa sett um staðbindingu gagna og starfsvenjur sem fela í sér bindingu við seljanda (e. vendor lock-in) í einkageiranum.

3) Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu samkvæmt sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins gilda um gagnavinnsluþjónustu. Tilteknar lands-, svæðis- eða staðbundnar kröfur um að gögn séu staðsett á tilteknu yfirráðasvæði hamla þó veitingu þessarar þjónustu eða koma stundum í veg fyrir hana.

4) Slíkar hindranir í vegi frjálsrar miðlunar gagnavinnsluþjónustu og staðfesturéttar þjónustuveitenda má rekja til krafna í lögum aðildarríkja um að gögn séu staðsett á tilteknu landsvæði eða yfirráðasvæði vegna gagnavinnslu. Aðrar reglur eða stjórnsýsluvenjur hafa samsvarandi áhrif með því að kveða á um sértækar kröfur sem torvelda mjög gagnavinnslu utan tiltekins landsvæðis eða yfirráðasvæðis innan Sambandsins, s.s. kröfur um að notuð séu tæknileg úrræði sem eru vottuð eða samþykkt í tilteknu aðildarríki. Réttaróvissa að því er varðar umfang lögmætra og ólögmætra krafna um staðbindingu gagna takmarkar enn frekar þá valkosti sem markaðsaðilum og hinu opinbera standa til boða um það hvar gagnavinnsla fari fram. Reglugerð þessi takmarkar ekki á nokkurn hátt frelsi fyrirtækja til að gera samninga þar sem tilgreint er hvar gögn skuli vera staðsett. Henni er einungis ætlað að standa vörð um þetta frelsi með því að tryggja að samþykkt staðsetning geti verið hvar sem er innan Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 303, 28.11.2018, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2023 frá 22. september 2023 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 227, 28.6.2018, bls. 78.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 4. október 2018 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 6. nóvember 2018.

5) Á sama tíma aftra takmarkanir í einkageiranum einnig hreyfanleika gagna í Sambandinu: lagaleg, samningstengd og tæknileg atriði sem tefja eða hindra notendur gagnavinnsluþjónustu í að flytja eigin gögn frá einum þjónustuveitanda til annars eða aftur til sinna eigin upplýsingatæknikerfa, ekki síst við uppsögn samnings þeirra við þjónustuveitanda.

6) Samspil þessara hindrana hefur leitt til skorts á samkeppni milli veitenda skýjaþjónustu í Sambandinu, til ýmiss konar vandamála tengdum bindingu við seljanda og til alvarlegs skorts á hreyfanleika gagna. Sömuleiðis hafa stefnur varðandi staðbindingu gagna grafið undan getu fyrirtækja á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi til að greiða fyrir samstarfi milli fyrirtækja, háskóla og annarra rannsóknastofnana með það að markmiði að efla nýsköpun.

7) Með tilliti til réttarvissu og vegna þess að jöfn samkeppnisskilyrði eru nauðsynleg innan Sambandsins eru sameiginlegar reglur fyrir alla markaðsaðila lykilatriði í starfsemi innri markaðarins. Til að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum og til að komast hjá samkeppniröskun, sem til er komin vegna mismunandi laga eftir löndum, og til að koma í veg fyrir nýjar hugsanlegar viðskiptahindranir og verulega samkeppnisröskun, er nauðsynlegt að samþykkja samræmdar reglur sem gilda í öllum aðildarríkjum.

8) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á lagarammann um vernd einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs og vernd persónuupplýsinga í rafrænum fjarskiptum, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([1]) og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ([2]) og 2002/58/EB ([3]).

9) Hið sístækkandi Net hlutanna, gervigreind og vélrænt nám eru mikilvæg uppspretta ópersónulegra upplýsinga, t.d. vegna nýtingar þeirra í sjálfvirkum ferlum við iðnaðarframleiðslu. Dæmi um ópersónulegar upplýsingar eru m.a. samantekin gagnamengi sem gerð hafa verið nafnlaus og sem notuð eru við greiningu á stórgögnum, gögn um nákvæmnisrækt, sem geta nýst við vöktun og bestun á notkun varnarefna og vatns, eða gögn um viðhaldsþarfir iðnaðarvéla. Ef tækniþróun gerir kleift að breyta gögnum sem gerð hafa verið nafnlaus (e. anonymised data) í persónuupplýsingar ber að fara með slík gögn sem persónuupplýsingar og reglugerð (ESB) 2016/679 skal gilda í samræmi við það.

10) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 mega aðildarríkin hvorki takmarka né banna frjálsa miðlun persónuupplýsinga innan Sambandsins af ástæðum er varða vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Í þessari reglugerð er sett fram sama meginregla um frjálsa miðlun ópersónulegra upplýsinga innan Sambandsins, nema þegar takmörkun eða bann er rökstutt með vísan til almannaöryggis. Reglugerð (ESB) 2016/679 og þessi reglugerð mynda samræmt regluverk sem stuðlar að frjálsri miðlun mismunandi tegunda upplýsinga. Enn fremur kveður reglugerð þessi ekki á um skyldu til að vista mismunandi tegundir upplýsinga sitt í hvoru lagi.

11) Til að skapa ramma um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga í Sambandinu og grundvöll fyrir þróun gagnahagkerfisins og auka samkeppnishæfni atvinnugreina í Sambandinu er nauðsynlegt að mæla fyrir um skýran, heildstæðan og fyrirsjáanlegan lagaramma um vinnslu gagna annarra en persónuupplýsinga á innri markaðnum. Nálgun byggð á meginreglum þar sem gert er ráð fyrir samvinnu aðildarríkja, ásamt sjálfseftirliti, ætti að tryggja að ramminn sé nægilega sveigjanlegur til að taka mið af nýjum þörfum notenda, þjónustuveitenda og landsbundinna yfirvalda í Sambandinu. Til þess að forðast skörun við fyrirliggjandi kerfi og forðast þannig aukið álag, bæði fyrir aðildarríki og fyrirtæki, ætti ekki að setja ítarlegar tæknireglur.

12) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á gagnavinnslu að því marki sem hún er framkvæmd sem hluti af starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga Sambandsins. Einkum ætti að hafa í huga að í samræmi við 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er þjóðaröryggi alfarið á ábyrgð hvers aðildarríkis fyrir sig.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

13) Frjálst flæði gagna innan Sambandsins mun gegna mikilvægu hlutverki í að skapa gagnadrifinn vöxt og nýsköpun. Á sama hátt og fyrirtæki og neytendur, njóta opinber yfirvöld aðildarríkjanna og aðilar sem heyra undir opinberan rétt góðs af auknu valfrelsi að því er varðar veitendur gagnadrifinnar þjónustu, af samkeppnishæfara verði og af skilvirkari þjónustu við borgarana. Í ljósi þess hve mikið magn gagna opinber yfirvöld og aðilar sem heyra undir opinberan rétt fara með er afar mikilvægt að þau gangi á undan með góðu fordæmi með því að innleiða gagnavinnsluþjónustu og forðist takmarkanir með staðbindingu gagna þegar þeir nýta sér gagnavinnsluþjónustu. Því ætti þessi reglugerð að ná yfir opinber yfirvöld og aðila sem heyra undir opinberan rétt. Að því er þetta varðar ætti meginreglan um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga sem kveðið er á um í þessari reglugerð einnig að gilda um almennar og samkvæmar stjórnsýsluvenjur og um aðrar kröfur um staðbindingu gagna á sviði opinberra innkaupa, án þess að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ([1]).

14) Líkt og tilskipun 2014/24/ESB hefur reglugerð þessi ekki áhrif á lög og stjórnsýslufyrirmæli sem varða innri málefni aðildarríkja og sem fela opinberum yfirvöldum og aðilum sem heyra undir opinberan rétt valdheimildir til og ábyrgð vegna vinnslu gagna án samningsbundinnar greiðslu til einkaaðila, né heldur á lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkja sem kveða á um framkvæmd þessara valdheimilda og ábyrgða. Enda þótt opinber yfirvöld og aðilar sem heyra undir opinberan rétt séu hvött til að íhuga þann ávinning, jafnt efnahagslegan sem af öðrum toga, sem felst í útvistun til utanaðkomandi þjónustuaðila kunna þau að hafa réttmætar ástæður til að velja sjálfsþjónustu eða heimvistun. Því er ekkert í þessari reglugerð sem skyldar aðildarríki til að útvista eða finna þriðja aðila til að veita þjónustu sem þau vilja sjálf veita eða skipuleggja eftir öðrum leiðum en með opinberum samningum.

15) Reglugerð þessi ætti að gilda um einstaklinga eða lögaðila sem veita notendum, sem eru búsettir eða hafa staðfestu í Sambandinu, þjónustu á sviði gagnavinnslu, þ.m.t. þá sem veita gagnavinnsluþjónustu í Sambandinu en hafa ekki staðfestu þar. Af þeim sökum ætti þessi reglugerð ekki að gilda um gagnavinnsluþjónustu sem fer fram utan Sambandsins og um kröfur um staðbindingu gagna sem varða slík gögn.

16) Í reglugerð þessari er ekki mælt fyrir um reglur um ákvörðun gildandi laga á sviði viðskiptamála og hefur hún því ekki áhrif á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 ([2]). Hafi lög sem gilda skulu um samning ekki verið valin í samræmi við þá reglugerð skulu lög þess lands þar sem þjónustuaðilinn hefur fasta búsetu að jafnaði gilda um samning um veitingu þjónustu.

17) Reglugerð þessi ætti að gilda um gagnavinnslu í víðasta skilningi og taka til notkunar allra gerða upplýsingatæknikerfa, hvort sem þau eru staðsett í húsnæði notanda eða er útvistað til þjónustuveitanda. Hún ætti að ná yfir gagnavinnslu á mismunandi skala, allt frá gagnageymslu (innviðaþjónustuveita (e. Infrastructure-as-a-Service (IaaS)) til vinnslu gagna í kerfisumhverfi (kerfisþjónustuveita (e. Platform-as-a-Service (PaaS)) eða í hugbúnaði (hugbúnaðarþjónustuveita (e. Software-as-a-Service (SaaS)).

18) Kröfur um staðbindingu gagna eru ótvíræð hindrun á frelsinu til að veita gagnavinnsluþjónustu í gervöllu Sambandinu og fyrir innri markaðinn. Þær ætti því að banna nema þær séu rökstuddar á grundvelli almannaöryggis eins og skilgreint er í lögum Sambandsins, einkum í skilningi 52. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og samræmist meðalhófsreglunni sem er að finna í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Til þess að koma í framkvæmd meginreglunni um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga yfir landamæri, tryggja að núverandi kröfur um staðbindingu gagna verði afnumdar með skjótum hætti og gera, af rekstrarlegum ástæðum, gagnavinnslu á mismunandi stöðum í gervöllu Sambandinu mögulega, og þar eð þessi reglugerð kveður á um ráðstafanir til að tryggja að gögn séu tiltæk fyrir opinbert eftirlit, ættu aðildarríkin einungis að geta skírskotað til almannaöryggis sem rökstuðnings fyrir kröfum um staðbindingu gagna.

19) Hugtakið „almannaöryggi“, í skilningi 52. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og eins og Dómstóllinn túlkar það, nær yfir bæði innra og ytra öryggi aðildarríkis, sem og málefni sem varða velferð almennings, einkum til að auðveldara sé að rannsaka, koma upp um og saksækja fyrir refsiverð brot. Það gerir ráð fyrir að fyrir liggi raunveruleg og nægilega alvarleg ógn sem hefur áhrif á tiltekna grundvallarhagsmuni samfélagsins, s.s. ógnun við rekstur stofnana og nauðsynlega opinbera þjónustu og afkomu íbúanna, sem og hætta á alvarlegri röskun á erlendum tengslum eða friðsamlegri sambúð þjóða, eða áhætta gagnvart hernaðarlegum hagsmunum. Í samræmi við meðalhófsregluna ættu kröfur um staðbindingu gagna, sem réttlætanlegar eru á grundvelli almannaöryggis, að vera til þess fallnar að markmiðið, sem stefnt er að, náist og ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

20) Til að tryggja árangursríka beitingu meginreglunnar um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga yfir landamæri og til að koma í veg fyrir tilkomu nýrra hindrana á snurðulausri starfsemi innri markaðarins ættu aðildarríkin tafarlaust að koma á framfæri við framkvæmdastjórnina öllum drögum að löggjöf sem koma á nýrri kröfu um staðbindingu gagna eða breyta gildandi kröfu um staðbindingu gagna. Þessi drög að löggjöf ætti að leggja fram og meta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/1535 ([1]).

21) Til að ryðja úr vegi hugsanlegum fyrirliggjandi hindrunum ættu aðildarríkin enn fremur, á 24 mánaða umbreytingartímabili frá þeim degi þegar reglugerð þessi kemur til framkvæmda, að láta fara fram úttekt á gildandi almennum lögum og stjórnsýslufyrirmælum þar sem er mælt fyrir um kröfur um staðbindingu gagna og tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns kröfur um staðbindingu gagna sem þau telja að samrýmist þessari reglugerð, ásamt rökstuðningi fyrir því. Þetta ætti að gera framkvæmdastjórninni kleift að kanna réttmæti krafna um staðbindingu gagna sem eftir kunna að standa. Framkvæmdastjórnin ætti að geta komið athugasemdum á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki eftir því sem við á. Slíkar athugasemdir gætu falið í sér tilmæli um að breyta eða fella úr gildi viðkomandi kröfu um staðbindingu gagna.

22) Sú skylda, sem komið er á með þessari reglugerð, að tilkynna framkvæmdastjórninni um gildandi kröfur um staðbindingu gagna og drög að löggjöf ætti að eiga við um kröfur um staðbindingu gagna samkvæmt reglum og drög að löggjöf af almennum toga, en ekki um ákvarðanir sem beinast að tilteknum einstaklingi eða lögaðila.

23) Til þess að tryggja gagnsæi krafna um staðbindingu gagna í aðildarríkjunum sem mælt er fyrir um í almennum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum og beinast að einstaklingum og lögaðilum, s.s. þjónustuveitendum og notendum gagnavinnsluþjónustu, ættu aðildarríkin að birta upplýsingar um slíkar kröfur hjá einni landsbundinni upplýsingamiðstöð á Netinu og uppfæra þær reglulega. Að öðrum kosti ættu aðildarríkin að láta miðlægri upplýsingamiðstöð sem komið er á fót samkvæmt annarri gerð Sambandsins í té uppfærðar upplýsingar um slíkar kröfur. Til að upplýsa einstaklinga og lögaðila með tilhlýðilegum hætti um kröfur um staðbindingu gagna í gervöllu Sambandinu ættu aðildarríkin að senda framkvæmdastjórninni veffong þessara landsbundnu upplýsingamiðstöðva. Framkvæmdastjórnin ætti að birta þessar upplýsingar á vefsvæði sínu, ásamt reglulega uppfærðri, samsteyptri skrá yfir allar kröfur um staðbindingu gagna sem eru í gildi í aðildarríkjunum, ásamt samantekt upplýsinga um þessar kröfur.

24) Kröfur um staðbindingu gagna orsakast oft af skorti á trausti á gagnavinnslu yfir landamæri vegna þess að talið er að gögn séu ekki tiltæk lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum, t.d. til skoðunar og úttektar vegna opinbers eftirlits. Ekki er hægt að vinna bug á slíkum skorti á trausti eingöngu með því að ógilda samningsskilmála sem meina lögbærum stjórnvöldum lögmætan aðgang að gögnum við framkvæmd opinberra skyldustarfa sinna. Því ætti í þessari reglugerð að mæla með skýrum hætti fyrir um að hún hafi ekki áhrif á heimildir lögbærra yfirvalda til að óska eftir eða fá aðgang að gögnum í samræmi við lög Sambandsins eða landslög og að ekki megi neita lögbærum yfirvöldum um aðgang að gögnum á grundvelli þess að gögnin séu unnin í öðru aðildarríki. Lögbær yfirvöld gætu sett virknikröfur til að styðja aðgang að gögnum, s.s. krafist þess að kerfislýsingar skuli geymdar í hlutaðeigandi aðildarríki.

25) Einstaklingar eða lögaðilar, sem falla undir skyldur til að láta lögbærum yfirvöldum í té gögn, geta uppfyllt þær skyldur með því að veita og tryggja lögbærum yfirvöldum skilvirkan og tímanlegan rafrænan aðgang að gögnunum óháð því í hvaða aðildarríki gagnavinnslan fer fram. Hægt er að tryggja slíkan aðgang með skýrum skilmálum og skilyrðum í samningum milli einstaklingsins eða lögaðilans, sem fellur undir skylduna til að veita aðgang, og þjónustuveitandans.

26) Ef einstaklingi eða lögaðila er skylt að láta í té gögn og hann sinnir ekki þeirri skyldu ætti lögbært yfirvald að geta leitað aðstoðar lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum. Í slíkum tilvikum ættu lögbær yfirvöld að nota sérstaka samstarfsgerninga í lögum Sambandsins eða samkvæmt alþjóðasamningum, allt eftir viðfangsefninu í viðkomandi tilviki, s.s., á sviði lögreglusamvinnu, sakamála- eða einkamálaréttar eða stjórnsýslu eftir því sem við á, rammaákvörðun

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

ráðsins 2006/960/DIM ([1]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/41/ESB ([2]), samning Evrópuráðsins um tölvubrot ([3]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 1206/2001 ([4]), tilskipun ráðsins 2006/112/EB ([5]) og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 904/2010 ([6]). Þegar slíkt samstarfsfyrirkomulag er ekki fyrir hendi ættu lögbær yfirvöld að vinna saman með það fyrir augum að veita aðgang að þeim gögnum sem óskað er gegnum tilnefnda sameiginlega tengiliði.

27) Ef beiðni um aðstoð hefur í för með sér að yfirvaldið, sem beiðni er beint til, þarf að fá aðgang að húsnæði einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hvers kyns búnaði og leiðum til gagnavinnslu, verður aðgangurinn að vera í samræmi við lög Sambandsins eða innlend réttarfarslög, þ.m.t. hvers konar kröfu um að afla fyrirframheimildar dómsmálayfirvalda.

28) Reglugerð þessi ætti ekki að gera notendum kleift að reyna að víkja sér undan beitingu landslaga. Hún ætti því að kveða á um að aðildarríkin leggi á viðurlög, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif, gagnvart notendum sem hindra lögbær yfirvöld í að fá aðgang að gögnum þeirra sem eru nauðsynleg til þess að lögbæru yfirvöldin geti sinnt opinberum skyldum sínum samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum. Í brýnum tilvikum þar sem notandi misnotar rétt sinn ættu aðildarríkin að geta beitt tímabundnum ráðstöfunum sem verða að vera við hæfi. Hvers kyns tímabundnar ráðstafanir sem krefjast endurstaðbindingar gagna (e. re-localisation) í lengri tíma en 180 daga frá endurstaðbindingu myndu víkja frá meginreglunni um frjálsa miðlun gagna í umtalsverðan tíma og því ætti að tilkynna þær framkvæmdastjórninni til rannsóknar á því hvort þær samrýmist lögum Sambandsins.

29) Getan til að flytja eigin gögn án hindrana er lykilatriði til að auðvelda notendum val og veita virka samkeppni á mörkuðum fyrir gagnavinnsluþjónustu. Raunverulegir eða meintir erfiðleikar við að flytja eigin gögn yfir landamæri grafa einnig undan tiltrú atvinnunotenda á tilboðum yfir landamæri og þar með tiltrú þeirra á innri markaðnum. Enda þótt einstakir neytendur njóti góðs af gildandi lögum Sambandsins er notendum í viðskiptum eða atvinnustarfsemi ekki auðveldað að skipta um þjónustuveitendur. Samræmdar tæknilegar kröfur í öllu Sambandinu, hvort heldur þær varða tæknilega samhæfingu, gagnkvæma viðurkenningu eða valfrjálsa samhæfingu, stuðla einnig að því að þróa samkeppnishæfan innri markað fyrir gagnavinnsluþjónustu.

30) Til þess að nýta samkeppnisumhverfið til fulls ættu atvinnunotendur að geta tekið upplýstar ákvarðanir og auðveldlega borið saman einstaka þætti hinnar margvíslegu gagnavinnsluþjónustu sem er í boði á innri markaðnum, m.a. að því er varðar samningsskilmála og -skilyrði fyrir flutningi eigin gagna við uppsögn samnings. Til þess að halda í við nýsköpunarmöguleika markaðarins og taka tillit til reynslu og sérþekkingar þjónustuveitenda og atvinnunotenda gagnavinnsluþjónustu ættu ítarlegar upplýsingar og rekstrarlegar kröfur vegna flutnings eigin gagna að vera skilgreindar af markaðsaðilum með sjálfseftirliti, sem framkvæmdastjórnin ætti að hvetja til, auðvelda og hafa eftirlit með, í formi hátternisreglna Sambandsins sem gætu falið í sér staðlaða samningsskilmála og -skilyrði.

31) Til þess að slíkar hátternisreglur séu skilvirkar og geri skipti á þjónustuveitendum og flutning eigin gagna auðveldari ættu þær að vera ítarlegar og taka til a.m.k. mikilvægra lykilþátta ferlisins við flutning eigin gagna, s.s. aðferða við gerð öryggisafrita og staðsetningar þeirra, tiltækra gagnasniða og -miðla, nauðsynlegrar upplýsingatæknilegrar samskipanar og lágmarksbandbreiddar netsins, nauðsynlegs tíma áður en flutningsferlið hefst og tímalengdar sem gögnin verða tiltæk til flutnings, ásamt tryggingu fyrir aðgangi að gögnunum ef þjónustuaðilinn verður gjaldþrota. Í hátternisreglunum ætti einnig að koma skýrt fram að binding við seljanda er ekki ásættanlegir viðskiptahættir, vera kveðið á um notkun traustaukandi tækni, og þær ætti að uppfæra reglulega til að halda í við tækniþróun. Framkvæmdastjórnin ætti að sjá til þess að samráð sé haft við alla viðeigandi hagsmunaaðila í öllu ferlinu, þ.m.t. samtök lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sprotafyrirtækja, notendur og veitendur skýjaþjónustu. Framkvæmdastjórnin ætti að meta þróun og skilvirkni framkvæmdar slíkra hátternisreglna.

([1]) Rammaákvörðun ráðsins 2006/960/DIM frá 18. desember 2006 um að einfalda skipti á upplýsingum og trúnaðargögnum milli löggæsluyfirvalda aðildarríkja Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 386, 29.12.2006, bls. 89).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/41/ESB frá 3. apríl 2014 um evrópska rannsóknarúrskurðinn í sakamálum (Stjtíð. ESB L 130, 1.5.2014, bls. 1).

([3]) Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot, CETS nr. 185.

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1206/2001 frá 28. maí 2001 um samstarf milli dómstóla í aðildarríkjunum við öflun sönnunargagna í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtíð. EB L 174, 27.6.2001, bls. 1).

([5]) Tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattkerfið (Stjtíð. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1).

([6]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 904/2010 frá 7. október 2010 um samvinnu á sviði stjórnsýslu og baráttu gegn svikum á sviði virðisaukaskatts (Stjtíð. ESB L 268, 12.10.2010, bls. 1).

32) Ef lögbært yfirvald í einu aðildarríki óskar eftir aðstoð frá öðru aðildarríki til að fá aðgang að gögnum samkvæmt þessari reglugerð ætti það að leggja fram, í gegnum tilnefndan sameiginlegan tengilið, tilhlýðilega rökstudda beiðni til tilnefnds sameiginlegs tengiliðar síðarnefnda ríkisins, sem ætti að innihalda skriflega skýringu á ástæðum og lagagrunn fyrir því að óska eftir aðgangi að gögnunum. Sameiginlegi tengiliðurinn, sem er tilnefndur af aðildarríkinu sem beðið er um aðstoð, ætti að greiða fyrir sendingu beiðninnar til viðkomandi lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu sem beiðninni er beint til. Til þess að tryggja skilvirka samvinnu ætti yfirvaldið, sem beiðni er send til, að veita þá aðstoð sem óskað er vegna tiltekinnar beiðni án ótilhlýðilegrar tafar eða veita upplýsingar um það hvaða erfiðleikar standi í vegi þess að verða við slíkri beiðni eða um ástæður sínar fyrir því að synja henni.

33) Aukið traust á öryggi gagnavinnslu yfir landamæri ætti að draga úr tilhneigingu markaðsaðila og hins opinbera til að nota staðbindingu gagna sem staðgengil fyrir gagnaöryggi. Það ætti einnig að auka réttarvissu fyrir fyrirtæki að því er varðar að farið sé að gildandi öryggiskröfum þegar þau útvista gagnavinnslu sinni til þjónustuveitenda, einnig þeirra sem eru í öðrum aðildarríkjum.

34) Allar öryggiskröfur í tengslum við gagnavinnslu, sem er beitt með rökstuddum og hóflegum hætti á grundvelli laga Sambandsins eða landslaga, sem eru í samræmi við lög Sambandsins, í aðildarríkinu þar sem einstaklingar eða lögaðilar sem gögnin varða eru búsettir eða hafa staðfestu, ættu að gilda áfram um vinnslu viðkomandi gagna í öðru aðildarríki. Umræddir einstaklingar eða lögaðilar ættu að geta uppfyllt slíkar kröfur, annaðhvort sjálfir eða með samningsákvæðum í samningum við þjónustuveitendur.

35) Öryggiskröfur sem gerðar eru á landsvísu ættu að vera nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við þá áhættu sem steðjar að öryggi gagnavinnslu innan gildissviðs landslaganna þar sem þessar kröfur eru settar.

36) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 ([1]) kveður á um lagalegar ráðstafanir til að bæta almennt netöryggi í Sambandinu. Gagnavinnsluþjónusta er á meðal þeirrar stafrænu þjónustu sem fellur undir þá tilskipun. Samkvæmt þeirri tilskipun eiga aðildarríki að tryggja að veitendur stafrænnar þjónustu greini og geri viðeigandi og hóflegar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að stýra þeirri áhættu sem steðjar að öryggi þeirra net- og upplýsingakerfa sem þeir nota. Þessar ráðstafanir ættu að tryggja hæfilegt öryggisstig miðað við þá áhættu sem um er að ræða og ættu að taka tillit til öryggis kerfa og búnaðar, meðhöndlunar atvika, stjórnunar rekstrarsamfellu, eftirlits, endurskoðunar og prófana, ásamt fylgni við alþjóðlega staðla. Framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina þessa þætti nánar í framkvæmdargerðum samkvæmt þeirri tilskipun.

37) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fram skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum með það í huga að ákvarða þörf á breytingum í ljósi breytinga á tæknilegum eða markaðslegum skilyrðum. Í skýrslunni ætti einkum að vera mat á þessari reglugerð, sérstaklega beitingu hennar þegar um er að ræða gagnamengi sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar, ásamt framkvæmd undantekningarinnar vegna almannaöryggis. Áður en reglugerð þessi kemur til framkvæmda ætti framkvæmdastjórnin einnig að birta leiðbeinandi upplýsingar um hvernig skuli fara með gagnamengi sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar, svo að fyrirtæki, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, fái betur skilið samspilið milli þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) 2016/679 og til að tryggja að farið sé að báðum þessum reglugerðum.

38) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og túlka ætti hana og beita henni í samræmi við þessi réttindi og meginreglur, þ.m.t. réttinn til verndar persónuupplýsingum, tjáningar- og upplýsingafrelsis og frelsis til atvinnurekstrar.

39) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja frjálst flæði gagna annarra en persónuupplýsinga í Sambandinu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 frá 6. júlí 2016 varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu (Stjtíð. ESB L 194, 19.7.2016, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja frjálst flæði gagna annarra en persónuupplýsinga innan Sambandsins með því að mæla fyrir um reglur sem varða kröfur um staðbindingu gagna, tiltækileika gagna fyrir lögbær stjórnvöld og flutning eigin gagna fyrir atvinnunotendur.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um vinnslu rafrænna gagna annarra en persónuupplýsinga í Sambandinu, sem er:

a) veitt sem þjónusta við notendur, sem eru búsettir eða hafa staðfestu í Sambandinu, óháð því hvort þjónustuveitandinn hefur staðfestu í Sambandinu eða ekki eða

b) framkvæmd af einstaklingi eða lögaðila, sem er búsettur eða hefur staðfestu í Sambandinu, til eigin þarfa.

2. Þegar um er að ræða gagnamengi sem inniheldur bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar gildir reglugerð þessi um þann hluta gagnamengisins sem inniheldur ópersónulegar upplýsingar. Ef persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar í gagnamengi eru tengdar með órjúfanlegum hætti skal þessi reglugerð ekki hafa áhrif á beitingu reglugerðar (ESB) 2016/679.

3. Reglugerð þessi gildir ekki um starfsemi sem fellur utan gildissviðs löggjafar Sambandsins.

Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á lög og stjórnsýslufyrirmæli sem varða innri málefni aðildarríkja og sem fela opinberum yfirvöldum og aðilum sem heyra undir opinberan rétt, skv. skilgreiningu í 4. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, valdheimildir til og ábyrgð vegna vinnslu gagna án samningsbundinnar greiðslu til einkaaðila, né heldur á lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkja sem kveða á um framkvæmd þessara valdheimilda og ábyrgða.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „gögn“: gögn önnur en persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,

2) „vinnsla“: aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með gögn eða gagnamengi á rafrænu formi, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, s.s. söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging,

3) „drög að löggjöf“: texti, saminn í þeim tilgangi að verða samþykktur sem almenn lög eða stjórnsýslufyrirmæli, sem er á undirbúningsstigi þar sem enn er hægt að gera efnislegar breytingar,

4) „þjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir gagnavinnsluþjónustu,

5) „krafa um staðbindingu gagna“: hver sú skuldbinding, bann, skilyrði, takmörkun eða önnur krafa, sem kveðið er á um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis eða byggist á almennum og samkvæmum stjórnsýsluvenjum í aðildarríki og hjá aðilum sem heyra undir opinberan rétt, þ.m.t. á sviði opinberra innkaupa, án þess að það hafi áhrif á tilskipun 2014/24/ESB, sem áskilur að vinnsla gagna fari fram á yfirráðasvæði tiltekins aðildarríkis eða hindrar vinnslu gagna í einhverju öðru aðildarríki,

6) „lögbært yfirvald“: yfirvald aðildarríkis eða önnur stofnun með heimild samkvæmt landslögum til að inna af hendi opinbert starf eða að fara með opinbert vald, sem við framkvæmd opinberra skyldustarfa sinna, eins og kveðið er á um í lögum Sambandsins eða landslögum, hefur vald til að fá aðgang að gögnum sem unnin hafa verið af einstaklingi eða lögaðila,

7) „notandi“: einstaklingur eða lögaðili, einnig opinbert yfirvald eða aðili sem heyrir undir opinberan rétt, sem notar gagnavinnsluþjónustu eða óskar eftir henni,

8) „atvinnunotandi“: einstaklingur eða lögaðili, einnig opinbert yfirvald eða aðili sem heyrir undir opinberan rétt, sem notar eða óskar eftir gagnavinnsluþjónustu í tengslum við atvinnugrein sína, fyrirtæki, iðn, sérgrein eða verkefni.

4. gr.

Frjáls miðlun gagna í Sambandinu

1. Kröfur um staðbindingu gagna skulu bannaðar nema þær séu rökstuddar á grundvelli almannaöryggis í samræmi við meðalhófsregluna.

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar er með fyrirvara um 3. mgr. og um kröfur um staðbindingu gagna sem mælt er fyrir um á grundvelli gildandi laga Sambandsins.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust koma á framfæri við framkvæmdastjórnina öllum drögum að löggjöf sem koma á nýrri kröfu um staðbindingu gagna eða breyta gildandi kröfu um staðbindingu gagna í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem settar eru fram í 5., 6. og 7. gr. tilskipunar (ESB) 2015/1535.

3. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 30. maí 2021, sjá til þess að sérhver gildandi krafa um staðbindingu gagna, sem mælt er fyrir um í almennum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum og sem ekki samræmist 1. mgr. þessarar greinar, sé felld úr gildi.

Telji aðildarríki að gildandi ráðstöfun sem felur í sér kröfu um staðbindingu gagna samrýmist 1. mgr. þessarar greinar og geti því gilt áfram skal það, eigi síðar en 30. maí 2021, koma þeirri ráðstöfun á framfæri við framkvæmdastjórnina ásamt rökstuðningi fyrir því að hún verði áfram í gildi. Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal framkvæmdastjórnin, innan sex mánaða frá því að henni berst slík tilkynning, kanna hvort umrædd ráðstöfun samræmist 1. mgr. þessarar greinar og skal, eftir því sem við á, koma athugasemdum á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, með tilmælum um breytingu eða niðurfellingu ráðstöfunarinnar.

4. Aðildarríkin skulu gera ítarlegar upplýsingar um allar kröfur um staðbindingu gagna, sem mælt er fyrir um í almennum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum og gilda á yfirráðasvæði þeirra, öllum aðgengilegar hjá einni landsbundinni upplýsingamiðstöð á Netinu og uppfæra þær reglulega eða veita miðlægri upplýsingamiðstöð, sem komið er á fót samkvæmt annarri gerð Sambandsins, uppfærðar, ítarlegar upplýsingar um allar slíkar kröfur um staðbindingu gagna.

5. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um veffang landsbundnu upplýsingamiðstöðvarinnar sem um getur í 4. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta tengil eða tengla á þessar upplýsingamiðstöðvar á vefsvæði sínu, ásamt reglulega uppfærðri, samsteyptri skrá yfir allar kröfur um staðbindingu gagna sem um getur í 4. mgr., ásamt samantekt upplýsinga um þessar kröfur.

5. gr.

Tiltækileiki gagna fyrir lögbær yfirvöld

1. Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á heimildir lögbærra yfirvalda til að óska eftir eða fá aðgang að gögnum við framkvæmd opinberra skyldustarfa sinna í samræmi við lög Sambandsins eða landslög. Ekki má synja lögbærum yfirvöldum um aðgang að gögnum með vísan til þess að gögnin séu unnin í öðru aðildarríki.

2. Ef lögbært yfirvald fær ekki aðgang að gögnum notanda eftir að hafa óskað eftir því og ef sérstakt samstarfsfyrirkomulag er ekki fyrir hendi samkvæmt lögum Sambandsins eða alþjóðasamningum um skipti á gögnum milli lögbærra yfirvalda mismunandi aðildarríkja er því lögbæra yfirvaldi heimilt að óska eftir aðstoð lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki í samræmi við tilhögunina sem sett er fram í 7. gr.

3. Ef beiðni um aðstoð hefur í för með sér að yfirvaldið, sem beiðni er beint til, þarf að fá aðgang að húsnæði einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hvers kyns búnaði og leiðum til gagnavinnslu, verður aðgangurinn að vera í samræmi við lög Sambandsins eða innlend réttarfarslög.

4. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um viðurlög, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif, við því að sinna ekki skyldu til að láta í té gögn í samræmi við lög Sambandsins og landslög.

Ef notandi misnotar rétt sinn er aðildarríki heimilt, ef það er réttlætanlegt vegna þess að brýnt sé að fá aðgang að gögnunum og með tilliti til hagsmuna hlutaðeigandi aðila, að beita tímabundnum ráðstöfunum, sem verða að vera við hæfi, gagnvart þeim notanda. Ef tímabundin ráðstöfun krefst endurstaðbindingar gagna í lengri tíma en 180 daga frá endurstaðbindingu skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það innan þessa 180 daga tímabils. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og auðið er, kanna ráðstöfunina og hvort hún samræmist lögum Sambandsins og, eftir því sem við á, gera viðeigandi ráðstafanir. Framkvæmdastjórnin skal skiptast á upplýsingum við sameiginlega tengiliði aðildarríkjanna, sem um getur í 7. gr., um fengna reynslu hvað þetta varðar.

6. gr.

Flutningur eigin gagna

1. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til og greiða fyrir þróun hátternisreglna til sjálfseftirlits á vettvangi Sambandsins (hér á eftir nefndar „hátternisreglur“) til þess að stuðla að samkeppnishæfu gagnahagkerfi, sem byggist á meginreglum um gagnsæi og samvirkni og með tilhlýðilegu tilliti til opinna staðla, sem ná m.a. yfir eftirfarandi þætti:

a) bestu starfsvenjur til að auðvelda skipti á þjónustuveitendum og flutning eigin gagna á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði, þ.m.t. opnum stöðluðum sniðum, ef þjónustuveitandinn sem tekur á móti gögnunum krefst þess eða óskar eftir því,

b) kröfur um lágmarksupplýsingar til að tryggja að atvinnunotendur fái, áður en gerður er samningur um gagnavinnslu, nægilega ítarlegar, skýrar og gagnsæjar upplýsingar um ferlin, tæknilegar kröfur, tímaramma og gjöld sem gilda ef atvinnunotandi vill skipta um þjónustuveitanda eða flytja eigin gögn til baka til upplýsingatæknikerfa sinna,

c) aðferðir varðandi vottunarkerfi sem auðvelda það að bera saman gagnavinnsluvörur og -þjónustu fyrir atvinnunotendur, með hliðsjón af gildandi landsbundnum eða alþjóðlegum stöðlum, til að greiða fyrir samanburðarhæfi þessara vara og þjónustu. Slíkar aðferðir geta m.a. falið í sér gæðastjórnun, stjórnun upplýsingaöryggis, stjórnun rekstrarsamfellu og umhverfisstjórnun,

d) samskiptavegvísa með þverfaglegri nálgun til að auka vitund um hátternisreglurnar meðal viðeigandi hagsmunaaðila.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að hátternisreglurnar séu þróaðar í nánu samstarfi við alla viðeigandi hagsmunaaðila, þ. á m. samtök lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sprotafyrirtækja, notendur og skýjaþjónustuveitendur.

3. Framkvæmdastjórnin skal hvetja þjónustuveitendur til að ljúka þróun hátternisreglnanna eigi síðar en 29. nóvember 2019 og að koma þeim í framkvæmd með skilvirkum hætti eigi síðar en 29. maí 2020.

7. gr.

Tilhögun samstarfs milli yfirvalda

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna sameiginlegan tengilið sem skal koma á sambandi við sameiginlega tengiliði annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefnda sameiginlega tengiliði og allar síðari breytingar á þeim.

2. Ef lögbært yfirvald í einu aðildarríki óskar eftir aðstoð frá öðru aðildarríki skv. 2. mgr. 5. gr. til að fá aðgang að gögnum skal það senda tilhlýðilega rökstudda beiðni til tilnefnds sameiginlegs tengiliðar síðarnefnda ríkisins. Beiðnin skal innihalda skriflega skýringu á ástæðum og lagagrunn fyrir því að óska eftir aðgangi að gögnunum.

3. Sameiginlegi tengiliðurinn skal finna út hvert viðeigandi lögbært yfirvald aðildarríkis síns er og framsenda því beiðnina sem barst skv. 2. mgr.

4. Viðeigandi lögbært yfirvald sem fær slíka beiðni skal, án ótilhlýðilegrar tafar og innan tímamarka sem eru í réttu hlutfalli við hversu brýn beiðnin er, svara og senda gögnin sem beðið var um eða tilkynna lögbæra yfirvaldinu sem lagði fram beiðnina að það telji ekki að skilyrðunum fyrir því að biðja um aðstoð samkvæmt þessari reglugerð hafi verið fullnægt.

5. Allar upplýsingar sem skipst er á í tengslum við aðstoð sem óskað er eftir og veitt er skv. 2. mgr. 5. gr. skal aðeins nota í tengslum við málið sem lá til grundvallar beiðninni.

6. Sameiginlegu tengiliðirnir skulu veita notendum almennar upplýsingar um þessa reglugerð, þ. á m. um hátternisreglurnar.

8. gr.

Mat og leiðbeiningar

1. Eigi síðar en 29. nóvember 2022 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu með mati á framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

a) beitingu þessarar reglugerðar, einkum þegar um er að ræða gagnamengi sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar, í ljósi markaðs- og tækniþróunar sem gæti aukið möguleikana á að tengja gögn aftur við nafn (e. deanonymising data),

b) framkvæmd aðildarríkjanna á 1. mgr. 4. gr. og einkum undantekningunni vegna almannaöryggis og

c) þróun og skilvirka framkvæmd hátternisreglnanna og skilvirka upplýsingagjöf þjónustuveitenda.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrsluna sem um getur í 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 29. maí 2019 birta leiðbeinandi upplýsingar um samspilið milli þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) 2016/679, einkum að því er varðar gagnamengi sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar.

9. gr.

Lokaákvæði

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda sex mánuðum eftir birtingu hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. nóvember 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	K. EDTSTADLER
forseti.	*forseti.*

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 244/2012 **2024/EES/25/09**

frá 16. janúar 2012

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga með því að ákvarða ramma fyrir samanburðaraðferð við útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu bygginga og byggingarþátta (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/31/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin ákvarði, með framseldri gerð, ramma fyrir samanburðaraðferð við útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu bygginga og byggingarþátta.

2) Aðildarríkin bera ábyrgð á því að setja lágmarkskröfur um orkunýtingu bygginga og byggingarþátta. Setja þarf kröfur með það fyrir augum að ná kostnaðarhagkvæmustu stigunum. Það er undir aðildarríkjunum komið að ákveða hvort landsbundna viðmiðunin, sem notuð er sem lokaniðurstaða útreikninganna á kostnaðarhagkvæmasta stiginu, sé reiknuð út frá þjóðhagslegu sjónarhorni (þar sem tekið er tillit til kostnaðar og ávinnings af fjárfestingum í þágu orkunýtni fyrir samfélagið í heild) eða alfarið út frá fjárhagslegu sjónarhorni (þar sem eingöngu er tekið tillit til fjárfestingarinnar sjálfrar). Landsbundnar lágmarkskröfur um orkunýtingu ættu ekki að vera meira en 15% lægri en niðurstaða útreikninganna á kostnaðarhagkvæmasta stiginu, sem litið er á sem landsbundna viðmiðun. Kostnaðarhagkvæmasta stigið skal vera á því bili orkunýtingarstiga þar sem kostnaðar- og ábatagreiningin á rekstrarlíftímanum er jákvæð.

3) Tilskipun 2010/31/ESB stuðlar að því að draga úr orkunotkun fyrir manngert umhverfi en í henni er einnig lögð áhersla á að byggingargeirinn sé helsta orsök losunar koltvísýrings.

4) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([2]) skal ákvarða lágmarkskröfur um orkunýtingu slíkra vara. Þegar aðildarríkin setja landsbundnar kröfur um tæknileg kerfi bygginga verða þau að taka tillit til þeirra framkvæmdarráðstafana sem komið er á samkvæmt þessari tilskipun. Ákvarða ætti nothæfi byggingarvara, sem eru notaðar í útreikningunum samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([3]).

5) Markmiðið með kostnaðarhagkvæmni eða kostnaðarhagkvæmustu stigum orkunýtni getur, við tilteknar aðstæður, réttlætt að aðildarríkin setji kröfur um kostnaðarhagkvæmni eða kostnaðarhagkvæmustu stig orkunýtni að því er varðar byggingarþætti, sem myndi í raun skapa hindranir fyrir tiltekna hönnun bygginga eða tæknilega valkosti sem og örva notkun á orkutengdum vörum með betri orkunýtingu.

6) Í III. viðauka tilskipunar 2010/31/ESB hafa verið settar fram ráðstafanir sem ramminn fyrir samanburðaraðferðina nær yfir og fela í sér skilgreiningu á viðmiðunarbyggingum, skilgreiningu á ráðstöfunum um orkunýtni,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13.

([2]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([3]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

sem beita skal á þessar viðmiðunarbyggingar, mat á frumorkuþörf fyrir þessar ráðstafanir og útreikning á kostnaði (þ.e. hreint núvirði) fyrir þær.

7) Sameiginlegi ramminn til að reikna út orkunýtingu, eins og kveðið er á um í I. viðauka við tilskipun 2010/31/ESB, gildir einnig um rammann til að reikna út kostnaðarhagkvæmustu stigin fyrir allar ráðstafanirnar, einkum ráðstöfunina að því er varðar útreikning á orkunýtingu bygginga og byggingarþátta.

8) Til að aðlaga rammann fyrir samanburðaraðferð að aðstæðum í hverju ríki fyrir sig ættu aðildarríkin að ákvarða áætlaðan rekstrarlíftíma byggingar og/eða byggingarþáttar, viðeigandi kostnað fyrir orkubera, vörur, kerfi og viðhald, rekstrar- og launakostnað, breytistuðla fyrir frumorku og verðþróun á orku, sem búast má við fyrir eldsneyti, sem er notað til að sjá byggingunum í landinu fyrir orku, að teknu tilliti til upplýsinganna sem framkvæmdastjórnin veitir. Aðildarríkin ættu einnig að ákvarða afvöxtunarstuðulinn, sem nota skal í þjóðhags- og fjárhagsútreikninga, eftir að hafa framkvæmt næmisgreiningu á a.m.k. tveimur vaxtastigum fyrir hvern útreikning.

9) Til að tryggja sameiginlega nálgun aðildarríkjanna á beitingu rammans fyrir samanburðaraðferðina ætti framkvæmdastjórnin að ákvarða helstu rammaskilyrðin sem þörf er á við útreikninga á hreinu núvirði, s.s. upphafsár útreikninganna, hvaða kostnaðarflokka eigi að taka með í útreikningana og hvaða útreikningstímabil eigi að nota.

10) Það stangast ekki á við rétt aðildarríkjanna til að ákvarða áætlaðan rekstrarlíftíma bygginga og/eða byggingarþátta þó komið verði á sameiginlegu útreikningstímabili þar eð rekstrarlíftíminn gæti verið lengri eða styttri en ákvarðaða útreikningstímabilið. Áætlaður rekstrarlíftími byggingar eða byggingarþáttar hefur aðeins takmörkuð áhrif á útreikningstímabilið þar eð það síðarnefnda ákvarðast fremur af endurnýjunartíma byggingar, sem er tímabilið eftir að bygging hefur gengist undir meiri háttar endurnýjun.

11) Kostnaðarútreikningum og -framreikningum með mörgum forsendum og óvissuþáttum, t.d. verðþróun á orku yfir tíma, fylgir almennt næmisgreining til að meta áreiðanleika helstu ílagsþáttanna. Að því er varðar útreikningana á kostnaðarhagkvæmustu stigunum ætti næmisgreiningin a.m.k. að fjalla um verðþróun á orku og afvöxtunarstuðulinn og helst ætti næmisgreiningin einnig að fjalla um framtíðarverðþróun á tækni sem ílagsgildi fyrir endurskoðunina á útreikningunum.

12) Ramminn fyrir samanburðaraðferðina ætti að gera aðildarríkjunum kleift að bera saman niðurstöðurnar úr útreikningum á kostnaðarhagkvæmasta stiginu við gildandi lágmarkskröfur um orkunýtingu og nota niðurstöðuna úr þeim samanburði til að tryggja að lágmarkskröfur um orkunýtingu séu ákvarðaðar með það í huga að ná kostnaðarhagkvæmustu stigunum. Aðildarríkin ættu einnig að íhuga að ákvarða lágmarkskröfur um orkunýtingu á kostnaðarhagkvæmasta stiginu fyrir þá byggingarflokka þar sem ekki hafa verið neinar lágmarkskröfur um orkunýtingu fram til þessa.

13) Aðferðin fyrir útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigunum er tæknilega hlutlaus og hyglar ekki einni tæknilausn umfram aðra. Hún tryggir samkeppni milli ráðstafana/pakka/útgáfna á áætluðum endingartíma byggingar eða byggingarþáttar.

14) Senda skal framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöðurnar úr útreikningunum sem og ílagsgögnin og forsendurnar sem notaðar voru, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2010/31/ESB. Þessar skýrslur ættu að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta og gefa skýrslu um framvindu aðildarríkjanna við að ná kostnaðarhagkvæmustu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu.

15) Til að takmarka stjórnsýslubyrði á aðildarríkin ætti að vera mögulegt fyrir þau að fækka útreikningunum með því að gera viðmiðunarbyggingar, sem eru dæmigerðar fyrir fleiri en einn byggingarflokk, án þess að það hafi áhrif á þá skyldu sem hvílir á aðildarríkjunum, samkvæmt tilskipun 2010/31/ESB, um að ákvarða lágmarkskröfur um orkunýtingu fyrir tiltekna byggingarflokka.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2010/31/ESB, og I. og III. viðauka við hana, er með þessari reglugerð komið á ramma fyrir samanburðaraðferð sem aðildarríki skulu nota við útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu fyrir nýjar og núverandi byggingar sem og fyrir byggingarþætti.

Í rammanum fyrir samanburðaraðferðina eru tilgreindar reglur fyrir samanburð á ráðstöfunum um orkunýtni, ráðstafanir sem ná yfir endurnýjanlega orkugjafa, sem og pakka og útgáfur af slíkum ráðstöfunum, á grundvelli frumorkunýtingar þeirra og kostnaðinum sem tengist framkvæmd þeirra. Í honum er einnig mælt fyrir um hvernig eigi að beita þessum reglum á valdar viðmiðunarbyggingar með það að markmiði að greina kostnaðarhagkvæmustu stig lágmarkskrafna um orkunýtingu.

2. gr.

Skilgreiningar

Að teknu tilliti til þess að gjöld og skattar eru ekki tekin með í þjóðhagsútreikningum gilda eftirfarandi skilgreiningar til viðbótar við skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB:

1) „heildarkostnaður“ (e. *global cost*): summa núvirðis stofnfjárfestingarkostnaðar, starfrækslukostnaðar og endurnýjunarkostnaðar (með tilliti til upphafsársins) auk förgunarkostnaðar, ef við á; fyrir útreikning á þjóðhagslegu stigi skal bæta við kostnaðarflokknum *kostnaður við losun gróðurhúsalofttegunda*,

2) „stofnfjárfestingarkostnaður“ (e. *initial investment costs*): allur kostnaður sem til fellur fram að þeim tímapunkti þegar byggingin eða byggingarþátturinn er afhentur viðskiptavininum, tilbúinn til notkunar; þessi kostnaður felur í sér hönnun, kaup á byggingarþáttum, samskipti við birgja og uppsetningar- og gangsetningarferli

3) „orkukostnaður“: árlegur kostnaður og föst gjöld og gjöld á álagstíma fyrir orku, þ.m.t. landsbundnir skattar,

4) „rekstrarkostnaður“: allur kostnaður sem tengist rekstri byggingarinnar, þ.m.t. árlegur kostnaður vegna trygginga, þjónustugjalda og annarra fastra afnotagjalda og skatta,

5) „viðhaldskostnaður“: árlegur kostnaður vegna ráðstafana til að varðveita og endurheimta æskileg gæði byggingarinnar eða byggingarþáttarins. Hann felur í sér árlegan kostnað við skoðun, hreinsun, stillingar, viðgerðir og hluti sem eru rekstrarvörur,

6) „starfrækslukostnaður“ (e. *running costs*): árlegur viðhaldskostnaður, rekstrarkostnaður og orkukostnaður,

7) „förgunarkostnaður“: kostnaður við niðurrif við lok vistferils byggingar eða byggingarþáttar, þ.m.t. niðurrif, fjarlæging byggingarþátta sem eru ekki enn úr sér gengnir, flutningur og endurvinnsla,

8) „árlegur kostnaður“: summa starfrækslukostnaðar og reglubundins kostnaðar eða endurnýjunarkostnaðar sem greiddur er á tilteknu ári,

9) „endurnýjunarkostnaður“ (e. *replacement cost*): fjárfesting sem ætluð er til að endurnýja byggingarþátt, samkvæmt áætluðum rekstrarlíftíma á útreikningstímabilinu,

10) „kostnaður vegna losunar gróðurhúsalofttegunda“: peningagildi umhverfisspjalla af völdum losunar koltvísýrings sem tengist orkunotkun í byggingum,

11) „viðmiðunarbygging“: ímynduð eða raunveruleg viðmiðunarbygging sem stendur fyrir dæmigerða rúmfræði bygginga og dæmigerð kerfi bygginga, dæmigerða orkunýtingu fyrir bæði byggingarhjúp (e. *building envelope*) og kerfi, dæmigerða virkni og dæmigerða kostnaðarsamsetningu í aðildarríkinu og sem er dæmigerð fyrir loftslagsskilyrði og landfræðilega staðsetningu,

12) „afvöxtunarstuðull“: ákveðið gildi til samanburðar á virði peninga á mismunandi tímapunktum, sett fram sem raunvirði,

13) „afvöxtunarþáttur“: margfeldistala sem er notuð til að umreikna sjóðstreymi, sem á sér stað á tilteknum tímapunkti, yfir í jafngildi þess við upphafspunktinn; afvöxtunarþátturinn fæst út frá afvöxtunarstuðlinum,

14) „upphafsár“: árið sem útreikningar byggjast á og sem útreikningstímabilið miðast við,

15) „útreikningstímabil“: tímabilið fyrir útreikninginn og er það yfirleitt tilgreint í árum,

16) „hrakvirði“ (byggingar): summa hrakvirðis byggingarinnar og byggingarþáttanna við lok útreikningstímabilsins,

17) „verðþróun“: þróun verðlags yfir tíma fyrir orku, vörur, kerfi bygginga, þjónustu, vinnuafl, viðhald og annan kostnað og getur það verið frábrugðið verðbólgustiginu,

18) „ráðstöfun um orkunýtni“: breyting á byggingu sem dregur úr frumorkuþörf byggingarinnar,

19) „pakki“: röð ráðstafana um orkunýtni og/eða ráðstafana sem byggjast á endurnýjanlegum orkugjöfum, sem notaðir eru í viðmiðunarbyggingu,

20) „útgáfa“ (e. *variant*): heildarniðurstaða og lýsing á heildarröð ráðstafana/pakka, sem beitt er á byggingu, og getur það verið sambland ráðstafana um byggingarhjúpinn, passífa tækni (e. *passive techniques*), ráðstafana um kerfi bygginga og/eða ráðstafana sem byggjast á endurnýjanlegum orkugjöfum,

21) „undirflokkar bygginga“: flokkar byggingartegunda, sem eru sundurliðaðir enn frekar út frá stærð, aldri, byggingarefni, notkunarmynstri, loftslagssvæði eða öðrum viðmiðum en þeim sem um getur í 5. lið I. viðauka við tilskipun 2010/31/ESB; viðmiðunarbyggingar eru almennt gerðar fyrir slíka undirflokka,

22) „afhent orka“: orka, gefin upp á hvern orkubera, sem er afhent tæknilegu kerfi byggingar gegnum kerfismörkin, til að uppfylla þá notkun sem gerð er ráð fyrir (upphitun, kæling, loftræsting, heitt vatn til heimilisnota, lýsing, tæki o.s.frv.) eða til að framleiða rafmagn,

23) „orkuþörf fyrir upphitun og kælingu“: varmi sem veita á loftjöfnuðu rými eða varmi sem fæst frá loftjöfnuðu rými til að viðhalda ákveðnum hitaskilyrðum á tilteknu tímabili,

24) „útflutt orka“: orka, gefin upp á hvern orkubera, sem tæknilegt kerfi byggingarinnar afhendir gegnum kerfismörkin og notuð utan kerfismarkanna,

25) „loftjafnað rými“ (e. *conditioned space*): rými þar sem tilteknum umhverfisþáttum, s.s. hitastigi, raka, o.s.frv., er stýrt með tæknilegum aðferðum, s.s. upphitun og kælingu, o.s.frv.,

26) „orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum“: orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem eru ekki jarðefnaeldsneyti, þ.e. vindorka, sólarorka, loftvarmaorka, jarðvarmaorka, vatnsvarmaorka og sjávarorka, vatnsorka, orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi.

3. gr.

Rammi fyrir samanburðaraðferð

1. Við útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu bygginga og byggingarþátta skulu aðildarríki nota rammann fyrir samanburðaraðferð, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð. Í rammanum er mælt fyrir um útreikninga á kostnaðarhagkvæmustu stigunum, bæði út frá þjóðhagslegu og fjárhagslegu sjónarhorni, en aðildarríkjunum er heimilt að ákveða hvor þessara útreikninga eigi að verða landsbundna viðmiðunin til að meta landsbundnar lágmarkskröfur um orkunýtingu.

2. Við útreikningana skulu aðildarríkin:

a) nota árið, þegar útreikningurinn er gerður, sem upphafsárið fyrir útreikninginn,

b) nota útreikningstímabilið sem tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð,

c) nota kostnaðarflokkana sem tilgreindir eru í I. viðauka við þessa reglugerð,

d) nota framreiknað kolefnisverð í viðskiptakerfinu með losunarheimildir, eins og gefið er upp í II. viðauka, sem neðri mörkin fyrir útreikning á kolefniskostnaði.

3. Aðildarríkin skulu bæta við rammann fyrir samanburðaraðferðina, að því er varðar útreikningana, með því að ákvarða:

a) áætlaðan rekstrarlíftíma byggingar og/eða byggingarþátta,

b) afvöxtunarstuðulinn,

c) kostnaðinn fyrir orkubera, vörur, kerfi, viðhaldskostnað, rekstrarkostnað og launakostnað,

d) frumorkuþættina,

e) þróun orkuverðs sem er áætluð fyrir alla orkubera, að teknu tilliti til upplýsinganna í II. viðauka við þessa reglugerð.

4. Aðildarríkin skulu leitast við að reikna út og samþykkja kostnaðarhagkvæmustu stig lágmarkskrafna um orkunýtingu í tengslum við þá byggingarflokka þar sem ekki hafa verið neinar tilteknar lágmarkskröfur um orkunýtingu fram til þessa.

5. Til að ákvarða hversu næmar niðurstöður útreikninganna eru fyrir breytingum á þeim mæliþáttum sem notaðir eru skulu aðildarríkin framkvæma greiningu sem nær a.m.k. til áhrifa af mismunandi þróun orkuverðs og til afvöxtunarstuðla fyrir þjóðhags- og fjárhagsútreikningana, og helst einnig til annarra mæliþátta sem búist er við að hafi marktæk áhrif á niðurstöðu útreikninganna, s.s. verðþróun á öðrum þáttum en orku.

4. gr.

Samanburður á reiknuðum kostnaðarhagkvæmustu stigunum við núgildandi lágmarkskröfur um orkunýtingu

1. Eftir að aðildarríkin hafa reiknað út kröfuna um kostnaðarhagkvæmustu stigin, bæði út frá þjóðhagslegu og fjárhagslegu sjónarmiði, skulu þau ákveða hvor útreikningurinn eigi að verða landsbundna viðmiðunin og tilkynna framkvæmdastjórninni um þessa ákvörðun sem hluta af skýrslugjöfinni sem um getur í 6. gr.

Aðildarríkin skulu bera saman niðurstöðu útreikningsins, sem valinn er sem landsbundna viðmiðunin og sem um getur í 3. gr., og núgildandi kröfur um orkunýtingu fyrir viðkomandi byggingarflokk.

Aðildarríkin skulu nota niðurstöður þessa samanburðar til að tryggja að lágmarkskröfur um orkunýtingu séu ákvarðaðar með það í huga að ná kostnaðarhagkvæmustu stigunum í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2010/31/ESB. Aðildarríkjunum er eindregið ráðlagt að gera skattaívilnanir og fjárhagslega hvata háða því að farið sé að niðurstöðum útreikninga á kostnaðarhagkvæmustu stigunum fyrir sömu viðmiðunarbyggingu.

2. Ef aðildarríki hefur skilgreint viðmiðunarbyggingar með þeim hætti að niðurstöður útreikninga á kostnaðarhagkvæmustu stigunum gildi fyrir nokkra byggingarflokka getur aðildarríkið notað þessa niðurstöðu til að tryggja að lágmarkskröfur um orkunýtingu séu ákvarðaðar með það fyrir augum að ná kostnaðarhagkvæmustu stigunum fyrir alla viðeigandi byggingarflokka.

5. gr.

Endurskoðun á útreikningunum á kostnaðarhagkvæmustu stigunum

1. Aðildarríkin skulu endurskoða útreikninga sína á kostnaðarhagkvæmustu stigunum áður en endurskoðun á lágmarkskröfum þeirra um orkunýtingu, sem krafist er skv. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2010/31/ESB, fer fram. Fyrir endurskoðunina þarf einkum að endurskoða gögn um aðfangakostnað og uppfæra þau, ef þörf krefur, í samræmi við verðþróun.

2. Niðurstöðurnar úr þessari endurskoðun skulu sendar framkvæmdastjórninni í skýrslunni, sem kveðið er á um í 6. gr. þessarar reglugerðar.

6. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni öll ílagsgögn og forsendur sem notaðar voru við útreikningana, sem og niðurstöður þessara útreikninga. Skýrslan skal innihalda þá breytistuðla fyrir frumorku sem beitt er, niðurstöður útreikninga á þjóðhagslegu og fjárhagslegu stigi, næmisgreininguna sem um getur í 5. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar og áætlaða þróun orkuverðs og kolefnisverðs.

2. Ef niðurstaða samanburðarins, sem um getur í 4. gr. þessarar reglugerðar, sýnir að gildandi lágmarkskröfur um orkunýtingu fela í sér umtalsvert minni orkunýtingu en kostnaðarhagkvæmustu stig lágmarkskrafna um orkunýtingu, skal skýrslan innihalda rökstuðning á þessum mismun. Að því marki sem mismunurinn er ekki réttlætanlegur skal skýrslunni

fylgja áætlun sem felur í sér viðeigandi ráðstafanir til að draga úr þessum mismun þannig að hann verði óverulegur fyrir næstu endurskoðun. Í þessu samhengi mun hin umtalsvert minni orkunýting gildandi lágmarkskrafna um orkunýtingu verða reiknuð sem mismunurinn á milli meðaltals allra gildandi lágmarkskrafna um orkunýtingu og meðaltals allra kostnaðar-hagkvæmustu stiganna úr útreikningnum sem er notaður sem landsbundin viðmiðun fyrir allar viðmiðunarbyggingar og tegundir bygginga sem eru notaðar.

3. Aðildarríkin geta notað sniðmátið fyrir skýrslugjöf sem finna má í III. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. janúar 2013 fyrir byggingar þar sem opinber yfirvöld hafa aðsetur og frá og með 9. júlí 2013 fyrir aðrar byggingar, að undanskilinni 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, sem öðlast gildi 30. júní 2012, í samræmi við aðra málsgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2010/31/ESB (tilskipun um orkunýtingu bygginga).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Rammi fyrir útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigunum

1. GERÐ VIÐMIÐUNARBYGGINGA

1) Aðildarríkin skulu gera viðmiðunarbyggingar fyrir eftirfarandi byggingarflokka:

1. einbýlishús,

2. fjölbýlishús,

3. skrifstofubyggingar.

2) Til viðbótar við skrifstofubyggingar skulu aðildarríkin gera viðmiðunarbyggingar fyrir aðra flokka bygginga en íbúðarhúsnæði, sem skráðir eru í d- til i-lið 5. liðar I. viðauka við tilskipun 2010/31/ESB og sem sértækar kröfur um orkunýtingu eru til fyrir.

3) Ef aðildarríki getur sýnt fram á það í skýrslunni, sem um getur í 6. gr. þessarar reglugerðar, að viðmiðunarbygging geti átt við um fleiri en einn byggingarflokk getur það fækkað viðmiðunarbyggingum sem notaðar eru og þar með fjölda útreikninga. Aðildarríkin skulu rökstyðja þessa nálgun á grundvelli greiningar sem sýnir að viðmiðunarbygging, sem notuð er fyrir nokkra byggingarflokka, sé dæmigerð fyrir byggingamassann (e. *building stock*) í öllum flokkunum sem falla þar undir.

4) Fyrir hvern byggingarflokk skal gera a.m.k. eina viðmiðunarbyggingu fyrir nýbyggingar og a.m.k. tvær fyrir núverandi byggingar sem gangast undir meiri háttar endurnýjun. Viðmiðunarbyggingar geta verið gerðar á grundvelli undirflokka bygginga (t.d. aðgreindar eftir stærð, aldri, kostnaðarsamsetningu, byggingarefni, notkunarmynstri eða loftslagssvæði) þar sem tekið er tillit til eiginleika byggingamassa í hverju aðildarríki. Viðmiðunarbyggingar og eiginleikar þeirra skulu samsvara núgildandi eða áætluðum kröfum um orkunýtingu.

5) Aðildarríkin geta notað sniðmátið fyrir skýrslugjöf, sem finna má í III. viðauka, til að upplýsa framkvæmdastjórnina um þá mæliþætti sem tekið er tillit til við gerð viðmiðunarbygginganna. Gagnasafnið um byggingamassa í hverju aðildarríki, sem liggur til grundvallar gerð viðmiðunarbygginga, skal sent til framkvæmdastjórnarinnar sem hluta af þeirri skýrslu sem um getur í 6. gr. Einkum skal rökstyðja val á eiginleikum sem liggja að baki gerð viðmiðunarbygginga.

6) Að því er varðar núverandi byggingar (bæði íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar) skulu aðildarríkin beita a.m.k. einni ráðstöfun/einum pakka/einni útgáfu sem stendur fyrir staðlaða endurnýjun sem er nauðsynleg til að viðhalda byggingunni/byggingareiningunni (án viðbótarráðstafana um orkunýtni sem ganga lengra en lagakröfur).

7) Að því er varðar nýbyggingar (bæði íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar) skulu núgildandi lágmarkskröfur um orkunýtingu teljast vera þær grunnkröfur sem þarf að uppfylla.

8) Aðildarríkin skulu einnig reikna út kostnaðarhagkvæmustu stigin fyrir lágmarkskröfur um orkunýtingu fyrir byggingarþætti í núverandi byggingum eða fá þau út frá útreikningunum sem gerðir eru á byggingarstigi. Þegar settar eru kröfur um kostnaðarhagkvæmasta stigið fyrir byggingarþætti í núverandi byggingum skal, eftir því sem mögulegt er, taka tillit til samspils á milli þess byggingarþáttar og viðmiðunarbyggingarinnar í heild og annarra byggingarþátta.

9) Aðildarríkin skulu leitast við að reikna út og setja kröfur um kostnaðarhagkvæmustu stigin fyrir einstök tæknileg kerfi bygginga fyrir núverandi byggingar eða finna þær út frá útreikningunum sem gerðir eru á byggingarstigi, ekki aðeins fyrir upphitun, kælingu, heitt vatn, loftjöfnun og loftræstingu (eða sambland af slíkum kerfum) heldur einnig fyrir lýsingarkerfi í byggingum öðrum en íbúðarhúsnæði.

2. GREINING Á RÁÐSTÖFUNUM UM ORKUNÝTNI, RÁÐSTÖFUNUM SEM BYGGJAST Á ENDURNÝJANLEGUM ORKUGJÖFUM OG/EÐA PÖKKUM OG ÚTGÁFUM SLÍKRA RÁÐSTAFANA FYRIR HVERJA VIÐMIÐUNARBYGGINGU

1) Skilgreina skal ráðstafanir um orkunýtni fyrir bæði nýjar og núverandi byggingar fyrir alla ílagsþætti fyrir útreikninginn, sem hafa bein eða óbein áhrif á orkunýtingu byggingarinnar, þ.m.t. önnur kerfi með mikla orkunýtni, t.d. fjarveitukerfi orku og önnur kerfi sem talin eru upp í 6. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.

2) Hægt er að sameina ráðstafanir í pakka ráðstafana eða útgáfur. Ef tilteknar ráðstafanir henta ekki í staðbundnu, efnahagslegu eða loftslagslegu samhengi skulu aðildarríkin tilgreina það í skýrslugjöf sinni til framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 6. gr. þessarar reglugerðar.

3) Aðildarríkin skulu einnig tilgreina ráðstafanir/pakka/útgáfur sem nota endurnýjanlega orku, bæði fyrir nýjar og núverandi byggingar. Bindandi skuldbindingar, sem leiða af beitingu 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB [1] á landsvísu, skulu teljast ein ráðstöfun/einn pakki/ein útgáfa sem skal beita í viðkomandi aðildarríki.

4) Ráðstafanir um orkunýtni/pakkar/útgáfur, sem tilgreindar eru til að reikna út kröfur um kostnaðarhagkvæmustu stigin, skulu fela í sér ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla núgildandi lágmarkskröfur um orkunýtingu. Ef við á felur þetta einnig í sér ráðstafanir/pakka/útgáfur sem eru nauðsynlegar til að uppfylla kröfurnar í landsbundnum stuðningskerfum. Aðilarríkin skulu einnig taka með ráðstafanir/pakka/útgáfur sem eru nauðsynlegar til að uppfylla lágmarkskröfurnar um orkunýtingu fyrir nánast núllorkubyggingar fyrir nýjar og hugsanlega einnig núverandi byggingar, í skilningi 9. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.

5) Ef aðildarríki leggur fram fyrri kostnaðargreiningar, í skýrslunni sem um getur í 6. gr., sem sýna að tilteknar ráðstafanir/pakkar/útgáfur séu langt frá því að vera kostnaðarhagkvæmar má undanskilja þessar ráðstafanir/pakka/útgáfur frá útreikningnum. Hins vegar skal fara aftur yfir slíkar ráðstafanir/pakka/útgáfur í næstu endurskoðun á útreikningunum.

6) Völdu ráðstafanirnar um orkunýtni, ráðstafanirnar sem byggjast á endurnýjanlegum orkugjöfum og pakkar/útgáfur skulu samrýmast grunnkröfunum um mannvirki, sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011 og sem tilgreindar eru af aðildarríkjunum. Þær skulu einnig samrýmast kröfunum um loftgæði og þægindi innilofts samkvæmt staðli Staðlasamtaka Evrópu CEN 15251 um gæði innilofts eða jafngildum landsstöðlum. Í þeim tilvikum þar sem ráðstafanir fela í sér mismunandi þægindastig skal það koma skýrt fram í útreikningunum.

3. ÚTREIKNINGUR Á FRUMORKUÞÖRFINNI SEM LEIÐIR AF BEITINGU SLÍKRA RÁÐSTAFANA OG PAKKA RÁÐSTAFANA GAGNVART VIÐMIÐUNARBYGGINGU

1) Orkunýtingin er reiknuð út í samræmi við sameiginlega almenna rammann, sem kveðið er á um í I. viðauka við tilskipun 2010/31/ESB.

2) Aðilarríkin skulu reikna út orkunýtingu vegna ráðstafana/pakka/útgáfna með því að reikna fyrst út orkuþörfina fyrir upphitun og kælingu fyrir gólfflötinn, eins og skilgreint er á landsvísu. Því næst er reiknuð út afhent orka fyrir vegna rýmishitunar, rýmiskælingar, loftræstingar, heits vatns til heimilisnota og lýsingar.

3) Draga skal orku, sem framleidd er á staðnum, frá frumorkuþörfinni og afhentri orku.

4) Aðildarríkin skulu reikna út frumorkunotkunina sem fæst með því að nota breytistuðla fyrir frumorku, sem ákvarðaðir eru á landsvísu. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um breytistuðlana fyrir frumorku í skýrslunni sem um getur í 6. gr. þessarar reglugerðar.

5) Aðildarríkin skulu nota annaðhvort:

a) viðeigandi fyrirliggjandi CEN-staðla fyrir útreikning á orkunýtingu eða

b) jafngilda reikniaðferð hvers aðildarríkis, að því tilskildu að hún sé í samræmi við 4. mgr. 2. gr. og I. viðauka tilskipunar 2010/31/ESB.

6) Niðurstöður um orkunýtingu skulu, að því er varðar útreikninginn á kostnaðarhagkvæmustu stigunum, gefnar upp í fermetrum af nothæfum gólffleti í viðmiðunarbyggingu og vísa til frumorkuþarfar.

4. ÚTREIKNINGUR Á HEILDARKOSTNAÐI Í HREINU NÚVIRÐI FYRIR HVERJA VIÐMIÐUNAR-BYGGINGU

4.1. **Kostnaðarflokkar**

Aðildarríkin skulu koma á fót og lýsa eftirfarandi aðskildum kostnaðarflokkum sem nota skal:

a) *Stofnfjárfestingarkostnaður*.

b) *Starfrækslukostnaður*. Undir þetta fellur kostnaður fyrir reglubundinni endurnýjun á byggingarþáttum og gæti falið í sér, ef við á, tekjur af framleiddri orku, sem aðildarríkin gætu tekið tillit til í fjárhagsútreikningnum.

c) *Orkukostnaður* skal endurspegla heildarorkukostnað, þ.m.t. orkuverð, gjaldskrár vegna flutningsgetu og kerfisgjaldskrár,

d) *Förgunarkostnaður*, ef við á.

Fyrir útreikning á þjóðhagslegu stigi skulu aðildarríkin þar að auki koma á fót eftirfarandi kostnaðarflokki:

e) *Kostnaður vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.* Hann skal endurspegla magngreindan og afvaxtaðan rekstrarkostnað í peningalegu gildi vegna losunar gróðurhúsalofttegunda í tonnum af koltvísýringsígildum á útreikningstímabilinu.

[1] Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

4.2. **Almennar meginreglur varðandi kostnaðarútreikninga**

1) Til að framreikna þróun á sviði orkukostnaðar geta aðildarríkin notað spárnar um þróun orkuverðs í II. viðauka við þessa reglugerð fyrir olíu, gas, kol og rafmagn, sem hefst á algildu meðalorkuverði (í evrum) fyrir þessa orkugjafa á árinu sem útreikningurinn var gerður.

   Aðildarríkin skulu einnig taka saman landsbundna spá um þróun orkuverðs fyrir aðra orkubera, sem eru notaðir að mestu leyti í svæðisbundnu/staðbundnu samhengi og, ef við á, sem og fyrir gjaldskrá fyrir álagstoppa. Þau skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um framreiknaða verðþróun og núverandi hlutdeild mismunandi orkubera í orkunotkun bygginga.

2) Einnig mætti taka með í kostnaðarútreikninginn áhrifin af (væntanlegri) framtíðarverðþróun á öðrum kostnaði en orkukostnaði, endurnýjun á byggingarþáttum á útreikningstímabilinu og förgunarkostnað ef við á. Þegar útreikningarnir eru endurskoðaðir og uppfærðir verður að taka tillit til verðþróunar, þ.m.t. vegna nýsköpunar og aðlögunar í tækni.

3) Kostnaðargögn fyrir kostnaðarflokka í a- til d-lið skulu vera markaðstengd og gilda fyrir sama stað og tíma. Kostnaður skal gefinn upp sem raunverulegur kostnaður að frádreginni verðbólgu. Kostnaður skal metinn á landsstigi.

4) Þegar heildarkostnaður vegna ráðstöfunar/pakka/útgáfu er ákvarðaður má sleppa eftirfarandi:

   a) kostnaði sem er sá sami fyrir alla metnar ráðstafanir/pakka/útgáfur,

   b) kostnaði sem tengist byggingarþáttum sem hafa engin áhrif á orkunýtingu byggingar.

   Taka skal fullt tillit til alls annars kostnaðar við útreikninginn á heildarkostnaðinum.

5) Hrakvirðið skal ákvarðað með línulegum afskriftum á stofnfjárfestingar- eða endurnýjunarkostnaði fyrir tiltekinn byggingarþátt þar til við lok útreikningstímabilsins, afvaxtað til upphafs útreikningstímabilsins. Afskriftartíminn er ákveðinn með hliðsjón af rekstrarlíftíma byggingar eða byggingarþáttar. Það gæti verið nauðsynlegt að leiðrétta hrakvirði byggingarþátta vegna kostnaðarins við að fjarlægja þá úr byggingunni við lok áætlaðs rekstrarlíftíma byggingarinnar.

6) Eftir því sem við á skal förgunarkostnaður afvaxtaður og heimilt er að draga hann frá endanlega virðinu. Fyrst gæti þurft að afvaxta hann aftur frá áætlaða rekstrarlíftímanum að lokum útreikningstímabilsins og afvaxta hann svo aftur að upphafi útreikningstímabilsins.

7) Við lok útreikningstímabilsins er tekið tillit til förgunarkostnaðarins (ef við á) eða hrakvirðis íhlutanna og byggingarþáttanna til að ákvarða endanlegan kostnað yfir áætlaðan rekstrarlíftíma byggingarinnar.

8) Aðildarríkin skulu nota 30 ára útreikningstímabil fyrir íbúðarhúsnæði og opinberar byggingar og 20 ára útreikningstímabil fyrir viðskiptahúsnæði sem telst ekki til íbúðarhúsnæðis.

9) Aðildarríkin eru hvött til þess að nota viðauka A í staðli EN 15459 um efnahagsleg gögn fyrir byggingarþætti þegar þau ákvarða áætlaðan rekstrarlíftíma fyrir þessa byggingarþætti. Ef annar áætlaður rekstrarlíftími fyrir byggingarþætti er tekinn fram skal framkvæmdastjórninni tilkynnt um það sem hluta af skýrslugjöfinni sem um getur í 6. gr. Aðildarríkin skulu ákvarða áætlaðan rekstrarlíftíma byggingar á landsvísu.

4.3. **Útreikningur á heildarkostnaði fyrir fjárhagsútreikning**

1) Þegar heildarkostnaður er ákvarðaður vegna ráðstöfunar/pakka/útgáfu fyrir fjárhagsútreikning skal taka með í útreikninginn þau verð sem viðskiptavinurinn greiðir, þ.m.t. alla viðeigandi skatta, virðisaukaskatt og gjöld. Helst skal einnig taka með í útreikninginn þá styrki sem eru í boði fyrir mismunandi útgáfur/pakka/ráðstafanir en aðildarríkin geta valið að undanskilja styrkina frá útreikningnum ef þau undanskilja bæði styrki og stuðningskerfi fyrir tækni sem og hugsanlega fyrirliggjandi styrki í tengslum við orkuverð.

2) Reikna skal út heildarkostnað fyrir byggingar og byggingarþætti með því að leggja saman mismunandi tegundir kostnaðar og nota afvöxtunarstuðulinn á þær með aðstoð afvöxtunarþáttar til að fá út gildi þeirra á upphafsárinu, auk afvaxtaða hrakvirðisins, samkvæmt eftirfarandi:

$$C_g(\tau) = C_I + \sum_j \left[\sum_{i=1}^{\tau} \left(C_{a,i}(j) \times R_d(i)\right) - V_{f,\tau}(j)\right]$$

   þar sem:

   τ er útreikningstímabilið

   $C_g(\tau)$ er heildarkostnaðurinn (vísað til upphafsársins τ_0) á útreikningstímabilinu

C_I er stofnfjárfestingarkostnaðurinn fyrir ráðstafanir eða röð ráðstafana *j*

$C_{a,I}$ (j) er árlegi kostnaðurinn á árinu *i* fyrir ráðstafanir eða röð ráðstafana *j*

$V_{f,\tau}$ (j) er hrakvirði ráðstafana eða röð ráðstafana *j* í lok útreikningstímabilsins (afvaxtað til upphafsársins τ_0).

R_d (i) er afvöxtunarþátturinn fyrir árið *i*, byggður á afvöxtunarstuðlinum *r* sem skal reiknast

sem:

$$R_d(p) = \left(\frac{1}{1 + r/100}\right)p$$

þar sem *p* stendur fyrir fjölda ára frá upphafstímabilinu og *r* stendur fyrir raunverulega afvöxtunarstuðulinn.

3) Aðildarríkin skulu ákvarða afvöxtunarstuðulinn, sem nota skal við fjárhagsútreikninginn, eftir að hafa framkvæmt næmisgreiningu á a.m.k. tveimur mismunandi stuðlum að eigin vali.

4.4. **Útreikningur á heildarkostnaði fyrir þjóðhagsútreikninginn**

1) Þegar heildarkostnaður er ákvarðaður vegna ráðstöfunar/pakka/útgáfu fyrir þjóðhagsútreikning skal taka með í útreikninginn þau verð sem viðskiptavinurinn greiðir, að frátöldum öllum viðeigandi sköttum, virðisaukaskatti, gjöldum og styrkjum.

2) Þegar heildarkostnaður er ákvarðaður á þjóðhagslegu stigi vegna ráðstöfunar/pakka/útgáfu bætist kostnaðarflokkurinn „kostnaður vegna losunar gróðurhúsalofttegunda“ við kostnaðarflokkana, sem skráðir eru undir lið 4.1, þannig að aðlöguð aðferð til að reikna út heildarkostnað verði eftirfarandi:

$$C_g(\tau) = C_I + \sum_j \left[\sum_{i=1}^{\tau} \left(C_{a,i}(j)\, R_d\,(i) + C_{a,i}(j)\right) - V_{f,\tau}\,(j)\right]$$

þar sem

C c, i(j) er kolefniskostnaður fyrir ráðstafanir eða röð ráðstafana *j* á árinu *i*.

3) Aðildarríkin skulu reikna út samanlagðan kolefniskostnað fyrir ráðstafanir/pakka/útgáfur á útreikningstímabilinu með því að taka summu árlegrar losunar gróðurhúsalofttegunda og margfalda hana með áætluðu verði fyrir hvert tonn af koltvísýringsígildum samkvæmt heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem eru gefnar út á hverju ári, þar sem upphafleg neðri mörk eru a.m.k. 20 evrur á hvert tonn af koltvísýringsígildi fram til 2025, 35 evrur fram til 2030 og 50 evrur eftir 2030, í samræmi við núverandi sviðsmyndir framkvæmdastjórnarinnar fyrir framreiknað kolefnisverð í viðskiptakerfinu með losunarheimildir (mælt í raunverulegu og föstu verði í evrum með árið 2008 sem viðmiðunarár, sem þarf að aðlaga að völdum útreikningsdögum og -aðferðum). Í hvert skipti sem útreikningarnir á kostnaðarhagkvæmustu stigunum eru endurskoðaðir skal taka tillit til uppfærðra sviðsmynda.

4) Aðildarríkin skulu ákvarða afvöxtunarstuðulinn, sem nota skal við þjóðhagsútreikninginn, eftir að hafa framkvæmt næmisgreiningu á a.m.k. tveimur mismunandi vaxtastigum, þar af skal annað að vera 3%, gefið upp í raunvirði.

5. FRAMKVÆMD NÆMISGREININGAR Á ÍLAGSGÖGNUM AÐ ÞVÍ ER VARÐAR KOSTNAÐ, Þ.M.T. ORKUVERÐ

Markmiðið með næmisgreiningu er að finna mikilvægustu þættina í útreikningi á kostnaðarhagkvæmustu stigunum. Aðildarríkin skulu framkvæma næmisgreiningu á afvöxtunarstuðlunum með a.m.k. tveimur mismunandi stuðlum, sem gefin skulu upp á raunvirði, fyrir þjóðhagsútreikninginn og með tveimur stuðlum fyrir fjárhagsútreikninginn. Annar afvöxtunarstuðullinn, sem notaður er í næmisgreiningunni fyrir þjóðhagsútreikninginn, skal vera 3%, gefinn upp á raunvirði. Aðildarríkin skulu framkvæma næmisgreiningu á sviðsmyndum fyrir þróun orkuverðs fyrir alla þá orkubera sem notaðir eru að verulegu leyti í byggingum á landsvísu. Mælt er með því að gera einnig næmisgreiningu á öðrum mikilvægum ílagsgögnum.

6. ÖFLUN Á KOSTNAÐARHAGKVÆMUSTU STIGUM ORKUNÝTINGAR FYRIR HVERJA VIÐMIÐUNARBYGGINGU

1) Fyrir hverja viðmiðunarbyggingu skulu aðildarríkin bera saman niðurstöður heildarkostnaðar sem er reiknaður út fyrir mismunandi ráðstafanir um orkunýtni og ráðstafanir sem byggjast á endurnýjanlegum orkugjöfum og pökkum/útgáfum af þessum ráðstöfunum.

2) Þegar niðurstöður útreikninganna á kostnaðarhagkvæmustu stigunum sýna sama heildarkostnað fyrir mismunandi stig orkunýtingar eru aðildarríkin hvött til þess að nota kröfurnar, sem leiða til minni notkunar á frumorku, sem grundvöll fyrir samanburð á gildandi lágmarkskröfum um orkunýtingu.

3) Þegar aðildarríkin hafa ákveðið hvort nota eigi þjóðhagsútreikninginn eða fjárhagsútreikninginn sem landsbundna viðmiðun skal reikna út meðaltalið af kostnaðarhagkvæmustu stigum orkunýtingar allra viðmiðunarbygginga, sem notaðar eru, til að bera saman meðaltal núverandi krafna um orkunýtingu sömu viðmiðunarbygginga. Þetta gerir það kleift að reikna út bilið á milli núgildandi krafna um orkunýtingu og útreiknings á kostnaðarhagkvæmustu stigunum.

II. VIÐAUKI

Upplýsingar um áætlaða langtímaþróun orkuverðs

Fyrir útreikninga sína geta aðildarríkin notað áætlaðar þróunarhorfur á eldsneytis- og raforkuverði, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitir og uppfærir á tveggja ára fresti. Þessar uppfærslur eru aðgengilegar á eftirfarandi vefsetri: http://ec.europa.eu/energy/observatory/trends_2030/index_en.htm

Hægt væri að framreikna þessar horfur fram yfir 2030, þar til langtímaspár liggja fyrir.

Upplýsingar um áætlaða langtímaþróun kolefnisverðs

Fyrir þjóðhagsútreikninga sína skulu aðildarríkin nota framreiknað kolefnisverð í viðskiptakerfinu með losunarheimildir sem neðri mörk, í samræmi við viðmiðunarsviðsmynd framkvæmdastjórnarinnar fram til ársins 2050, þar sem gert er ráð fyrir framkvæmd á gildandi löggjöf en ekki afkolun (fyrsta línan í töflunni hér að neðan). Framreikningarnir gera sem stendur ráð fyrir því að verð á hvert tonn verði 20 evrur fram til 2025, 35 evrur fram til 2030 og 50 evrur eftir 2030, mælt í raunverulegu og föstu verðlagi í evrum miðað við árið 2008, sem skal aðlaga að völdum útreikningsdögum og -aðferðum (sjá töfluna hér að neðan). Taka skal tillit til uppfærðra sviðsmynda fyrir kolefnisverð, sem framkvæmdastjórnin veitir, í hvert skipti sem útreikningarnir á kostnaðarhagkvæmustu stigunum eru endurskoðaðir.

Þróun kolefnisverðs	2020	2025	2030	2035	2040	2045	2050
Tilvísun (sundurleitar aðgerðir, viðmiðunarverð á jarðefnaeldsneyti)	16,5	20	36	50	52	51	50
Hagkvæm tækni (aðgerðir á heimsvísu, lágt verð á jarðefnaeldsneyti)	25	38	60	64	78	115	190
Hagkvæm tækni (sundurleitar aðgerðir, viðmiðunarverð á jarðefnaeldsneyti)	25	34	51	53	64	92	147

Heimild: Viðauki 7.10 í http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=SEC:2011:0288:FIN:EN:PDF

III. VIÐAUKI

Skýrslusniðmát sem aðildarríkin geta notað til að senda framkvæmdastjórninni skýrslu, skv. 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2010/31/ESB og 6. gr. þessarar reglugerðar

1. VIÐMIÐUNARBYGGINGAR

1.1. Nota skal töflu 1 (fyrir núverandi byggingar) og töflu 2 (fyrir nýbyggingar) til að gefa skýrslu um viðmiðunarbyggingarnar fyrir alla byggingarflokkana og hvernig þær eru dæmigerðar fyrir byggingamassann. Færa má viðbótarupplýsingar inn í viðauka.

1.2. Greina skal frá því hvernig viðmiðunargólfflöturinn er skilgreindur í viðkomandi landi og hvernig hann er reiknaður út.

1.3. Skrá skal valviðmiðanirnar sem eru notaðar til að skilgreina hverja viðmiðunarbyggingu (bæði nýjar og núverandi): t.d. tölufræðilega greiningu sem byggð er á notkun, aldri, rúmfræði, loftslagsbeltum, kostnaðarsamsetningum, byggingarefnum, o.s.frv., ásamt loftslagsskilyrðum innan- og utandyra og landfræðilegri staðsetningu.

1.4. Tilgreina skal hvort viðmiðunarbyggingin sé dæmi um byggingu, sýndarlíkan af byggingu eða annað.

1.5. Greina skal frá því hvaða gagnasafn liggur til grundvallar byggingamassa í hverju aðildarríki.

Tafla 1

Viðmiðunarbygging fyrir núverandi byggingar (meiri háttar endurnýjun)

Fyrir núverandi byggingar	Rúmfræði byggingar (1)	Hlutfall gluggaflatar á byggingar-hjúpnum og glugga með engin sólnot	Gólfflötur í fermetrum samkvæmt byggingar-reglugerð	Lýsing á byggingunni (2)	Lýsing á meðalbygg-ingartækninni (3)	Meðalork-unýting kWh/m², a (fyrir fjárfestingu)	Kröfur sem gilda um íhluti (dæmigert gildi)
1) **Einbýlishús og undirflokkar**							
Undirflokkur 1							
Undirflokkur 2 o.s.frv.							
2) **Fjölbýlishús og undirflokkar**							
3) **Skrifstofu-byggingar og undirflokkar**							
4) **Aðrir flokkar bygginga sem teljast ekki til íbúðar-húsnæðis**							

(1) Hlutfall milli yfirborðs og rúmmáls, afstaða, flötur N/V/S/A-hliðar.

(2) Byggingarefni, dæmigerð loftþéttni (eigindleg), notkunarmynstur (ef við á), aldur (ef við á).

(3) Tæknileg kerfi byggingar, U-gildi byggingarþátta, yfirborð glugga, U-gildi, g-gildi, skygging, passíf kerfi (e. *passive systems*), o.s.frv.

Tafla 2

Viðmiðunarbygging fyrir nýbyggingar

Fyrir nýbyggingar	Rúmfræði byggingar (1)	Hlutfall gluggaflatar á byggingarhjúpnum og glugga með engin sólnot	Gólfflötur í fermetrum samkvæmt byggingar-reglugerð	Dæmigerð orkunýting kWh/m^2, a	Kröfur sem gilda um íhluti
1) **Einbýlishús og undirflokkar**					
Undirflokkur 1					
Undirflokkur 2 o.s.frv.					
2) **Fjölbýlishús og undirflokkar**					
3) **Skrifstofu-byggingar og undirflokkar**					
4) **Aðrir flokkar bygginga sem teljast ekki til íbúðarhúsnæðis**					

(1) Hlutfall yfirborðs og rúmmáls, flötur N/V/S/A-hliðar. Til athugunar: ef um er að ræða nýbyggingar getur afstaða byggingarinnar í sjálfu sér talist ráðstöfun um orkunýtni.

Tafla 3

Dæmi um grundvallartöflu fyrir skýrslugjöf að því er varðar viðeigandi gögn um orkunýtingu

			Magn	Eining	Lýsing
Útreikningur	Aðferðir og verkfæri				Stutt lýsing á aðferðinni sem er notuð (t.d. með vísun í staðalinn EN ISO 13790) og athugasemd um reiknitólið eða reiknitólin sem eru notuð.
	Breytistuðlar fyrir frumorku				Gildi breytistuðla milli afhentrar orku og frumorku (á hvern orkubera) sem hafa verið notaðir við útreikninginn.
Loftslagsskilyrði	Staðsetning				Heiti borgarinnar með upplýsingum um breiddar- og lengdargráðu.
	Hitunargráðudagar			HDD	Metið samkvæmt staðlinum EN ISO 15927-6, ásamt upplýsingum um útreikningstímabilið.
	Kælingargráðudagar			CDD	
	Uppruni loftslagsgagna				Vísa skal til loftslagsgagnanna sem notuð eru við útreikninginn.
	Lýsing á landssvæði				T.d. dreifbýli, úthverfi, þéttbýli. Greina skal frá því hvort tekið hafi verið tillit til nærliggjandi bygginga eða ekki.
Rúmfræði byggingar	Lengd x breidd x hæð			m × m × m	Tengist rúmmáli hitaðs/meðhöndlaðs lofts (EN 13790) og „lengdin“ telst vera lárétt mál útveggjarins sem snýr í suður.

			Magn	Eining	Lýsing
	Fjöldi hæða			—	
	Hlutfall milli yfirborðs og rúmmáls			m^2/m^3	
	Hlutfall milli gluggaflatar og heildarflatarmáls byggingarhjúpsins	Suður		%	
		Austur		%	
		Norður		%	
		Vestur		%	
	Afstaða			°	Stefnuhorn suðurútveggjarins (frávik frá suðurstefnu útveggjarins sem snýr í suður).
Innri varmagjafar	Notkun byggingarinnar				Samkvæmt byggingarflokkunum í I. viðauka við tilskipun 2010/31/ESB.
	Meðalvarmagjöf frá íbúum			W/m^2	
	Raforka sem er sérstaklega ætluð lýsingarkerfinu			W/m^2	Heildarraforka fyrir allt lýsingarkerfið í loftjöfnuðu herbergjunum (allir lampar + stýribúnaður lýsingarkerfisins).
	Raforka sem er sérstaklega ætluð rafbúnaði			W/m^2	
Byggingarþættir	Meðaltal U-gildis fyrir veggi			W/m^2K	Vegið U-gildi fyrir alla veggi: U_veggur = (U_veggur_1 · A_veggur_1 + U_veggur_2 · A_veggur_2 + … + U_veggur_n · A_veggur_n)/(A_veggur_1 + A_veggur_2 + … + A_veggur_n); þar sem: U_veggur_i = U-gildi veggjar af tegund i; A_veggur_i = heildaryfirborð veggjar af tegund i.
	Meðaltal U-gildis fyrir þök			W/m^2K	Eins og fyrir veggi.
	Meðaltal U-gildis fyrir kjallara			W/m^2K	Eins og fyrir veggi.
	Meðaltal U-gildis fyrir glugga			W/m^2K	Eins og fyrir veggi. Taka skal tillit til kuldabrúarinnar (e. *thermal bridge*) sem má rekja til gluggakarmsins og -póstanna (samkvæmt staðlinum EN ISO 10077-1).
	Kuldabrýr	Heildarlengd		m	
		Meðaltal línulegrar kólnunartölu		W/mK	
	Varmaafköst á flatareiningu	Útveggir		J/m^2K	Metið samkvæmt staðlinum EN ISO 13786.
		Innveggir		J/m^2K	
		Plötur		J/m^2K	
	Gerð sólarvarnarkerfa				t.d. myrkvunarrúllugardínur, rúlluhlerar (e. *roll-up shutter*), gluggatjöld, o.s.frv.
	Meðaltal g-gildis fyrir	Rúður		—	Heildargegnhleypni sólarorku um rúðu (fyrir geislun sem er hornrétt á rúðuna), hér: vegið gildi í samræmi við flöt mismunandi glugga (metið samkvæmt staðlinum EN 410).
		Rúður + skyggingu		—	Heildargegnhleypni sólarorku um rúðu og ytri sólarvarnarbúnað skal meta samkvæmt staðlinum EN 13363-1/-2
	Hraði loftleka (loftskipti á klukkustund).			1/klst.	T.d. reiknað við 50 Pa mismunaþrýsting innanhúss/utanhúss

			Magn	Eining	Lýsing
Kerfi í byggingum	Loftræstikerfi	Loftskipti á klukkustund		1/klst.	
		Nýtni varmaendurvinnslu		%	
	Nýtni hitakerfis	Framleiðsla		%	Metið samkvæmt stöðlunum EN 15316-1, EN 15316-2-1, EN 15316-4-1, EN 15316-4-2, EN 15232, EN 14825, EN 14511
		Dreifing		%	
		Útgeislun		%	
		Stýring		%	
	Nýtni kælikerfis	Framleiðsla		%	Metið samkvæmt stöðlunum EN 14825, EN 15243, EN 14511, EN 15232
		Dreifing		%	
		Útgeislun		%	
		Stýring		%	
	Nýtni heitavatnskerfis til heimilisnota	Framleiðsla		%	Metið samkvæmt stöðlunum EN 15316-3-2, EN 15316-3-3
		Dreifing		%	
Stillipunktur og tímaáætlanir fyrir bygginguna	Stillipunktur fyrir hitastig	Vetur		°C	Hitastig innandyra þegar byggingin er í notkun
		Sumar		°C	
	Stillipunktur fyrir raka	Vetur		%	Rakastig innandyra, ef við á: „Raki hefur einungis lítil áhrif á skynjun hitastigs og loftgæða í herbergjum þar sem kyrrseta fer fram“ (EN 15251)
		Sumar		%	
	Rekstraráætlanir og stýringar	Búseta			Veita athugasemdir eða tilvísanir (EN-staðlar eða landsstaðlar, o.s.frv.) um áætlanirnar sem notaðar eru fyrir útreikninginn
		Lýsing			
		Tæki			
		Loftræsting			
		Hitakerfi			
		Kælikerfi			
Orkuþörf og -notkun byggingarinnar	Framlag (varma)orku frá mikilvægustu passífu aðferðunum (e. *passive strategies*) sem voru innleiddar	1) …		kWh/á ári	T.d. hiti frá sólarljósi, náttúruleg loftræsting, notkun dagsbirtu, o.s.frv.
		2) …		kWh/á ári	
		3) …		kWh/á ári	
	Orkuþörf fyrir upphitun			kWh/á ári	Það varmamagn sem á að flytja eða draga úr loftjöfnuðu rými til að viðhalda ákveðnu hitaskilyrði á tilteknu tímabili.
	Orkuþörf fyrir kælingu			kWh/á ári	
	Orkuþörf fyrir heitt vatn til heimilisnota			kWh/á ári	Það varmamagn sem á að flytja í það magn af heitu vatni til heimilisnota sem nauðsynlegt er til að hækka hitastig þess frá kalda hitastiginu í veitukerfinu upp í hið fyrirframákveðna afhendingarhitastig við afhendingarstaðinn.
	Önnur orkuþörf (rakabæting, rakaeyðing)			kWh/á ári	Gufunarvarmi vatnsgufunnar sem á að flytja eða draga úr loftjöfnuðu rými með tæknilegu kerfi byggingar til að viðhalda tilgreindum lágmarks- eða hámarksraka innan rýmisins (ef við á).

			Magn	Eining	Lýsing
	Orkunotkun fyrir loftræstingu			kWh/á ári	Raforka sem veitt er loftræstikerfinu fyrir hreyfingu lofts og varmaendurheimt (orka til að forhita loftið er ekki meðtalin) og orka sem er veitt rakakerfum til að uppfylla þörfina á rakabætingu.
	Orkunotkun fyrir innanhússlýsingu			kWh/á ári	Raforka sem veitt er lýsingarkerfinu og öðrum tækjum/kerfum
	Önnur orkunotkun (tæki, lýsing utanhúss, viðbótarkerfi, o.s.frv.)			kWh/á ári	
Orkuframleiðsla í byggingunni	Varmaorka frá endurnýjanlegum orkugjöfum (t.d. sólargleypum)			kWh/á ári	Orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum (sem eyðast ekki þótt af þeim sé tekið, t.d. sólarorka, vindorka, vatnsorka, endurnýjanlegur lífmassi) eða frá samvinnslu raf- og varmaorku.
	Raforka sem er framleidd í byggingunni og notuð á staðnum			kWh/á ári	
	Raforka sem er framleidd í byggingunni og flutt út á markaðinn			kWh/á ári	
Orkunotkun	Afhent orka	Rafmagn		kWh/á ári	Orka, gefin upp á hvern orkubera, sem er afhent tæknilegum kerfum bygginga gegnum kerfismörkin til að fullnægja þeirri notkun sem tekið er tillit til við útreikninginn (upphitun, kæling, loftræsting, heitt vatn til heimilisnota, lýsing, tæki o.s.frv.).
		Jarðefnaeldsneyti		kWh/á ári	
		Annað (lífmassi, fjarhitun/-kæling, o.s.frv.)		kWh/á ári	
	Frumorka			kWh/á ári	Orka sem hefur ekki farið í gegnum umbreytingar- eða ummyndunarferli.

2. VAL Á ÚTGÁFUM/RÁÐSTÖFUNUM/PÖKKUM

2.1. Skrá skal á töflusniði það sem einkennir valdar útgáfur/ráðstafanir/pakka sem eru notaðir fyrir útreikninginn á kostnaðarhagkvæmasta stiginu. Byrja skal á algengustu tækninni og lausnunum og fara svo í þær sem eru nýstárlegri. Ef fyrri útreikningar benda til þess að ráðstafanirnar séu langt frá því að vera kostnaðarhagkvæmar er hægt að tilkynna það sérstaklega til framkvæmdastjórnarinnar án þess að fylla út töflu. Hægt er að nota sniðið hér að neðan en hafa skal í huga að dæmin, sem gefin eru upp, eru einungis til skýringar.

Tafla 4

Skýringartafla til að skrá valdar útgáfur/ráðstafanir

Hver útreikningur skal vísa til sama þægindastigs. Í meginatriðum ætti hver útgáfa/pakki/ráðstöfun að veita viðunandi þægindi. Ef mismunandi þægindastig eru notuð við útreikningana hverfur samanburðargrundvöllurinn.

Ráðstöfun	Tilvísunarmál	Útgáfa 1	Útgáfa 2	O.s.frv. ...
Þakeinangrun				
Einangrun veggja				
Gluggar	5,7 W/m^2K (lýsing)	2,7 W/m^2K (lýsing)	1,9 W/m^2K (lýsing)	
Hlutfall gluggaflatar á öllum byggingarhjúpnum				

Ráðstöfun	Tilvísunarmál	Útgáfa 1	Útgáfa 2	O.s.frv. ...
Byggingatengdar ráðstafanir (varmafræðilegur massi, o.s.frv.)				
Hitakerfi				
Heitt vatn til heimilisnota				
Loftræstikerfi (þ.m.t. að nóttu til)				
Kerfi til rýmiskælingar				
Ráðstafanir sem byggjast á endurnýjanlegum orkugjöfum				
Breyting á orkubera				
O.s.frv.				

Upptalningin á ráðstöfunum er einungis til skýringar.

Fyrir byggingarhjúpinn: í W/m^2K

Fyrir kerfi: nýtni

Hægt er að velja nokkur umbótarstig (t.d.: mismunandi kólnunartölur fyrir glugga)

3. ÚTREIKNINGUR Á FRUMORKUÞÖRF RÁÐSTAFANNA

3.1. **Mat á orkunýtingu**

3.1.1. Greina skal frá því hvaða reikningsaðferð er notuð til að meta orkunýtingu viðmiðunarbyggingarinnar og ráðstafanirnar/útgáfurnar sem eru notaðar.

3.1.2. Vísa skal til viðeigandi laga, reglugerða, staðla og regla.

3.1.3. Setja skal inn útreikningstímabilið (20 eða 30 ár), tíðni útreikninga (árlega, mánaðarlega eða daglega) og loftslagsgögnin sem eru notuð fyrir hverja viðmiðunarbyggingu.

3.2. **Útreikningur á orkuþörf**

3.2.1. Greina skal frá niðurstöðum útreikningsins á orkunýtingu fyrir hverja ráðstöfun/pakka/útgáfu fyrir hverja viðmiðunarbyggingu, aðgreindar a.m.k. eftir orkuþörf fyrir upphitun og kælingu, orkunotkun, afhentri orku og frumorkuþörf.

Einnig skal setja inn orkusparnaðinn.

Tafla 5

Tafla yfir niðurstöður útreikninga á orkuþörf

Fylla skal út eina töflu fyrir hverja viðmiðunarbyggingu og hvern byggingarflokk fyrir allar innleiddu ráðstafanirnar.

Viðmiðunarbygging										
Ráðstöfun/ pakki/útgáfa ráðstafana (eins og lýst er í töflu 4)	Orkuþörf		Orkunotkun					Afhent orka eftir uppruna	Frumorkuþörf í kWh/m^2, a	Samdráttur í frumorkuþörf samanborið við viðmiðunar-bygginguna
	Fyrir upphitun	Fyrir kælingu	Upphitun	Kæling	Loftræsting	Heitt vatn til heimilisnota	Lýsing			

Viðmiðunarbygging										
Ráðstöfun/ pakki/útgáfa ráðstafana (eins og lýst er í töflu 4)	Orkuþörf		Orkunotkun					Afhent orka eftir uppruna	Frumorkuþörf í kWh/m^2, a	Samdráttur í frumorkuþörf samanborið við viðmiðunar-bygginguna
	Fyrir upphitun	Fyrir kælingu	Upphitun	Kæling	Loftræsting	Heitt vatn til heimilisnota	Lýsing			

Fylla skal út eina töflu fyrir hverja viðmiðunarbyggingu.

Hægt er að takmarka skýrslugjöfina við mikilvægustu ráðstafanirnar/pakkana en greina skal frá því hve margir útreikningar hafa verið gerðir samtals. Ef fyrri útreikningar benda til þess að ráðstafanirnar séu langt frá því að vera kostnaðarhagkvæmar er hægt að tilkynna það sérstaklega til framkvæmdastjórnarinnar án þess að fylla út töflu.

3.2.2. Leggja skal fram samantekt á breytistuðlum fyrir frumorku, sem notaðir eru í landinu, í sérstakri töflu.

3.2.3. Greina skal frá afhentri orku á hvern orkubera í viðbótartöflu.

4. ÚTREIKNINGUR Á HEILDARKOSTNAÐI

4.1. Reikna skal út heildarkostnað fyrir hverja útgáfu/pakka/ráðstöfun með því að nota eftirfarandi töflur fyrir sviðsmyndir með lágt, meðalhátt eða hátt orkuverð. Kostnaðarútreikningurinn fyrir viðmiðunarbygginguna skal samsvara 100%.

4.2. Greina skal frá því hvaðan áætluð þróun orkuverðs kemur.

4.3. Greina skal frá því hvaða afvöxtunarstuðull er notaður fyrir fjárhags- og þjóðhagsútreikninginn og niðurstöðu undirliggjandi næmisgreiningar á að a.m.k. tveimur mismunandi vaxtastigum fyrir hvern útreikning.

Tafla 6

Frálagsgögn og útreikningar á heildarkostnaði

Fylla skal út töfluna fyrir hverja viðmiðunarbyggingu, einu sinni fyrir þjóðhagsútreikninginn og einu sinni fyrir fjárhagsútreikninginn. Færa skal kostnaðargögnin inn í gjaldmiðli hvers ríkis.

Útgáfa/pakki/ ráðstöfun, samkvæmt töflu 5	Stofnfjár-festingar-kostnaður (vísað til upphafs-ársins)	Árlegur starfrækslukostnaður			Útreikn-ingstímabil (1) 20, 30 ár	Kostnaður vegna losunar gróður-húsaloftteg-unda (eingöngu fyrir þjóðhagsút-reikning-inn)	Hrakvirði	Afvöxtun-arstuðull (mismunandi stuðlar fyrir þjóðhags- og fjárhagsút-reikninga)	Áætlaður rekstrarlíftími	Förgunar-kostnaður (þegar við á)	Útreikningur á heildarkostnaði
		Árlegur við-haldskostn-aður	Rekstrar-kostnaður		Orkukostnaður (2) eldsneytis fyrir sviðsmynd með meðalhátt orkuverð						

(1) Fyrir íbúðarhúsnæði og opinberar byggingar skal nota 30 ára útreikningstímabil og a.m.k. 20 ára útreikningstímabil fyrir viðskiptahúsnæði sem telst ekki til íbúðarhúsnæðis.

(2) Taka verður áhrifin af (væntanlegri) framtíðarverðþróun með í útreikninginn ef íhlutum er skipt út á útreikningstímabilinu.

4.4. Greina skal frá því hvaða ílagsþættir eru notaðar við útreikning á heildarkostnaðinum (t.d. launakostnaður, tæknikostnaður, o.s.frv.)

4.5. Framkvæma skal útreikning á næmisgreiningunni fyrir aðalkostnaðinn, orkukostnaðinn og afvöxtunarstuðulinn, sem notaður er fyrir bæði þjóðhags- og fjárhagsútreikninginn. Fyrir hverja breytingu á kostnaði skal nota aðskilda töflu eins og töfluna hér að framan.

4.6. Fyrir þjóðhagsútreikningana skal greina frá áætluðum kostnaði vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.

5. KOSTNAÐARHAGKVÆMASTA STIGIÐ FYRIR VIÐMIÐUNARBYGGINGAR

5.1. Greina skal frá efnahagslega hagkvæmasta stiginu fyrir orkunýtingu mælt í frumorku (kWh/m^2 á ári eða, ef útreikningsaðferð á kerfisstigi er notuð, í viðkomandi einingu, t.d. U-gildi) fyrir hvert tilfelli í tengslum við viðmiðunarbyggingarnar þar sem greint er frá því hvort kostnaðarhagkvæmustu stigin séu reiknuð á þjóðhagslegu eða fjárhagslegu stigi.

6. SAMANBURÐUR

6.1. Ef mismunurinn er umtalsverður skal greina frá ástæðunni fyrir mismuninum og ef ekki er hægt að réttlæta mismuninn (að fullu) skal einnig leggja fram áætlun með viðeigandi skrefum til að draga úr mismuninum.

Tafla 7

Samanburðartafla fyrir bæði nýjar og núverandi byggingar

Viðmiðunarbygging	Kostnaðarhagkvæmasta sviðið/stigið (frá–til) kWh/m^2, a (í viðeigandi einingu, ef notuð er íhlutamiðuð nálgun)	Núverandi kröfur fyrir viðmiðunarbyggingar kWh/m^2, a	Mismunur

Ástæða fyrir mismuninum:
Áætlun til að draga úr mismuni sem ekki er hægt að réttlæta

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1570 **2024/EES/25/10**

frá 23. maí 2023

um leiðréttingu á ungversku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 6. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ungversku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ([2]) er villa í inngangsorðum 1. liðar 3. þáttar 1. kafla í I. hluta IV. viðauka sem breytir merkingu ákvæðisins.

2) Því ætti að leiðrétta ungversku tungumálaútgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2023, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1345 **2024/EES/25/11**

frá 1. ágúst 2022

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráningu og samþykki fyrir starfsstöðvum með landdýr í haldi og sem safna, framleiða, vinna eða geyma kímefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 1. og 2. mgr. 86. gr. og 3. mgr. 96. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um dýrasjúkdóma sem geta borist í dýr eða menn, þ.m.t. reglur um skráningu og samþykki lögbærs yfirvalds fyrir starfsstöðvum með landdýr í haldi og sem safna, framleiða, vinna eða geyma kímefni.

2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 ([2]) bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 með því að í henni er mælt fyrir um ítarlegar reglur varðandi skrárnar sem lögbært yfirvald skal halda yfir skráðar og samþykktar starfsstöðvar með landdýr í haldi sem safna, framleiða, vinna eða geyma kímefni og sem lögbæra yfirvaldið hefur skráð eða samþykkt.

3) Nánar tiltekið er í d-lið 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 kveðið á um að lögbært yfirvald skuli láta koma fram í skrá sinni yfir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar, sem eru skráðar hjá lögbæra yfirvaldinu, heimilisfang og landhnit (breiddar- og lengdargráða) staðsetningar starfsstöðvarinnar. Ennfremur er í h-lið 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 kveðið á um að lögbæra yfirvaldið skuli færa inn í þá skrá upplýsingar um tímabilið sem dýr eða útungunaregg eru í starfsstöðinni ef hún er ekki alltaf í rekstri, þ.m.t. upplýsingar um árstíðabundinn rekstur eða rekstur í sérstökum tilvikum. Í b-lið 1. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að rekstraraðilum starfsstöðva með landdýr í haldi eða sem safna, framleiða, vinna eða geyma kímefni sé skylt að afhenda lögbæru yfirvaldi tilteknar upplýsingar til að starfsstöðvar þeirra fái skráningu en þessar upplýsingar innihalda ekki allar þær ítarlegu upplýsingar sem krafist er skv. d- og h-lið 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035. Því er rétt að mæla fyrir um kröfu um að rekstraraðilar starfsstöðva með landdýr í haldi og útungunarstöðva veiti lögbæru yfirvaldi slíkar ítarlegar upplýsingar vegna skráningar.

4) Á sama hátt er einnig kveðið á um í d- og h-lið 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 að lögbært yfirvald skuli í skrá sinni yfir starfsstöðvar, sem það hefur samþykkt, láta sömu ítarlegu upplýsingarnar koma fram og krafist er í d- og h-lið 18. gr. þeirrar framseldu reglugerðar. Þó að í 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 sé gerð sú krafa að rekstraraðilar afhendi lögbæru yfirvaldi tilteknar upplýsingar vegna umsóknar þeirra um samþykki fyrir starfsstöð sinni innihalda þær upplýsingar ekki allar þær ítarlegu upplýsingar sem krafist er skv. d- og h-lið 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035. Því er rétt að mæla fyrir um kröfu um að rekstraraðilar starfsstöðva með landdýr í haldi og útungunarstöðva veiti lögbæru yfirvaldi slíkar ítarlegar upplýsingar vegna samþykkis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 202, 2.8.2022, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115).

5) Þar að auki er kveðið á um í 85. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 að aðildarríkjum sé heimilt, þrátt fyrir 1. mgr. 84. gr. þeirrar reglugerðar, að veita tilteknum flokkum starfsstöðva, sem skapa óverulega áhættu fyrir heilbrigði dýra eða lýðheilsu, undanþágu frá skráningarskyldu. Einungis er heimilt að veita slíkar undanþágur ef þessir flokkar starfsstöðva eru af tegund sem fellur undir reglurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerð sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 86. gr. þeirrar reglugerðar. Því ætti að mæla fyrir um reglur varðandi tegundir starfsstöðva, sem skapa óverulega áhættu, sem aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágu frá skráningarskyldunni í samræmi við 85. gr.

6) Ekki er hægt að líta svo á að tilteknar starfsstöðvar, einkum þar sem hóf- og klaufdýr eru haldin, skapi óverulega áhættu, eins og um getur í 85. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, vegna nokkurra skráðra sjúkdóma sem geta borist með hóf- og klaufdýrum og sem geta haft áhrif á heilbrigðisástand dýra á starfsstöðvum eða svæðum að því er þetta varðar. Á sama hátt geta hundar, kettir og frettur til undaneldis sem eru í haldi á starfsstöð ekki talist skapa óverulega áhættu, einkum frá sjónarhorni heilbrigðis manna.

7) Tilflutningur á dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu skapar mikilvægan áhættuþátt að því er varðar heilbrigði dýra og manna. Því ætti ekki að líta svo á að starfsstöðvar þar sem tilflutningar eiga sér stað, einkum tilflutningar til eða frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, skapi óverulega áhættu. Þó er hægt að líta svo á að starfsstöðvar þar sem dýr í haldi, kímefni eða afurðir úr dýraríkinu eru í ákveðinni samfellu og þar sem megintilgangurinn er ekki tilflutningur á þessum dýrum, kímefnum eða afurðum úr dýraríkinu til eða frá starfsstöðinni skapi óverulega áhættu jafnvel þótt slíkir tilflutningar geti átt sér stað stöku sinnum.

8) Rekstraraðilar eru oft með landdýr af nokkrum tegundum í haldi á sömu starfsstöð. Ef aðildarríki veitir tilteknum flokkum starfsstöðva, sem skapa óverulega áhættu, undanþágu frá skráningarskyldu, eins og kveðið er á um í 85. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, er það ekki í réttu hlutfalli við áhættuna sem um er að ræða að krefjast þess að rekstraraðilar veiti upplýsingarnar sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 84. gr. að því er varðar landdýr í haldi, sem starfsstöðin gæti verið undanþegin skráningarskyldu fyrir í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar, eins og þessi dýr væru einu dýrin sem eru í haldi á starfsstöðinni.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

a) upplýsingar sem rekstraraðilar starfsstöðva með landdýr í haldi og útungunarstöðva skulu leggja fram vegna skráningar á starfsstöðvum sínum eins og kveðið er á um í 1. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,

b) tegundir starfsstöðva með landdýr í haldi sem skapa óverulega áhættu, sem aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágu frá skráningarskyldunni í samræmi við 85. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,

c) upplýsingar sem rekstraraðilar starfsstöðva með landdýr í haldi og útungunarstöðva skulu leggja fram í umsókn sinni um samþykki fyrir starfsstöð sinni í samræmi við 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

2. gr.

Upplýsingar sem rekstraraðilar skulu leggja fram vegna skráningar á starfsstöðvum sínum

1. Rekstraraðilar starfsstöðva með landdýr í haldi og útungunarstöðva sem um getur í 1. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 skulu, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 84. gr. þeirrar reglugerðar, áður en þeir hefja slíka starfsemi, afhenda lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) heimilisfang og landhnit (breiddar- og lengdargráða) staðsetningar starfsstöðvarinnar sem skal skrá,

b) tímabilið sem landdýrin í haldi eða útungunareggin eru í skráðu starfsstöðinni ef hún er ekki alltaf í rekstri, þ.m.t. upplýsingar um árstíðabundinn rekstur eða rekstur í sérstökum tilvikum.

2. Rekstraraðilum starfsstöðva með landdýr í haldi sem um getur í 1. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 skal ekki vera skylt að afhenda lögbæru yfirvaldi þær upplýsingar sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 84. gr. þeirrar reglugerðar varðandi landdýr í haldi sem falla undir undanþáguna sem aðildarríkið notaði í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Tegundir starfsstöðva með landdýr í haldi sem aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágu frá skráningarskyldunni

1. Aðildarríkjum er heimilt að veita starfsstöðvum með landdýr í haldi sem skapa óverulega áhættu undanþágu frá skráningarskyldunni eins og kveðið er á um í 85. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 ef eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:

a) engin hóf- og klaufdýr eru í haldi í starfsstöðinni,

b) engir hundar, kettir eða frettur til undaneldis eru í haldi á starfsstöðinni,

c) starfsstöðin tekur ekki þátt í neinum tilflutningi á landdýrum í haldi, kímefnum eða afurðum úr dýraríkinu til eða frá öðru aðildarríki eða þriðja landi,

d) ekki er fyrirhugað að flytja landdýr í haldi, kímefni eða afurðir úr dýraríkinu á starfsstöðinni út úr starfsstöðinni.

2. Aðildarríkjum sem veita starfsstöðvum undanþágu í samræmi við 1. mgr. er heimilt að mæla fyrir um viðbótarviðmiðanir varðandi takmarkanir á fjölda landdýra í haldi sem heimilt er að halda á slíkum starfsstöðvum og setja takmarkanir á landfræðilega staðsetningu þessara starfsstöðva, einkum í tengslum við nálægð þeirra við starfsstöðvar sem lögbært yfirvald hefur skráð eða samþykkt.

4. gr.

Upplýsingar sem rekstraraðilar skulu leggja fram í umsókn sinni um samþykki fyrir starfsstöð sinni

Rekstraraðilar starfsstöðva með landdýr í haldi og útungunarstöðva skulu, að því er varðar umsókn þeirra um samþykki fyrir starfsstöð sinni eins og kveðið er á um í 1. mgr. 94. gr. og a-lið 95. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 96. gr. þeirrar reglugerðar, afhenda lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) heimilisfang og landhnit (breiddar- og lengdargráða) staðsetningar starfsstöðvarinnar sem skal samþykkja,

b) tímabilið sem dýrin eða útungunareggin eru í samþykktu starfsstöðinni ef hún er ekki alltaf í rekstri, þ.m.t. upplýsingar um árstíðabundinn rekstur eða rekstur í sérstökum tilvikum.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1698 **2024/EES/25/12**

frá 6. september 2023

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með kalíumdíformati sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er ADDCON Europe GmbH) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 104/2010 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með kalíumdíformati var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 104/2010 ([2]).

3) Í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með kalíumdíformati sem fóðuraukefni fyrir gyltur í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni (umbætur á dýraræktarþáttum)“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 29. janúar 2020 ([3]) og 18. nóvember 2020 ([4]) að blanda með kalíumdíformati sé áfram örugg fyrir gyltur, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Hún ítrekaði einnig að engin áhrif sem krefjast sértækra verndaráðstafana fyrir neytendur hafi fundist, að undanskildum augnertingarmætti.

5) Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([5]) taldi tilvísunarrannsóknarstofan, sem var sett á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, að niðurstöður og tilmæli úr fyrra mati séu í gildi og gildi um núverandi umsóknir. Hinn 28. apríl 2023 birti tilvísunarrannsóknarstofan að auki viðbót við matsskýrslu sína með uppfærslu á tilmælum sínum fyrir greiningaraðferðirnar til að ákvarða kalíumdíformat (sem heildarmagn maurasýru) í fóðuraukefninu, forblöndunum og fóðurblöndunum og til að ákvarða heildarmagn kalíums í fóðuraukefninu.

6) Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 104/2010 er lýsing á virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni (umbætur á dýraræktarþáttum)“. Til að tryggja samræmi við núverandi nálgun að því er varðar leyfi fyrir aukefnum sem tilheyra virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ þykir þó rétt að tilgreina nánar verkun aukefnisins sem er að bæta þætti sem hafa áhrif á árangur hjá gyltum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 220, 7.9.2023, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 104/2010 frá 5. febrúar 2010 um að leyfa kalíumdíformat sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er BASF SE) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2005 (Stjtíð. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 4).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6024.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(12), 6339.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

7) Mat á blöndu með kalíumdíformati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu.

8) Framkvæmdastjórnin telur að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa ekki áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

9) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndunni sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

10) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með kalíumdíformati sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti reglugerð (ESB) nr. 104/2010 úr gildi.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfi fyrir blöndu með kalíumdíformati, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Niðurfelling reglugerðar (ESB) nr. 104/2010

Reglugerð (ESB) nr. 104/2010 er felld úr gildi.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleiddar og merktar fyrir 27. mars 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. september 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda blönduna sem er tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. september 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. september 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefn-isins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d800	ADDCON Europe GmbH	Kalíumdíformat	*Samsetning aukefnis* Blanda með kalíumdíformati, að lágmarki 98% Sílíkat að hámarki 1,5% Vatn að hámarki 0,5% Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalíumdíformat, fast efni $KH(COOH)_2$ CAS-nr. 20642-05-1 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða kalíumdíformat (sem heildarmagn maurasýru) í fóðuraukefninu, forblöndunum og fóðurblöndunum: jónagreining með rafleiðniskynjun (IC-CD) – EN 17294. Til að ákvarða heildarinnihald kalíums í fóðuraukefninu: — frumeindagleypnimæling (AAS) – EN ISO 6869 eða	Gyltur	—	10 000 (2)	12 000 (3)	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Hámarksinnihald kalíumdíformats skal vera 12 000 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir gyltur, hvort sem það er notað eitt og sér sem dýraræktaraukefni eða í samsetningu með öðrum upp-sprettum kalíumdíformats. 3. Blanda af mismunandi upp-sprettum maurasýru skal ekki fara yfir leyft hámarksgildi sem nemur 10 000 mg maurasýru/kg heil-fóðurs með 12% rakainnihald. 4. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.	27. september 2033

			— Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) – EN 15510					5. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu, forblöndunni og fóðrinu skal tilgreina eftirfarandi: „Notkun mismunandi lífrænna sýra, eða salta þeirra, samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. augnvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

([2]) 10 000 mg/kg kalíumdíformats samsvarar 6993 mg/kg sem maurasýra.

([3]) 12 000 mg/kg kalíumdíformats samsvarar 8391 mg/kg sem maurasýra.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1699 **2024/EES/25/13**

frá 6. september 2023

um stöðu attapúlgíts sem fóðuraukefnis innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar efnið attapúlgít ríkir óvissa um hvort það sé fóðuraukefni innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Þessi óvissa stafar af ýmsum spurningum eða efasemdum sem lögbær landsyfirvöld, sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti, eða rekstraraðilar hafa látið í ljós varðandi flokkun efnisins sem er sem stendur skráð í skrána yfir fóðurefni sem komið var á fót með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ([2]).

2) Slík óvissa um stöðu vöru að því er varðar fóðuraukefni getur teflt markaðssetningu fóðurvara í öllu Sambandinu í tvísýnu þar eð aðgreining milli fóðuraukefna og annarra fóðurvara gegnir mikilvægu hlutverki að því er varðar skilyrðin fyrir markaðssetningu þeirra, með hliðsjón af viðkomandi gildandi löggjöf.

3) Til að eyða óvissunni varðandi stöðu attapúlgíts sem fóðuraukefnis þykir rétt að samþykkja viðeigandi ráðstöfun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 sem ákvarðar stöðuna. Slík ráðstöfun kæmi samræmi á meðhöndlun viðkomandi efnis og myndi gera vinnu lögbærra landsyfirvalda sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti auðveldari og jafnframt gera hlutaðeigandi rekstraraðilum kleift að starfa innan ramma sem veitir viðeigandi réttarvissu.

4) Til að ákvarða hvort vara er fóðuraukefni innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þykir rétt að vísa til viðmiðunarreglna um aðgreiningu milli fóðuraukefna, fóðurefna og annarra vara sem komið var á með tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2011/25/ESB ([3]). Einkum er með viðmiðunarreglunum kveðið á um nokkrar viðmiðanir sem þarf að hafa í huga á sama tíma þegar hvert tilvik er metið fyrir sig til að búa til lýsingu fyrir hverja vöru með tilliti til allra eiginleika hennar. Meðal viðmiðana til aðgreiningar milli fóðuraukefna og fóðurefna eru framleiðslu- og vinnsluaðferðir, efnafræðileg skilgreining og stig stöðlunar eða hreinsunar, öryggi, notkunarmáti og virkni viðkomandi vöru. Auk þess ætti í þágu samræmis að flokka vörur með svipaða eiginleika hliðstætt.

5) Á grundvelli skoðunar á viðmiðunum í tilmælum 2011/25/ESB var komist að þeirri niðurstöðu að attapúlgít ætti að teljast vera fóðuraukefni innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2203. Attapúlgít er aðallega notað til að gegna tæknilegu hlutverki í fóðri, s.s. sem binding, kekkjavörn eða til að draga úr mengun af völdum sveppaeiturs í fóðri, eða jafnvel dýraræktarlegu hlutverki með því að hafa áhrif á maga- og þarmaflóru dýra eða meltanleika fóðurs, sem er dæmigert fyrir virkni fóðuraukefna. Auk þess svipa einkenni og eiginleikar attapúlgíts til einkenna og eiginleika annarra leirsteinda sem teljast fóðuraukefni. Þess vegna kæmi hliðstæð flokkun á attapúlgíti sem fóðuraukefni á samræmi í meðhöndlun þessara svipuðu vara.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 220, 7.9.2023, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni (Stjtíð. ESB L 29, 30.1.2013, bls. 1).

([3]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/25/ESB frá 14. janúar 2011 um viðmiðunarreglur um aðgreiningu milli fóðurefna, fóðuraukefna, sæfivara og dýralyfja (Stjtíð. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 75).

6) Af flokkun attapúlgíts sem fóðuraukefnis innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 leiðir að rétt þykir að kveða á um umbreytingartímabil sem gerir hlutaðeigandi aðilum kleift að aðlagast nýrri stöðu þessa efnis, þ.m.t. að leggja fram umsókn um leyfi sem fóðuraukefni og frekari vinnsla slíkrar umsóknar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Attapúlgít er fóðuraukefni innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003

2. gr.

Efnið sem um getur í 1. gr. má áfram setja á markað og nota í samræmi við reglurnar sem gilda um fóðurefni til 27. september 2030.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1703 **2024/EES/25/14**

frá 7. september 2023

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, sem fóðuraukefni fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur), leyfi fyrir þeirri blöndu fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 337/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/997 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953 (áður flokkunarfræðilega tilgreint sem ATCC PTA-5588), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945 (áður flokkunarfræðilega tilgreint sem ATCC SD-2106), var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi og eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 337/2011 ([2]) og fyrir mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur) með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/997 ([3]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, sem fóðuraukefni fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur) og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „meltingarbætandi efni“. Umsóknin innihélt tillögu að breytingu á skilyrðunum fyrir upprunalega leyfinu sem fól í sér lækkun á tillögðu lágmarksgildi fyrir kalkúna. Umsóknin innihélt einnig beiðni, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, um leyfi fyrir sömu blöndu sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 337/2011 frá 7. apríl 2011 um leyfi fyrir ensímblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi og eldissvín (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) (Stjtíð. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 19).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/997 frá 21. júní 2016 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD 2106), sem fóðuraukefni fyrir mjólkandi gyltur og aukategundir svína (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) (Stjtíð. ESB L 164, 22.6.2016, bls. 4).

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 27. september 2022 ([4]) að blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, sé áfram örugg fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur), neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Hún bætti því við að þessar niðurstöður um öryggi gildi einnig um notkun blöndunnar fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi). Hún tók enn fremur fram að blandan ætti að teljast hugsanlega augnertandi og öndunarfæranæmir en að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðu um húðertingar- og húðnæmingarmátt blöndunnar. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á mati á verkun blöndunnar á aðrar alifuglategundir en kalkúna, á fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur) og að blandan teljist áhrifarík fyrir kalkúna, mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi) við nýlega tillagt fyrirhugað gildi sem er 610 virknieiningar endó-1,4-betaxýlanasa á hvert kg heilfóðurs og 76 virknieiningar endó-1,3(4)-betaglúkanasa á hvert kg heilfóðurs. Matvælaöryggisstofnunin lagði þó einnig áherslu á að raunverulegt virkt gildi, sem var notað í rannsóknum sem styðja niðurstöður um verkun fyrir allar marktegundir, að undanskildum mjólkandi gyltum og aukategundum svína (mjólkandi gyltum), var u.þ.b. 50% hærra en nýlega tillagða fyrirhugaða gildið. Að lokum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað.

5) Í samræmi við a- og c-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([5]) taldi tilvísunarrannsóknarstofan, sem var sett á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, að niðurstöður og ráðleggingar sem fengust úr fyrra mati frá 28. júní 2010 ([6]) séu gildar og viðeigandi fyrir núverandi umsókn.

6) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir þessari blöndu fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur) og leyfa ætti notkun blöndunnar fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi). Þó þykir rétt að fastsetja lágmarksinnihald, sem gildir um alifuglategundir, mjólkurgrísi, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir svína (mjólkurgrísi, fráfærugrísi og eldissvín), sem er 50% hærra en fyrirhugaða gildið til að tryggja verkun þessarar blöndu þegar hún er gefin þessum markdýrategundum og -flokkum.

7) Framkvæmdastjórnin telur að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

8) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,3-(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti reglugerð (ESB) nr. 337/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/997 úr gildi.

9) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndunni með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, til notkunar fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir svína (fráfærugrísi og eldissvín), af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýju kröfurnar.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(11), 7615.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

([6]) Skýrsla tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins er aðgengileg á https://joint-research-centre.ec.europa.eu/system/files/2013-02/FinRep-FAD-2010-0007.pdf.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur) með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi) sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 337/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/997 eru felldar úr gildi.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Blandan sem er tilgreind í viðaukanum og forblöndur sem innihalda blönduna, sem eru ætlaðar fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir svína (fráfærugrísi og eldissvín) og eru framleiddar og merktar fyrir 28. mars 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. september 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda blönduna sem er tilgreind í viðaukanum, sem eru ætluð fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir svína (fráfærugrísi og eldissvín) og eru framleidd og merkt fyrir 28. september 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. september 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefn-isins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinnihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a15	Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.	Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) Endó-1,3(4)-betaglúkanasi (EC 3.2.1.6)	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, með virkni að lágmarki: — 12 200 U ([1])/g endó-1,4-betaxýlanasi — 1 520 U ([2])/g endó-1,3(4)-betaglúkanasi Fast og fljótandi form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953 og endó-1,3(4)-betaglúkanasi (EC 3.2.1.6) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945 *Greiningaraðferð* ([3]) Til að magnákvarða virku efnin í aukefninu, forblöndunum og fóður-blöndunum: — litmæling sem mælir vatns-leysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum, — litmæling, sem mælir vatns-leysanlegan leysilit sem endó-1,3(4)-betaglúkanasi leysir úr hvarfefni byggs, β-glúkani, sem er víxltengt leysilitnum.	Varphænur	—	Endó-1,4-betaxýlanasi 1 830 U Endó-1,3(4)-betaglúkanasi 228 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og for-blöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöð-ugleika við hitameð-höndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórn-endur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöf-unum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, húð- og augnvörn, við notkun á aukefninu og forblönd-unum.	28. september 2033
				Mjólkandi gyltur Aukategundir svína (mjólkandi gyltur)	—	Endó-1,4-betaxýlanasi 1 220 U Endó-1,3(4)-betaglúkanasi 152 U	—		
				Aðrir alifuglar Mjólkurgrísir Fráfærugrísir Eldissvín Aukategundir svína (mjólkurgrísir, fráfærugrísir og eldissvín)	—	Endó-1,4-betaxýlanasi 915 U Endó-1,3(4)-betaglúkanasi 114 U	—		

([1]) 1 U af endó-1,4-betaxýlanasa er það magn ensíms sem leysir 0,48 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngildi) á mínútu úr arabínóxýlani úr hveiti við pH-gildið 4,2 og 50 °C.

([2]) 1 U af endó-1,4-betaglúkanasa er það magn ensíms sem leysir 2,4 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngildi) á mínútu úr glúkani úr byggi við pH-gildið 5,0 og 50 °C.

([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1704 **2024/EES/25/15**

frá 7. september 2023

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2012 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 1. febrúar 2023 ([3]) að blandan með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sé áfram örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé ekki ertandi fyrir húð eða augu en ætti að teljast öndunarfæranæmir vegna þess að það er prótínríkt. Vegna skorts á gögnum gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um húðnæmingarmátt aukefnisins. Hún tók einnig fram að ekki sé þörf á mati á verkun aukefnisins í tengslum við endurnýjun leyfis.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2012 frá 29. nóvember 2012 um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M DSM 11673, *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376, NCIMB 12455 og NCIMB 30168, *Lactobacillus plantarum* DSM 3676 og DSM 3677 og *Lactobacillus buchneri* DSM 13573 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 330, 30.11.2012, bls. 14).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(3), 7872.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blanda með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sem fóðuraukefni leiðir að breyta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012 fellur færsla 1k2105 um *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 brott.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k2105	*Pediococcus pentosaceus* DSM 23376	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 í fóðurauka-efninu: — Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15786) Sanngreining á *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376: — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) eða DNA-raðgreining	Allar dýrateg-undir	-		-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskil-yrði. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrir-tækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndunar-vörn, við notkun á aukefninu og forblönd-unum.	28. september 2033

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1705 **2024/EES/25/16**

frá 7. september 2023

um leyfi fyrir blöndu með ríbóflavíni (B2-vítamíni), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með ríbóflavíni (B2-vítamíni) sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með ríbóflavíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 1. febrúar 2023 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði sé blanda með ríbóflavíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326, örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ríbóflavín sé þekktur ljósnæmir sem getur kallað fram ljósofnæmissvörun í húð og augum og að blanda með ríbóflavíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326, valdi áhættu fyrir neytendur við innöndun og þar eð engin gögn lágu fyrir gat hún ekki komist að niðurstöðu um húð- og augnertingar- eða húðnæmingarmátt aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkt til að uppfylla næringarþarfir dýra. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blanda með ríbóflavíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326, uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(2), 7874.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun								
3a825V	„Ríbóflavín“ eða „B2-vítamín“	*Samsetning aukefnis* Blanda með ≥ 80% ríbóflavín. Að hámarki 3% vatn Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ríbóflavín Efnaformúla: $C_{17}H_{20}N_4O_6$ CAS-númer: 83-88-5 Hreinleiki: að lágmarki 98% Framleitt með gerjun með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326 Greiningaraðferð ([1]) Til að ákvarða ríbóflavín í fóðuraukefnablöndunni og forblöndum: — Háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós, HPLC-UV — (VDLUFA Bd. III 13.9.1) Til að ákvarða ríbóflavín (sem heildarinnihald B2-vítamíns) í fóðurblöndu: — Háþrýstivökvaskiljun með flúrskinsgreiningu, HPLC-FLD (EN 14152)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	28. september 2033

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1707 **2024/EES/25/17**

frá 7. september 2023

um leyfi fyrir 2-asetýlfúrani og 2-pentýlfúrani sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnin 2-asetýlfúran og 2-pentýlfúran voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á 2-asetýlfúrani og 2-pentýlfúrani fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnin yrðu einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Þess vegna dró umsækjandinn umsóknina til baka að því er varðar drykkjarvatn fyrir öll efnin sem um er að ræða.

5) Umsóknin varðar leyfi fyrir 2-asetýlfúrani og 2-pentýlfúrani, í aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 1. febrúar 2023 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði séu 2-asetýlfúran og 2-pentýlfúran örugg fyrir öll dýr, neytendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að 2-asetýlfúran og 2-pentýlfúran ættu að teljast ertandi fyrir húð, augu og öndunarveg og húð- og öndunarfæranæmar. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að aukefnin séu áhrifarík sem bragðefni í fóður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að 2-asetýlfúran og 2-pentýlfúran uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnanna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(3), 7868.

8) Kveða ætti á um tiltekin skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Einkum ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnin. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

9) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 28. mars 2024 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 28. september 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 28. september 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. september 2023 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 28. september 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. september 2023 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b13054	2-asetýlfúran	*Samsetning aukefnis* 2-asetýlfúran Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 2-asetýlfúran Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97% Efnaformúla: $C_6H_6O_2$ CAS-númer: 1192-62-7 FLAVIS: 13.054 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina 2-asetýlfúran í fóðuraukefnum og bragðefnaforblöndum: — Gas- og massagreining með læsingu rástíma (GC-MS-RTL)	Allar dýrateg-undir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: 0,5 mg.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	28. september 2033

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b13059	2-pentýlfúran	*Samsetning aukefnis* 2-pentýlfúran Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 2-pentýlfúran Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 99% Efnaformúla: $C_9H_{14}O$ CAS-númer: 3777-69-3 FLAVIS: 13.059 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina 2-pentýlfúran í fóðuraukefnum og bragðefnaforblöndum: — Gas- og massagreining með læsingu rástíma (GC-MS-RTL)	Allar dýrateg-undir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: 0,5 mg.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	28. september 2033

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1708 **2024/EES/25/18**

frá 7. september 2023

um endurnýjun á leyfi fyrir þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr með virka vömb og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 839/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Þvagefni var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr með virka vömb með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 839/2012 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr með virka vömb og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“ og í virka hópinn „þvagefni og afleiður þess“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. janúar 2023 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram sönnunargögn um að aukefnið sé áfram öruggt fyrir marktegundina, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru leyfð sem stendur. Þar eð nýjar upplýsingar sem veita sannanir fyrir öryggi aukefnisins fyrir notandann eru ekki fyrir hendi gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um öryggi notenda. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að fyrri niðurstöður um verkun gildi áfram. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir þvagefni sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, séu uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir þvagefni sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 839/2012 úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 839/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 11).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(2), 7821.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir efninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „þvagefni og afleiður þess“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Niðurfelling framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 839/2012

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 839/2012 er felld úr gildi.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: Þvagefni og afleiður þess								
3d1	Þvagefni	*Samsetning aukefnis* Þvagefnisinnihald: að lágmarki 97% Köfnunarefnisinnihald: 46% Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Díamínómetanón, CAS-númer 57-13-6, efnaformúla: $(NH_2)_2CO$ *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða heildarinnihald köfnunarefnis í aukefninu: Títrunarmæling (EN 15478) Til að ákvarða þátt bíúrets í heildarinnihaldi köfnunarefnis í aukefninu: Litrófsmæling (EN 15479) Til að ákvarða þvagefni í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: Litrófsmæling (III. viðauki D við reglugerð (EB) nr. 152/2009)	Jórturdýr með virka vömb			8 800	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og fóðri sem inniheldur það skal tilgreina eftirfarandi: „Þvagefni skal einungis gefið dýrum með virka vömb. Magn þvagefnis í fóðri skal auka smám saman þangað til hámarksgildi er náð. Hámarksmagn þvagefnis ætti eingöngu að gefa sem hluta af fóðri sem inniheldur mikið magn af auðmeltanlegum kolvetnum og lítið magn af leysanlegu köfnunarefni. Að hámarki 30% af heildarmagni köfnunarefnis í daglegum skammti ætti að koma úr þvagefnisköfnunarefni. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	28. september 2033

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1709 **2024/EES/25/19**

frá 7. september 2023

um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 (áður flokkunarfræðilega tilgreint sem *Lactobacillus diolivorans* DSM 33625). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í í flokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „aukefni í votfóður“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 17. janúar 2023 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði sé blanda með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 örugg fyrir marktegundina, neytendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að blandan sé hvorki ertandi fyrir húð né augu, að vegna skorts á gögnum væri ekki unnt að komast að niðurstöðu um húðnæmingu aukefnisins og að sökum þess hversu prótínríkt virka efnið er ætti að líta á aukefnið sem öndunarfæranæmi. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625, í styrk sem nemur að lágmarki 1×10^8 CFU/kg fóðurs, geti framlengt loftháðan stöðugleika í votfóðri sem er tilreitt úr fóðurefni sem er auðvelt og meðalerfitt að votfóðursverka með þurrefnisinnihald á bilinu 32–65%. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blanda með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(2), 7820.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21901	*Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 sem inniheldur að lágmarki 2×10^{11} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 í fóðuraukefninu: — Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787) Sanngreining á *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625: — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) eða DNA-raðgreining	Allar dýrategundir	-		-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	28. september 2033

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5–3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1710 **2024/EES/25/20**

frá 7. september 2023

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir öll jórturdýr og ketti og hunda, leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 832/2012 og (ESB) 2016/1007 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með ammóníumklóríði var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldislömb með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012 ([2]) og fyrir jórturdýr, önnur en eldislömb, ketti og hunda með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1007 ([3]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir blöndu með ammóníumklóríði fyrir öll jórturdýr, ketti og hunda. Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram önnur umsókn um nýja notkun á þeirri blöndu fyrir gyltur. Í þeim umsóknum var óskað eftir að aukefnið yrði flokkað í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni.“ og fylgdu þeim upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. nóvember 2022 ([4]) að blanda með ammóníumklóríði sé áfram örugg fyrir eldislömb, jórturdýr önnur en eldislömb, ketti og hunda, sem og fyrir neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru leyfð sem stendur. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að þessi blanda sé örugg og áhrifarík til að lækka sýrustig í hlandi hjá gyltum í viðbótarmagni sem nemur 5 000 mg/kg fóðurs frá 9. til 11. viku meðgöngu og frá 15. viku meðgöngu til fyrstu viku mjólkurskeiðs og að hún sé örugg fyrir neytendur og umhverfið þegar hún er notuð sem fóðuraukefni fyrir gyltur. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að líta ætti á blönduna sem hugsanlegan öndunarfæranæmi en hvorki sem húðnæmir né ertandi fyrir húð. Hún gat ekki komist að niðurstöðu um augnertingarmátt hennar. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012 frá 17. september 2012 um leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndu sem fóðuraukefni fyrir eldislömb (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) (Stjtíð. ESB L 251, 18.9.2012, bls. 27).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1007 frá 22. júní 2016 um leyfi fyrir ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, önnur en eldislömb, ketti og hunda (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) (Stjtíð. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 10).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(1), 7696.

5) Í samræmi við a- og c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([5]) taldi tilvísunarrannsóknarstofan, sem var sett á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, að niðurstöður og tilmæli sem fengust úr fyrra mati varðandi aðferðir sem eru notaðar vegna eftirlits með blöndu með ammóníumklóríði í fóðri séu gildar og viðeigandi fyrir núverandi umsóknir.

6) Mat á blöndu með ammóníumklóríði sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu fyrir öll jórturdýr, ketti og hunda og leyfa ætti notkun aukefnisins fyrir gyltur. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir öll jórturdýr, ketti og hunda leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 832/2012 og (ESB) 2016/1007 úr gildi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað fyrir jórturdýr, ketti og hunda með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð fyrir gyltur með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (ESB) nr. 832/2012 og (ESB) 2016/1007 eru felldar úr gildi.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefn-isins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (lækkun sýrustigs í hlandi)									
4d7	Latochema Co Ltd	Ammón-íumklóríð	*Samsetning aukefnis* Blanda með ammóníumklóríði ≥ 99,5% Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ammóníumklóríð ≥ 99,5% Efnaformúla: NH_4Cl CAS-nr.: 12125-02-9 Natríumklóríð ≤ 0,5% Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* ([1]) Magnákvörðun ammóníumklóríðs í fóðuraukefni: títrun með natríum-hýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 0007) eða títrun með silfurnítrati (sameiginleg sérfræð-inganefnd Matvæla- og landbún-aðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis „ammóníumklóríð“).	Eldislömb	—	—	10 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefn-inu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Að því er varðar eldislömb skal nota aukefnið á fóðrunartímabili sem er ekki lengra en þrír mánuðir. 4. Að því er varðar jórturdýr önnur en eldislömb skal nota aukefni við eftir-farandi skilyrði: — hámarksinnihald sem nemur 5 000 mg af aukefni/kg heilfóðurs á fóðrunartímabili sem er ekki lengra en þrír mánuðir eða — hámarksinnihald sem nemur 10 000 mg af aukefni/kg heilfóð-urs á fóðrunartímabili sem er ekki lengra en þrír mánuðir. 5. Að því er varðar gyltur skal einungis nota aukefnið frá 9. til 11. viku meðgöngu og frá 15. viku meðgöngu til fyrstu viku mjólkurskeiðs.	28. september 2033
				Jórturdýr önnur en eldislömb	—	—	5 000/ 10 000		
				Kettir og hundar	—	—	5 000		
				Gyltur	—	—	5 000		

								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 7. Blanda ólíkra ammóníumklóríðsgjafa skal ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri fyrir jórturdýr, þ.m.t. eldislömb, ketti, hunda og gyltur.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1711 **2024/EES/25/21**

frá 7. september 2023

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 537/2007 (leyfishafi er Biozyme Incorporated) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007 ([2]).

3) Í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir þeirri blöndu með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“, sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 10. nóvember 2021 ([3]), með vísun í álit sitt frá 28. janúar 2020 ([4]), að umsækjandinn hafi lagt fram sönnunargögn um að blandan með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 sé áfram örugg fyrir marktegundina, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru leyfð sem stendur. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að líta ætti á blönduna sem hugsanlegan öndunarfæranæmi og tilgreindi að ekki væri þörf á mati á verkun hennar í tengslum við endurnýjun leyfisins. Hún staðfesti einnig skýrslu um greiningaraðferðir sem eru notaðar til að hafa eftirlit með virku efnunum í blöndunni sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram, þ.m.t. breytt aðferð til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaglúkanasa í fóðuraukefninu. Tilvísunarrannsóknarstofan mælti með því að breyta nákvæmum skilgreiningum og lýsingu á endó-1,4-betaglúkanasaensíminu til samræmis við það í gerðinni þar sem leyfið er veitt.

5) Mat á blöndu með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir blöndunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir gerjunarafurðinni *Aspergillus oryzae* NRRL 458 (Amaferm) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 13).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(2), 6983.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6011.

6) Framkvæmdastjórnin telur að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa ekki áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 537/2007 úr gildi.

8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndu með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 537/2007

Reglugerð (EB) nr. 537/2007 er felld úr gildi.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda blönduna, sem eru framleiddar og merktar fyrir 28. mars 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. september 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 28. september 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. september 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a2i	Biozyme Incorporated	Gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458	*Samsetning aukefnis* Blanda með: Gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 4 til 5% Hveitiklíð: 94 til 95% Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betaglúkanasi (EC 3.2.1.4) og alfaamýlasi (EC 3.2.1.1) með virkni að lágmarki 14,5 mU ([1])/g annars vegar og 20 mIU ([2])/g hins vegar. *Greiningaraðferð* ([3]) Til að magnákvarða endó-1,4-betaglúkanasa í fóðuraukefninu: litmæling byggð á ensímefnahvarfi endó-1,4-betaglúkanasa við hvarfefnið CellG5. Til að magnákvarða alfaamýlasa í fóðuraukefninu: litmæling byggð á ensímefnahvarfi alfaamýlasa við kartöflusterkjuhvarfefni.	Mjólkurkýr	—	85	300	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ráðlagður skammtur: magn aukefnis í daglegum skammti ætti að vera 3–5 g/kú/dag. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	28. september 2033

([1]) Ein eining CellG5 (U) er það magn ensíms sem þarf til að leysa, við tilvist of mikils varmaþolins betaglúkósíðasa, eitt míkrómól 4-nítrófenóls úr CellG5 á mínútu við skilgreindar prófunaraðstæður

([2]) Ein eining af virkni alfaamýlasa (IU) vísar til amýlasa sem leysir 1 míkrómól glúkósa á mínútu úr kartöflusterkju við pH-gildið 6,9 og 38 °C.

([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1713 **2024/EES/25/22**

frá 7. september 2023

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Genencor International B.V.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1, 4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa (einnig þekktur sem súbtilisín), sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* ATCC SD-2107, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525 Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* ATCC SD-2107, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, í flokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, varphænur og aukategundir alifugla.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gat í áliti sínu frá 25. maí 2020 ([2]) ekki komist að niðurstöðu um öryggi blöndunnar með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* ATCC SD-2107, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, fyrir marktegundina, neytendur, notendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin greindi þó frá því í síðara áliti sínu frá 6. janúar 2023 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram nýjar upplýsingar til að bregðast við sumum af þeim takmörkunum sem voru tilgreindar í álitinu frá 25. maí 2020 og tilkynnt um breytingu á framleiðslustofni próteasa, þar sem *Bacillus subtilis* ATCC SD-2107 var skipt út fyrir *Bacillus subtilis* CBS 148232, og komst að þeirri niðurstöðu að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að blandan teljist öndunarfæranæmir og vegna skorts á gögnum gat hún hvorki komist að niðurstöðu um ertingarmátt blöndunnar á húð og augu né um húðnæmingareiginleika hennar. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. janúar 2023, með vísun í álit sitt frá 25. maí 2020, að blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, sé áhrifarík hjá eldiskjúklingum, kjúklingum sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundum alifugla fram að því að þær fara að verpa en hún gat ekki komist að niðurstöðu um verkun hennar fyrir varphænur. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(6), 6165.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(2), 7816.

5) Umsækjandinn dró umsóknina um leyfi fyrir blöndunni fyrir varphænur til baka 14. apríl 2023.

6) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinnihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a40	Danisco (UK) Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Genencor International B.V.	Endó1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8), próteasi (EC 3.4.21.62) og alfaamýlasi (EC 3.2.1.1)	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, með virkni að lágmarki: Endó-1,4-betaxýlanasi: 20 000 U_X (1)/g Próteasi: 40 000 U_P (2)/g Alfaamýlasi: 2 000 U_A (3)/g Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasi (EC 3.4.21.62, einnig þekktur sem súbtilisín), sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasi (EC 3.2.1.1), sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525.	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukategundir alifugla til eldis og sem aldar eru til varps	—	Endó-1, 4-betaxýlanasi 2 000 U_X Próteasi 4 000 U_P Alfaamýlasi 200 U_A	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	28. september 2033

			Greiningaraðferð (4) Til að magnákvarða endó-1,4-betaxýlanasa í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðurblöndum: litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi xýlanasa á hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum við pH-gildið 4,2 og 50 °C. Til að magnákvarða próteasa í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðurblöndum: litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi próteasa á lituðu, víxltengdu kaseinhvarfefni við pH-gildið 10,0 og 50 °C. Til að magnákvarða alfaamýlasa í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðurblöndum: litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi amýlasa á asúrín-víxltengdu sterkjufjölliðuhvarfefni við pH-gildið 8,0 og 40 °C.						

(1) Ein eining af virkni endó-1,4-betaxýlanasa (U_X) er það magn ensíms sem leysir 0,48 míkrómól afoxandi sykra á mínútu, gefið upp sem xýlósajafngildi, úr arabínoxýlanhvarfefni úr hveiti við pH-gildið 4,2 og 50 °C.

(2) Ein eining af virkni próteasa (U_P) er skilgreind sem það magn ensíms sem leysir 2,3 míkrógrömm fenólsambanda á mínútu, gefið upp sem týrósínajafngildi, úr kaseinhvarfefni við pH-gildið 10,0 og 50 °C.

(3) Ein eining af virkni alfaamýlasa (U_A) er það magn ensíms sem þarf til að leysa, við tilvist of mikils alfaglúkósíðasa, 0,20 míkrómól glúkósíðtenginga á mínútu, gefið upp sem p-nítrófenóljafngildi, úr maltóheptasóíðhvarfefni við pH-gildið 8,0 og 40 °C.

(4) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/384 **2024/EES/25/23**

frá 03. mars 2021

um heppileika nafngifta á yrkjum af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 637/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ([1]), einkum annarrar undirgreinar 6. mgr. 9. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([2]), einkum 6. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipunum 2002/53/EB og 2002/55/EB er mælt fyrir um almennar reglur í tengslum við heppileika heita yrkja með tilvísun í 63. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2100/94 ([3]).

2) Í samræmi við 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 þarf yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) að telja heiti yrkis heppilegt til að það plöntuyrki fái samþykki. Yrkisheiti telst heppilegt ef ekki er um að ræða hindranir í samræmi við 3. og 4. mgr. þeirrar greinar.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 ([4]) er mælt fyrir um ítarlegar reglur um beitingu tiltekinna viðmiðana sem settar eru fram í 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 er varða heppileika yrkisheita nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda í tengslum við beitingu fyrstu undirgreinar 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/53/EB og fyrstu undirgreinar 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/55/EB.

4) Yrkisskrifstofa Bandalagsins og aðildarríkin komu á fót sérfræðingahóp sem þróaði og breytti leiðbeiningum um heppileika heita skv. 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 („Leiðbeiningar um heiti yrkja“) ([5]). Rétt þykir, til að tryggja samræmi að því er varðar beitingu viðmiðananna sem kveðið er á um í 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94, að kveða á um nánari útlistanir sem eru dregnar af leiðbeiningunum um heiti yrkja.

5) Reglugerð (EB) nr. 637/2009 hefur nokkrum sinnum verið breytt. Í ljósi þarfarinnar fyrir að breyta gildandi reglum og fyrir sakir réttarvissu ætti að fella þá reglugerð niður og þessi reglugerð að koma í hennar stað.

6) Samþykkja skal heiti yrkis nema það sé óhentugt vegna hindrana. Samkvæmt 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 skal notkun yrkisheitis útilokuð ef þriðji aðili á eldri rétt, vegna erfiðleika við að þekkja það eða endurmiðla því, ef til eru heiti sem eru nákvæmlega eins fyrir annað yrki af sömu eða náskyldri tegund, ef til eru heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað, heitið er líklegt til að valda hneykslun í einhverju aðildarríkjanna eða stríðir gegn allsherjarreglu, ef ruglingur verður vegna sjónrænnar, hljóðfræðilegrar eða hugtakslegrar líkingar eða það er líklegt til að vera villandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 74, 4.3.2021, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 frá 27. júlí 1994 um vernd yrkisréttar í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 frá 22. júlí 2009 um setningu framkvæmdarreglna um heppileika nafngifta á yrkjum af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda (Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10).

([5]) Leiðbeiningar yrkisskrifstofu Bandalagsins um heiti yrkja, 1. stjórnarfundur (2018), DOC-AC-2018-1-7.

7) Til að veita lögbærum yfirvöldum nægjanlegan tíma til að beita nýju reglunum ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nákvæmar reglur um beitingu viðmiðananna sem settar eru fram í 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 um heppileika yrkisheita af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda, að því er varðar fyrstu undirgrein 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/53/EB og fyrstu undirgrein 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/55/EB.

2. gr.

Heppileiki yrkisheita

1. Yrkisheiti telst heppilegt ef ekki er um að ræða hindranir fyrir tilnefningu þess.

2. Það telst vera hindrun fyrir tilnefningu yrkisheitis í tilvikum þar sem:

a) notkun yrkisheitisins á yfirráðasvæði Sambandsins er útilokuð þar sem eldri réttur þriðja aðila, sem lagði fram andmæli, er staðfestur eins og sett er fram í 1. mgr. 3. gr.,

b) yrkisheitið stangast á við landfræðilegar merkingar, upprunatáknanir eða hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni, eins og sett er fram í 2. mgr. 3. gr.,

c) yrkisheitið getur valdið notendum þess erfiðleikum við að þekkja það eða endurmiðla því, eins og sett er fram í 4. gr.,

d) yrkisheitið er nákvæmlega eins og eða hægt að rugla því saman við annað yrkisheiti yfir annað yrki af sömu eða náskyldri tegund sem er fært inn í opinbera skrá yfir yrki eða yfir efni annars yrkis sem hefur verið markaðssett, eins og sett er fram í 5. gr.,

e) yrkisheitið getur valdið ruglingi að því er varðar sjónræn, hljóðfræðileg eða hugtaksleg líkindi við heiti yrkis af sömu eða náskyldri tegund, eins og sett er fram í 5. gr.,

f) yrkisheitið er nákvæmlega eins og eða hægt að rugla því saman við önnur heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað eða sem verður að halda fráteknum samkvæmt annarri löggjöf, eins og sett er fram í 6. gr.,

g) yrkisheitið er líklegt til að vera villandi eða skapa rugling, eins og sett er fram í 7. gr.

3. gr.

Eldri réttur þriðja aðila

1. Það telst vera hindrun vegna eldri réttar þriðja aðila þegar andmæli þriðja aðila, sem er eigandi vörumerkis, vegna tilnefningar yrkisheitis á yfirráðasvæði Sambandsins eru staðfest af lögbæru yfirvaldi. Sú hindrun varðar vörumerki sem:

a) hafa verið skráð í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í Sambandinu áður en yrkisheitið var skráð,

b) eru nákvæmlega eins og yrkisheitið eða líkjast því og

c) eru skráð fyrir vörur sem samanstanda af sömu eða náskyldri tegund af viðkomandi yrki.

2. Ef um er að ræða landfræðilegar merkingar, upprunatáknanir eða hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni sem varða landbúnaðarafurðir og matvæli, brennda drykki, kryddvín og vínafurðir sem eldri rétt þriðja aðila skal yrkisheiti í Sambandinu vera útilokað ef yrkisheitið myndi brjóta gegn:

a) ákvæðum 13. eða 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 ([6]),

b) ákvæðum 103. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([7]),

c) ákvæðum 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 ([8]),

d) ákvæði 2. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 ([9]).

3. Hindrun, sem rýrir heppileika heitis vegna eldri réttar sem um getur í 1. mgr., skal falla niður ef fengist hefur skriflegt samþykki frá handhafa eldri réttarins fyrir notkun heitisins með tilliti til viðkomandi yrkis, að því tilskildu að slíkt samþykki sé ekki til þess fallið að valda ruglingi meðal almennings hvað varðar raunverulegan uppruna afurðarinnar.

4. Ef umsækjandi á eldri rétt á öllu eða hluta af tillögðu yrkisheiti skal 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 gilda að breyttu breytanda.

4. gr.

Erfiðleikar við að þekkja eða endurmiðla yrkisheiti

1. Það telst vera hindrun fyrir því að þekkja eða endurmiðla yrkisheiti þegar yrkisheiti veldur notendum þess erfiðleikum við að þekkja það eða endurmiðla því.

2. Yrkisheiti skal teljast valda notendum þess erfiðleikum við að þekkja það eða endurmiðla því í eftirfarandi tilvikum:

a) það samanstendur af eða inniheldur orð í miðstigi eða efsta stigi,

b) það er samsett úr eða í því eru grasafræðiheiti á tegundum sem eru annaðhvort í hópi nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegunda sem yrkið tilheyrir,

c) það er samsett úr eða í því eru kynbótahugtök og tæknileg hugtök, nema ef notkun þeirra í samsetningu með öðrum hugtökum myndi ekki koma í veg fyrir að yrkisheitið þekkist sem slíkt,

d) það er eingöngu samsett úr landfræðiheiti sem hefur öðlast orðspor tengt viðkomandi tegund,

e) það er samsett úr stökum bókstaf eða tölustaf eða eingöngu tölustöfum, nema þetta standi fyrir viðtekna venju við tilnefningu tiltekinna yrkja,

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtíð. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínafurðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

f) það er samsett úr eða í því eru of mörg orð eða þættir, nema orðanna hljóðan geri það auðþekkjanlegt,

g) það inniheldur greinarmerki eða annað tákn, blöndu af hástöfum og lágstöfum (nema þegar fyrsti bókstafurinn er hástafur og aðrir bókstafir í heitinu eru lágstafir), upp- eða niðurskrifuð tákn eða mynstur eða myndræn tákn (nema úrfellingarmerki (’), kommu (,), allt að tvö upphrópunarmerki (!) sem ekki standa saman, punkt (.), eða bandstrik (-), rétt skástrik (/) eða öfugt skástrik(\)),

h) það er samsett úr eða í því eru upp- eða niðurskrifuð tákn eða mynstur, kennimerki eða myndrænt tákn.

5. gr.

Heiti sem er nákvæmlega eins og eða hægt að rugla því saman við heiti annars yrkis

1. Það telst vera hindrun fyrir tilnefningu yrkisheitis þegar það er nákvæmlega eins og eða hægt að rugla því saman við:

a) annað yrkisheiti yfir annað yrki af sömu tegund eða náskyldri tegund sem er fært inn í opinbera skrá yfir yrki eða

b) yrkisheiti yfir efni annars yrkis sem hefur verið markaðssett í aðildarríki eða á yfirráðasvæði samningsaðila að Alþjóðasambandinu um vernd nýrra plöntuyrkja,

nema hitt yrkið sé ekki lengur til staðar og heiti þess hafi ekki lengur neina sérstaka merkingu.

2. Lögbæra yfirvaldið skal, til að ganga úr skugga um hvort ruglingur sé til staðar að því er varðar efni 1. mgr., byrja á því að greina alla sjónræna, hljóðfræðilega og hugtakslega þætti sérstaklega og leggja síðan mat á heildarmyndina, einnig með tilliti til heita á yrkjum af sömu eða náskyldum tegundum, að því tilskildu að yrkin, sem um er að ræða í þessari málsgrein eða 1. mgr., njóti annaðhvort verndar yrkisréttar eða sótt hafi verið um hann fyrir þau, eða þau hafi verið viðurkennd opinberlega til markaðssetningar, á yfirráðasvæði eins af eftirfarandi:

a) Sambandsins,

b) Evrópska efnahagssvæðisins,

c) samningsaðila að Alþjóðasambandinu um vernd nýrra plöntuyrkja,

d) aðila að Efnahags- og framfarastofninni (OECD).

3. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „náskyldar tegundir“: þær tegundir sem eru tilgreindar í viðaukanum,

b) „opinber skrá yfir yrki“: sameiginleg skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði sem um getur í 17. gr. tilskipunar 2002/53/EB eða í 17. gr. tilskipunar 2002/55/EB eða í skrá OECD yfir yrki eða í yrkjaskrá aðila að Alþjóðasambandinu um vernd nýrra plöntuyrkja,

c) „yrki sem er ekki lengur til“: yrki sem ekki er lengur til efni úr,

d) „yrki með heiti sem hefur ekki lengur neina sérstaka merkingu“: þegar heiti yrkis, sem hefur verið fært í opinbera skrá yfir yrki, telst hafa glatað sérstakri merkingu sinni þegar liðin eru 10 ár frá því að því var eytt úr skránni, nema þegar um undantekningartilvik er að ræða.

6. gr.

Heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað

1. Það telst vera hindrun fyrir tilnefningu yrkisheitis þegar yrkisheiti er nákvæmlega eins og eða hægt er að rugla því saman við heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað eða verður að halda fráteknum samkvæmt annarri löggjöf.

2. Heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað eða verður að halda fráteknum samkvæmt annarri löggjöf skulu vera:

a) gjaldmiðlaheiti,

b) hugtök sem hafa tengingu við mál og vog,

c) orðalag og hugtök sem ekki skal nota í öðrum tilgangi en þeim sem gert er ráð fyrir í löggjöf Sambandsins eða aðildarríkis.

7. gr.

Villandi inntak

1. Það telst vera hindrun fyrir tilnefningu yrkisheitis þegar það er líklegt til að vera villandi eða það skapar rugling varðandi eiginleika, gildi eða auðkenni yrkisins, eða deili á ræktandanum eða nokkrum öðrum málsaðila.

2. Yrkisheiti skal teljast líklegt til að vera villandi eða skapa rugling ef:

a) það gefur ranglega til kynna að yrkið sé skylt eða dregið af öðru tilteknu yrki,

b) það gefur ranglega til kynna að yrkið hafi tiltekinn eiginleika eða tiltekið gildi,

c) það vísar til tiltekins eiginleika eða tiltekins gildis þannig að það gefur ranglega til kynna að einungis þetta yrki hafi til að bera þennan tiltekna eiginleika eða tiltekna gildi, þegar raunin er sú að önnur yrki af sömu tegund kunna að búa yfir sömu eiginleikum eða sama gildi,

d) það líkist vel þekktu vöruheiti öðru en skráða vörumerkinu eða yrkisheitinu,

e) það gefur til kynna að um annað yrki sé að ræða,

f) það gefur ranglega til kynna um það hver umsækjandinn er, um þann sem sér um að viðhalda yrkinu eða þann sem ræktar það,

g) það samanstendur af eða inniheldur:

   i. orð í miðstigi eða efsta stigi sem getur villt fyrir um að því er varðar eiginleika yrkisins,

   ii. grasafræðiheiti eða almennt heiti á tegundum sem er annaðhvort í hópi nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetis-tegunda, sem yrkið tilheyrir,

   iii. heiti einstaklings eða lögaðila, eða tilvísun til slíks, sem gefur ranglega til kynna um það hver umsækjandinn er, um þann sem sér um að viðhalda yrkinu eða þann sem ræktar það,

h) það inniheldur landfræðilegt heiti sem er telja má líklegt til að villa um fyrir notandanum að því er varðar eiginleika eða gildi vegna ræktunar og notkunar á yrkinu.

8. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 637/2009

Reglugerð (EB) nr. 637/2009 er felld úr gildi.

Hún skal þó gilda áfram um yrkisheiti sem umsækjandi hefur lagt til við lögbæra yfirvaldið til samþykkis þess fyrir 1. janúar 2022.

9. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 03. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Skilgreining á náskyldum tegundum í skilningi 3. mgr. 5. gr.

Að því er varðar skilgreiningu á „náskyldum tegundum“, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., gildir eftirfarandi:

a) ef fleiri en einn flokkur er innan ættkvíslar gildir skráin yfir flokka í I. hluta,

b) ef flokkar ná yfir fleiri en eina ættkvísl gildir skráin yfir flokka í II. hluta,

c) almennt er litið svo á, að því er varðar ættkvíslir og tegundir sem falla ekki undir skrá yfir flokka í I. og II. hluta, að ættkvísl sé flokkur.

I. HLUTI

FLOKKAR INNAN ÆTTKVÍSLAR

Flokkar	**Grasafræðiheiti**
Flokkur 1.1:	*Brassica oleracea*
Flokkur 1.2:	*Brassica*, þó ekki *Brassica oleracea*
Flokkur 2.1:	*Beta vulgaris* L. var. *alba* DC., *Beta vulgaris* L. var. *altissima*
Flokkur 2.2:	*Beta vulgaris* ssp. *vulgaris* var. *conditiva* Alef. (syn.: B. vulgaris L. var. rubra L.), B. *vulgaris* L. var. *cicla* L., B. *vulgaris* L. ssp. *vulgaris* var. *vulgaris*.
Flokkur 2.3:	*Beta*, þó ekki flokkar 2.1 og 2.2
Flokkur 3.1:	*Cucumis sativus*
Flokkur 3.2:	*Cucumis melo*
Flokkur 3.3:	*Cucumis*, þó ekki flokkar 3.1 og 3.2
Flokkur 4.1:	*Solanum tuberosum* L.
Flokkur 4.2:	Tómatar og grunnstofnar tómata: — *Solanum lycopersicum* L. (*Lycopersicon esculentum* Mill.) — *Solanum cheesmaniae* (L. Ridley) Fosberg (*Lycopersicon cheesmaniae* L. Riley) — *Solanum chilense* (Dunal) Reiche (*Lycopersicon chilense* Dunal) — *Solanum chmielewskii* (C.M. Rick et al.) D.M. Spooner et al. (*Lycopersicon chmielewskii* C. M. Rick et al.) — *Solanum galapagense* S.C. Darwin & Peralta (*Lycopersicon cheesmaniae* f. minor (Hook. f.) C. H. Müll.) (*Lycopersicon cheesmaniae* var. minor (Hook. f.) D. M. Porter) — *Solanum habrochaites* S. Knapp & D.M. Spooner (*Lycopersicon agrimoniifolium* Dunal) (*Lycopersicon hirsutum* Dunal) (*Lycopersicon hirsutum* f. *glabratum* C. H. Müll.) — *Solanum pennellii* Correll (*Lycopersicon pennellii* (Correll) D’Arcy) — *Solanum peruvianum* L. (*Lycopersicon dentatum* Dunal) (*Lycopersicon peruvianum* (L.) Mill.) — *Solanum pimpinellifolium* L. (*Lycopersicon pimpinellifolium* (L.) Mill.) (*Lycopersicon racemigerum* Lange) og blendingar þessara tegunda.
Flokkur 4.3:	*Solanum melongena* L.
Flokkur 4.4:	*Solanum*, þó ekki flokkar 4.1, 4.2 og 4.3

II. HLUTI

FLOKKAR SEM NÁ YFIR FLEIRI EN EINA ÆTTKVÍSL

Flokkar	**Grasafræðiheiti**
Flokkur 201:	*Secale, Triticosecale, Triticum*
Flokkur 203 (*):	*Agrostis, Dactylis, Festuca, Festulolium, Lolium, Phalaris, Phleum* og *Poa*
Flokkur 204 (*):	*Lotus, Medicago, Ornithopus, Onobrychis, Trifolium*
Flokkur 205:	*Cichorium, Lactuca*

(*) Flokkar 203 og 204 eru ekki eingöngu ákveðnir á grundvelli náskyldra tegunda

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1149 **2024/EES/25/24**

frá 5. apríl 2023

um leiðréttingu á pólsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 1. mgr. 126. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í pólsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 ([2]) er villa í inngangsmálslið 2. mgr. 5. gr. sem breytir gildissviði krafnanna sem settar eru fram í 6.–12. gr.

2) Því ætti að leiðrétta pólsku tungumálaútgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 frá 6. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. apríl 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1030 **2024/EES/25/25**

frá 25. maí 2023

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni AH2, *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45 og *Purpureocillium lilacinum* af stofni PL11 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Engin tiltekin hámarksgildi leifa hafa verið fastsett fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni AH2, *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45 og *Purpureocillium lilacinum* af stofni PL11. Af þessum sökum gildir staðalgildi, sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 396/2005.

2) Áhættulitla virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni AH2 var samþykkt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1455 ([2]). Við ritrýni á áhættumati á varnarefnum með virka efninu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([3]) komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að þeirri niðurstöðu ([4]), að því er varðar fæðutengt áhættumat fyrir neytendur, að tilteknar upplýsingar vantaði og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Eins og sett er fram í endurskoðunarskýrslunni fyrir þetta efni ([5]), í tengslum við áhættumat á virka efninu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, er *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni AH2 ekki sjúkdómsvaldandi fyrir menn, ekki er búist við að það framleiði eiturefni sem skipta máli fyrir heilbrigði manna og áhætta fyrir menn af völdum umbrotsefna er óveruleg. Að teknu tilliti til ritrýninnar á áhættumatinu á varnarefnum með virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni AH2, endurskoðunarskýrslunnar og 5. gr. og a-, c- og d-liðar 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 er ekki þörf á að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þetta efni og því er rétt að færa *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni AH2 á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 26.5.2023, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1455 frá 6. september 2021 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu Bacillus amyloliquefaciens af stofni AH2, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 315, 7.9.2021, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([4]) „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Bacillus amyloliquefaciens* strain AH2.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(7), 6156. Doi: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2020.6156.

([5]) „Review report for the active substance *Bacillus amyloliquefaciens* strain AH2“ [lokið hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður á fundi hennar 5. júlí 2020] SANTE/11938/2014, 4. endursk., 6. júlí 2014. https://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/start/screen/active-substances/details/1257.

3) Áhættulitla virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45 var samþykkt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/159 ([6]). Við ritrýni á áhættumati á varnarefnum með virka efninu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu ([7]), að því er varðar fæðutengt áhættumat fyrir neytendur, að tilteknar upplýsingar vantaði og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Eins og sett er fram í endurskoðunarskýrslunni fyrir þetta efni ([8]), í tengslum við áhættumat á virka efninu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, er *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45 ekki sjúkdómsvaldandi fyrir menn, ekki er búist við að það framleiði eiturefni sem skipta máli fyrir heilbrigði manna og áhætta fyrir menn af völdum umbrotsefna er óveruleg. Að teknu tilliti til ritrýninnar á áhættumatinu á varnarefnum með virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45, endurskoðunarskýrslunnar og 5. gr. og a-, c- og d-liðar 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 er ekki þörf á að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þetta efni og því er rétt að færa *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45 á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

4) Áhættulitla virka efnið *Purpureocillium lilacinum* af stofni PL11 var samþykkt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/4 ([9]). Við ritrýni á áhættumati á varnarefnum með virka efninu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu ([10]), að því er varðar fæðutengt áhættumat fyrir neytendur, að tilteknar upplýsingar vantaði og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Eins og sett er fram í endurskoðunarskýrslunni fyrir þetta efni ([11]), í tengslum við áhættumat á virka efninu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, er *Purpureocillium lilacinum* af stofni PL11 ekki sjúkdómsvaldandi fyrir menn og áhætta fyrir menn af völdum umbrotsefna er óveruleg. Að teknu tilliti til ritrýninnar á áhættumatinu á varnarefnum með virka efninu *Purpureocillium lilacinum* af stofni PL11, endurskoðunarskýrslunnar og 5. gr. og a-, c- og d-liðar 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 er ekki þörf á að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þetta efni og því er rétt að færa *Purpureocillium lilacinum* af stofni PL11 á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi færslum er bætt við í stafrófsröð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005: *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni AH2, *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45 og *Purpureocillium lilacinum* af stofni PL11.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/159 frá 4. febrúar 2022 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni IT-45, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 26, 7.2.2022, bls. 7).

([7]) „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Bacillus amyloliquefaciens* strain IT-45.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(5), 6594. Doi: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2021.6594.

([8]) „Review report for the active substance *Bacillus amyloliquefaciens* strain IT-45“ [lokið hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður á fundi hennar 1.–2. desember 2021] SANTE/10762/2014, 1. endursk., 1.–2. desember 2021. https://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/start/screen/active-substances/details/1333.

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/4 frá 4. janúar 2022 um samþykki fyrir virka efninu Purpureocillium lilacinum af stofni PL11 sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 1, 5.1.2022, bls. 5).

([10]) „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Purpureocillium lilacinum* strain PL11.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(5), 6393. Doi: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.6393.

([11]) „Review report for the active substance *Purpureocillium lilacinum* strain PL11“ [lokið hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður á fundi hennar 22. október 2021] SANTE/10418/2014, 4. endursk. https://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/start/screen/active-substances/details/1285.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1042 **2024/EES/25/26**

frá 26. maí 2023

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fólpet í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir fólpet.

2) Umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa fyrir fólpet í salati var lögð fram.

3) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddu áliti um tillögð hámarksgildi leifa ([2]). Hún sendi álitið til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.

5) Að því er varðar breytinguna sem umsækjandinn óskaði eftir að yrði gerð á hámarksgildi leifa komst Matvæla-öryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstæðni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingin, sem umsækjandinn óskaði eftir að yrði gerð á hámarksgildi leifa, væri viðunandi að því er varðar öryggi neytenda á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu gagna um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki þótti sýnt að langtímaváhrif af völdum efnisins vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

6) Á grundvelli rökstutts álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, uppfyllir tillögð breyting á hámarksgildi leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. þeirrar reglugerðar.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 140, 30.5.2023, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) „Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level for folpet in lettuces.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(4), 7309.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað dálksins fyrir fólpet í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Fólpet (summa fólpets og þalimíðs, gefin upp sem fólpet) (R)
1)	2)	3)
0100000	**NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**	
0110000	**Sítrusávextir**	0,03 (*)
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sítrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað (2)	
0120000	**Trjáhnetur**	0,07 (*)
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	**Kjarnaávextir**	
0130010	Epli	0,3
0130020	Perur	0,3
0130030	Kveði	0,03 (*)
0130040	Trjámispilsaldin	0,03 (*)

1)	2)	3)
0130050	Dúnepli/japansplómur	0,03 (*)
0130990	Annað (2)	0,03 (*)
0140000	**Steinaldin**	0,03 (*)
0140010	Apríkósur	
0140020	Kirsuber (sæt)	
0140030	Ferskjur	
0140040	Plómur	
0140990	Annað (2)	
0150000	**Ber og smá aldin**	
0151000	a) **Þrúgur**	
0151010	Vínber til neyslu	6
0151020	Vínþrúgur	20
0152000	b) **Jarðarber**	5 (+)
0153000	c) **Klungurber**	0,03 (*)
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað (2)	
0154000	d) **Önnur smá aldin og ber**	0,03 (*)
0154010	Aðalbláber	
0154020	Trönuber	
0154030	Sólber og rifsber (rauð og hvít)	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	
0154050	Rósaldin	
0154060	Mórber (svört og hvít)	
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin	
0154080	Ylliber	
0154990	Annað (2)	
0160000	**Ýmis aldin með**	
0161000	a) **Ætu hýði**	
0161010	Döðlur	0,03 (*)
0161020	Fíkjur	0,03 (*)
0161030	Ólífur til átu	0,15 (*) (+)
0161040	Gullappelsínur	0,03 (*)
0161050	Stjörnualdin	0,03 (*)
0161060	Gallaldin	0,03 (*)

1)	2)	3)
0161070	Jövuplómur	0,03 (*)
0161990	Annað (2)	0,03 (*)
0162000	b) **Óætu hýði, lítil**	0,03 (*)
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfikjur	
0162050	Stjörnuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað (2)	
0163000	c) **Óætu hýði, stór**	0,03 (*)
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar	
0163030	Mangó	
0163040	Papæjualdin	
0163050	Granatepli	
1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 ([2]) var komið á fót fyrstu samræmdu áætlun Bandalagsins til margra ára og náði hún yfir árin 2009, 2010 og 2011. Áætluninni hefur verið haldið áfram með síðari reglugerðum og sú nýjasta er framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/741 ([3]).

2) Þrjátíu til fjörutíu vörur eru uppistaðan í mataræði fólks í Sambandinu. Þar eð notkun varnarefna breytist umtalsvert á þriggja ára tímabili þarf að vakta varnarefnin í þessum vörum í röð þriggja ára tímabila svo unnt sé að meta váhrifin sem neytendur verða fyrir og beitingu löggjafar Sambandsins.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði fram vísindaskýrslu um mat á sniði vöktunaráætlunarinnar fyrir varnarefni ([4]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að með því að velja 683 úrtakseiningar fyrir a.m.k. 32 mismunandi vörur væri unnt að meta þegar farið er meira en 1% yfir hámarksgildi leifa með 0,75% skekkjumörkum. Deila ætti söfnun þessara sýna niður á aðildarríkin í tengslum við íbúafjölda og taka að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.

4) Tekið er mið af greiningarniðurstöðum úr fyrri opinberum eftirlitsáætlunum Sambandsins til að tryggja að þau varnarefni sem falla undir eftirlitsáætlunina séu dæmigerð fyrir varnarefnin sem eru notuð.

5) Viðmiðunarreglur varðandi „aðferðir við gæðaeftirlit og fullgildingu við greiningu varnarefnaleifa í matvælum og fóðri“ eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar ([5]).

6) Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir önnur virk efni, umbrotsefni og/eða niðurbrotsefni eða myndefni, ætti að greina sérstaklega frá þeim efnasamböndum svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig ([6]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 95, 4.4.2023, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 frá 5. desember 2008 um samræmda eftirlitsáætlun Bandalagsins til margra ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/741 frá 13. maí 2022 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2023, 2024 og 2025 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 137, 16.5.2022, bls. 12).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Pesticide monitoring program: design assessment.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(2), 4005.

([5]) Skjal SANTE/11312/2021

([6]) SANCO/12574/2014, Working Document on the summing up of LOQs in case of complex residue definitions.

7) Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnunin hafa samþykkt framkvæmdarleiðir, s.s. staðlaða sýnalýsingu, 2. útgáfa, og viðmiðunarreglur um skýrslugjöf varðandi vöktun íðefna við afhendingu niðurstaðna úr varnarefnaleifagreiningu, að því er varðar afhendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum.

8) Að því er varðar sýnatökuaðferðir ætti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ([7]), sem nær yfir sýnatöku-aðferðir og verklagsreglur sem Alþjóðamatvælaskrárráðið mælir með, að gilda.

9) Nauðsynlegt er að meta hvort þau hámarksgildi leifa í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem kveðið er á um í 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 2016/127 ([8]), 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 ([9]) og 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ([10]), séu uppfyllt, að teknu tilliti til einungis þeirra skilgreininga á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

10) Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig ættu aðildarríkin að geta sinnt skyldu sinni varðandi greiningu með því að leita til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.

11) Aðildarríkin ættu að leggja fram, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, upplýsingar sem varða fyrra almanaksár.

12) Til þess að komast hjá ruglingi vegna skörunar samfelldra áætlana til margra ára ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 úr gildi. Þó ætti hún að gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2023.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin ([11]) skulu, á árunum 2024, 2025 og 2026, taka og greina sýni úr samsetningum af varnarefnum og vörum eins og sett er fram í I. viðauka.

Fjöldi sýna sem skal taka úr hverri vöru og greina skal vera eins og sett er fram í II. viðauka.

([7]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtíð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1.).

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 30).

([10]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).

([11]) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 24. lið 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þessa reglugerð varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. gr.

1. Framleiðslueiningin, sem á að taka sýni úr, skal valin af handahófi.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga skulu vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

2. Öll sýni, þ.m.t. úr matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum og vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap, skal greina með tilliti til varnarefna, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við skilgreiningar á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3. Að því er varðar matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum skal meta sýni úr vörum, sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda, með tilliti til hámarksgilda leifa sem eru sett fram í tilskipun 2006/125/EB og framseldu reglugerðunum (ESB) 2016/127 og (ESB) 2016/128. Þegar neyta má slíkra matvæla bæði eins og þau eru seld eða endurgerð skal greina frá niðurstöðum greininga á vörunni eins og hún er seld.

3. gr.

Aðildarríkin skulu leggja fram niðurstöður greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð 2024, 2025 og 2026, eigi síðar en 31. ágúst 2025, 2026 og 2027, eftir því sem við á, á rafrænu skýrslusniði sem Matvælaöryggisstofnunin setur fram.

Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir fleiri en eitt efnasamband (virkt efni og/eða umbrotsefni eða niðurbrotsefni eða myndefni) skulu aðildarríkin gefa skýrslu um niðurstöður greininga í samræmi við tæmandi skilgreiningu á leifum. Skila skal niðurstöðum um öll greiniefni, sem eru hluti af skilgreiningu á leifum, hverjum fyrir sig svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

4. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 er felld úr gildi.

Þó skal hún gilda áfram til 1. september 2024 um sýni sem prófuð eru árið 2023.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. apríl 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Afurðir ([1]) úr jurtaríkinu ([2]) sem á að taka sýni úr 2024, 2025 og 2026

2024	2025	2026
b)	c)	a)
(0151010) Vínber til neyslu ([1])	(0130010) Epli ([1])	(0110020) Appelsínur ([1])
(0163020) Bananar ([1])	(0152000) Jarðarber ([1])	(0130020) Perur ([1])
(0110010) Greipaldin ([1])	(0140030) Ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar ([1])	(0162010) Kíví ([1])
(0231030) Eggaldin ([1])	Vín (rautt eða hvítt) úr (0151020) vínþrúgum (ef engir sérstakir vinnslustuðlar fyrir vín eru fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla fyrir vín sem eru notaðir).	(0241020) Blómkál ([1])
(0241010) Spergilkál ([1])	(0251020) Salat ([1])	(0220020) Laukar ([1])
(0233010) Melónur ([1])	(0242020) Höfuðkál ([1])	(0213020) Gulrætur ([1])
(0280010) Ræktaðir sveppir ([1])	(0231010) Tómatar ([1])	(0211000) Kartöflur ([1])
(0231020) Paprikur ([1])	(0252010) Spínat ([1])	(0300010) Baunir (þurrkaðar) ([1])
(0500090) Hveitikorn ([2])	(0500050) Hafrakorn ([2]), ([3])	(0500070) Rúgkorn ([2])
Jómfrúarólífuolía úr (0402010) ólífum til olíuframleiðslu (ef enginn sérstakur vinnslustuðull fyrir olíu er fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla sem eru notaðir).	(0500010) Byggkorn ([2]), ([4])	(0500060) Brún hrísgrjón (afhýdd hrísgrjón), skilgreind sem hrísgrjón eftir að hýðið hefur verið fjarlægt af hýðishrísgrjónum ([5])

([1]) Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða sýnatöku úr frystum afurðum skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á.

([2]) Ef ekki eru næg sýni úr rúg-, hveiti-, hafra- eða byggkorni til staðar er einnig hægt að greina rúg-, hveiti-, hafra- eða byggmjöl úr heilu korni og tilkynna skal um vinnslustuðul.

([3]) Ef ekki eru næg sýni úr hafrakorni til staðar er hægt að bæta við þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir hafrakorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir byggkorn sem leiðir til færri sýna fyrir hafrakorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir byggkorn.

([4]) Ef ekki eru næg sýni úr byggkorni til staðar er hægt að bæta þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir byggkorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir hafrakorn sem leiðir til færri sýna fyrir byggkorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir hafrakorn.

([5]) Einnig er hægt að greina slípuð hrísgrjón, eftir því sem við á. Tilkynna skal hvort farið hafi fram greining á slípuðum eða afhýddum hrísgrjónum. Ef greining var gerð á slípuðum hrísgrjónum skal tilkynna um vinnslustuðul.

([1]) Vörukóðar skv. 1. hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

B-HLUTI

Afurðir ([3]) úr dýraríkinu ([4]) sem á að taka sýni úr 2024, 2025 og 2026

2024	2025	2026
d)	e)	f)
(1012020) Nautgripafita ([1]), ([1])	(1020010) Kúamjólk ([2])	(1016020) Alifuglafita ([1]), ([1])
(1030010) Hænuegg ([1]), ([3])	(1011020) Svínafita ([1]), ([1])	(1012030) Nautgripalifur ([1])

([1]) Einnig má taka sýni úr kjöti samkvæmt töflu 3 í viðaukanum við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB (Stjtíð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).
([2]) Greina skal ferska (óunna) mjólk, sem og frysta, gerilsneydda, hitameðhöndlaða, dauðhreinsaða eða síaða mjólk.
([3]) Greina skal heil skurnlaus egg.

C-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr jurtaríkinu

	2024	2025	2026	Athugasemdir
2,4-D	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á greipaldinum, vínberjum til neyslu, eggaldinum og spergilkáli árið 2024; í og á salati, spínati og tómötum árið 2025; í og á appelsínum, blómkáli, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026.
2-fenýlfenól	b)	c)	a)	
Abamektín	b)	c)	a)	
Asefat	b)	c)	a)	
Asetamíprið	b)	c)	a)	
Aklónífen			a)	Skal eingöngu greina í og á gulrótum árið 2026.
Akrínatrín	b)	c)	a)	
Aldíkarb	b)	c)	a)	
Aldrín og díeldrín	b)	c)	a)	
Ametóktradín	b)	c)	a)	
Asínfosmetýl	b)	c)	a)	
Asoxýstróbín	b)	c)	a)	
Bífentrín	b)	c)	a)	
Bífenýl	b)	c)	a)	
Bítertanól	b)	c)	a)	
Boskalíð	b)	c)	a)	
Brómíðjón	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á paprikum árið 2024; í og á salati og tómötum árið 2025; í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026.

([3]) Vörukóðar skv. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 10.2.2009, bls. 1).
([4]) Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

Brómóprópýlat	b)	c)	a)	
Búpírímat	b)	c)	a)	
Búprófesín	b)	c)	a)	
Kaptan	b)	c)	a)	
Karbaríl	b)	c)	a)	
Karbendasím og benómýl	b)	c)	a)	
Karbófúran	b)	c)	a)	
Klórantranilípról	b)	c)	a)	
Klórfenapýr	b)	c)	a)	
Klórmekvat	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2024; í og á tómötum, höfrum og byggi árið 2025; í og á gulrótum, perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Klóróþalóníl	b)	c)	a)	
Klórprófam	b)	c)	a)	
Klórpýrifos	b)	c)	a)	
Klórpýrifosmetýl	b)	c)	a)	
Klófentesín	b)	c)	a)	
Klópýralíð	b)	c)	a)	
Klóþíanidín	b)	c)	a)	
Koparefnasambönd	b)	c)	a)	
Sýantranilípról	b)	c)	a)	
Sýasófamíð	b)	c)	a)	
Sýflúfenamíð	b)	c)	a)	
Sýflútrín	b)	c)	a)	
Sýmoxaníl	b)	c)	a)	
Sýpermetrín	b)	c)	a)	
Sýprókónasól	b)	c)	a)	
Sýpródiníl	b)	c)	a)	
Sýrómasín	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, paprikum, melónum og ræktuðum sveppum árið 2024; í og á salati og tómötum árið 2025; í og á kartöflum, laukum og gulrótum árið 2026.
Deltametrín	b)	c)	a)	
Díasínón	b)	c)	a)	
Díklórvos	b)	c)	a)	
Díklóran	b)	c)	a)	
Díkóföl	b)	c)	a)	

Díetófenkarb	b)	c)	a)	
Dífenókónasól	b)	c)	a)	
Díflúbensúrón	b)	c)	a)	
Dímetóat	b)	c)	a)	
Dímetómorf	b)	c)	a)	
Díníkónasól	b)	c)	a)	
Dífenýlamín	b)	c)	a)	
Díþíanón	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu árið 2024; í og á eplum og ferskjum árið 2025; í og á perum og brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Díþíókarbamöt	b)	c)	a)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema spergilkáli, blómkáli, höfuðkáli, ólífuolíu, víni og laukum.
Dódín	b)	c)	a)	
Emamektínbensóat B1a gefið upp sem emamektín	b)	c)	a)	
Endósúlfan	b)	c)	a)	
Epoxíkónasól	b)	c)	a)	
Etefón	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á paprikum, hveiti og vínberjum til neyslu árið 2024; í og á eplum, ferskjum, tómötum og víni árið 2025; í og á appelsínum og perum árið 2026.
Eþíón	b)	c)	a)	
Etirímól	b)	c)	a)	
Etófenprox	b)	c)	a)	
Etoxasól	b)	c)	a)	
Etýlenoxíð	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á hveiti árið 2024; í og á byggi og höfrum árið 2025; í og á baunum (þurrkuðum), rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Famoxadón	b)	c)	a)	
Fenamídón	b)	c)	a)	
Fenamífos	b)	c)	a)	
Fenarímól	b)	c)	a)	
Fenasakín	b)	c)	a)	
Fenbúkónasól	b)	c)	a)	
Fenbútatínoxíð	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, greipaldinum, paprikum og vínberjum til neyslu árið 2024; í og á eplum, jarðarberjum, ferskjum, tómötum og víni árið 2025; í og á appelsínum og perum árið 2026.
Fenhexamíð	b)	c)	a)	
Fenítróþíón	b)	c)	a)	
Fenoxýkarb	b)	c)	a)	

Fenprópatrín	b)	c)	a)	
Fenprópidín	b)	c)	a)	
Fenprópímorf	b)	c)	a)	
Fenpýrasamín	b)	c)	a)	
Fenpýroxímat	b)	c)	a)	
Fenþíón	b)	c)	a)	
Fenvalerat	b)	c)	a)	
Fípróníl	b)	c)	a)	
Flónikamíð	b)	c)	a)	
Flúasífóp-P	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2024; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, salati, spínati og tómötum árið 2025; í og á blómkáli, þurrkuðum baunum, kartöflum og gulrótum árið 2026.
Flúbendíamíð	b)	c)	a)	
Flúdíoxóníl	b)	c)	a)	
Flúfenoxúrón	b)	c)	a)	
Flúópíkólíð	b)	c)	a)	
Flúópýram	b)	c)	a)	
Flúpýradífúrón	b)	c)	a)	
Flúkinkónasól	b)	c)	a)	
Flúsílasól	b)	c)	a)	
Flútríafól	b)	c)	a)	
Flúxapýroxað	b)	c)	a)	
Fólpet	b)	c)	a)	
Formetanat	b)	c)	a)	
Fosetýl-Al	b)	c)	a)	
Fosþíasat	b)	c)	a)	
Glúfosínatammónium	b)	c)	a)	
Glýfosat	b)	c)	a)	
Haloxýfóp, þ.m.t. haloxýfóp-P	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á spergilkáli, greipaldinum, paprikum og hveiti árið 2024; í og á jarðarberjum og höfuðkáli árið 2025, í og á þurrkuðum baunum árið 2026.
Hexakónasól	b)	c)	a)	
Hexýþíasox	b)	c)	a)	
Imasalíl	b)	c)	a)	
Imídaklópríð	b)	c)	a)	
Indoxakarb	b)	c)	a)	
Ípródíón	b)	c)	a)	

Ípróvalíkarb	b)	c)	a)	
Ísókarbófos	b)	c)	a)	
Ísópróþíólan			a)	Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026. Ekki skal greina það í eða á neinni afurð 2024 og 2025.
Kresoxímmetýl	b)	c)	a)	
Lambda-sýhalótrín	b)	c)	a)	
Línúrón	b)	c)	a)	
Lúfenúrón	b)	c)	a)	
Malaþíón	b)	c)	a)	
Malínhýdrasíð			a)	Skal eingöngu greina í og á laukum og kartöflum árið 2026
Mandípropamíð	b)	c)	a)	
Mepanípýrím	b)	c)	a)	
Mepíkvat	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á ræktuðum sveppum og hveiti árið 2024; í og á byggi og höfrum árið 2025; í og á perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Metaflúmísón	b)	c)	a)	
Metalaxýl og metalaxýl-M	b)	c)	a)	
Metamídófos	b)	c)	a)	
Metíðaþíón	b)	c)	a)	
Metíókarb	b)	c)	a)	
Metómýl	b)	c)	a)	
Metoxýfenósíð	b)	c)	a)	
Metrafenón	b)	c)	a)	
Mónókrótófos	b)	c)	a)	
Mýklóbútaníl	b)	c)	a)	
Nikótín	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu árið 2024; í og á eplum, salati og tómötum árið 2025; í og á laukum og kartöflum árið 2026.
Ómetóat	b)	c)	a)	
Oxadixýl	b)	c)	a)	
Oxamýl	b)	c)	a)	
Oxýdemetónmetýl	b)	c)	a)	
Paklóbútrasól	b)	c)	a)	
Paraþíónmetýl	b)	c)	a)	
Penkónasól	b)	c)	a)	
Pensýkúrón	b)	c)	a)	
Pendímetalín	b)	c)	a)	

Permetrín	b)	c)	a)	
Fosmet	b)	c)	a)	
Pírimíkarb	b)	c)	a)	
Pírimífosmetýl	b)	c)	a)	
Próklóras	b)	c)	a)	
Prósýmídón	b)	c)	a)	
Prófenófos	b)	c)	a)	
Própamókarb	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu, melónum, eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2024; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, spínati, salati, tómötum og byggi árið 2025; í og á gulrótum, blómkáli, laukum og kartöflum árið 2026.
Própargít	b)	c)	a)	
Própíkónasól	b)	c)	a)	
Própýsamíð	b)	c)	a)	
Prókínasíð	b)	c)	a)	
Prósúlfókarb	b)	c)	a)	
Próþíókónasól	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á paprikum og hveiti árið 2024; í og á höfuðkáli, salati, tómötum, höfrum og byggi árið 2025; í og á gulrótum, laukum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Pýmetrósín	b)	c)		Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, melónum og paprikum árið 2024; í og á höfuðkáli, salati, jarðarberjum, spínati og tómötum árið 2025. Ekki skal greina það í eða á neinni afurð árið 2026.
Pýraklóstróbín	b)	c)	a)	
Pýridaben	b)	c)	a)	
Pýridalýl	b)	c)	a)	
Pýrimetaníl	b)	c)	a)	
Pýriproxýfen	b)	c)	a)	
Kínoxýfen	b)	c)	a)	
Spínetóram	b)	c)	a)	
Spínósað	b)	c)	a)	
Spíródíklófen	b)	c)	a)	
Spírómesífen	b)	c)	a)	
Spíroxamín	b)	c)	a)	
Spírótetramat	b)	c)	a)	
Súlfoxaflór	b)	c)	a)	
Táflúvalínat	b)	c)	a)	
Tebúkónasól	b)	c)	a)	

Tebúfenósíð	b)	c)	a)	
Tebúfenpýrað	b)	c)	a)	
Teflúbensúrón	b)	c)	a)	
Teflútrín	b)	c)	a)	
Terbútýlasín	b)	c)	a)	
Tetrakónasól	b)	c)	a)	
Tetradífón	b)	c)	a)	
Þíabendasól	b)	c)	a)	
Þíaklópríð	b)	c)	a)	
Þíametoxam	b)	c)	a)	
Þíódíkarb	b)	c)	a)	
Þíófanatmetýl	b)	c)	a)	
Tólklófosmetýl	b)	c)	a)	
Tríadímefón	b)	c)	a)	
Tríadímenól	b)	c)	a)	
Tríasófos	b)	c)	a)	
Trísýklasól			a)	Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Trífloxýstróbín	b)	c)	a)	
Tríflúmísól	b)	c)	a)	
Tríflúmúrón	b)	c)	a)	
Vínklósólín	b)	c)	a)	
Soxamíð	b)	c)	a)	

D-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr dýraríkinu

	2024	2025	2026	Athugasemdir
Aldrín og díeldrín	d)	e)	f)	
Bífentrín	d)	e)	f)	
Klórdan	d)	e)	f)	
Klórmekvat		e)	f)	Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025; í og á nautgripalifur árið 2026.
Klórpýrifos	d)	e)	f)	
Klórpýrifosmetýl	d)	e)	f)	
Koparefnasambönd	d)	e)	f)	
Sýpermetrín	d)	e)	f)	
DDT	d)	e)	f)	

Deltametrín	d)	e)	f)	
Díasínón	d)	e)	f)	
Endósúlfan	d)	e)	f)	
Famoxadón	d)	e)	f)	
Fenvalerat	d)	e)	f)	
Fípróníl	d)	e)	f)	
Glúfosínatammónium	d)	e)	f)	
Glýfosat	d)	e)	f)	
Heptaklór	d)	e)	f)	
Hexaklóróbensen	d)	e)	f)	
Hexaklórósýklóhexan (HCH, alfa-hverfa)	d)	e)	f)	
Hexaklórósýklóhexan (HCH, beta-hverfa)	d)	e)	f)	
Indoxakarb		e)		Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025.
Lindan	d)	e)	f)	
Mepíkvat		e)	f)	Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025; í og á nautgripalifur árið 2026.
Metoxýklór	d)	e)	f)	
Paraþíón	d)	e)	f)	
Pendímetalín	d)	e)	f)	
Permetrín	d)	e)	f)	
Pírimífosmetýl	d)	e)	f)	

II. VIÐAUKI

Fjöldi sýna sem um getur í 1. gr.

1) Lágmarksfjöldi sýna sem skal taka úr hverri vöru og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í I. viðauka er settur fram í 5. lið.

2) Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við 5. lið:

— hvert aðildarríki skal taka og greina tíu sýni úr unnum barnamat með korn sem uppistöðu árið 2024,

— hvert aðildarríki skal taka og greina tíu sýni úr matvælum fyrir ungbörn og smábörn árið 2025, öðrum en ungbarnablöndu, stoðblöndu og unnum barnamat með korn sem uppistöðu.

— hvert aðildarríki skal taka og greina fimm sýni úr ungbarnablöndum og fimm sýni úr stoðblöndum árið 2026,

3) Sýni úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap skulu tekin, eftir því sem unnt er, í hlutfalli við markaðshlutdeild þessara vörutegunda í hverju aðildarríki, eitt sýni að lágmarki.

4) Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við 5. lið. Ef eigindlegar aðferðir til skimunar eru notaðar skal greina öll önnur sýni með megindlegum aðferðum til að finna margs konar efnaleifar.

Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð til að magngreina niðurstöðurnar.

5) Lágmarksfjöldi sýna á ári af hverri vöru:

BE	**15**		**LT**	**12**
BG	**15**		**LU**	**12**
CZ	**15**		**HU**	**15**
DK	**12**		**MT**	**12**
DE	**106**		**NL**	**20**
EE	**12**		**AT**	**15**
IE	**12**		**PL**	**51**
EL	**15**		**PT**	**15**
ES	**55**		**RO**	**22**
FR	**78**		**SI**	**12**
HR	**12**		**SK**	**12**
IT	**75**		**FI**	**12**
CY	**12**		**SE**	**15**
LV	**12**		**UK(NI)** [1]	**12**
HEILDARFJÖLDI SÝNA: 683				

[1] Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir þessi reglugerð um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2482 **2024/EES/25/34**

frá 13. nóvember 2023

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar efnið bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) í lækningatæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]) einkum 58. gr. og 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2045 ([2]) um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er 27. maí 2025 tilgreindur sem lokadagur og 27. nóvember 2023 sem síðasti skiladagur fyrir umsóknir um notkun efnisins bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) í lækningatæki. Í samræmi við 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er slík notkun bis(2-etýlhexýl)þalats (DEHP) ekki leyfð eftir lokadaginn nema leyfi hafi verið veitt vegna tiltekinnar notkunar eða nema umsókn um leyfi vegna tiltekinnar notkunar hafi verið lögð fram fyrir síðasta skiladag fyrir umsóknir og ákvörðun um umsóknina hafi enn ekki verið tekin.

2) Lokadagurinn og síðasti skiladagur fyrir umsókn varðandi bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) í reglugerð (ESB) 2021/2045 voru aðlagaðir að umbreytingarákvæðunum sem mælt er fyrir um í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([3]) og (ESB) 2017/746 ([4]). Í þessum umbreytingarákvæðum var kveðið á um að hægt væri að setja lækningatæki með gilt vottorð, sem var gefið út samkvæmt tilskipunum ráðsins 90/385/EBE ([5]) og 93/42/EBE ([6]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB ([7]), á markað til 26. maí 2024 og halda áfram að bjóða þau fram á markaði eða taka þau í notkun til 26. maí 2025.

3) Að því er varðar tiltekin lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi var umbreytingartímabilið, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/746, framlengt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/112 ([8]) til 26. maí 2025 fyrir mjög áhættusöm lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, til 26. maí 2026 fyrir miðlungsáhættusöm lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, til 26. maí 2027 fyrir áhættuminni lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og til 26. maí 2028 að því er varðar tiltekin ákvæði sem varða tæki sem eru framleidd og notuð á heilbrigðisstofnunum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2482, 14.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2045 frá 23. nóvember 2021 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 418, 24.11.2021, bls. 6).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

([5]) Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([6]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/112 frá 25. janúar 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/746 að því er varðar umbreytingarákvæði um tiltekin lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um að fresta beitingu skilyrða vegna tækja innanhúss (Stjtíð. ESB L 9, 28.1.2022, bls. 3).

4) Að auki var umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/745, sem gildir um tiltekin lækningatæki, framlengt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/607 ([9]) til 31. desember 2027 fyrir tæki með meiri áhættu og til 31. desember 2028 fyrir tæki með miðlungsáhættu og áhættuminni tæki, með fyrirvara um tiltekin skilyrði. Með henni var einnig gildistími vottorða, sem eru gefin út samkvæmt tilskipunum 90/385/EBE og 93/42/EBE, framlengdur ef lagaleg skilyrði eru uppfyllt. Þessum ráðstöfunum er ætlað að tryggja að tilkynntir aðilar geti lokið við samræmismatið og gefið út vottorð í samræmi við kröfurnar samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/745, tryggja öfluga vernd fyrir lýðheilsu og öryggi sjúklinga og komast hjá skorti á lækningatækjum sem þörf er á fyrir heilbrigðisþjónustu og sjúklinga án þess að dregið sé úr núgildandi gæða- og öryggiskröfum.

5) Samkvæmt 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal skipta bis(2-etýlhexýl)þalati (DEHP) smám saman út fyrir heppilega staðgöngukosti. Í samræmi við umbreytingarákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 skal beiting umbreytingartímabilsins, þ.m.t. framlengdur gildistími vottorða, falla niður ef umtalsverðar breytingar verða á hönnun eða ætluðum tilgangi tækisins sem gætu komið til vegna þess að bis(2-etýlhexýl)þalati (DEHP) er skipt út fyrir staðgöngukost. Þetta gæti þýtt að einungis væri hægt að setja lækningatæki, sem verður fyrir verulegum breytingum vegna þess að bis(2-etýlhexýl)þalati (DEHP) er skipt út fyrir staðgönguefni, á markað þegar tilkynntur aðili gefur út nýtt vottorð í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/745 eða reglugerð (ESB) 2017/746. Því er það mikið hagsmunamál fyrir lýðheilsu og öryggi sjúklinga í Sambandinu að leyfa framleiðslu á lækningatækjum sem innihalda bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) þangað til lokið hefur verið við samræmismatsaðferð fyrir bis(2-etýlhexýl)þalatlaus lækningatæki og tilkynntir aðilar hafa gefið út viðeigandi vottorð innan nýju umbreytingartímabilanna sem kveðið er á um í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746.

6) Tafir af völdum takmarkaðrar getu tilkynntra aðila ættu ekki að hegna félögum sem eru í því ferli að skipta út bis(2-etýlhexýl)þalati (DEHP) í lækningatækjum. Þörf er á að samræma síðasta skiladag fyrir umsóknir og lokadag í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar notkun á bis(2-etýlhexýl)þalati (DEHP) í lækningatæki til að gera félögum kleift að uppfylla fyrst kröfurnar í reglurammanum fyrir lækningatæki áður en ákvörðun er tekin um þörf fyrir umsókn um leyfi þar eð einungis er þörf á því ef bis(2-etýlhexýl)þalatlaust staðgöngulækningatæki er ekki tilbúið.

7) Til að halda samkvæmni við ætlun löggjafans þegar kröfur um leyfi taka gildi að því er varðar notkun bis(2-etýlhexýl)þalats (DEHP) í lækningatæki þykir rétt, sem sérstök neyðarráðstöfun, að fresta síðasta skiladegi fyrir umsóknir og lokadegi sem eru fastsettir vegna slíkrar notkunar og aðlaga þá enn einu sinni að umbreytingartímabilunum í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

9) Til þess að það sé skýrt fyrir félög að vegna frestunar á síðasta skiladegi fyrir umsóknir og lokadegi sé e.t.v. ekki lengur nauðsynlegt að taka saman umsókn um leyfi fyrir notkun bis(2-etýlhexýl)þalats (DEHP) í lækningatæki fyrir komandi eindaga 27. nóvember 2023 þykir rétt að tryggja gildistöku eins fljótt og unnt er. Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/607 frá 15. mars 2023 um breytingu á reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 að því er varðar umbreytingarákvæði um tiltekin lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 24).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Færslu nr. 4 varðandi efnið bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) í töflunni í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað c-liðar í 4. dálki, „Síðasti skiladagur fyrir umsóknir“, kemur eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir a-lið:

1. janúar 2029 fyrir notkun í lækningatæki sem falla undir gildissvið reglugerða (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746.“

2) Í stað c-liðar í 5. dálki, „Lokadagur“, kemur eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir a-lið:

1. júlí 2030 fyrir notkun í lækningatæki sem falla undir gildissvið reglugerða (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2089 **2024/EES/25/35**

frá 28. september 2023

um að samþykkja hvarfmassa N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir dídekýlmetýlpólý(oxýetýl)ammóníumprópíónat.

2) Dídekýlmetýlpólý(oxýetýl)ammóníumprópíónat hefur verið metið fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, og vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, eins og flokkunum er lýst í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]), sem samsvara vöruflokki 2, sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr, og vöruflokki 4, svæði fyrir matvæli og fóður (sótthreinsiefni), eins og flokkunum er lýst í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Ítalía var tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki og lögbært matsyfirvald Ítalíu lagði matsskýrslur ásamt niðurstöðum fyrir framkvæmdastjórnina 27. júlí 2010. Að lokinni framlagningu matsskýrslnanna fóru fram umræður á tæknifundum skipulögðum af framkvæmdastjórninni og, eftir 1. september 2013, Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin).

4) Af 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 leiðir að meta eigi efni, sem aðildarríkin hafa lokið við að meta fyrir 1. september 2013, samkvæmt matsviðmiðunum í tilskipun 98/8/EB.

5) Meðan athugun á dídekýlmetýlpólý(oxýetýl)ammóníumprópíónati stóð yfir var auðkenni þessa virka efnis endurskilgreint, í samræmi við 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014, í hvarfmassa N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats (DMPAP).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 102. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

6) Í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 útbýr sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar að því er varðar umsóknir um samþykki fyrir virkum efnum. Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 samþykkti sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar ECHA/BPC/363/2022 ([4]) og ECHA/BPC/364/2022 ([5]) 22. nóvember 2022, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

7) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 sem innihalda N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónat og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónat og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónat (DMPAP) uppfylli kröfur sem samsvara þeim sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar kröfur sem varða notkun þeirra séu uppfylltar.

8) Að teknu tilliti til álita Efnastofnunarinnar er rétt að samþykkja N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónat og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónat og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónat (DMPAP) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4, með fyrirvara um samræmi við tiltekin skilyrði.

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Hvarfmassi N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats er samþykktur sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([4]) Sæfivörunefndin, „Opinion on the application for approval of the active substance reaction mass of N,N-didecyl-N-(2-hydroxyethyl)-N-methylammonium propionate and N,N-didecyl-N-(2-(2-hydroxyethoxy)ethyl)-N-methylammonium propionate and N,N-didecyl-N-(2-(2-(2-hydroxyethoxy)ethoxy)ethyl)-N-methylammonium propionate; Product-type 2“, ECHA/BPC/363/2022.

([5]) Sæfivörunefndin, „Opinion on the application for approval of the active substance reaction mass of N,N-didecyl-N-(2-hydroxyethyl)-N-methylammonium propionate and N,N-didecyl-N-(2-(2-hydroxyethoxy)ethyl)-N-methylammonium propionate and N,N-didecyl-N-(2-(2-(2-hydroxyethoxy)ethoxy)ethyl)-N-methylammonium propionate; Product-type 4“, ECHA/BPC/364/2022.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
hvarfmassi N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats (DMPAP)	hvarfmassi N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats EB-nr.: - CAS-nr.: -	86,1% miðað við þyngd, þurrvigt	1. febrúar 2025	31. janúar 2035	2	Leyfi fyrir sæfivörum er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: a) Í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. b) Í mati á vörum er hugað sérstaklega að: i. þeim sem nota efnið í atvinnuskyni, ii. umhverfi: grunnvatni.
					4	Leyfi fyrir sæfivörum er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: a) Í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. b) Í mati á vörum er hugað sérstaklega að: i. þeim sem nota efnið í atvinnuskyni, ii. umhverfi: grunnvatni. c) Meta skal hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 (2) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (3), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir slík hámarksgildi leifa. d) Vörum sem innihalda N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónat og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónat og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónat (DMPAP) er ekki blandað í efniviði og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 (4), nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats (DMPAP) yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/515 **2024/EES/25/36**

frá 8. mars 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu abamektíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Abamektíni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/107/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu abamektíni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. apríl 2023.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu abamektíni var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Austurríki og meðskýrslugjafaraðildarríkið Möltu í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði viðbótarmálsskjöl fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 17. apríl 2019. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir abamektíni.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 71, 9.3.2023, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/107/EB frá 25. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum abamektíni, epoxíkónasóli, fenprópímorfi, fenpýroxímati og tralkoxýdími (Stjtíð ESB L 316, 26.11.2008, bls. 4).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að abamektín uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 15. júlí 2020. Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi nokkur mál sem ekki var unnt að ljúka. Einkum greindi hún áhættur fyrir fugla og spendýr, lagarlífverur og stórsæjar jarðvegslífverur.

9) Framkvæmdastjórnin veitti Matvælaöryggisstofnuninni umboð 1. febrúar 2022 og óskaði eftir endurskoðun á váhrifa- og áhættumötum að því er varðar fugla og spendýr, lagarlífverur og stórsæjar jarðvegslífverur. Matvælaöryggisstofnunin sendi framkvæmdastjórninni uppfærðar niðurstöður 27. júlí 2022 ([7]). Matvælaöryggisstofnunin staðfesti áhætturnar, sem greindar voru í fyrra mati, í uppfærðum niðurstöðum sínum.

10) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um abamektín fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 25. mars 2021 og endurskoðaðar útgáfur þessara tveggja skjala 8. desember 2022 til að taka tillit til niðurstaðna í uppfærðum niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar.

11) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar um báðar útgáfur endurnýjunarskýrslunnar sem hafa verið athugaðar vandlega.

12) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur abamektín, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

13) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu abamektíni byggist á dæmigerðri notkun sem skordýraeitur og mítlaeyðir á verndaðar nytjaplöntur. Þó að ekki sé nauðsynlegt, í ljósi þessa áhættumats, að viðhalda takmörkuninni við notkun eingöngu sem skordýraeitur og mítlaeyðir er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði og takmarkanir í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar. Einkum þykir rétt að takmarka notkun plöntuverndarvara sem innihalda abamektín við notkun sem gerir það kleift að stýra efna- og orkuskiptum við umhverfið til að koma í veg fyrir losun plöntuverndarvara út í umhverfið og draga úr þeim miklu áhættum sem greindar voru fyrir lagarlífverur og villtar landlífverur utan markhóps. Til samræmis við það er heimilt að leyfa notkun í varanlegum gróðurhúsum.

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/378 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir abamektín framlengt til 30. apríl 2023 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu og með tilliti til þess að gildandi samþykki fyrir abamektíni rennur út 30. apríl 2023 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi eins fljótt og auðið er og koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(8), 6227. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(8), 7544. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/378 frá 4. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, Trichoderma harzianum af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 72, 7.3.2022, bls. 2).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu abamektíni, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Abamektín CAS-nr. 71751-41-2 Avermektín B1a CAS-nr. 65195-55-3 Avermektín B1b CAS-nr. 65195-56-4 Abamektín CIPAC-nr. 495	Avermektín B1a (10E,14E,16E)-(1R,4S,5′S,6S,6′R,8R,12S,13S,20R,21R,24S)-6′-[(S)-sek-bútýl]-21,24-díhýdroxý-5′,11,13,22-tetrametýl-2-oxó-(3,7,19-tríoxatetrasýkló[15.6.1.14,8.020,24]pentakósa-10,14,16,22-tetraen)-6-spíró-2′-(5′,6′-díhýdró-2′H-pýran)-12-ýl 2,6-dídeoxý-4-O-(2,6-dídeoxý-3-O-metýl-α-L-arabínó-hexópýranósýl)-3-O-metýl-α-L-arabínó-hexópýranósíð Avermektín B1b (10E,14E,16E)-(1R,4S,5′S,6S,6′R,8R,12S,13S,20R,21R,24S)-21,24-díhýdroxý-6′-ísóprópýl-5′,11,13,22-tetrametýl-2-oxó-(3,7,19-tríoxatetrasýkló[15.6.1.14,8.020,24]pentakósa-10,14,16,22-tetraen)-6-spíró-2′-(5′,6′-díhýdró-2′H-pýran)-12-ýl 2,6-dídeoxý-4-O-(2,6-dídeoxý-3-O-metýl-α-L-arabínó-hexópýranósýl)-3-O-metýl-α-L-arabínó-hexópýranósíð	≥ 850 g/kg abamektín (summa avermektíns B1a og avermektíns B1b), að lágmarki 800 g/kg avermektín B1a og að hámarki 200 g/kg avermektín B1b	1. apríl 2023	31. mars 2038	Eingöngu má heimila notkun sem gerir það kleift að stýra efna- og orkuskiptum við umhverfið og kemur í veg fyrir losun plöntuverndarvara út í umhverfið, einkum notkun í varanlegum gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um abamektín, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum, eins og notkun hanska, — áhrifum ljósrofs á gildi varnarefnaleifa í nytjaplöntum. Einkum skal gefa gaum að því að tryggja að fyrirliggjandi prófanir á leifum á nytjaplöntum endurspegli mikilvægustu aðstæður að því er varðar leifar. Eftir því sem við á skal, með hliðsjón af viðkomandi svæði, beita árstíðabundnum takmörkunum við tímasetningu notkunar (t.d. er notkun ekki leyfð frá nóvember til febrúar ef um dæmigerða notkun er að ræða).

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 210 um abamektín brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„157	Abamektín CAS-nr. 71751-41-2 Avermektín B1a CAS-nr. 65195-55-3 Avermektín B1b CAS-nr. 65195-56-4 Abamektín CIPAC-nr. 495	Avermektín B1a (10E,14E,16E)-(1R,4S,5′S,6S,6′R,8R,12S,13S,20R,21R,24S)-6′-[(S)-sek-bútýl]-21,24-díhýdroxý-5′,11,13,22-tetrametýl-2-oxó-(3,7,19-tríoxatetrasýkló[15.6.1.14,8.020,24]pentakósa-10,14,16,22-tetraen)-6-spíró-2′-(5′,6′-díhýdró-2′H-pýran)-12-ýl 2,6-dídeoxý-4-O-(2,6-dídeoxý-3-O-metýl-α-L-arabínó-hexópýranósýl)-3-O-metýl-α-L-arabínó-hexópýranósíð Avermektín B1b (10E,14E,16E)-(1R,4S,5′S,6S,6′R,8R,12S,13S,20R,21R,24S)-21,24-díhýdroxý-6′-ísóprópýl-5′,11,13,22-tetrametýl-2-oxó-(3,7,19-tríoxatetrasýkló[15.6.1.14,8.020,24]pentakósa-10,14,16,22-tetraen)-6-spíró-2′-(5′,6′-díhýdró-2′H-pýran)-12-ýl 2,6-dídeoxý-4-O-(2,6-dídeoxý-3-O-metýl-α-L-arabínó-hexópýranósýl)-3-O-metýl-α-L-arabínó-hexópýranósíð	≥ 850 g/kg abamektín (summa avermektíns B1a og avermektíns B1b), að lágmarki 800 g/kg avermektín B1a og að hámarki 200 g/kg avermektín B1b	1. apríl 2023	31. mars 2038	Eingöngu má heimila notkun sem gerir það kleift að stýra efna- og orkuskiptum við umhverfið og kemur í veg fyrir losun plöntuverndarvara út í umhverfið, einkum notkun í varanlegum gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um abamektín, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum, eins og notkun hanska, — áhrifum ljósrofs á gildi varnarefnaleifa í nytjaplöntum. Einkum skal gefa gaum að því að tryggja að fyrirliggjandi prófanir á leifum á nytjaplöntum endurspegli mikilvægustu aðstæður að því er varðar leifar. Eftir því sem við á skal, með hliðsjón af viðkomandi svæði, beita árstíðabundnum takmörkunum við tímasetningu notkunar (t.d. er notkun ekki leyfð frá nóvember til febrúar ef um dæmigerða notkun er að ræða).“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/932 **2024/EES/25/37**

frá 8. maí 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virka efnið pýridalýl (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem voru samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkistímabilið fyrir virka efnið pýridalýl var framlengt frá 30. júní 2024 til 30. júní 2025 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 ([3]) til að tryggja jafna skiptingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafar- og meðskýrslugjafaraðildarríkja, með tilliti til úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat á endurnýjun og taka ákvarðanir.

3) Engin umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu var lögð fram í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 ([4]).

4) Framlengingin á samþykkistímabili fyrir virka efnið pýridalýl, sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2007, er ekki lengur réttlætanleg. Því er rétt að kveða á um að samþykki fyrir þessu efni falli úr gildi á þeirri dagsetningu sem það hefði fallið úr gildi án framlengingarinnar.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 124, 10.5.2023, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 frá 8. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 1,4-dímetýlnaftalín, 6-bensýladenín, asekínósýl, *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru, álsúlfat, amísúlbróm, *Aureobasidium pullulans* (stofnum DSM 14940 og DSM 14941), asadíraktín, *Bacillus pumilus* QST 2808, benalaxýl-M, bixafen, búpírímat, *Candida oleophila* af stofni O, klórantranilípról, dínatríumfosfónat, díþíanón, dódín, emamektín, flúbendíamíð, flúómetúrón, flúxapýroxað, flútríafól, hexýþíasox, ímasamox, ipkónasól, ísoxaben, L-askorbínsýru, brennisteinskalk, appelsínuolíu, *Paecilomyces fumosoroseus* af stofni FE 9901, pendímetalín, penflúfen, penþíópýrað, kalsíumfosfónat, prósúlfúrón, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýridalýl, pýríófenón, pýroxsúlam, kínmerak, S-absisínsýru, sedaxan, sintófen, natríumsilfurþíósúlfat, spínetóram, spírótetramat, *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, táflúvalínat, tebúfenósíð, tembótríón, þienkarbasón, valífenalat og sinkfosfíð (Stjtíð. ESB L 414, 9.12.2020, bls. 10).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, „Samþykki rennur út“, í færslu 64, pýridalýl, kemur „30. júní 2024“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/939 **2024/EES/25/38**

frá 10. maí 2023

um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið ipkónasól var samþykkt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 ([2]) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og það fært inn í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]).

2) Eftir framlagningu á gögnum til staðfestingar á langvarandi áhættu fyrir fugla sem eru fræætur, eins og krafist er í 1. gr. í tengslum við I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 571/2014, lagði upphaflega skýrslugjafaraðildarríkið Bretland ([4]) mat á gögnin sem aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggis-stofnunin) endurskoðuðu. Á grundvelli framlagðra upplýsinga komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að mikil langvarandi áhætta sé fyrir hendi fyrir fugla vegna dæmigerðrar notkunar á ipkónasóli ([5]).

3) Áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu samþykkti álit 9. mars 2018 ([6]) í samræmi við 4. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([7]) þar sem hún komst m.a. að þeirri niðurstöðu að ipkónasól uppfylli viðmiðanir um flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 125, 11.5.2023, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 frá 26. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 157, 27.5.2014, bls. 96).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([4]) Í kjölfar útgöngu Bretlands úr Sambandinu var Belgía tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki fyrir ipkónasól með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/155 frá 31. janúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 29, 1.2. 2018, bls. 8).

([5]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2017. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States, the applicant and EFSA on the pesticide risk assessment for ipconazole in light of confirmatory data.“ EFSA supporting publication 2017: EN-1260, doi:10.2903/sp.efsa.2017.EN-1260

([6]) Áhættumatsnefnd, „Opinion proposing harmonised classification and labelling at EU level of ipconazole (ISO); (1RS,2SR,5RS; 1RS,2SR,5SR)-2-(4-chlorobenzyl)-5-isopropyl-1-(1H-1,2,4-triazol-1-ylmethyl)cyclopentanol [CAS No 125225-28-7 (all stereoisomers); CAS No 115850-69-6 (cis-cis racemate); CAS No 115937-89-8 (cis-trans racemate)]“. EB-númer: – CAS-númer: – CLH-O-0000001412-86-198/F“.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

4) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1182 ([8]) var VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 breytt af þessum sökum og ipkónasól flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B.

5) Í samræmi við ii. lið e-liðar 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 er eingöngu hægt að samþykkja virkt efni ef plöntuverndarvara sem inniheldur það hefur ekki óviðunandi áhrif á umhverfið, einkum á tegundir sem eru ekki marktegundir, þ.á m. fugla.

6) Samkvæmt lið 3.6.4 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 skal eingöngu samþykkja virkt efni ef það er ekki eða hefur ekki verið flokkað í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B nema váhrif á menn af völdum efnisins í plöntuverndarvöru við raunhæf tillögð notkunarskilyrði séu óveruleg.

7) Í samræmi við 1 mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 upplýsti framkvæmdastjórnin aðildarríkin, Matvælaöryggisstofnunina og umsækjandann um að hún teldi að viðmiðanir fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í ii. lið e-liðar 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar og í lið 3.6.4. í II. viðauka við þá reglugerð séu mögulega ekki lengur uppfylltar þar eð mikil langvarandi áhætta greindist fyrir fugla og ipkónasól er flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir.

8) Umsækjandinn lagði fram athugasemdir og viðbótarupplýsingar sem nýja skýrslugjafaraðildarríkið Belgía tók til athugunar og lagði mat á.

9) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir að Matvælaöryggisstofnunin athugaði upplýsingarnar, sem umsækjandinn lagði fram, með tilliti til matsins frá nýja skýrslugjafaraðildarríkinu og einkum áhætturnar fyrir fugla sem stafa af dæmigerðri notkun ipkónasóls og hvort kröfurnar varðandi óveruleg váhrif fyrir menn (fæðutengd váhrif og váhrif sem eru ekki fæðutengd), sem settar eru fram í lið 3.6.4 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, teljist uppfylltar.

10) Hinn 1. febrúar 2022 lagði Matvælaöryggisstofnunin yfirlýsingu sína ([9]) fyrir framkvæmdastjórnina þar sem hún tilgreindi að óvissuþættir væru fyrir hendi um váhrif á notendur og starfsfólk vegna takmarkana í framlögðum rannsóknum þrátt fyrir að leifar af ipkónasóli í matvælum séu undir staðalgildinu 0,01 mg/kg og því búist við því að fæðutengd váhrif af völdum ipkónasóls séu óveruleg. Að því er varðar notendur voru einkum mælingar á váhrifum meðan á hreinsun á búnaði stendur ekki hafðar með í rannsókninni og váhrif meðan á pökkun stendur voru lágmörkuð því ferlið er að miklu leyti sjálfvirkt og rannsóknin er þar af leiðandi að takmörkuðu leyti dæmigerð ef fræmeðhöndlunaraðferðirnar, sem almennt eru notaðar í Sambandinu, eru hafðar í huga. Þess vegna kom rannsóknin að takmörkuðum notum. Enn fremur hafði framlagða rannsóknin takmarkað gildi að því er varðar starfsfólk þar eð hún innihélt eingöngu gögn um tvo starfsmenn. Auk þess gátu váhrif á annan starfsmanninn ekki talist óveruleg, jafnvel með tilliti til notkunar á persónuhlífum.

11) Auk þess komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að mikil langvarandi áhætta fyrir fugla stafi af dæmigerðri notkun á ipkónasóli jafnvel að teknu tilliti til allrar viðeigandi mildunar í áhættumatinu

12) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi yfirlýsingu Matvælaöryggisstofnunarinnar og tillögu hennar um að afturkalla samþykki fyrir ipkónasóli vegna áhyggjuefna sem Matvælaöryggisstofnunin greindi. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

13) Framkvæmdastjórnin telur að ipkónasól uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í ii. lið e-liðar 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og í lið 3.6.4 í II. viðauka við þá reglugerð.

14) Því er rétt að afturkalla samþykkið fyrir ipkónasóli.

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1182 frá 19. maí 2020 um breytingu á 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtíð. ESB L 261, 11.8.2020, bls. 2).

([9]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, 2022. „Statement concerning the review of the approval of the active substance ipconazole.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(8): 7133. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7133

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það og fella framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 571/2014 úr gildi.

16) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda ipkónasól.

17) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda ipkónasól ætti sá frestur að vera eins stuttur og hægt er og ekki vara lengur en í 9 mánuði frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

18) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu nýrra umsókna um samþykki fyrir ipkónasóli skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun samþykkis

Samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli er afturkallað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 73. lína, ipkónasól, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda ipkónasól sem virkt efni eigi síðar en 31. ágúst 2023.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 29. febrúar 2024.

5. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 571/2014 er felld úr gildi.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/962 **2024/EES/25/39**

frá 15. maí 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1448 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kalsíumkarbónati og kalksteini og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c-lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykki fyrir kalsíumkarbónati og kalksteini sem virkum efnum var bætt við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]).

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Samþykkið fyrir virka efninu kalsíumkarbónati, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]), átti upphaflega að renna út 31. ágúst 2022. Samþykkið fyrir virka efninu kalksteini, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við sömu reglugerð, átti að renna út 31. ágúst 2019.

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1448 ([5]) var samþykkið fyrir áhættulitla virka efninu kalsíumkarbónati endurnýjað til 31. október 2036 og viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 var breytt til samræmis við það.

4) AgroRadomysl a.s. lagði umsókn fyrir Tékkland, sem skýrslugjafaraðildarríki, 11. ágúst 2017 um samþykki fyrir virka efninu kalksteini í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

5) Skýrslugjafaraðildarríkið tilkynnti umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvæla-öryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 26. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið lauk við matið sitt í formi draga að matsskýrslu og sendi það framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni 11. september 2020. Í drögunum að matsskýrslu voru tilmæli varðandi ákvörðun sem taka skal með tilliti til samþykkis fyrir kalksteini fyrir þá dæmigerða notkun sem umsækjandinn styður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 129, 16.5.2023, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1448 frá 3. september 2021 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kalsíumkarbónati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 313, 6.9.2021, bls. 15).

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að kalksteinn uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 8. apríl 2022 ([7]).

9) Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin fram að efnin tvö, kalsíumkarbónat og kalksteinn, séu efnafræðilega sama efnið.

10) Framkvæmdastjórnin lagði drög að endurskoðunarskýrslu um kalkstein (sem viðbótarforskrift fyrir kalsíumkarbónat) 8. desember 2022 og drög að þessari reglugerð um breytingu á endurnýjun samþykkis fyrir kalsíumkarbónati fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 23. mars 2023.

11) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) 1107/2009, drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

12) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ættu efni að teljast frumefni og efnasambönd þeirra eins og þau koma fyrir frá náttúrunnar hendi eða með framleiðslu. Þar eð kalksteinn samanstendur af kalsíumkarbónati og er efnafræðilega sama efnið þykir rétt að hafa kalkstein í sömu færslu og kalsíumkarbónat.

13) Þar eð kalsíumkarbónat og kalksteinn eru efnafræðilega sama efnið telur framkvæmdastjórnin að viðmiðanir fyrir kalsíumkarbónat um litla áhættu skv. 22. gr. og lið 5.1 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 gildi einnig að fullu um kalkstein.

14) Því er nauðsynlegt að breyta skilyrðum fyrir samþykki fyrir kalsíumkarbónati þannig að þau nái yfir forskriftina fyrir kalkstein. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(4), 6500. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance limestone.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(5), 7315.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 31 í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 kemur eftirfarandi:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„31	Kalsíumkarbónat CAS-nr. 471-34-1 CIPAC-nr. 843 Kalksteinn CAS-nr. 1317-65-3 CIPAC-nr. 852	IUPAC-heiti: Kalsíumkarbónat	950 g/kg	1. nóvember 2021	31. október 2036	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um kalsíumkarbónat og endurskoðunarskýrslunni um kalkstein, einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/998 **2024/EES/25/40**

frá 23. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) er vísun í samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3])

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/201, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Hinn 30. apríl 2016 var umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Danmörku og meðskýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26). Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en skv. 17. gr. þeirrar reglugerðar gildir hún þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 20. júní 2019. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælir skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra, hóf samráð við almenning um þau og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 27. september 2021.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* af stofni ABTS-351 sem og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 14. október 2022 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351.

13) Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. 14. gr., með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Einkum er viðeigandi, sem varúðarnálgun fyrir vernd neytenda að því er varðar fæðu, að hafa lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

14) Til að auka traust á þeim niðurstöðum að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 hafi ekki áhrif á heilbrigði manna ætti umsækjandinn auk þess að leggja fram frekari gögn um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g.

15) Enn fremur er viðeigandi að krefjast þess að aðildarríki gefi vernd notenda og starfsmanna sérstakan gaum við mat á umsóknum um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.* DOI: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2021.6879. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([7]) var samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351, eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus thuringiensis, undirteg. *kurstaki* ABTS-351	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 ([2]). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
					Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. hvítkál og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur. Umsækjandinn skal leggja fram tilskildar upplýsingar eigi síðar en 13. desember 2025.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
([2]) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 195 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„162	*Bacillus thuringiensis*, undirteg. *kurstaki* ABTS-351	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 ([2]). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 sem eru undir 10^5 CFU/g eins og Matvælaöryggisstofnunin mælir með.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — Gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. hvítkál og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* ABTS-351 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 13. desember 2025.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/999 **2024/EES/25/41**

frá 23. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) er vísun í samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]).

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Hinn 27. apríl 2016 var umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Svíþjóð og meðskýrslugjafaraðildarríkið Spán í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 27. júlí 2018. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælir skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra, hóf samráð við almenning um þau og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 12. nóvember 2020.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 sem og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 19. maí 2021 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 ([7]), um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52.

13) Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. 14. gr., með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, ef um er að ræða umsóknir um leyfi fyrir notkun á ætar plöntur. Einkum er þá viðeigandi, sem varúðarnálgun fyrir vernd neytenda að því er varðar fæðu, að krefjast þess við mat á umsóknum um leyfi fyrir vörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 til notkunar á ætar plöntur að aðildarríki fastsetji lágmarkstímabil milli notkunar á þessum vörum og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra.

14) Enn fremur er viðeigandi að krefjast þess að aðildarríki gefi vernd notenda og starfsmanna sérstakan gaum við mat á umsóknum um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu). „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *B. thuringiensis* subsp. *israelensis* strain AM65-52.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020, DOI: 10.2903/j.efsa.2020.6317.

([7]) Reglugerð (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en hún gildir þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52, eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus thuringiensis undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 Stofnasafn nr. ATCC 1276	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 ([2]), — vernd villtra frjóbera og lagarlífvera (t.d. lagarhryggleysingja, einkum í flokkunareiningu tvívængja) ef um er að ræða notkun á opnu ræktunarlandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s.: — viðeigandi persónuhlífar fyrir notendur vara sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52, — Ef um er að ræða leyfi fyrir notkun á ætar plöntur skal hafa þriggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* AM65-52 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* AM65-52 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
([2]) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 194 um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„161	*Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52 Stofnasafn nr. ATCC 1276	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. israelensis af stofni AM65-52, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2). — vernd villtra frjóbera og lagarlífvera (t.d. lagarhryggleysingja, einkum í flokkunareiningu tvívængja) ef um er að ræða notkun á opnu ræktarlandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s.: — viðeigandi persónuhlífar fyrir notendur vara sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* af stofni AM65-52, — Ef um er að ræða leyfi fyrir notkun á ætar plöntur skal hafa þriggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. israelensis AM65-52 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* AM65-52 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu)

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1000 **2024/EES/25/42**

frá 23. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* GC-91, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) er vísun í samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]).

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Hinn 29. apríl 2016 var umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) og meðskýrslugjafaraðildarríkið Þýskaland í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 31. júlí 2018. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælir skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra, hóf samráð við almenning um þau og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 30. september 2020.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 19. maí 2021 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 ([7]), um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91.

13) Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. 14. gr. með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Einkum er viðeigandi, sem varúðarnálgun fyrir vernd neytenda að því er varðar fæðu, að hafa lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

14) Til að auka traust á þeim niðurstöðum að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 hafi ekki áhrif á heilbrigði manna ætti umsækjandinn auk þess að leggja fram frekari gögn um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g.

15) Enn fremur er einnig viðeigandi að krefjast þess að aðildarríki gefi vernd notenda og starfsmanna og vernd villtra frjóbera sérstakan gaum við mat á umsóknum um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu). „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *B. thuringiensis* subsp. *aizawai* strain GC-91.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020, DOI: 10.2903/j.efsa.2020.6293.

([7]) Reglugerð (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en hún gildir þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91 framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91, eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus thuringiensis, undirteg. *aizawai* GC-91.	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 ([2]), — vernd villtra frjóbera (einkum býflugnalirfa og hunangsflugna). Í notkunarskilyrðum skulu felast sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* GC-91 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* GC-91 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
					Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. kjarnaldin, þrúgur og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* GC-91 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur. Umsækjandinn skal leggja fram tilskildar upplýsingar eigi síðar en 13. desember 2025.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
([2]) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 193 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„160	*Bacillus thuringiensis*, undirteg. *aizawai* GC-91.	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni GC-91, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2), — vernd villtra frjóbera (einkum býflugnalirfa og hunangsflugna). Í notkunarskilyrðum skulu felast sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* GC-91 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* GC-91 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. kjarnaldin, þrúgur og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* GC-91 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur. Umsækjandinn skal leggja fram tilskildar upplýsingar eigi síðar en 13. desember 2025.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1001 **2024/EES/25/43**

frá 23. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB ([2]) var *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713 fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) með heitinu *Bacillus subtilis (Cohn* 1872) QST 713.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713 var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Þýskaland og meðskýrslugjafaraðildarríkið Danmörku í samræmi við 1. gr. framkvæmdar-reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 4. júní 2018. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB frá 14. febrúar 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum metrafenóni, *Bacillus subtilis*, spínósaði og þíametoxami (Stjtíð ESB L 43, 15.2.2007, bls. 13).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og hinna aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, hóf samráð við almenning og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 16. apríl 2021. Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 13. október 2022 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvæla-öryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 ([7]), um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713.

12) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði fyrir endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu. Einkum telur framkvæmdastjórnin að *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713 sé örvera í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 þar sem verulegt áhyggjuefni var greint að því er varðar býflugur. Af þessum sökum er nauðsynlegt að kveða á um sértækar ráðstafanir til að draga úr áhættu til að tryggja viðeigandi vernd býflugna.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

14) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([8]) var samþykkistímabilið framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð hins vegar að taka gildi eins fljótt og hægt er.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([6]) „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Bacillus amyloliquefaciens* strain QST 713 (formerly *Bacillus subtilis* strain QST 713)“: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2021.6381.

([7]) Reglugerð (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en hún gildir þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713, eins og það er tilgreint í I. viðauka við þessa reglugerð, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus amyloliquefaciens af stofni QST 713	á ekki við	Nafninnihald *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713 í tæknilegu vörunni ásamt samsetningu er Lágmark: 1×10^{12} CFU/kg Hámark: 3×10^{13} CFU/kg Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Þegar plöntuverndarvörur sem innihalda *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713 eru leyfðar til úðunar utanhúss til að tryggja vernd lífvera utan markhóps, þ.m.t. býflugur, skulu aðildarríki: — eingöngu leyfa notkun á akri á blómstrandi nytjaplöntur eða ef blómstrandi illgresi er til staðar á akrinum utan daglegs ætisleitartíma býflugna, — koma á ráðstöfunum til að draga úr áhættu sem miða að því að minnka rek á svæði utan akra (t.d. íhuga notkun varðbelta og stúta sem draga úr reki). Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu auk þess gefa sérstakan gaum að: — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2), — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, sem er notað í plöntuverndarvörur, — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 138 um *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„158	*Bacillus amyloliquefaciens* af stofni QST 713	á ekki við	Nafninnihald Bacillus amyloliquefaciens af stofni QST 713 í tæknilegu vörunni ásamt samsetningu er Lágmark: 1×10^{12} CFU/kg Hámark: 3×10^{13} CFU/kg Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Þegar plöntuverndarvörur sem innihalda Bacillus amyloliquefaciens af stofni QST 713 eru leyfðar til úðunar utanhúss til að tryggja vernd lífvera utan markhóps, þ.m.t. býflugur, skulu aðildarríki: — eingöngu leyfa notkun á akri á blómstrandi nytjaplöntur eða ef blómstrandi illgresi er til staðar á akrinum utan daglegs ætisleitartíma býflugna, — koma á ráðstöfunum til að draga úr áhættu sem miða að því að minnka rek á svæði utan akra (t.d. íhuga notkun varðbelta og stúta sem draga úr reki). Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um Bacillus amyloliquefaciens af stofni QST 713, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu auk þess gefa sérstakan gaum að: — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2), — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, sem er notað í plöntuverndarvörur, — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1002 **2024/EES/25/44**

frá 23. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) er vísun í samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* ABTS-1857 sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]).

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Hinn 29. apríl 2016 var umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* ABTS-1857 lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) og meðskýrslugjafaraðildarríkið Þýskaland í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 11. október 2018. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælir skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra, hóf samráð við almenning um þau og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 30. september 2020.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 sem og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 19. maí 2021 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 ([7]), um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857.

13) Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. 14. gr. með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Einkum er viðeigandi, sem varúðarnálgun fyrir vernd neytenda að því er varðar fæðu, að hafa lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

14) Til að auka traust á þeim niðurstöðum að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 hafi ekki áhrif á heilbrigði manna ætti umsækjandinn auk þess að leggja fram frekari gögn um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g.

15) Enn fremur er einnig viðeigandi að krefjast þess að aðildarríki gefi vernd notenda og starfsmanna og vernd villtra frjóbera sérstakan gaum við mat á umsóknum um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu). „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *B. thuringiensis* subsp. *aizawai* strain ABTS-1857.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020, DOI: 10.2903/j.efsa.2020.6294.

([7]) Reglugerð (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en hún gildir þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857, eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus thuringiensis, undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er tekið tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2), — vernd villtra frjóbera (einkum býflugnalirfa og hunangsflugna). Í notkunarskilyrðum skulu felast sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
					Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. papriku og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur. Umsækjandinn skal leggja fram tilskildar upplýsingar eigi síðar en 13. desember 2025.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
([2]) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 193 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„159	*Bacillus thuringiensis*, undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er tekið tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2), — vernd villtra frjóbera (einkum býflugnalirfa og hunangsflugna). Í notkunarskilyrðum skulu felast sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru. Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. papriku og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *aizawai* af stofni ABTS-1857 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur. Umsækjandinn skal leggja fram tilskildar upplýsingar eigi síðar en 13. desember 2025.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
([2]) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1003 **2024/EES/25/45**

frá 23. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) er vísun í samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3])

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/201, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Hinn 28. apríl 2016 var umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Danmörku og meðskýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26). Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20) kom í stað þessarar reglugerðar en skv. 17. gr. þeirrar reglugerðar gildir hún þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 28. júní 2019. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælir skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra, hóf samráð við almenning um þau og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 02. mars 2021.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* af stofni EG2348 sem og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 5. júlí 2021 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348.

13) Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. 14. gr. með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Einkum er viðeigandi, sem varúðarnálgun fyrir vernd neytenda að því er varðar fæðu, að hafa lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

14) Til að auka traust á þeim niðurstöðum að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 hafi ekki áhrif á heilbrigði manna ætti umsækjandinn auk þess að leggja fram frekari gögn um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g.

15) Enn fremur er viðeigandi að krefjast þess að aðildarríki gefi vernd notenda og starfsmanna sérstakan gaum við mat á umsóknum um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*, DOI: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2021.6495. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([7]) var samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348, eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus thuringiensis, undirteg. *kurstaki* EG2348.	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru. Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar:

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
					— gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. kjarnaldin og grænmeti af náttskuggaætt á aldintímabili) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjaf-araðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 13. desember 2025.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu)

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 195 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„163	*Bacillus thuringiensis*, undirteg. *kurstaki* EG2348.	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 sem eru undir 10^5 CFU/g, eins og Matvælaöryggisstofnun Evrópu mælir með.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. kjarnaldin og grænmeti af náttskuggaætt á aldintímabili) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* EG2348 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 13. desember 2025.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu)“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1004 **2024/EES/25/46**

frá 23. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) er vísun í samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3])

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/201, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Hinn 30. apríl 2016 var umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Danmörku og meðskýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26). Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en skv. 17. gr. þeirrar reglugerðar gildir hún þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 11. janúar 2019. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælir skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra, hóf samráð við almenning um þau og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 16. september 2020.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* af stofni SA-11 sem og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 19. maí 2021 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11.

13) Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. 14. gr. með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Einkum er viðeigandi, sem varúðarnálgun fyrir vernd neytenda að því er varðar fæðu, að hafa lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

14) Til að auka traust á þeim niðurstöðum að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 hafi ekki áhrif á heilbrigði manna ætti umsækjandinn auk þess að leggja fram frekari gögn um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g.

15) Enn fremur er viðeigandi að krefjast þess að aðildarríki gefi vernd notenda og starfsmanna sérstakan gaum við mat á umsóknum um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([7]) var samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*, DOI: 10.2903/j.efsa.2020.6261. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11, eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus thuringiensis, undirteg. *kurstaki* SA-11.	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

					Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. kjarnaldin og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 13. desember 2025.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 195 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

„165	*Bacillus thuringiensis*, undirteg. *kurstaki* SA-11.	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, sem kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunar-skýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskil-yrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (*). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 sem eru undir 10^5 CFU/g, eins og Matvælaöryggisstofnun Evrópu mælir með.

						Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. kjarnaldin og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-11 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 13. desember 2025.

(*) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1005 **2024/EES/25/47**

frá 23. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *Kurstaki* SA-12, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) er vísun í samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3])

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/201, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Hinn 30. apríl 2016 var umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Danmörku og meðskýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26). Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20) kom í stað þessarar reglugerðar en skv. 17. gr. þeirrar reglugerðar gildir hún þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkin og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 2. apríl 2019. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælir skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra, hóf samráð við almenning um þau og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 16. september 2020.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* af stofni SA-12 sem og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 19. maí 2021 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12.

13) Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. 14. gr. með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Einkum er viðeigandi, sem varúðarnálgun fyrir vernd neytenda að því er varðar fæðu, að hafa lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

14) Til að auka traust á þeim niðurstöðum að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 hafi ekki áhrif á heilbrigði manna ætti umsækjandinn auk þess að leggja fram frekari gögn um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g.

15) Enn fremur er viðeigandi að krefjast þess að aðildarríki gefi vernd notenda og starfsmanna sérstakan gaum við mat á umsóknum um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. DOI: 10.2903/j.efsa.2020.6262. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([7]) var samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12, eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus thuringiensis, undirteg. *kurstaki* SA-12.	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — Hafa skal eins dags lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru. Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. kjarnaldin og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 13. desember 2025.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 195 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„166	*Bacillus thuringiensis*, undirteg. *kurstaki* SA-12.	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 ([2]). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 sem eru undir 10^5 CFU/g, eins og Matvæla-öryggisstofnun Evrópu mælir með.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. kjarnaldin og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* SA-12 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 13. desember 2025.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
([2]) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1021 **2024/EES/25/48**

frá 24. maí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) er vísun í samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3])

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/201, rennur út 15. ágúst 2024.

4) Hinn 30. apríl 2016 var umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Danmörku og meðskýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 137, 25.5.2023, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26). Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20) kom í stað þessarar reglugerðar en skv. 17. gr. þeirrar reglugerðar gildir hún þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 28. júní 2019. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælir skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra, hóf samráð við almenning um þau og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 2. mars 2021.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 sem og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 14. október 2022 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54.

13) Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. 14. gr. með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Einkum er viðeigandi, sem varúðarnálgun fyrir vernd neytenda að því er varðar fæðu, að hafa lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru.

14) Til að auka traust á þeim niðurstöðum að *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 hafi ekki áhrif á heilbrigði manna ætti umsækjandinn auk þess að leggja fram frekari gögn um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g.

15) Enn fremur er viðeigandi að krefjast þess að aðildarríki gefi vernd notenda og starfsmanna sérstakan gaum við mat á umsóknum um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. DOI: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2021.6496. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([7]) var samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 framlengt til 15. ágúst 2024 til að unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54, eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus thuringiensis undirteg. *kurstaki* PB 54	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 sem eru undir 10^5 CFU/g við uppskeru. Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. steinaldin og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafar-aðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 14. desember 2025.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 195 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„164	*Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54	á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2023	30. júní 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, er þess krafist að tekið sé tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012 (2). Skilyrði fyrir notkun skulu taka til eftirfarandi ráðstafana til að draga úr áhættu: — hafa skal tveggja daga lágmarkstímabil milli notkunar á plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 og uppskeru ætra plantna sem er neytt ferskra, nema fyrirliggjandi mæld eða áætluð gögn um leifar sýni gildi *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 sem eru undir 10^5 CFU/g, eins og Matvælaöryggisstofnun Evrópu mælir með. Umsækjandinn skal leggja viðbótarupplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — gögn fyrir minnst eina dæmigerða æta nytjaplöntu (t.d. steinaldin og tómata) um rýrnun þéttleika lífvænlegra gróa *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki* PB 54 á ætum plöntuhlutum frá notkun plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið til uppskeru eða þangað til gildi sem eru greind eru undir 10^5 CFU/g, þ.m.t. gögn um stöðugleika örvera við geymslu milli sýnatöku og greiningu á fjölda gróa. Umsækjandinn og skýrslugjafaraðildarríkið skulu koma sér saman um viðkomandi aðferðir og samskiptareglur eigi síðar en 14. desember 2025.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf (europa.eu).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1436 **2024/EES/25/49**

frá 10. júlí 2023

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu dímoxýstróbíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Dímoxýstróbíni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/75/EB ([3]).

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu dímoxýstróbíni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2024.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu dímoxýstróbíni var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Ungverjaland og meðskýrslugjafaraðildarríkið Írland í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/75/EB frá 11. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu dímoxýstróbíni (Stjtíð. ESB L 248, 12.9.2006, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26). Reglugerð (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en hún gildir þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 1. september 2017. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir virka efninu dímoxýstróbíni.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin hafði samráð við sérfræðinga á sviði eiturefnafræði spendýra, afdrifa og hegðunar í umhverfinu og visteiturefnafræði í janúar og júní 2022. Í kjölfar þessa samráðs tilgreindi Matvælaöryggisstofnunin áhyggjuefni, einkum í tengslum við mengun grunnvatns af völdum eiturefnafræðilega mikilvægra umbrotsefna dímoxýstróbíns.

9) Hinn 12. ágúst 2022, í ljósi áhyggna í tengslum við mengun grunnvatns sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi, óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin gæfi út yfirlýsingu sem innihéldi samantekt á öllum helstu niðurstöðum hennar að því er varðar mat á virka efninu dímoxýstróbíni í tengslum við afdrif þess í umhverfinu, hegðun þess og visteiturefnafræði.

10) Hinn 11. október 2022 sendi Matvælaöryggisstofnunin yfirlýsingu sína til framkvæmdastjórnarinnar ([6]).

11) Í yfirlýsingu sinni staðfesti Matvælaöryggisstofnunin að verulegt áhyggjuefni væri fyrir hendi varðandi alla dæmigerða notkun á virka efninu, einkum miklar líkur á mengun grunnvatns af völdum eiturefnafræðilega mikilvægra umbrotsefna dímoxýstróbíns (505M08 og 505M09) við öll landfræðileg og veðurfarsleg skilyrði sem koma fram í sviðsmyndum fyrir mat á grunnvatni.

12) Framkvæmdastjórnin lagði drög sín að endurnýjunarskýrslu um dímoxýstróbín og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 8. desember 2022 og 25. janúar 2023, eftir því sem við á.

13) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi yfirlýsingu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjandanum að leggja fram athugasemdir varðandi drögin að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

14) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi afdrif í umhverfinu, hegðun og visteiturefnafræði dímoxýstróbíns.

15) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að dímoxýstróbín uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Því er rétt að endurnýja ekki samþykkið fyrir þessu virka efni.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2022. „Statement concerning the assessment of environmental fate and behaviour and ecotoxicology in the context of the pesticides peer review of the active substance dimoxystrobin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(11): e07634 https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7634.

17) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 ([7]) er dímoxýstróbín skráð sem efni sem ráðgert er að skipta út. Í ljósi þess að samþykkið fyrir dímoxýstróbíni er ekki endurnýjað skiptir þessi skráning ekki lengur máli. Til samræmis við það ætti að fella dímoxýstróbín brott úr viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408.

18) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda dímoxýstróbín.

19) Ef aðildarríki veita frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda dímoxýstróbín ætti sá frestur ekki að vara lengur en í 12 mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

20) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/115 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir dímoxýstróbín framlengt til 31. janúar 2024 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að taka gildi fyrir þá dagsetningu.

21) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu annarrar umsóknar um samþykki fyrir dímoxýstróbíni skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu dímoxýstróbíni er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 128. lína, dímoxýstróbín, brott.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408

Færslan fyrir dímoxýstróbín í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 fellur brott.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 frá 11. mars 2015 um framkvæmd 7. mgr. 80. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um að koma á skrá yfir efni sem ráðgert er að skipta út (Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 18).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/115 frá 16. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið dímoxýstróbín (Stjtíð. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 13).

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda dímoxýstróbín sem virkt efni eigi síðar en 31. janúar 2024.

5. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 31. júlí 2024.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1446 **2024/EES/25/50**

frá 12. júlí 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, álammóníumsúlfat, álfosfíð, álsílíkat, kalsíumkarbíð, sýmoxaníl, dódemorf, etýlen, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7-C20, flónikamíð (IKI-220), gibberellsýru, gibberellín, halósúlfúrónmetýl, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfíð, maltódextrín, metamítrón, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, pýretrín, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýra, álammóníumsúlfat, álfosfíð, álsílíkat, kalsíumkarbíð, sýmoxaníl, dódemorf, etýlen, útdráttur úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7–C20, flónikamíð (IKI-220), gibberellsýra, gibberellín, halósúlfúrónmetýl, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfíð, maltódextrín, metamítrón, plöntuolía/negulolía, plöntuolía/repjuolía, plöntuolía/garðmintuolía, pýretrín, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni eru skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]).

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ([3]) samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011. Virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í B-hluta þess viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 178, 13.7.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/708 ([4]) var samþykkistímabilið fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, álammóníumsúlfat, álfosfið, álsílíkat, kalsíumkarbíð, sýmoxaníl, dódemorf, etýlen, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7–C20, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfið, metamítrón, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, pýretrín, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni framlengt til 31. ágúst 2023.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2069 ([5]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið flóníkamíð (IKI-220) framlengt til 31. ágúst 2023.

5) Samþykkið fyrir virka efninu halósúlfúrónmetýli á að renna út 30. september 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 356/2013 ([6]).

6) Samþykkið fyrir virka efninu maltódextríni á að renna út 30. september 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 355/2013 ([7]).

7) Umsóknir og viðbótarmálsskjöl fyrir endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum voru lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([8]), sem gildir áfram um þessi virku efni skv. 17. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 ([9]). Viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki lýstu því yfir að þau væru tæk.

8) Að því er varðar virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, álfosfið, kalsíumkarbíð, dódemorf, etýlen, útdrátt úr teviði, flóníkamíð (IKI-220), járnsúlfat, magnesíumfosfið, maltódextrín, metamítrón, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni hafa viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki enn ekki lokið áhættumati skv. 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

9) Að því er varðar virku efnin halósúlfúrónmetýl, vatnsrofin prótín og pýretrín þarf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) meiri tíma til að samþykkja niðurstöður og, eftir því sem við á, skipuleggja samráð við sérfræðinga. Enn fremur þarf meiri tíma til að samþykkja ákvörðun um áhættustjórnun í kjölfarið.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/708 frá 5. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, aklónífen, álammóníumsúlfat, álfosfið, álsílíkat, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kalsíumkarbíð, kaptan, sýmoxaníl, dímetómorf, dódemorf, etefón, etýlen, útdrátt úr tevið, leifar af eimaðri fitu, fitusýrur C7 til C20, flúoxastróbín, flúrklóridón, fólpet, formetanat, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfið, metam, metamítrón, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, fenmedífam, pírimífosmetýl, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól, pýretrín, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, S-metólaklór, ógreinótt fiðrildaferómón, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni (Stjtíð. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2069 frá 13. nóvember 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin flóníkamíð (IKI-220), metalaxýl, penoxsúlam og prókínasíð (Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 51).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 356/2013 frá 18. apríl 2013 um samþykki fyrir virka efninu halósúlfúrónmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2013, bls. 18).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 355/2013 frá 18. apríl 2013 um samþykki fyrir virka efninu maltódextríni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2013, bls. 14).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20).

10) Að því er varðar virka efnið sýmoxaníl óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum, skv. 3 mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með fresti til 17. júní 2024.

11) Að því er varðar virku efnin gibberellsýru og gibberellín óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum, skv. 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og lögðu umsækjendur þær fram innan gefins frests. Þó þarf meiri tíma fyrir matið og til að samþykkja tengdar niðurstöður sem og ákvörðun um áhættustjórnun í kjölfarið.

12) Matvælaöryggisstofnunin hefur lagt fram niðurstöður sínar um virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat og fitueimingarleifar. Framkvæmdastjórnin hóf umræður um þessi virku efni hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

13) Að því er varðar samþykki fyrir virku efnunum fitusýrur C7–C20 (einkum pelargónsýru) og plöntuolíu/repjuolíu lagði framkvæmdastjórnin endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um endurnýjun samþykkis fyrir þeim fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður. Meðan beðið er eftir framlagningu álits frá þessari nefnd um drögin að reglugerðunum þarf meiri tíma til að samþykkja ákvörðun um áhættustjórnun í kjölfarið.

14) Þar eð líklegt er að ekki sé unnt að taka ákvörðun um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum áður en viðkomandi samþykkistímabil þeirra renna út 31. ágúst 2023 og 30. september 2023 og viðkomandi umsækjendur ráða ekki við ástæður fyrir töfunum á málsmeðferðarreglum er varða endurnýjun ætti að framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin til að gera það kleift að ljúka mötum sem krafist er og ljúka reglunefndarmeðferð við ákvarðanatöku fyrir viðkomandi umsóknir um endurnýjun á samþykki.

15) Þar eð viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki hafa enn ekki lokið áhættumati og í ljósi þess tíma sem eftir stendur, sem er nauðsynlegur til að ljúka hverju endurnýjunarferli fyrir sig, ætti að fastsetja tímalengd framlengingar fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, álfosfíð, kalsíumkarbíð, dódemorf, etýlen, flóníkamíð (IKI-220), járnsúlfat, magnesíumfosfíð, metamítrón, súlkótríón og þvagefni við þrjátíu og níu mánuði, fyrir virku efnin útdrátt úr teviði, maltódextrín, plöntuolíu/negulolíu og plöntuolíu/garðmintuolíu við tuttugu og níu mánuði og fyrir virka efnið tebúkónasól við þrjátíu og fimm og hálfan mánuð.

16) Þar eð Matvælaöryggisstofnunin þarf meiri tíma til að samþykkja niðurstöðu og, eftir því sem við á, að skipuleggja samráð við sérfræðinga ætti að fastsetja tímalengd framlengingar fyrir virku efnin vatnsrofin prótín og pýretrín við nítján og hálfan mánuð og þrjátíu og þrjá og hálfan mánuð, eftir því sem við á. Einkum, þar sem Matvælaöryggisstofnunin óskaði eftir viðbótarupplýsingum að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í lið 3.6.5 og 3.8.2. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, er tímalengd framlengingar fyrir virka efnið sýmoxaníl fastsett við þrjátíu og fimm og hálfan mánuð og með tilliti til þess að meiri tíma þarf fyrir matið á virku efnunum gibberellsýru og gibberellíni ætti að fastsetja tímalengd framlengingar við tuttugu og tvo og hálfan mánuð.

17) Samkvæmt lið 3.6.4 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 skal eingöngu samþykkja virkt efni ef það er ekki eða hefur ekki verið flokkað í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([10]) sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B nema váhrif á menn af völdum efnisins í plöntuverndarvöru við raunhæf tillögð notkunarskilyrði séu óveruleg. Eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skal, við mat á virka efninu, fyrst ákvarða hvort viðmiðanir fyrir samþykki, sem settar eru fram í liðum 3.6.2 til 3.6.4 og 3.7 í II. viðauka, eru uppfylltar. Í ljósi framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/217 ([11]), um breytingu á VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, þar sem halósúlfúrónmetýl er flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B ætti að fastsetja tímalengd framlengingar fyrir virka efnið við átján mánuði.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/217 frá 4. október 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum og um leiðréttingu á þeirri reglugerð (Stjtíð. ESB L 44, 18.2.2020, bls. 1).

18) Þar eð beðið er eftir áliti frá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður ætti að fastsetja tímalengd framlengingar fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat, fitueimingarleifar, fitusýrur C7–C20 og plöntuolíu/repjuolíu við fimmtán og hálfan mánuð.

19) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

20) Ef framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir virku efni sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 218, ediksýra, kemur „30. nóvember 2026“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 219, álammóníumsúlfat, kemur „ 15. desember 2024“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 220, álsílíkat, kemur „15. desember 2024“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 223, kalsíumkarbíð, kemur „30. nóvember 2026“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 227, etýlen, kemur „30. nóvember 2026“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 228, útdráttur úr teviði, kemur „31. janúar 2026“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 229, fitueimingarleifar, kemur „ 15. desember 2024“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 230, fitusýrur C7 til C20, kemur „ 15. desember 2024“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 232, gibberellsýra, kemur „15. júlí 2025“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 233, gibberellín, kemur „15. júlí 2025“.

11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 234, vatnsrofin prótín, kemur „15. apríl 2025“.

12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 235, járnsúlfat, kemur „30. nóvember 2026“.

13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 241, plöntuolíur/negulolía, kemur „ 31. janúar 2026“.

14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 242, plöntuolíur/repjuolía, kemur „ 15. desember 2024“.

15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 243, plöntuolíur/garðmintuolía, kemur „ 31. janúar 2026“.

16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 246, pýretrín, kemur „15. júní 2026“.

17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 257, þvagefni, kemur „30. nóvember 2026“.

18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 260, álfosfíð, kemur „30. nóvember 2026“.

19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 262, magnesíumfosfíð, kemur „ 30. nóvember 2026“.

20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 263, sýmoxaníl, kemur „15. ágúst 2026“.

21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 264, dódemorf, kemur „30. nóvember 2026“.

22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 265, 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, kemur „ 30. nóvember 2026“.

23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 266, metamítrón, kemur „30. nóvember 2026“.

24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 267, súlkótríón, kemur „30. nóvember 2026“.

25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 268, tebúkónasól, kemur „15. ágúst 2026“.

26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 305, flóníkamíð (IKI-220), kemur „ 30. nóvember 2026“.

2. Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, halósúlfúrónmetýl, kemur „31. mars 2025“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 44, maltódextrín, kemur „28. febrúar 2026“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1447 **2024/EES/25/51**

frá 12. júlí 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virku efnin *Bacillus pumilus* QST 2808 og penflúfen (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem voru samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 ([3]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið *Bacillus pumilus* QST 2808 framlengt frá 31. ágúst 2024 til 31. ágúst 2025 og samþykkistímabilið fyrir virka efnið penflúfen framlengt frá 31. janúar 2024 til 31. maí 2025 til að tryggja jafna skiptingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafar- og meðskýrslugjafaraðildarríkja, með tilliti til úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat á endurnýjun og taka ákvarðanir.

3) Engin umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum var lögð fram í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 ([4]).

4) Framlenging á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus pumilus* QST 2808 og penflúfen, sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2007, er ekki lengur réttlætanleg. Því er rétt að kveða á um að samþykki fyrir þessum efnum falli úr gildi á þeirri dagsetningu sem það hefði fallið úr gildi án framlengingarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 178, 13.7.2023, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 frá 8. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 1,4-dímetýlnaftalín, 6-bensýladenín, asekínósýl, *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru, álsúlfat, amísúlbróm, *Aureobasidium pullulans* (stofnum DSM 14940 og DSM 14941), asadíraktín, *Bacillus pumilus* QST 2808, benalaxýl-M, bixafen, búpírímat, *Candida oleophila* af stofni O, klórantranilípról, dínatríumfosfónat, díþíanón, dódín, emamektín, flúbendíamíð, flúómetúrón, flúxapýroxað, flútríafól, hexýþíasox, ímasamox, ipkónasól, ísoxaben, L-askorbínsýru, brennisteinskalk, appelsínuolíu, *Paecilomyces fumosoroseu*s af stofni FE 9901, pendímetalín, penflúfen, penþíópýrað, kalsíumfosfónat, prósúlfúrón, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýridalýl, pýríófenón, pýroxsúlam, kínmerak, S-absisínsýru, sedaxan, sintófen, natríumsilfurþíósúlfat, spínetóram, spírótetramat, *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, táflúvalínat, tebúfenósíð, tembótríón, þíenkarbasón, valífenalat og sinkfosfíð (Stjtíð. ESB L 414, 9.12.2020, bls. 10).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20).

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í færslu 55, penflúfen, kemur „31. janúar 2024“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í færslu 75, *Bacillus pumilus* QST 2808, kemur „ 31. ágúst 2024“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1488 **2024/EES/25/52**

frá 6. júlí 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kvarssandi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kvarssandi var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]).

2) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu kvarssandi, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. ágúst 2023 ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 20.7.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/708 frá 5. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, aklónífen, álammóníumsúlfat, álfosfið, álsílíkat, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kalsíumkarbíð, kaptan, sýmoxaníl, dímetómorf, dódemorf, etefón, etýlen, útdrátt úr tevið, leifar af eimaðri fitu, fitusýrur C7 til C20, flúoxastróbín, flúrklóridón, fólpet, formetanat, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfið, metam, metamítrón, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, fenmedífam, pírimífosmetýl, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól, pýretrín, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, S-metólaklór, ógreinótt fiðrildaferómón, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni (Stjtíð. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 1).

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu kvarssandi var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Lettland og meðskýrslugjafaraðildarríkið Rúmeníu í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([6]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjendurnir lögðu einnig viðbótarmálsskjölin sem krafist er með 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 2. mars 2021. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir kvarssandi.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([7]), sem benda til þess að búast megi við að kvarssandur uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 16. ágúst 2022.

9) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu að því er varðar kvarssand og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 8. desember 2022 og 25. maí 2023, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið kvarssand, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að kvarssandur sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Kvarssandur er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir kvarssandi sem áhættulitlu virku efni.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar og niðurstaðna úr áhættumatinu, er þó nauðsynlegt að fastsetja lágmarkshreinleika fyrir kvarssand og hámarksmagn fyrir framleiddu óhreinindin kristallaða kísl sem hægt er að anda að sér (SiO2) með þvermál sem nemur ≤ 10 μm til að efla öryggi virka efnisins sem nota á í plöntuverndarvörur.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([7]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2022. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance quartz sand.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(9), 7552, 37 bls., doi:10.2903/j.efsa.2022.7552.

16) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir kvarssandi rennur út.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu kvarssandi, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Kvarssandur (almennt ISO-heiti er ekki til) 1) 7631-86-9 (CAS) 2) 14808-60-7 (CAS) 855 (CIPAC) [*Hingað til hafa þau verið tilgreind sem*: CAS-nr.: 14808-60-7 CIPAC-nr. ekki úthlutað]	1) Kísildíoxíð 2) Kvars	915 g/kg Óhreinindin kristölluð kísl með þvermál agna ≤ 10 µm eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og skulu ekki fara yfir 0,1% af ögnum í tæknilega efninu.	1. september 2023	31. ágúst 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunar-skýrslunni um kvarssand, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 247 um kvarssand brott.

2) Í D-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„44	Kvarssandur (almennt ISO-heiti er ekki til) 1) 7631-86-9 (CAS) 2) 14808-60-7 (CAS) 855 (CIPAC) [*Hingað til hafa þau verið tilgreind sem*: CAS-nr.: 14808-60-7 CIPAC-nr. ekki úthlutað]	1) Kísildíoxíð 2) Kvars	915 g/kg Óhreinindin kristölluð kísl með þvermál agna ≤ 10 μm eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og skulu ekki fara yfir 0,1% af ögnum í tæknilega efninu.	1. september 2023	31. ágúst 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um kvarssand, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/543 **2024/EES/25/53**

frá 9. mars 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar úthlutun til aðildarríkjanna á mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ([2]) er mati á virkum efnum úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun. Þar eð mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á tímabilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035, hefur ekki enn verið úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis eða meðskýrslugjafaraðildarríkis er rétt að slík úthlutun fari fram nú.

2) Úthlutunin ætti að vera með þeim hætti að tryggt sé að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.

3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 73, 10.3.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012, bls. 5).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er eftirfarandi E-hluta bætt við:

„E-HLUTI

Úthlutun á mati á virkum efnum sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
1-metýlsýklóprópen	DE	EL
2,4-D	DE	EL
2,4-DB	EL	IE
ABE-IT 56	FR	PT
Asetamípríð	DE	ES
Asíbensólar-S-metýl	ES	BE
Ampelomyces quisqualis af stofni AQ10	SE	NL
Bacillus amyloliquefaciens af stofni FZB24	DE	AT
Bacillus subtilis af stofni IAB/BS03	ES	AT
Beauveria bassiana af stofni 203	DK	NL
Beauveria bassiana af stofni IMI389521	SE	NL
Beauveria bassiana af stofni PPRI 5339	SE	NL
Bensósýra	HU	CZ
Karfentrasónetýl	FR	DE
Karvón	IT	NL
Serevísan	ES	DE
Clonostachys rosea af stofni J1446	HU	AT
Coniothyrium minitans af stofni CON/M/91-08	AT	EE
COS-OGA	FR	HR
Sýhalóföpbútýl	CZ	BE
Sýpermetrín	CZ	DE
Dímetenamíð-P	BE	DE
Etófúmesat	AT	FI
Fenhexamíð	BE	CZ
Járnfosfat	PL	DK
Ferrípýrófosfat	CZ	FR
Flasasúlfúrón	ES	PL
Flórasúlam	CZ	FR
Flórpýráxifenbensýl	FR	IT
Flútíaníl	DE	EL
Foramsúlfúrón	FR	SK
Forklórfenúrón	ES	BE

Joðsúlfúrón	BE	FR
Ípróvalíkarb	SE	LV
Isaria fumosorosea af stofni Apopka 97	NL	AT
Ísoxaflútól	SE	BE
Lamínarín	EL	FR
Lavandúlýlsenesíóat	SE	NL
Malínhýdrasíð	SI	IT
Mefentríflúkónasól	ES	FR
Mesósúlfúrón	PL	SE
Mesótríón	NL	SK
Metalaxýl-M	DE	EL
Vægt pepínómósaíkveirueinangur VC1	FR	DE
Vægt pepínómósaíkveirueinangur VX1	FR	DE
Pasteuria nishizawae Pn1	NL	DK
Pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906	FI	BE
Petoxamíð	AT	FR
Phlebiopsis gigantea af stofni FOC PG 410.3	EE	FI
Phlebiopsis gigantea af stofni VRA 1835	EE	FI
Phlebiopsis gigantea af stofni VRA 1984	EE	FI
Píkólínafen	LT	IT
Própoxýkarbasón	SE	BE
Pýraflúfenetýl	DE	FR
Pýridat	AT	DE
Pýriproxýfen	ES	BE
Saccharomyces cerevisiae af stofni LAS02	EL	AT
Silþíófam	NL	IE
Natríumvetniskarbónat	AT	FR
Súlfósúlfúrón	IE	SE
Þíabendasól	NO	ES
Þífensúlfúrónmetýl	FR	DK
Tólklófosmetýl	FI	SE
Tríbenúrón	FR	SE
Trichoderma atroviride af stofni SC1	SI	NL
Trífloxýstróbín	HR	DE
Verticillium albo-atrum af stofni WCS850	NL	SE
Soxamíð	BE	PL“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/448 **2024/EES/25/54**

frá 1. mars 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/574 um tæknistaðla til að koma á fót og starfrækja rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB ([1]), einkum 11. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/574 ([2]) eru settar fram reglur um að koma á fót og starfrækja rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur Rekjanleikakerfið miðar að því að veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni skilvirkt tæki sem gerir það kleift að rekja feril og slóð tóbaksvara í gervöllu Sambandinu og að sanngreina sviksamlega starfsemi sem leiðir til þess að ólöglegar vörur eru boðnar neytendum til sölu.

2) Að því er þetta varðar gegna starfsreglur um rekjanleikakerfið mikilvægu hlutverki við að tryggja að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin fái þau gögn sem þau þurfa til að tryggja eðlilega starfsemi tóbaksrekjanleikakerfisins og stjórn á beitingu löggjafarinnar um rekjanleika tóbaksvara sem og til að framfylgja þessari löggjöf eftir því sem við á.

3) Rekjanleikakerfið sem komið var á fót í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/574 var tekið í notkun 20. maí 2019 til að safna gögnum um flutning tóbaksvara og viðskiptagögnum. Reynslan af framkvæmd þess hefur sýnt enn frekar fram á mikilvægi mikilla gæða, nákvæmni, heilleika og sambærileika gagnanna sem skal skrá og senda tímanlega inn í kerfið.

4) Í skýrslu sinni um beitingu tilskipunar 2014/40/ESB frá 20. maí 2021 ([3]) lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu í verulegum vandræðum með gæði rekjanleikagagna, t.d. í tengslum við virðisaukaskattsnúmer, upplýsingar um framleiðsluvélar eða upplýsingar um síðasta flutning á vörum til smásölustaða. Einkum ætti að breyta gildandi skilgreiningu á vélum til að endurspegla mismunandi samskipan véla, sem eru notaðar í geiranum, og bregðast við lélegum gæðum upplýsinga um vélarnar Í skýrslunni var einnig komist að þeirri niðurstöðu að gæði gagna séu enn nauðsynleg til að framfylgja löggjöfinni um rekjanleika tóbaksvara og til að ná að fullu markmiðunum með rekjanleikakerfinu.

5) Samræður milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, sem hafa átt sér stað reglulega innan ramma undirhóps sérfræðinga um rekjanleika og öryggisþætti (e. *Expert Subgroup on Traceability and Security Features*), hafa sýnt enn frekar fram á að einungis traust og heil gögn af miklum gæðum geta tryggt að fullu starfhæft og árangursríkt rekjanleikakerfi. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin verða að vera búin skilvirkum greiningartækjum og tæknilegum lausnum til að vakta og nota þessi gögn, einkum nauðsynlegu viðmóti sem gerir þeim kleift að hafa aðgang að og leita í gögnum sem eru geymd í gagnahirslukerfinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 65, 2.3.2023, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/574 frá 15. desember 2017 um tæknistaðla til að koma á fót og starfrækja rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur (Stjtíð. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 7).

([3]) Skýrsla frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar um beitingu tilskipunar 2014/40/ESB varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum, COM(2021) 249 lokagerð.

6) Á grundvelli fenginnar reynslu og þekkingar er þörf á að breyta tilteknum tæknireglum sem mælt er fyrir um með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/574 til að auðvelda skýrslugjöfina fyrir alla aðila sem eiga aðild að viðskiptum með tóbaksvörur, styrkja góðar starfsvenjur með tilliti til gagnastjórnunar og -greiningar og þar með að bæta starfsemi rekjanleikakerfisins fyrir tóbaksvörur. Þessar tæknireglur varða starfrækslu mismunandi íhluta gagnahirslukerfisins, verkefni útgefenda auðkenna og verklagsreglur sem þeir skulu fylgja, sem og gagnaskilaaðgerðir rekstraraðila og tæknileg tól sem eru aðgengileg fyrir aðildarríkin í tengslum við framkvæmdarskyldur þeirra, einkum allt aðgangsviðmót, þ.m.t. fyrir færanlegar skoðanir.

7) Með breytingunum er tekið á nokkrum undantekningum og sérstökum tilvikum sem komu upp eftir að rekjanleikakerfið var innleitt, þ.m.t. tilvist rekstraraðila sem eiga einungis aðild að viðskiptastarfsemi sem er ótengd birgðastjórnun, þátttaka aðila utan ESB í aðfangakeðju ESB, að til er aðstaða sem sameinar hlutverk heildsölu og smásölu, tilvik þar sem auðkenni tapast, tilvik þar sem stolnar vörur eru endurheimtar, upplýsingatækniatvik sem kalla á endurvinnslu gagna og tilvist ódæmigerðra viðtökustaða sem eru ótengdir viðskiptum, s.s. rannsóknarstofur eða úrgangsförgunarmiðstöðvar. Raunveruleg starfræksla rekjanleikakerfisins hjálpaði einnig til við að fá betri mynd af stærð gagnamengja sem eru geymd og unnin í gagnahirslukerfinu sem kallar síðan á tilteknar breytingar á reglunum sem varða möguleika og eiginleika gagnahirslukerfisins og verkefni veitanda aukagagnahirslunnar.

8) Í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/574 eru settar fram málsmeðferðarreglur vegna vals á rekstraraðila aðalgagnahirslu og aukagagnahirslu. Til að tryggja samræmi í því hvernig fyrirtækjasamstæða og innflytjendur og framleiðendur utan Sambandsins senda tilkynningar um deili á tillögðum veitanda til framkvæmdastjórnarinnar og hvernig viðkomandi gagnageymslusamningar eru undirritaðir þykir rétt að skýra nánar tilteknar reglur um framlagningu tilkynninga og undirritun gagnageymslusamninga. Þar eð rýmkun tóbaksrekjanleikakerfisins þannig að það taki til allra tóbaksvara, eins og gert er ráð fyrir í 13. mgr. 15. gr. tilskipunar 2014/40/ESB, getur aukið fjölda þessara tilkynninga og gagnageymslusamninga er þar að auki einnig nauðsynlegt að mæla fyrir um frekari upplýsingar um málsmeðferðina vegna samþykkis fyrir breytingum á lykilþáttum gagnageymslusamninga, þ.m.t. að það komi skýrt fram að framkvæmdastjórnin hafi möguleika á að samþykkja slíkar breytingar óbeint.

9) Einnig þykir rétt að breyta tímabilinu þegar samningar milli hvers veitanda aðalgagnahirslu og veitanda aukagagnahirslu skulu undirritaðir og lagðir fyrir framkvæmdastjórnina til að tryggja að þessir aðilar hafi nægan tíma til að fara að skuldbindingum sínum. Að því er varðar kröfurnar sem gilda um málsmeðferð sem varðar uppsögn samningssambands milli framkvæmdastjórnarinnar og veitanda aukagagnahirslu er nauðsynlegt að mæla fyrir um frekari upplýsingar um uppsagnarfrest sem veitandi aukagagnahirslunnar verður að virða þannig að rekstrarsamfella og óslitið flæði gagna séu að fullu tryggð í kerfinu.

10) Bókunin við rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir um að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með tóbaksvörur ([4]), þar sem kveðið er á um pakka ráðstafana sem aðilarnir eiga að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með tóbaksvörur, öðlaðist gildi 25. september 2018. Rétt þykir að rekjanleikakerfið sem komið var á fót í ESB sé uppfært til samræmis við tækniþróun að því er varðar að koma á fót hnattrænu fyrirkomulagi til að rekja feril og slóð.

11) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/574 til samræmis við það.

12) Sum ákvæði þessarar reglugerðar ættu að taka gildi eftir að reglugerðin öðlast gildi til að gera útgefendum auðkenna, sem og veitendum gagnahirslnaþjónustu og búnaðar gegn óheimilum breytingum og öðrum rekstraraðilum, kleift að undirbúa sig fyrir kröfurnar sem eru innleiddar með þessum ákvæðum.

([4]) Bókun við rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir um að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með tóbaksvörur (Stjtíð. ESB L 268, 1.10.2016, bls. 1).

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 25. gr. tilskipunar 2014/40/ESB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/574 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB, er merking eftirfarandi hugtaka í þessari reglugerð sem hér segir:

1) „einkvæmt auðkenni“: alstafakóði sem gerir það kleift að bera kennsl á einingarpakka eða heildarpakkningar tóbaksvara,

2) „rekstraraðili“: sérhver einstaklingur eða lögaðili sem á aðild að viðskiptum með tóbaksvörur, þ.m.t. til útflutnings, frá framleiðanda til síðasta rekstraraðila fyrir fyrsta smásölustað,

3) „fyrsti smásölustaður“: aðstaðan þar sem tóbaksvörurnar eru settar á markað í fyrsta sinn, þ.m.t. sjálfsalar sem eru notaðir til að selja tóbaksvörur,

4) „útflutningur“: flutningur frá Sambandinu til þriðja lands,

5) „heildarpakkningar“: sérhverjar umbúðir sem innihalda meira en einn einingarpakka með tóbaksvörum,

5a) „sundurtekning heildarpakkningar“: öll sundurhlutun heildarpakkningar tóbaksvara,

6) „aðstaða“: sérhver staðsetning, bygging, skrifstofa eða sjálfsali þar sem tóbaksvörur eru framleiddar, geymdar, meðhöndlaðar birgðalega séð eða fjárhagslega eða settar á markað,

7) „búnaður gegn óheimilum breytingum“: búnaður sem gerir það kleift að skrá sannprófunarferlið, eftir að einkvæmt auðkenni á einingu er sett á, með myndbandi eða aðgerðaskrá sem rekstraraðilinn getur ekki breytt eftir að skráning hefur farið fram,

8) „einfaldar utankerfisskrár“: rafrænar skrár sem hver útgefandi auðkennis kemur á fót og viðheldur, sem innihalda gögn á einföldu textasniði sem gera það kleift að draga út upplýsingar, sem eru dulkóðaðar í einkvæmu auðkennin (að undanskildum tímastimplum) sem eru notuð á einingarpakka og heildarpakkningar, án þess að fara inn í gagnahirslukerfið,

9) „skrá“: skrá, sem hver útgefandi auðkennis kemur á fót og viðheldur, um alla auðkenniskóða sem eru búnir til fyrir rekstraraðila, stjórnendur fyrstu smásölustaða, aðstöðu og vélar ásamt samsvarandi upplýsingum,

10) „gagnaberi“: beri sem sýnir gögn á formi sem er læsilegt með aðstoð tækis,

11) „vél“: samsetning vélbúnaðar sem er notaður við framleiðslu á tóbaksvörum og er óaðskiljanleg framleiðsluferlinu,

11a) „vélarhluti“: sanngreinanlegur fastur eða færanlegur hluti af vél, að því tilskildu að slíkur hluti myndi heila einingu. Hægt er að nota færanlegan hluta í eina eða fleiri vélar, samtímis eða til skiptis,

12) „tímastimpill“: dagsetning og tími þegar tiltekinn atburður gerist og er skráður á alheimstíma á sniði sem mælt er fyrir um,

13) „aðalgagnahirsla“: gagnahirsla sem geymir gögn um rekjanleika, sem tengjast einungis vörum tiltekins framleiðanda eða innflytjanda,

14) „aukagagnahirsla“: gagnahirsla sem inniheldur afrit af öllum gögnum um rekjanleika sem eru geymd í aðalgagnahirslunum,

15) „beinir“: tæki sem komið er upp innan aukagagnahirslu, sem flytur gögn milli mismunandi íhluta gagnahirslukerfisins,

16) „gagnahirslukerfi“: kerfi sem samanstendur af aðalgagnahirslum, aukagagnahirslu og beini,

17) „sameiginlegt gagnalýsingasafn“: safn upplýsinga sem lýsa innihaldi, sniði og samsetningu gagnagrunns og sambandinu milli hluta hans, sem er notað til að stjórna aðgangi að og meðhöndla gagnagrunna sem eru sameiginlegir fyrir allar aðalgagnahirslur og aukagagnahirslur,

18) „virkur dagur“: sérhver vinnudagur í því aðildarríki sem útgefandi auðkennis er til þess bær að vinna í,

19) „umferming“: sérhver tilfærsla á tóbaksvörum frá einu ökutæki yfir í annað og á meðan fara tóbaksvörurnar ekki inn í eða út úr aðstöðu,

20) „sölubifreið“: ökutæki sem er notað til að afhenda tóbaksvörur til margra smásölustaða í magni sem er ekki ákvarðað fyrir fram fyrir afhendinguna.

21) „upplýsingatæknibjónustuveitandi“: þjónustuveitandi sem rekstraraðili felur það verkefni að senda upplýsingar um flutninga á vörum og viðskiptaupplýsingar til gagnahirslukerfisins.“

2) Í stað 9. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„9. Útgefanda auðkennis er heimilt að koma á og innheimta gjöld af rekstraraðilum til að búa til einkvæm auðkenni og gefa þau út. Gjöldin eiga að vera án mismununar, byggjast á kostnaði og í réttu hlutfalli við fjölda einkvæmra auðkenna, sem eru búin til og gefin út til rekstraraðila, að teknu tilliti til afhendingarmáta. Gjöldin geta endurspeglað allan fastan og breytilegan kostnað útgefanda auðkennis við að uppfylla kröfur sínar samkvæmt þessari reglugerð.“

3) Í stað 2. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ferlið, sem um getur í 1. mgr., skal verndað með búnaði gegn óheimilum breytingum, sem óháður þriðji aðili lætur í té og setur upp, og aðilinn skal leggja yfirlýsingu þess efnis, fyrir viðkomandi aðildarríki og framkvæmdastjórnina, að uppsettur búnaður uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð. Skráin sem tækið býr til skal færa sönnur á rétta ásetningu og læsileika hvers einkvæms auðkennis á einingu. Tækið skal tryggja að ef einhverju er sleppt í merkingarferlinu, sem um getur í 6. gr., sé það skráð.“

4) Í stað 2. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Útgefendur auðkenna skulu bera ábyrgð á að búa til kóða sem samanstendur af þeim þáttum sem eru taldir upp í a-, b- og c-lið 1. mgr.

Útgefendur auðkenna skulu taka saman leiðbeiningar um dulkóðun og afkóðun einkvæmra auðkenna á einingar og gera þær aðgengilegar öllum í samræmi við III. viðauka.“

5) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framleiðendur og innflytjendur skulu senda beiðni um einkvæmt auðkenni á einingu, sem um getur í 8. gr., til til þess bærs útgefanda auðkenna og samsvarandi kóða, sem fólk getur lesið, sem um getur í 23. gr. Beiðnirnar skulu settar inn rafrænt í samræmi við 36. gr.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Útgefandi auðkennis skal, innan tveggja virkra daga frá móttöku beiðninnar og í þeirri röð sem hér segir:

a) búa til kóðana sem um getur í 2. mgr. 8. gr. og samsvarandi kóða, sem fólk getur lesið, sem um getur í 23. gr.,

b) senda bæði kóðasettin ásamt upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr., gegnum beini í aðalgagnahirslu framleiðandans eða innflytjandans sem leggur beiðnina fram, eins og komið er á skv. 26. gr., og

c) senda bæði kóðasettin rafrænt til framleiðandans eða innflytjandans sem lagði beiðnina fram.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Þó getur aðildarríki farið þess á leit við útgefendur auðkenna að þeir bjóði afhendingu einkvæms auðkennis á einingu á áþreifanlegu formi í stað rafrænnar afhendingar. Í tilvikum þar sem boðið er upp á afhendingu einkvæms auðkennis á einingu á áþreifanlegu formi skulu framleiðendur og innflytjendur tilgreina hvort farið sé fram á slíka afhendingu. Í því tilviki skal útgefandi auðkennis, innan 10 virkra daga frá móttöku beiðninnar og í eftirfarandi röð:

a) búa til kóðana sem um getur í 2. mgr. 8. gr. og samsvarandi kóða, sem fólk getur lesið, sem um getur í 23. gr.,

b) senda bæði kóðasettin ásamt upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr., gegnum beini í aðalgagnahirslu framleiðandans eða innflytjandans sem lagði beiðnina fram, eins og komið er á skv. 26. gr.,

c) senda bæði kóðasettin rafrænt til framleiðandans eða innflytjandans sem lagði beiðnina fram,

d) senda bæði kóðasettin til framleiðandans eða innflytjandans, sem lagði beiðnina fram, í formi ljósfræðilegs strikamerkis (e. *optical barcode*), sem er í samræmi við 21. gr., sem sett er á filmugrunna, s.s. límmiða.“

6) Í stað 2. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Útgefendur auðkenna skulu bera ábyrgð á að búa til kóða sem samanstendur af þeim þáttum sem eru taldir upp í a-, b- og c-lið 1. mgr.

Útgefendur auðkenna skulu taka saman leiðbeiningar um dulkóðun og afkóðun einkvæmra auðkenna á heildarumbúðir og gera þær aðgengilegar öllum.“

7) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Rekstraraðilar og stjórnendur fyrstu smásölustaða skulu sækja um einn auðkenniskóða rekstraraðila hjá til þess bærum útgefanda auðkennis í sérhverju aðildarríki þar sem þeir starfrækja a.m.k. eina aðstöðu. Innflytjendur skulu einnig sækja um auðkenniskóða hjá til þess bærum útgefanda auðkennis í sérhverju aðildarríki þar sem þeir setja vörur sínar á markað.

Rekstraraðilar sem stjórna sjálfstæðum vörugeymslum sem eru ekki staðsettar í Sambandinu og sem meðhöndla vörur, sem eru framleiddar í Sambandinu og ætlaðar á markaði Sambandsins, sem fara í gegnum þriðju lönd geta sótt um auðkenniskóða rekstraraðila hjá útgefanda auðkennis sem er til þess bær fyrir aðildarríkið þar sem stærsti hluti varanna, sem þessir rekstraraðilar meðhöndla, er settur á markað.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Viðkomandi stjórnandi skal tafarlaust tilkynna útgefanda auðkennis um allar breytingar á upplýsingunum, sem lagðar voru fram á upphaflegu umsóknareyðublaði, og um hvers konar stöðvun á starfsemi stjórnandans, á sniðinu sem er tilgreint í liðum 1.2 og 1.3 í 1. hluta II. kafla II. viðauka, til samræmis við það. Ef stjórnandinn er ekki lengur til skal útgefandi auðkennis afskrá auðkenniskóða rekstraraðilans.

Afskráning auðkenniskóða rekstraraðila skal leiða til sjálfvirkrar afskráningar útgefanda auðkennis á tengdum auðkenniskóðum aðstöðu og auðkenniskóðum véla.“

8) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Útgefandi auðkennisins skal senda kóðann til stjórnandans, sem lagði beiðnina fram, innan tveggja virkra daga.

Ef stjórnandinn sem leggur beiðnina fram er framleiðandi eða innflytjandi skal hann, innan tveggja virkra daga frá viðtöku kóðans, senda kóðann áfram, ásamt upplýsingum um aðalgagnahirslu sína sem komið var á fót í samræmi við 26. gr., til stjórnanda aukagagnahirslunnar.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Allar upplýsingar, sem lagðar eru fyrir útgefanda auðkennis í samræmi við 2. mgr. 14. gr., og samsvarandi auðkenniskóðar skulu vera hluti af skrá sem til þess bær útgefandi auðkennis skal koma á fót, stjórna og halda uppfærðri. Til þess bær útgefandi auðkennis skal halda skrá yfir upplýsingarnar sem eru geymdar í skránni svo lengi sem rekjanleikakerfið er í notkun.“

9) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Öll aðstaða, frá framleiðslu að fyrsta smásölustað, skal auðkennd með einum kóða (auðkenniskóði aðstöðu) sem útgefandi auðkennis, sem er til þess bær fyrir yfirráðasvæðið þar sem aðstaðan er staðsett, býr til.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal fyrsti smásölustaður, sem er samþættur aðstöðu sem er ekki smásala, auðkenndur með aðskildum auðkenniskóða aðstöðu sem samsvarar hlutverki hans.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Rekstraraðilar og stjórnendur fyrstu smásölustaða skulu sækja um auðkenniskóða aðstöðu og láta útgefanda auðkennis í té upplýsingarnar, sem eru taldar upp í lið 1.4 í 1. hluta II. kafla II. viðauka, á sniðinu sem þar er tilgreint.

Rekstraraðilar sem stjórna sjálfstæðum vörugeymslum sem eru ekki staðsettar í Sambandinu og sem meðhöndla vörur, sem eru framleiddar í Sambandinu og ætlaðar á markaði Sambandsins, sem fara í gegnum þriðju lönd geta sótt um auðkenniskóða aðstöðu fyrir sjálfstæða vörugeymslu, sem er staðsett í þriðja landi, hjá útgefanda auðkennis sem er til þess bær fyrir aðildarríkið þar sem stærsti hluti varanna, sem þessir rekstraraðilar meðhöndla, er settur á markað. Í þessu skyni skulu þeir veita útgefanda auðkennis upplýsingarnar, sem eru taldar upp í lið 1.4 í 1. hluta II. kafla II. viðauka, á sniðinu sem þar er tilgreint.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Rekstraraðilinn skal tafarlaust tilkynna útgefanda auðkennis um allar breytingar á upplýsingunum, sem lagðar voru fram á upphaflegu umsóknareyðublaði, og um hvers konar lokun aðstöðu, á sniðinu sem er tilgreint í liðum 1.5 og 1.6 í 1. hluta II. kafla II. viðauka.

Afskráning auðkenniskóða aðstöðu skal leiða til sjálfvirkrar afskráningar útgefanda auðkennis á tengdum auðkenniskóðum véla.“

10) Í stað 3. mgr. 17. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Allar upplýsingar, sem lagðar eru fyrir útgefanda auðkennis í samræmi við 2. mgr. 16. gr., og samsvarandi auðkenniskóðar skulu vera hluti af skrá sem til þess bær útgefandi auðkennis skal koma á fót, stjórna og halda uppfærðri. Til þess bær útgefandi auðkennis skal halda skrá yfir upplýsingarnar sem eru geymdar í skránni svo lengi sem rekjanleikakerfið er í notkun.“

11) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Hver vél og vélarhluti skulu auðkennd með einum kóða (auðkenniskóði vélar), sem útgefandi auðkennis, sem er til þess bær fyrir yfirráðasvæðið þar sem vélin er staðsett, býr til.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Sú skylda að sækja um auðkenniskóða vélar fyrir vélar og vélarhluta sem eru staðsett í framleiðsluaðstöðu utan Sambandsins skal hvíla á innflytjandanum sem er með staðfestu innan Sambandsins. Innflytjandinn skal sækja um hjá hvaða útgefanda auðkennis sem er sem aðildarríkið, þar sem hann setur vörur sínar á markað, hefur tilnefnt. Skráning af hálfu innflytjandans skal háð samþykki aðilans sem ber ábyrgð á framleiðsluaðstöðu þriðja landsins. Innflytjandinn skal upplýsa rekstraraðilann, sem ber ábyrgð á framleiðsluaðstöðu þriðja landsins, um allar upplýsingar varðandi skráninguna, þ.m.t. úthlutaður auðkenniskóði vélar.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal tafarlaust tilkynna útgefanda auðkennis um allar breytingar á upplýsingunum, sem lagðar voru fram á upphaflegu umsóknareyðublaði, og um hvers konar úreldingu á skráðum vélum og vélarhlutum, á sniðinu sem er tilgreint í liðum 1.8 og 1.9 í 1. hluta II. kafla II. viðauka.

Framleiðendur og innflytjendur skulu annast allar nauðsynlegar breytingar á upplýsingunum sem voru lagðar fram á upphaflegu umsóknareyðublöðunum til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar um vélarhluta sem útheimta auðkenniskóða vélar fyrir 20. maí 2024. Breytingarnar skulu gerðar á sniðinu sem er tilgreint í lið 1.8 í 1. hluta II. kafla II. viðauka. Þessi krafa gildir einnig um upplýsingar um vélar sem innihalda enga vélarhluta sem er hægt að sanngreina sérstaklega.“

12) Í stað 3. mgr. 19. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Allar upplýsingar, sem lagðar eru fyrir útgefanda auðkennis í samræmi við 2. mgr. 18. gr., og samsvarandi auðkenniskóðar skulu vera hluti af skrá sem til þess bær útgefandi auðkennis skal koma á fót, stjórna og halda uppfærðri. Til þess bær útgefandi auðkennis skal halda skrá yfir upplýsingarnar sem eru geymdar í skránni svo lengi sem rekjanleikakerfið er í notkun.“

13) Eftirfarandi 5. mgr. er bætt við í 20. gr.:

„5. Útgefendur auðkenna skulu láta rekstraraðilum og stjórnendur fyrstu smásölustaða í té örugga þjónustu á netinu sem gerir þeim kleift að fletta upp í skránum sem um getur í 1. mgr. svo fremi að þeirra eigin rekstraraðili, aðstaða og auðkenniskóði vélar eigi í hlut. Þessi þjónusta skal ná yfir örugga málsmeðferð fyrir rekstraraðila og stjórnendur fyrstu smásölustaða til að endurheimta sína eigin auðkenniskóða rekstraraðila.“

14) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef um er að ræða einkvæmt auðkenni á einingu, sem er afhent rafrænt, bera framleiðendur og innflytjendur ábyrgð á því að dulkóða einkvæm auðkenni á einingu í samræmi við 1. mgr. og III. viðauka.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef um er að ræða einkvæm auðkenni á einingu, sem eru afhent á áþreifanlegu formi, bera útgefendur auðkenna ábyrgð á því að dulkóða kóðana, sem eru búnir til skv. 2. mgr. 8. gr., í samræmi við 1. mgr. og III. viðauka.“

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Til þess að aðgreina gagnaberana, sem um getur í 1. mgr., og aðra gagnabera sem settir eru á einingarpakka er rekstraraðilum heimilt að bæta við merkingunni „TTT“ eða „EU TTT“ við hlið slíkra gagnabera.

Til þess að aðgreina gagnaberana, sem um getur í 5. mgr., og aðra gagnabera sem settir eru á heildarpakkningar skulu rekstraraðilar bæta við merkingunni „EU TTT“ við hlið slíkra gagnabera.“

15) Í stað g-liðar 1. mgr. 25. gr. kemur eftirfarandi:

„g) sjálfvirk sannreyning á boðum, sem berast frá rekstraraðilum á hverjum inngöngustað inn í kerfið, skal vera möguleg, þ.m.t. þegar röngum eða ófullkomnum boðum er hafnað, einkum gagnaskilaaðgerðum sem tengjast óskráðum eða nákvæmum eftirmyndum einkvæmra auðkenna, þar sem gagnahirslukerfið geymir upplýsingar sem varða sérhver boð sem er hafnað. Viðtakandi boða, sem útgefendur auðkenna og aðalgagnahirslur senda til beinisins og aukagagnahirslunnar, skal sannreyna þau aftur“.

16) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aukagagnahirslan skal vera með myndræn og ómyndræn notendaviðmót, þ.m.t. skil milli forrita, föst og hreyfanleg notendaviðmót, sem innihalda skoðunarforrit fyrir ráðandi farsímastýrikerfi, sem gera aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni kleift að hafa aðgang að og leita í gögnum sem eru geymd í gagnahirslukerfinu, nota allar gagnagrunnsleitaraðgerðir, sem almennt eru aðgengilegar, þ.m.t. fyrirspurnarmálið SQL eða jafngilda málskipan til að búa til sérsniðnar fyrirspurnir, einkum með því að framkvæma eftirfarandi aðgerðir úr fjarlægð:

a) sækja allar upplýsingar sem varða eitt einkvæmt auðkenni eða mörg, þ.m.t. að bera saman og sannprófa mörg einkvæm auðkenni og tengdar upplýsingar, einkum staðsetningu þeirra í aðfangakeðjunni,

b) búa til skrár og tölfræðilegar upplýsingar, s.s. vörubirgðir og tölur um innstreymi/útstreymi, sem tengjast einum eða fleiri þáttum gagnaskilaupplýsinga sem eru taldar upp sem gagnareitir í II. viðauka,

c) sanngreina allar tóbaksvörur sem rekstraraðili hefur tilkynnt í kerfið, þ.m.t. vörur sem tilkynnt hefur verið að hafi verið innkallaðar, afturkallaðar, stolið, séu glataðar eða ætlaðar til förgunar.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Notendaviðmótin, sem um getur í 2. mgr., skulu gera hverju aðildarríki og framkvæmdastjórninni kleift að samskipa sínar eigin reglur fyrir:

a) sjálfvirka viðvörun, sem byggist á undantekningum og sértækum gagnaskilaatburðum, s.s. skyndilegum sveiflum eða frávikum í viðskiptum, tilraunum til að setja nákvæmar eftirmyndir einkvæmra auðkenna inn í kerfið, óvirkjun auðkennanna, sem um getur í 15. gr. (4. mgr.), 17. gr. (4. mgr.) og 19. gr. (4. mgr.), eða ef rekstraraðili tilgreinir að vöru hafi verið stolið eða að hún sé glötuð,

b) móttöku reglubundinna skýrslna, sem byggjast á hvaða samsetningu af þáttum gagnaskilaupplýsinga sem er, sem eru taldar upp sem gagnareitir í II. viðauka,

c) sérsniðin mælaborð fyrir fast viðmót.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Notendaviðmótin, sem um getur í 2. mgr., skulu gera aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni kleift að:

a) tengjast gögnum, sem eru geymd í gagnahirslukerfum, úr fjarlægð með greiningarhugbúnaði sem þau velja,

b) merkja einstaka gagnapunkta í greiningarskyni með flöggum ásamt gildum þeirra sem eru geymd í aukagagnahirslunni og gera þau sýnileg öllum eða einungis völdum notendum,

c) hala upp utanaðkomandi gagnastökum, s.s. mynstrum til að staðla vöruheiti (e. *brand normalisation pattern*), sem kann að verða krafist til að bæta gagnagreiningarvirkni.“

d) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Notendaviðmótin, sem um getur í 2. mgr., skulu látin í té á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.“

e) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Í a.m.k. 99% allra tegunda fyrirfram ákveðinna fyrirspurna og sjálfvirkra viðvarana, sem gert er ráð fyrir skv. 2. og 3. mgr., skal heildarsvörunartími gagnahirslukerfis við hvaða tegund fyrirfram ákveðinnar leitar eða virkjun viðvörunar sem er, án tillits til hraða nettengingar endanlegs notanda, ekki vera lengri en 10 sekúndur að því er varðar gögn sem hafa verið geymd í styttri tíma en 2 ár og ekki lengri en 15 sekúndur að því er varðar gögn sem hafa verið geymd í 2 ár eða lengur. Veitandi aukagagnahirslunnar skal taka saman nauðsynleg gagnasöfn til að bregðast við, í samræmi við fyrirskipaðar tímalínur, sérhverri nýrri fyrirspurn eða virkjun viðvörunnar innan fjögurra vikna frá viðtöku beiðni frá aðildarríkjum eða framkvæmdastjórninni. Eftir þann tíma skal litið svo á að nýjar umbeðnar tegundir fyrirspurna eða virkjun viðvörunar hafi þegar verið búin til í samræmi við svörunartímann sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein.“

f) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Í a.m.k. 99% allra gagnaflutningsaðgerða, að því er varðar einstaka gagnapunkta og boð, skal heildartíminn milli þess sem tilkynningar um gagnaskil berast og þar til þau verða aðgengileg gegnum myndræn og ómyndræn notendaviðmót í aðal- og aukagagnahirslum ekki vera lengri en 60 sekúndur. Í a.m.k. 99% allra gagnaflutnings-aðgerða, að því er varðar fyrirframgefin greiningargagnasöfn, skal heildartíminn milli þess sem tilkynningar um gagnaskil berast og þar til þau verða aðgengileg gegnum myndræn notendaviðmót í aukagagnahirslum ekki vera lengri en 24 klukkustundir.“

g) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Veitandi aukagagnahirslu skal koma á fót og viðhalda skrá yfir upplýsingar sem eru fluttar í hana í samræmi við 3. mgr. 20. gr. Veitandi aukagagnahirslu skal halda skrá yfir upplýsingarnar sem eru geymdar í skránni svo lengi sem rekjanleikakerfið er í notkun.

Útgefendur auðkenna og veitendur aðalgagnahirslna geta haft aðgang að skránni, sem um getur í fyrstu undirgrein, til þess að sannreyna boð sem framleiðendur og innflytjendur senda til þeirra.“

h) Eftirfarandi 13. mgr. er bætt við:

„13. Veitandi aukagagnahirslunnar skal skipuleggja tækniþjálfunarlotu varðandi notkun notendaviðmótanna, sem um getur í 2. mgr., í a.m.k. einn heilan dag á ári fyrir notendur frá hverju aðildarríki og frá framkvæmdastjórninni. Veitandi aukagagnahirslunnar skal einnig þróa heildarsafn tækni- og notendagagna fyrir lögbær yfirvöld, aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum Sambandsins, og halda því uppfærðu.“

i) Eftirfarandi 14. mgr. er bætt við:

„14. Veitandi aukagagnahirslunnar skal láta í té skoðunarforrit fyrir ráðandi farsímastýrikerfi sem gerir aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni kleift að tengjast aukagagnahirslunni gegnum hreyfanlegu viðmótin sem um getur í 2. mgr.“

17) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Veitandi, sem starfrækir aukagagnahirslu, skal senda veitendum, sem starfrækja aðalgagnahirslur, útgefendum auðkenna og rekstraraðilum skrá yfir forskriftir, þ.m.t. sameiginlegar reglur um sannreyningu, sem krafist er fyrir gagnaskiptin við aukagagnahirsluna og beininn. Allar forskriftir skulu byggjast á opnum stöðlum sem eru ekki háðir einkaleyfi.

Sérhver nýlega valinn staðgönguveitandi sem starfrækir aukagagnahirslu skal reiða sig á nýjustu útgáfuna af skránni yfir forskriftir sem fyrirrennari hans sendi. Allar uppfærslur á skránni yfir forskriftir sem ganga lengra en að breyta deili á veitandanum skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

Skráin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal send eigi síðar en tveimur mánuðum eftir þann dag sem veitandinn, sem starfrækir aukagagnahirsluna, var valinn.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Veitandinn sem starfrækir aukagagnahirsluna skal koma á fót sameiginlegu gagnalýsingasafni á grundvelli upplýsinganna sem eru taldar upp í II. viðauka. Sameiginlega gagnalýsingasafnið skal vísa til merkinga á gagnareitum á sniði sem fólk getur lesið.

Sérhver nýlega valinn staðgönguveitandi sem starfrækir aukagagnahirslu skal reiða sig á nýjustu útgáfuna af gagnalýsingasafninu sem fyrirrennari hans sendi. Allar uppfærslur á gagnalýsingasafninu sem ganga lengra en að breyta deili á veitandanum skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

Sameiginlega gagnalýsingasafnið skal sent til veitenda, sem starfrækja aðalgagnahirslur, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir þann dag sem veitandinn, sem starfrækir aukagagnahirsluna, var valinn.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þegar nauðsynlegt er að tryggja skilvirka starfrækslu gagnahirslukerfanna í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð skal veitandinn, sem starfrækir aukagagnahirsluna, uppfæra skrána, sem um getur í 1. mgr., og sameiginlega gagnalýsingasafnið sem um getur í 2. mgr. Hafa skal samráð við veitendur sem starfrækja aðalgagnahirslur og útgefendur auðkenna um allar slíkar uppfærslur og senda þær síðan til veitenda sem starfrækja aðalgagnahirslur, útgefenda auðkenna og rekstraraðila eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þann dag sem uppfærslan er sett inn í kerfið.“

d) Eftirfarandi 4., 5. og 6. mgr. er bætt við:

„4. Að fenginni beiðni frá veitanda aðalgagnahirslu getur veitandi aukagagnahirslu annast gagnaendurvinnsluaðgerð svo fremi að hún sé nauðsynleg til að uppræta afleiðingar af fyrri upplýsingatækniatvikum og bilunum. Slík aðgerð skal einungis möguleg til að ljúka við eða leiðrétta upplýsingar sem eru geymdar í aukagagnahirslunni og takmarkast við endurkeyrslu á reglulegri starfrækslu aukagagnahirslunnar. Hún skal útiloka, eins og framast er unnt, neikvæðar afleiðingar fyrir alla rekstraraðila sem er ótengdir aðalgagnahirslunni sem leggur beiðnina fram.

5. Veitandi aukagagnahirslu skal koma á fót þjónustuveri fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkja, framkvæmdastjórnina, útgefendur auðkenna, veitendur gagnahirslnaþjónustu, rekstraraðila og upplýsingatækniþjónustuveitendur. Þjónustuverið skal einungis varða starfsemi og virkni beinis og aukagagnahirslu og vera aðgengilegt í öllum aðildarríkjum í a.m.k. 8 klukkustundir á virkum dögum, að undanskildum 1. janúar, 25. og 26. desember, og a.m.k. á ensku, frönsku og þýsku. Svörunartíminn skal ekki vera lengri en tveir virkir dagar fyrir a.m.k. 75% af öllum beiðnum. Meðalsvörunartími á hverja beiðni á mánuði skal ekki vera lengri en fjórir virkir dagar. Veitandi aukagagnahirslu getur sett reglur um aðgang rekstraraðila að þjónustuverinu sem hluta af stefnu hans um eðlilega notkun sem sett er fram í skilmálum og skilyrðum sem um getur í 6. mgr. 29. gr. og samningunum sem um getur í 4. lið B-hluta I. viðauka.

6. Veitandi aukagagnahirslu skal setja upp prófunarumhverfi sem gerir útgefendum auðkenna, veitendum sem starfrækja aðalgagnahirslur og rekstraraðilum kleift að gæðatryggja tæknilegar lausnir sínar og venjur áður en þeir tengjast gagnahirslukerfinu. Prófunarumhverfið skal líkja nákvæmlega eftir gagnahirslukerfinu.

Veitandi aukagagnahirslu skal setja upp prófunarumhverfi til að samþykkja notendur sem gerir útgefendum auðkenna, veitendum sem starfrækja aðalgagnahirslur og rekstraraðilum kleift að gæðatryggja tæknilegar lausnir sínar og venjur til að búa sig undir næstu útgáfu af gagnahirslukerfinu. Prófunarumhverfi til að samþykkja notendur skal endurspegla allar fyrirhugaðar breytingar á gagnahirslukerfinu þegar þessar breytingar eru sendar í samræmi við 3. mgr.“

18) Eftirfarandi 5. og 6. mgr. er bætt við í 29. gr.:

„5. Framleiðendur og innflytjendur sem draga í efa að aðalgagnahirslur þeirra starfi rétt skulu eiga möguleika á að sannreyna að því er varðar beininn, með samráði við stjórnanda beinisins, hvort boð sem varða endanlega sendingu vara sem þeir höfðu í vörslu sinni, sem eru send til aðalgagnahirslnanna, hafi verið send rétt. Stjórnandi beinisins getur sett dagleg mörk um notkun þessarar virkni.

6. Veitandi aukagagnahirslu skal fastsetja skilmálana og skilyrðin og senda þau til rekstraraðila og upplýsingatækniþjónustuveitenda, þ.m.t. stefnuna um eðlilega notkun, sem gilda um notkun á aukagagnahirslunni og beininum. Skilmálarnir og skilyrðin skulu tryggja rétt rekstraraðila til að nota aukagagnahirsluna og beininn í samræmi við viðskiptaþarfir sínar og skulu koma í veg fyrir endurtekin tilvik gáleysislegrar notkunar.“

19) Í stað 30. gr. kemur eftirfarandi:

„30. gr.

Kostnaður af gagnahirslukerfi

1. Framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara skulu bera allan venjulegan kostnað í tengslum við gagnahirslukerfið, sem um getur í 1. mgr. 24. gr., þ.m.t. sem verður til við stofnun þess, starfrækslu og viðhald. Þessi kostnaður skal vera sanngjarn, eðlilegur og í réttu hlutfalli við:

a) þjónustuna sem veitt er og

b) fjölda einkvæmra auðkenna á einingar sem beðið er um á tilteknu tímabili.

2. Eftir því sem við á skal venjulegum kostnaði við að koma á fót, starfrækja og viðhalda aukagagnahirslu og beini velt yfir á framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara gegnum þann kostnað sem veitendur aðalgagnahirslnanna gjaldfæra á þá.

3. Allur óvenjulegur kostnaður sem tengist endurvinnsluaðgerðum sem um getur í 4. mgr. 28. gr., sem veitandi aukagagnahirslunnar innheimtir hjá veitanda aðalgagnahirslunnar sem lagði beiðnina fram, skal vera sanngjarn, eðlilegur og í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Veitandi aukagagnahirslunnar skal þó sjálfur bera allan óvenjulegan kostnað við endurvinnsluaðgerðirnar sem um getur í 4. mgr. 28. gr. að því marki sem hann er ábyrgur fyrir orsökinni sem leiddi til endurvinnsluaðgerðanna.“

20) Ákvæðum 32. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framleiðendur og innflytjendur skulu senda upplýsingarnar, sem eru taldar upp í lið 3.1 til 3.5 í 3. hluta II. kafla II. viðauka, á sniðinu sem þar er tilgreint, í aðalgagnahirsluna sem þeir eru með samning við. Allir aðrir rekstraraðilar skulu senda upplýsingarnar, sem eru taldar upp í lið 3.1 til 3.5 í 3. hluta II. kafla II. viðauka, á sniðinu sem þar er tilgreint, gegnum beininn.

Að því er varðar sendingu tóbaksvara til rannsóknarstofa, úrgangsförgunarmiðstöðva, landsyfirvalda, alþjóðlegra stofnana hins opinbera, sendiráða og herstöðva skulu framleiðendur og innflytjendur senda upplýsingarnar, sem eru taldar upp í lið 3.8 í 3. hluta II. kafla II. viðauka, á sniðinu sem þar er tilgreint, í aðalgagnahirsluna sem þeir eru með samning við. Allir aðrir rekstraraðilar skulu senda upplýsingarnar, sem eru taldar upp í lið 3.8 í 3. hluta II. kafla II. viðauka, á sniðinu sem þar er tilgreint, gegnum beininn.“

b) Í stað 6. og 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Ef tóbaksvörur eru eyðilagðar eða þeim stolið eftir að einkvæmt auðkenni er sett á skulu rekstraraðilar tafarlaust senda beiðni um óvirkjun, í samræmi við umfangið og sniðið sem eru tilgreind í lið 2.3 í 2. hluta II. kafla II. viðauka.

Ef tóbaksvörur, sem tilkynnt hefur verið að hafi verið stolið, eru endurheimtar geta rekstraraðilar sent beiðni um endurvirkjun, í samræmi við umfangið og sniðið sem eru tilgreind í lið 2.4 í 2. hluta II. kafla II. viðauka.

7. Litið skal svo á að upplýsingar, sem varða atburðinn, hafi verið sendar rétt þegar aðalgagnahirslan eða beinirinn hafa staðfest móttöku. Jákvæða staðfestingin skal innihalda upplýsingar um endurgjöf sem gera viðtakanda kleift að staðfesta að gagnaskilaaðgerðir hans séu réttar, einkum fjölda einkvæmra auðkenna á einingu sem atburðurinn varðar og, ef um er að ræða sundurtekningu sem um getur í 3. mgr., undirskipaðra einkvæmra auðkenna. Staðfestingin skal innihalda kóða innköllunarboða sem rekstraraðilinn skal nota ef nauðsynlegt er að ógilda upphaflegu boðin.“

c) Eftirfarandi 8. mgr. er bætt við:

„8. Sú skylda að skrá og senda upplýsingarnar sem varða atburðina sem um getur í 1. mgr. skal hvíla á rekstraraðilanum sem er með tóbaksvörurnar í vörslu sinni. Í því skyni skal nota auðkenniskóða þessa rekstraraðila í öllum gagnaskilaaðgerðum. Upplýsingatækniþjónustuveitendur geta einnig sent þessar upplýsingar fyrir hönd rekstraraðilans sem er með tóbaksvörurnar í vörslu sinni.“

21) Í stað 3. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Sú skylda að skrá og senda upplýsingarnar, sem um getur 2. mgr., skal hvíla á rekstraraðilanum sem er seljandinn. Í því skyni skal nota auðkenniskóða þessa rekstraraðila í öllum gagnaskilaaðgerðum. Upplýsingatækniþjónustuveitendur geta einnig sent þessar upplýsingar fyrir hönd rekstraraðilans sem er seljandi tóbaksvaranna.“

22) Ákvæðum 34. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Rekstraraðilar skulu senda upplýsingarnar, sem um getur í a-, b- og d-lið 1. mgr., 3. mgr. og 4. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr., innan þriggja klukkustunda frá því að atburðurinn á sér stað.

Upplýsingarnar, sem um getur í 32. gr., skulu sendar í þeirri röð sem atburðirnir gerast.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Ákvæði fyrstu undirgreinar 1. mgr. koma til framkvæmda frá og með 20. maí 2028. Fram að þeim degi er öllum rekstraraðilum heimilt að senda upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., innan sólarhrings frá því að atburðurinn á sér stað.“

23) Í stað a-liðar 1. mgr. 36. gr. kemur eftirfarandi:

„a) útgefanda auðkennis fyrir boðskipti milli útgefanda auðkenna, stjórnenda fyrstu smásölustaða og rekstraraðila, sem eru skráðir hjá útgefanda auðkennanna eða sækja um einkvæm auðkenni“.

24) Eftirfarandi 36. gr. a er bætt við:

„36. gr. a

Gæði gagna

1. Aðildarríki geta gefið út skýrslur um ófullnægjandi gæði gagna sem rekstraraðilar flytja í gagnahirslukerfið. Þessar skýrslur skulu sendar til viðkomandi rekstraraðila og innihalda dæmi um rangar skýrslur.

2. Aðildarríki skulu gera þá kröfu að útgefendur auðkenna inni af hendi athuganir á heimilisföngum og öðrum gögnum, sem hægt er að sanna rafrænt, sem rekstraraðilar og stjórnendur fyrstu smásölustaða setja inn í kerfið gegnum útgefendur auðkenna.“

25) Ákvæðum I. og II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

26) Ákvæðum III. viðauka er bætt við í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 21. desember 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/574 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1.1. Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið 1a er bætt við:

„1a. Ef nokkrir lögaðilar mynda sama framleiðandann eða innflytjandann skulu allir lögaðilarnir senda tilkynninguna í sameiningu.“

b) Eftirfarandi lið 1b er bætt við:

„1b Í tilvikum þar sem hlutaðeigandi innflytjandi starfar einungis með einum framleiðanda utan ESB eða tilheyrir sama fyrirtækjahópi og sá síðarnefndi mega bæði innflytjandinn og framleiðandinn utan ESB undirrita gagnageymslusamninginn. Í tilvikum þar sem hlutaðeigandi innflytjandi starfar með nokkrum framleiðendum utan ESB eða er sjálfur einnig framleiðandi í Sambandinu skal einungis innflytjandinn undirrita gagnageymslusamninginn.“

c) Í stað 9. liðar kemur eftirfarandi:

„9. Allar breytingar á lykilþáttum samningsins, eins og skilgreint er í framseldri reglugerð (ESB) 2018/573, skulu háðar samþykki framkvæmdastjórnarinnar. Ef svar berst ekki frá framkvæmdastjórninni innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um breytinguna skal líta svo á að breytingin hafi verið samþykkt. Framkvæmdastjórnin getur framlengt þennan frest einu sinni, um aðra þrjá mánuði hið mesta, með bréfi til stjórnandans sem tilkynnti um breytinguna. Að því er varðar allar aðrar breytingar á samningnum en á lykilþáttum hans þarf einungis að senda þær fyrir fram til framkvæmdastjórnarinnar.“

1.2. Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í 1. lið eru orðin „innan sex mánaða frá gildistöku framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/573“ felld brott.

b) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Tilnefning á stjórnanda aukagagnahirslu skal byggjast á mati á hlutlægum viðmiðunum og fara fram með skriflegum sérleyfissamningi milli framkvæmdastjórnarinnar og sérhvers síðari stjórnanda aukagagnahirslunnar.“

c) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. Samningar milli sérhvers stjórnanda aðalgagnahirslu og stjórnanda aukagagnahirslunnar skal undirritaður og lagður fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilnefningarinnar á sérhverjum síðari stjórnanda aukagagnahirslunnar.“

1.3. Í stað C-hluta kemur eftirfarandi:

„C-HLUTI

Eftirfarandi kröfur gilda til viðbótar við valferlið sem lýst er í A- og B-hluta:

1. Ef samningssambandi milli framleiðanda eða innflytjanda og veitanda aðalgagnahirslu er sagt upp, eða ef búist er við að því verði sagt upp, af hálfu einhvers af aðilunum að samningnum, af hvaða ástæðu sem vera skal, þ.m.t. að ekki er farið að viðmiðunum um óhæði sem mælt er fyrir um í 35. gr., skal framleiðandinn eða innflytjandinn tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka uppsögn, eða uppsögn sem búist er við, og um dagsetningu tilkynningar um slíka uppsögn til veitandans, sem og hvaða dag uppsögnin á að taka gildi eða búist er við að hún taki gildi. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal, eigi síðar en þremur mánuðum fyrir uppsagnardag samningsins sem fyrir er, koma með tillögu að staðgönguveitanda og tilkynna um það til framkvæmdastjórnarinnar. Tilnefning staðgönguveitandans skal fara fram í samræmi við A-hluta.

2. Ef stjórnandi aukagagnahirslu tilkynnir um þá fyrirætlan sína að hætta starfrækslu gagnahirslunnar í samræmi við sérleyfissamninginn sem um getur í 2. lið B-hluta, skal hann tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina þar um og hvaða dag uppsögnin á að taka gildi. Uppsagnarfresturinn skal ekki vera styttri en níu mánuðir. Í samningnum skal kveðið á um að framkvæmdastjórnin geti einhliða framlengt hann í allt að sex mánuði ef þess þarf til að geta fengið staðgöngustjórnanda fyrir aukagagnahirsluna og komið henni í notkun. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa lögbær yfirvöld aðildarríkjanna um uppsagnarfrestinn og mögulega framlengingu á honum.

3. Ef 1. liður gildir skulu aðilarnir síðan segja samningnum, sem um getur í 4. lið B-hluta, upp án tafar eftir lokun aðalgagnahirslunnar sem verður fyrir áhrifum.“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

2.1. Í stað inngangskaflans „Lykilboð sem rekstraraðilar eiga að senda“ kemur eftirfarandi:

„Lykilboð sem rekstraraðilar eiga að senda

Boð, sem krafist er í eftirlitsskyni, skulu a.m.k. innihalda gagnareitina sem eru taldir upp í þessum viðauka.

Aðildarríki og framkvæmdastjórnin geta krafist þess að gögn um heimilisfang verði rýmkuð þannig að þau innihaldi nákvæm landhnit (breiddar- og lengdargráðu). Bæði útgefendur auðkenna og veitendur gagnahirslna (þ.m.t. beinir) geta ákveðið að rýmka innihald boðanna, eingöngu af tæknilegum ástæðum, til að tryggja snurðulausa starfsemi rekjanleikakerfisins. Útgefendur auðkenna geta einnig ákveðið að rýmka innihald boðanna, af ástæðum sem eru ekki tæknilegs eðlis, til að tryggja snurðulausa starfsemi rekjanleikakerfis tóbaksvaranna með öðrum kerfum sem eru notuð í eftirlitsskyni. Áður en slík rýmkun öðlast gildi skal hún endurspeglast í tækniforskriftunum sem eru uppfærðar í samræmi við 28. gr.

Boðin, sem talin eru upp í þessum viðauka, taka ekki til boða sem útgefendur auðkenna og veitendur gagnahirslna (þ.m.t. beinirinn) eiga að senda til baka til rekstraraðila, s.s. staðfesting á móttöku.

Öll boð, sem búin eru til innan rekjanleikakerfisins, skulu innihalda auðkenningu upphafsaðila boðanna og tímastimpil sem er nákvæmur upp á millisekúndu (sjá gagnategund: Time(L)). Þessi tímastimpill kemur ekki í staðinn fyrir tímann þegar tiltekinn atburður gerðist, sem tilkynnt var um, sem skal greina frá sérstaklega í samræmi við gagnareitina sem mælt er fyrir um í þessum viðauka. Sanngreining á upphafsaðila boðanna, sem getur varðað upplýsingatækniþjónustuveitanda sem er þriðji aðili, kemur ekki í staðinn fyrir sanngreiningu á rekstraraðilanum sem ber ábyrgð á gagnaskilaaðgerðunum (gegnum EOID sem skal tilgreint í EO_ID reitnum). Aðferðin við sanngreiningu á upphafsaðila boðanna skal tilgreind í tækniforskriftunum sem komið var á og þær uppfærðar í samræmi við 28. gr.

Útgefendur auðkenna og veitendur gagnahirslna (þ.m.t. beinir) skulu tímastimpla öll skilaboð, sem þeir veita viðtöku, nákvæmlega upp á millisekúndu.

Ef um er að ræða breytingar á þessum viðauka taka allar breytingar á lykilboðum, sem eru skráð í honum, gildi gagnvart rekstraraðilum frá og með þeirri stundu sem slíkar breytingar endurspeglast á viðeigandi hátt í tækniforskriftunum og sameiginlega gagnalýsingasafninu sem komið var á og þau uppfærð í samræmi við 28. gr.“

2.2. Ákvæðum 1. hluta I. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar fyrir Gagnategund „Country“ í töflunni kemur eftirfarandi:

„Country	Heiti lands kóðað með ISO-3166-1:2013 alpha-2 (eða nýjasta jafngildi hans) Fyrir svæði handan hafsins og sjálfstjórnarhéruð gildir landskóði viðkomandi aðildarríkis. Ef um er að ræða Norður-Írland gildir kóðinn „XI“. Ef um er að ræða alþjóðlegt hafsvæði gildir kóðinn „XZ“.	„DE““

b) Í stað línunnar fyrir Gagnategund „Text“ í töflunni kemur eftirfarandi:

„Text	Mengi stafa, kóðað með ISO8859-15:1999	„Abcde:12345““

c) Í stað línunnar fyrir Gagnategund „Time(L)“ í töflunni kemur eftirfarandi:

„Time(L)	Samræmdur heimstími (UTC) á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTKK:mm:ss.SSSZ „2019-07-16T19:20:30.205Z““	

d) Í stað línunnar fyrir Gagnategund „upUI(L)“ í töflunni kemur eftirfarandi:

„upUI(L)	Einkvæmt auðkenni á einingarpakka, kóðað með óbreytanlegri samstæðu í ISO646:1991 og samsett úr þremur blokkum: i. forskeyti útgefanda auðkennis í samræmi við ISO15459-2:2015; ii. miðjublokk á sniðinu sem útgefandi auðkennis kom á fót og iii. tímastimpli samkvæmt gagnategundinni: Time(s)“	

e) Eftirfarandi línu í töflunni er bætt við á eftir línunni í töflunni fyrir Gagnategund „upUI(L)“:

„upUI(i)	Einkvæmt auðkenni á einingarpakka, kóðað með óbreytanlegri samstæðu í ISO646:1991 og samsett úr tveimur blokkum: i. forskeyti útgefanda auðkennis í samræmi við ISO15459-2:2015 og ii. miðjublokk á sniðinu sem útgefandi auðkennis kom á fót (t.d. upUI(i) er upUI(L) án tímastimpils, kóði sem búinn er til af útgefendum auðkenna í samræmi við 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar)“	

f) Í stað línunnar fyrir Gagnategund „upUI(s)“ í töflunni kemur eftirfarandi:

„upUI(s)	Einkvæmt auðkenni á einingarpakka, kóðað með óbreytanlegri samstæðu í ISO646:1991 og samsett úr tveimur blokkum: i. forskeyti útgefanda auðkennis í samræmi við ISO15459-2:2015 og ii. raðnúmersþætti á sniðinu sem útgefandi auðkennis kom á fót (t.d. einkvæmt auðkenni sem er gert sýnilegt á einingarpökkunum á sniði sem fólk getur lesið í samræmi við 23. gr. þessarar reglugerðar) Þegar þess er kostur eru útgefendur auðkenna beðnir um að nota ekki hástafinn O (Orri) og lágstafinn l (lím) sem og hástafinn I (Indland) til að komast hjá ruglingi við tölustafina 0 (núll) og 1 (einn), eftir því sem við á.“	

2.3. Ákvæðum 1. hluta II. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „EO_Address“ í lið 1.1 kemur eftirfarandi:

	„EO_street	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kílómetrar) rekstraraðila	Text	S	M	

	EO_municip-ality	Sveitarfélag rekstraraðila (borg, bær eða þorp)	Text	S	M	
	EO_postcode	Póstnúmer rekstraraðila	Text	S	M	„„„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað“
	EO_A_info	Viðbótarupplýsingar um heimil-isfang rekstraraðila, (t.d. staðsetning í verslunarmiðstöð eða á iðnaðarsvæði)	Text	S	O	

b) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „EO_Address“ í lið 1.2 kemur eftirfarandi:

	„EO_street	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kílómetrar) rekstr-araðila	Text	S	M	
	EO_municip-ality	Sveitarfélag rekstraraðila (borg, bær eða þorp)	Text	S	M	
	EO_postcode	Póstnúmer rekstraraðila	Text	S	M	„„„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað“
	EO_A_info	Viðbótarupplýsingar um heim-ilisfang rekstraraðila, (t.d. staðsetning í verslunarmiðstöð eða á iðnaðarsvæði)	Text	S	O	

c) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „F_Address“ í lið 1.4 kemur eftirfarandi:

	„F_street	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kílómetrar) aðstöðu	Text	S	M	
	F_municip-ality	Sveitarfélag aðstöðu (borg, bær eða þorp)	Text	S	M	
	F_postcode	Póstnúmer aðstöðu	Text	S	M	„„„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað“
	F_A_info	Viðbótarupplýsingar um heimil-isfang aðstöðu (t.d. staðsetning í verslunarmiðstöð eða á iðnaðar-svæði)	Text	S	O	

d) Í lið 1.4 er eftirfarandi línum í töflunni bætt við á eftir línunni í töflunni fyrir Reitur „OtherFID_N“:

	„PrevFID_B	Tilgreint hvort aðstaðan var fengin hjá öðrum stjórnanda og var þegar með auðkenniskóða aðstöðu	Boolean	S	M	0 – Nei (skráning í fyrsta sinn) 1 – Já“
	PrevFID_ID	Fyrri auðkenniskóði aðstöðu sem fyrri stjórnandi aðstöðunnar notaði	FID	S	M, ef PrevFID_B = 1	

e) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „F_Address“ í lið 1.5 kemur eftirfarandi:

	„F_street	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kílómetrar) aðstöðu	Text	S	M	
	F_municipality	Sveitarfélag aðstöðu (borg, bær eða þorp)	Text	S	M	
	F_postcode	Póstnúmer aðstöðu	Text	S	M	„„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað“
	F_A_info	Viðbótarupplýsingar um heimilisfang aðstöðu (t.d. staðsetning í verslunarmiðstöð eða á iðnaðarsvæði)	Text	S	O	

f) Í lið 1.5 er eftirfarandi línum í töflunni bætt við á eftir línunni í töflunni fyrir Reitur „OtherFID_N“:

	„PrevFID_B	Tilgreint hvort aðstaðan var fengin hjá öðrum stjórnanda og var þegar með auðkenniskóða aðstöðu	Boolean	S	M	0 – Nei (skráning í fyrsta sinn) 1 – Já“
	PrevFID_ID	Fyrri auðkenniskóði aðstöðu sem fyrri stjórnandi aðstöðunnar notaði	FID	S	M, ef PrevFID_B = 1	

g) Í stað liðar 1.7 kemur eftirfarandi:

„1.7. **Beiðni um auðkenniskóða vélar**

Atriði #	Reitur	Athugasemdir	Gagnategund	Stakafjöldi	Forgangur	Gildi
	Message_Type	Auðkenning á tegund boða	Text	S	M	1–7

	EO_ID	Auðkenniskóði rekstraraðila	EOID	S	M	
	EO_CODE	Staðfestingarkóði rekstraraðila sem lát-inn er í té sem svar við skráningu rekstr-araðila	Text	S	M	
	F_ID	Auðkenniskóði aðstöðu	FID	S	M	
	PrevMID_B	Tilgreint hvort það sem beðið var um var þegar skráð, t.d. í tengslum við annan auðkenniskóða aðstöðu	Boolean	S	M	0 – Nei (skráning í fyrsta sinn) 1 – Já
	PrevMID_ID	Fyrra auðkenni vélar notað fyrir viðfangs-efni þessarar beiðni	MID	S	M, ef PrevMID_B = 1	
	M_entirety	Tilgreint hvort þessi beiðni varðar vélina (eða hluta af vélinni)	Boolean	S	M	0 – Nei (vélarhluti) 1 – Já (vél)
	P_Producer	Framleiðandi hluta	Text	S	M, ef M_entirety = 0	
	P_Model	Tegund hluta	Text	S	M, ef M_entirety = 0	
	P_Number	Raðnúmer hluta	Text	S	M, ef M_entirety = 0	
	P_Mobile	Tilgreint hvort þessi hluti sé ætlaður til notkunar með mörgum vélum (fastur eða færan-legur hluti)	Boolean	S	M, ef M_entirety = 0	0 – Nei (fastur hluti) 1 – Já (færanlegur hluti)
	P_ATD1	Tilgreint hvort bún-aður gegn óheimilum breytingum í skiln-ingi 7. mgr. 2. gr. skráir starfsemi þessa hluta	Boolean	S	M, ef M_entirety = 0	0 – Nei 1 – Já

	P_ATD2	Raðnúmer búnaðar gegn óheimilum breytingum	Text	S	M, ef M_entirety = 0 og P_ATD1 = 1	
	P_Description	Lýsing á hluta þar sem tæknilegt hlutverk hans er útskýrt	Text	S	O	
	M_Producer	Framleiðandi vélar	Text	S	M, ef M_entirety = 1	
	M_Model	Tegund vélar	Text	S	M, ef M_entirety = 1	
	M_Number	Raðnúmer vélar	Text	S	M, ef M_entirety = 1	
	M_parts	Tilgreint hvort vélin er sett saman úr mörgum hlutum sem er hægt að sanngreina sérstaklega	Boolean	S	M, ef M_entirety = 1	0 – Nei 1 – Já“
	M_plist	Skrá yfir sanngreinanlega hluta	MID	M	M, ef M_entirety = 1 og M_parts = 1	
	M_ATD	Raðnúmer búnaðar gegn óheimilum breytingum í skilningi 7. mgr. 2. gr.	Text	S	M, ef M_entirety = 1 og M_parts = 0	
	M_Capacity	Hámarksgeta í 24 klukkustunda framleiðsluferli, gefin upp sem einingarpakkar	Integer	S	M, ef M_entirety = 1	

h) Í stað liðar 1.8 kemur eftirfarandi:

„1.8. **Leiðrétting á upplýsingum varðandi auðkenniskóða vélar**

Atriði #	Reitur	Athugasemdir	Gagnategund	Stakafjöldi	Forgangur	Gildi
	Message_Type	Auðkenning á tegund boða	Text	S	M	1–8

	EO_ID	Auðkenniskóði rekstraraðila	EOID	S	M	
	EO_CODE	Staðfestingarkóði rekstraraðila sem látinn er í té sem svar við skráningu rekstraraðila	Text	S	M	
	F_ID	Auðkenniskóði aðstöðu	FID	S	M	
	M_ID	Auðkenniskóði vélar (með fyrirvara um leiðréttingu á upplýsingum)	MID	S	M	
	PrevMID_B	Tilgreint hvort það sem beðið var um var þegar skráð, t.d. í tengslum við annan auðkenniskóða aðstöðu	Boolean	S	M	0 – Nei (skráning í fyrsta sinn) 1 – Já
	PrevMID_ID	Fyrri auðkenniskóði vélar notaður fyrir viðfangsefni þessarar beiðni	MID	S	M, ef PrevMID_B = 1	
	M_entirety	Tilgreint hvort þessi beiðni varðar vélina (eða hluta af vélinni)	Boolean	S	M	0 – Nei (vélarhluti) 1 – Já (vél)
	P_Producer	Framleiðandi hluta	Text	S	M, ef M_entirety = 0	
	P_Model	Tegund hluta	Text	S	M, ef M_entirety = 0	
	P_Number	Raðnúmer hluta	Text	S	M, ef M_entirety = 0	
	P_Mobile	Tilgreint hvort þessi hluti sé ætlaður til notkunar með mörgum vélum (fastur eða færanlegur hluti)	Boolean	S	M, ef M_entirety = 0	0 – Nei (fastur hluti) 1 – Já (færanlegur hluti)

	P_ATD1	Tilgreint hvort búnaður gegn óheimilum breytingum í skilningi 7. mgr. 2. gr. skráir starfsemi þessa hluta	Boolean	S	M, ef M_entirety = 0	0 – Nei 1 – Já
	P_ATD2	Raðnúmer búnaðar gegn óheimilum breytingum	Text	S	M, ef M_entirety = 0 og P_ATD1 = 1	
	P_Description	Lýsing á hluta þar sem tæknilegt hlutverk hans er útskýrt	Text	S	O	
	M_Producer	Framleiðandi vélar	Text	S	M, ef M_entirety = 1	
	M_Model	Tegund vélar	Text	S	M, ef M_entirety = 1	
	M_Number	Raðnúmer vélar	Text	S	M, ef M_entirety = 1	
	M_parts	Tilgreint hvort vélin er sett saman úr mörgum hlutum sem er hægt að sanngreina sérstaklega	Boolean	S	M, ef M_entirety = 1	0 – Nei 1 – Já“
	M_plist	Skrá yfir sanngreinanlega hluta	MID	M	M, ef M_entirety = 1 og M_parts = 1	
	M_ATD	Raðnúmer búnaðar gegn óheimilum breytingum í skilningi 7. mgr. 2. gr.	Text	S	M, ef M_entirety = 1 og M_parts = 0	
	M_Capacity	Hámarksgeta í 24 klukkustunda framleiðsluferli, gefin upp sem einingarpakkar	Integer	S	M, ef M_entirety = 1	

2.4. Ákvæðum 2. hluta II. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „P_Type“ í lið 2.1 kemur eftirfarandi:

	„P_Type	Tegund tóbaksvöru	Integer	S	M	1 – Sígaretta 2 – Vindill 3 – Smávindill 4 – Vafningstóbak 5 – Píputóbak 6 – Vatnspíputóbak 7 – Munntóbak 8 – Neftóbak 9 – Tuggutóbak 11 – Nýjar tóbaksvörur 12 – Annað (vara sem sett er á markað fyrir 19. maí 2014, sem fellur ekki undir flokka 1–9)“

b) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „P_Brand“ í lið 2.1 kemur eftirfarandi:

	„P_Brand	Vöruheiti tóbaksvöru sem varan verður markaðssett með á fyrirhuguðum markaði fyrir hana	Text	S	M	
	P_SubType_Exist	Tilgreinir hvort undirtegundarheiti vörunnar er til. Heiti undirtegundar gerir það kleift að bera kennsl á vöruna auk vöruheitis vörunnar	Boolean	S	M	0 – Nei 1 – Já“
	P_SubType_Name	Undirheiti vörunnar (ef eitthvað er) eins og hún er markaðssett á fyrirhuguðum markaði fyrir hana	Text	S	M, ef P_SubType_Exist = 1	
	P_units	Fjöldi einstakra eininga í einingarpakkanum (fjöldi í stykkjatali í pakkanum)	Integer	S	M, ef P_Type = 1 eða 2 eða 3	

c) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „TP_PN“ í lið 2.1 kemur eftirfarandi:

	„TP_PN	Tóbaksvörunúmer sem er notað í EU-CEG-kerfinu (EAN eða GTIN eða SKU eða UPC)	PN	S	M, ef Intended_ Market er aðildarríki O, ef Intended_ Market er þriðja land“	

d) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „Deact_upUI“ í lið 2.3 kemur eftirfarandi:

	„Deact_upUI	Skrá yfir einkvæm auðkenni á einingarpökkum sem á að óvirkja	upUI(L) eða upUI(i) eða upUI(s)	M	M, ef Deact_Type = 1“	

e) Eftirfarandi lið 2.4 er bætt við:

„2.4. **Beiðni um endurvirkjun einkvæmra auðkenna fyrir vörur sem tilkynnt hefur verið að hafi verið stolið en voru endurheimtar (einungis leyft ef Reitur Deact_Reason1 = 2 í fyrri tegund boða 2–3)**

Atriði #	Reitur	Athugasemdir	Gagnategund	Staka-fjöldi	Forgangur	Gildi
	Message_Type	Auðkenning á tegund boða	Text	S	M	2–4
	EO_ID	Auðkenniskóði rekstraraðila aðilans sem leggur beiðnina fram	EOID	S	M	
	F_ID	Auðkenniskóði aðstöðu (aðstöðu endurheimtar)	FID	S	M	
	React_Type	Endurvirkjun einkvæms auðkennis á einingarpakka eða einkvæms auðkennis á heildarumbúðir	Integer	S	M	1 – Einkvæm auðkenni á einingarpakka 2 – Einkvæmt auðkenni á heildarumbúðir“
	React_Reason	Lýsing á ástæðu endurvirkjunar	Text	S	O	
	React_upUI	Skrá yfir einkvæm auðkenni á einingarpökkum sem á að endurvirkja	upUI(L) eða upUI(i) eða upUI(s)	M	M, ef React_Type = 1	

	React_aUI	Skrá yfir einkvæm auðkenni á heildarumbúðum sem á að endurvirkja	aUI	M	M, ef React_Type = 2	

2.5. Ákvæðum 3. hluta II. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „Destination_ID5“ í lið 3.3 kemur eftirfarandi:

	„Destination_ID5	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kíló-metrar) viðtökuaðstöðu	Text	S	M, ef Destination_ID1 = 1	
	Destination_ID6	Sveitarfélag viðtökuaðstöðu (borg, bær eða þorp)	Text	S	M, ef Destination_ID1 = 1	
	Destination_ID7	Póstnúmer viðtökuaðstöðu	Text	S	M, ef Destination_ID1 = 1	„„„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað“
	Destination_ID8	Land viðtökuaðstöðu	Land	S	M, ef Destination_ID1 = 1	

b) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „Destination_ID3“ í lið 3.5 kemur eftirfarandi:

	„Destination_ID3	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kíló-metrar) viðtökuaðstöðu	Text	S	M, ef Destination_ID1 = 0	
	Destination_ID4	Sveitarfélag viðtökuað-stöðu (borg, bær eða þorp)	Text	S	M, ef Destination_ID1 = 0	
	Destination_ID5	Póstnúmer viðtökuaðstöðu	Text	S	M, ef Destination_ID1 = 0	„„„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað“
	Destination_ID6	Land viðtökuaðstöðu	Land	S	M, ef Destination_ID1 = 0	

c) Eftirfarandi lið 3.8 er bætt við:

„3.8. **Sending tóbaksvara frá aðstöðu til rannsóknarstofa, úrgangsförgunarmiðstöðva, landsyfirvalda, alþjóðlegra stofnana hins opinbera, sendiráða og herstöðva**

Atriði #	Reitur	Athugasemdir	Gagnategund	Staka-fjöldi	Forgangur	Gildi
	Message_Type	Auðkenning á tegund boða	Text	S	M	3–8
	EO_ID	Auðkenniskóði rekstraraðila aðilans sem leggur beiðnina fram	EOID	S	M	
	Event_Time	Fyrirhugaður tíma-punktur þegar atburður á að eiga sér stað	Time(s)	S	M	
	F_ID	Auðkenniskóði sendingaraðstöðu	FID	S	M	
	Destination_1	Upplýsingar um tegund viðtökustaðar	Integer	S	M	1 – Rannsóknarstofa 2 – Úrgangsförgunar-miðstöð 3 – Landsyfirvald 4 – Alþjóðleg stofnun hins opinbera 5 – Sendiráð 6 – Herstöð
	Destination_2	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kíló-metrar) viðtökustaðar	Text	S	M	
	Destination_3	Sveitarfélag við-tökustaðar (borg, bær eða þorp)	Text	S	M	
	Destination_4	Póstnúmer viðtökustaðar	Text	S	M	„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað
	Destination_5	Land viðtökustaðar	Land	S	M	

	Transport_mode	Flutningsmáti, sem varan fer með úr aðstöðunni, sjá: kóðaskrá 7 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 684/2009	Integer	S	M	0 – Annað 1 – Sjóflutningar 2 – Járnbrautarflutningar 3 – Flutningar á vegum 4 – Flutningar í lofti 5 – Póstsending 6 – Föst flutningamannvirki 7 – Flutningar á skipgengum vatnaleiðum
	Transport_vehicle	Auðkenning á ökutæki (þ.e. númeraplata, númer lestar, númer flugvélar/flugs, heiti skips eða annað auðkenni)	Text	S	M	„n/a“ er leyft gildi ef Transport_mode = 0 og varan er flutt milli samliggjandi aðstöðu og afhent handvirkt
	Transport_cont1	Tilgreint hvort flutningurinn sé gámaflutningur þar sem notaður er einkvæmur flutningseiningarkóði (t.d. SSCC)	Boolean	S	M	0 – Nei 1 – Já
	Transport_cont2	Einkvæmur flutningseiningarkóði gámsins	ITU	S	M, ef Transport_cont1 = 1	
	UI_Type	Auðkenning á tegundum einkvæmra auðkenna í sendingunni (skráð á hæsta stigi tiltækrar samsöfnunar)	Integer	S	M	1 – einungis einkvæm auðkenni á einingarpakka 2 – einungis einkvæm auðkenni á heildarumbúðir 3 – bæði einkvæm auðkenni á einingu og einkvæm auðkenni á heildarumbúðir“

	upUIs	Skrá yfir einkvæm auðkenni á einingarpökkum sem á að senda	upUI(L)	M	M, ef UI_Type = 1 eða 3	
	aUIs	Skrá yfir einkvæm auðkenni á heildarumbúðum sem á að senda	aUI	M	M, ef UI_Type = 2 eða 3	
	S_Dispatch_comment	Athugasemdir frá aðila sem tilkynnir	Text	S	O	

2.6. Ákvæðum 4. hluta II. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „Buyer_Address“ í lið 4.1 kemur eftirfarandi:

	„Buyer_Address_1	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kílómetrar) kaupanda	Text	S	M, ef Invoice_Buyer1 = 0	
	Buyer_Address_2	Sveitarfélag kaupanda (borg, bær eða þorp)	Text	S	M, ef Invoice_Buyer1 = 0	
	Buyer_Address_3	Póstnúmer kaupanda	Text	S	M, ef Invoice_Buyer1 = 0	„„„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað“

b) Í stað línunnar í töflunni fyrir Reitur „Payer_Address“ í lið 4.3 kemur eftirfarandi:

	„Payer_Address_1	Götuheiti og húsnúmer (eða vegur nr. og kílómetrar) greiðanda	Text	S	M, ef Payment_Payer 1 = 0	
	Payer_Address_2	Sveitarfélag greiðanda (borg, bær eða þorp)	Text	S	M, ef Payment_Payer 1 = 0	
	Payer_Address_3	Póstnúmer greiðanda	Text	S	M, ef Payment_Payer 1 = 0	„„„n/a“ er leyft gildi ef engu póstnúmeri hefur verið úthlutað“

2.7. Ákvæðum 5. hluta II. kafla er skipt út sem hér segir:

„Innkallanir

5. **Innkallanir á beiðnum, rekstrarlegum boðum og viðskiptaboðum (mögulegar fyrir boð af tegundunum 2–1, 2–2, 2–3 (einungis innan sólarhrings frá upphaflegri tilkynningu um boð 2–3, fyrir Deact_Reason1, annað en 2 – Vöru stolið), 3–1 til 3–8, 4–1, 4–2 og 4–3)**

Atriði #	Reitur	Athugasemdir	Gagnategund	Staka-fjöldi	Forgangur	Gildi
	Message_Type	Auðkenning á tegund boða	Text	S	M	5
	EO_ID	Auðkenniskóði rekstr-araðila aðilans sem leggur beiðnina fram	EOID	S	M	
	Recall_CODE	Kóði innköllunarboða sem látinn er sendanda boð-anna í té til að staðfesta að það eigi að innkalla upphaflegu boðin	Text	S	M	Recall_CODE
	Recall_ Reason1	Ástæða til að innkalla upphafleg boð	Integer	S	M	1 – atburður sem tilkynnt var um gerðist ekki (einungis fyrir boð af tegundunum 3–3, 3–5 og 3–8) 2 – boð innihéldu rangar upplýsingar 3 – annað
	Recall_ Reason2	Lýsing á ástæðu fyrir innköllun upphaflegra boða	Text	S	M, ef Recall_ Reason1 = 3	
	Recall_ Reason3	Allar viðbótarskýringar varðandi ástæðu fyrir innköllun upphaflegra boða	Text	S	O	

Tilkynning: Innköllun, að því er varðar rekstrar- og birgðastjórnunaratburði, leiðir til þess að innkölluðu boðin eru merkt sem felld úr gildi en leiðir ekki til þess að fyrirliggjandi gagnagrunnsskrá sé eytt.“

3) Eftirfarandi III. viðauka er bætt við:

„III. VIÐAUKI

Samsetning einkvæms auðkennis á einingu

	1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)	9)
Þáttur	Táknunar-auðkenni	Skyldu-bundinn gagnasér-greinir	Auðkenni-skóði útgefanda auðkennis	Valkvæður gagnasér-greinir	Raðnúmer	Valkvæður gagnasér-greinir	Vörukóði	Valkvæður gagnasér-greinir	Tím-astimpill
Gerð:	Sérgreinir	Sérgreinir	Runa (gagnastak)	Sérgreinir	Runa (gagnastak)	Sérgreinir	Runa (gagnastak)	Sérgreinir	Runa (gagnastak)

Staða innan einkvæms auðkennis:	Föst	Föst	Föst	Ekki föst	Ekki föst	Ekki föst	Ekki föst	Föst	Föst
Reglufest með:	Ákvæðum 1. mgr. 21. gr. og kóðunar-samsetn-ingu útgefanda auðkennis	Ákvæðum 3. gr. (4. mgr.), 8. gr. (a-liður 1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.) og kóðunar-samsetn-ingu útgefanda auðkennis	Ákvæðum 4. mgr. 3. gr. og a-liðar 1. mgr. 8. gr.	Ákvæðum 1. mgr. 21. gr. og kóðunar-samsetn-ingu útgefanda auðkennis	Ákvæðum b-liðar 1. mgr. 8. gr.	Ákvæðum 1. mgr. 21. gr. og kóðunar-samsetn-ingu útgefanda auðkennis	Ákvæðum c-liðar 1. mgr. 8. gr.	Ákvæðum 1. og 4. mgr. 21. gr. og kóðunar-samsetn-ingu útgefanda auðkennis	Ákvæðum d-liðar 1. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 21. gr.
Gildandi alþjóðlegir staðlar:	ISO/IEC 16022:2006 eða ISO/IEC 18004:2015 eða ISS DotCode Symbology Spec.	ISO 15459-2:2015 og ISO 15459-3:2014	ISO 15459-2:2015 og ISO 15459-3:2014						
Ferli:	Notað af rekstraraðilum	Notað af rekstraraðilum	Búinn til af útgefendum auðkenna	Notað af rekstraraðilum	Búinn til af útgefendum auðkenna	Notað af rekstraraðilum	Búinn til af útgefendum auðkenna	Notað af rekstraraðilum	Notað af rekstraraðilum
Sending til gagnahirslukerfis:	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já

Athugasemd: Að því er varðar lýsinguna hér að framan er litið á hópaskiltákn (e. *group separator*) (/FNC1) á sama hátt og valkvæða gagnasérgreini, þ.e. að notkun þeirra er háð kóðunarsamsetningu útgefanda auðkennis.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1653 **2024/EES/25/55**

frá 17. ágúst 2023

um færslu heitis í skrána yfir landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki („Borzag pálinka“) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 var umsókn Ungverjalands um að skrá heitið „Borzag pálinka“ birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

3) Því ætti að skrá heitið „Borzag pálinka“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Borzag pálinka“ er hér með færð inn í skrána. Reglugerð þessi veitir landfræðilegu merkingunni „Borzag pálinka“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 209, 24.8.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB C 156, 3.5.2023, bls. 23.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. ágúst 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2197 **2024/EES/25/56**

frá 10. júlí 2023

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 að því er varðar úthlutun einkvæmra tækjaauðkenninga fyrir snertilinsur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE ([1]), einkum b-lið 10. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/745 er kveðið á um einkvæmt tækjaauðkenningarkerfi fyrir auðkenningu og rekjanleika tækja. Áður en framleiðandi setur tæki, annað en sérsmíðað tæki, á markað skal hann úthluta tækinu og öllum ytri umbúðum tækisins einkvæmri tækjaauðkenningu. Einkvæma tækjaauðkenningin samanstendur af kennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu (UDI-DI) og kennimerki framleiðslu fyrir einkvæma tækjaauðkenningu (UDI-PI). Kennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu er einn af þeim meginþáttum sem framleiðandi verður að afhenda í gagnagrunn einkvæmrar tækjaauðkenningar í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki.

2) Kennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu skal úthlutað á tiltekna gerð tækis og framleiðanda. Snertilinsur eru fáanlegar í mörgum afbrigðum vegna mikils fjölda klíníska mæliþátta sem einkenna þær. Í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/745 skal úthluta kennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu á hvert slíkt afbrigði af snertilinsum. Þessi einstaklingsmiðun á hverju kennimerkis tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu, sem leiðir til örrar fjölgunar á kennimerkjum tækja fyrir einkvæma tækjaauðkenningu sem skal úthluta á samsvarandi snertilinsur, veldur of miklu álagi á Evrópska gagnabankann um lækningatæki og er óhófleg samanborið við þá öryggisáhættu sem tengist snertilinsum.

3) Að teknu tilliti til árangurs á alþjóðavettvangi og samstarfs við útgáfuaðila, hlutaðeigandi hagsmunaaðila í atvinnugreininni og lögbær yfirvöld Sambandsins fyrir lækningatæki er tækniþróun á þessu sviði slík að það á betur við að flokka snertilinsur, sem eru með sömu samsetningar klínískra mæliþátta og hönnunarmæliþátta, undir sama kennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu (aðalkennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu (e. *Master UDI-DI*)). Til að komast hjá því að mismunandi tækjaauðkenningum sé úthlutað á mjög svipaðar snertilinsur er því þörf á lausn að því er varðar að úthluta kennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu fyrir snertilinsur.

4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/745 til samræmis við það.

5) Í því skyni að fara að breytingunum sem eru gerðar með þessari reglugerð verða rekstraraðilar að koma breytingum á innri kerfum sínum til framkvæmda og aðlaga tækni til að prenta út og skanna bera einkvæmrar tækjaauðkenningar. Því ætti að fresta beitingu þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við í C-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/745:

„6.6. Mjög einstaklingsmiðuð tæki

6.6.1. Snertilinsur

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2197, 20.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1.

6.6.1.1. Staðlaðar snertilinsur

Úthluta skal kennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu á staðlaðar snertilinsur sem eru með sömu samsetningu hönnunarmæliþátta fyrir snertilinsur, þar með talið a.m.k. grunnferil og þvermál („aðalkennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu“).

Til viðbótar við kröfuna sem mælt er fyrir um í lið 3.9 skal gera kröfu um nýtt aðalkennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu í hvert sinn sem breyting er gerð á samsetningu hönnunarmæliþáttanna sem um getur í fyrstu málsgrein.

6.6.1.2. Snertilinsur sem eru gerðar eftir pöntun

Úthluta skal kennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu á snertilinsur, sem eru gerðar eftir pöntun, sem eru með sömu samsetningu hönnunarmæliþátta fyrir snertilinsur, þar með talið a.m.k. grunnferil og þvermál („aðalkennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu“).

Til viðbótar við kröfuna sem mælt er fyrir um í lið 3.9 skal gera kröfu um nýtt aðalkennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu í hvert sinn sem breyting er gerð á samsetningu hönnunarmæliþáttanna sem um getur í fyrstu málsgrein.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. nóvember 2025.

Framleiðendur geta þó úthlutað aðalkennimerki tækis fyrir einkvæma tækjaauðkenningu fyrir þann dag í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/745, eins og henni var breytt með þessari reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2056 **2024/EES/25/57**

frá 26. september 2023

um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 að því er varðar uppfærslu á skránni um viðeigandi nægilega fjölþættar vísitölur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 344. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að hlutabréfavísitölurnar sem skráðar eru í viðaukann við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 ([2]) uppfylli áfram skilyrðin fyrir að hægt sé að líta framhjá sértækri áhættu þeirra hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin endurmetið viðkomandi vísitölur í ljósi síðustu tiltæku gagna en það eru gögn sem varða árið 2022. Það endurmat hefur sýnt að þörf er á að uppfæra skrána um viðeigandi nægilega fjölþættar vísitölur.

2) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 945/2014 til samræmis við það.

3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

4) Breytingarnar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 945/2014 eru ekki afleiðing breytinga á aðferðafræðinni sem beitt er við matið. Í þeim eina tilgangi að uppfæra skrána um viðeigandi nægilega fjölþættar vísitölur hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin því hvorki efnt til opins samráðs við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning þar sem slíkt samráð eða greining myndi ekki vera í samræmi við umfang þeirra breytinga sem innleiddar eru og áhrif viðkomandi draga að tæknilegum framkvæmdarstöðlum. Í raun eru aðeins fáeinar vísitölur sem fjarlægja ætti af skránni í kjölfar endurmatsins og þær vísitölur eru í öllu falli færri en nýju vísitölurnar sem teknar eru inn.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 945/2014 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 238, 27.9.2023, bls. 89. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 frá 4. september 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar viðeigandi nægilega fjölbreyttar vísitölur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. L 265, 5.9.2014, bls. 3).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Þegar gildið í Staða í móttekinni AMC-setningu er stillt á „J“ eða „O“ í samræmi við kröfu GNS_4a skal skráningarhluti ökuritans mynda og skrá sértilvik um frávik í GNSS-búnaði, eins og skilgreint er í kröfu 88a í I. viðauka C og 1. viðbæti (EventFaultType). Skráningarhluti ökuritans getur framkvæmt viðbótarathuganir áður en hann geymir sértilvik um frávik í GNSS-búnaði eftir móttöku stillingar „J“ eða „O“.

TRA_018 Skilja ber fyrsta og annan undirlið á eftir formúlunni í skilyrði 2 í kröfu GNS_42 í 8. lið, Ósamræmi í hreyfigögnum ökutækis, í 12. viðbæti, á eftirfarandi hátt:

— *GnssDistance er fjarlægðin milli núverandi og fyrri staðsetningar ökutækisins, sem báðar eru fengnar úr gildum stöðluðum staðsetningarboðum, án tillits til hæðar,*

— *OdometerDifference er mismunurinn á raunstöðu kílómetramælis og stöðu kílómetramælis sem samsvarar fyrri gildum stöðluðum staðsetningarboðum.*

TRA_019 Skilja ber annan dálk í röðinni RTM20 í töflu 14.3 í kröfu DSC_41 í lið 5.4.5, Kröfur um samskiptareglur fyrir sérhæfð, skammdræg fjarskiptakerfi að því er varðar fjarvöktun ökurita (RTM), RtmData-stök, aðgerðir sem eru framkvæmdar og skilgreiningar, í 14. viðbæti, á eftirfarandi hátt:

Skráningarhluti ökuritans skal mynda heiltölugildi (timeReal úr 1. viðbæti) fyrir gagnastakið RTM20.

Skráningarhluti ökuritans skal stilla gildið fyrir RTM20 á tímasetninguna þegar síðasta staðlaða staðsetning ökutækis var fáanleg frá GNSS-móttökubúnaðinum.

Ef engin stöðluð staðsetning ökutækis var fáanleg frá GNSS-móttökubúnaðinum skal skráningarhluti ökuritans stilla gildi RTM20 á 0.

TRA_020 Framleiðandi gerðarviðurkennds bráðabirgðaskráningarhluta ökutækis skal upplýsa framkvæmdastjórnina um hugbúnaðarútgáfur sínar. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar hugbúnaðarútgáfur á vefsetri sem er aðgengilegt öllum.

5. SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM GERÐARVIÐURKENNINGU OG NOTKUN BRÁÐABIRGÐAÖKURITA

TRA_021 Bráðabirgðaskráningarhlutar ökurita skulu gerðarviðurkenndir í samræmi við kröfur I. viðauka C og 1. til 16. viðauka hans, auk ákvæða þessa viðbætis.

TRA_022 Aðeins má óska eftir gerðarviðurkenningarvottorði fyrir bráðabirgðaskráningarhluta ökurita og bráðabirgða-ökurita til 31. desember 2023 eða dagsetningar yfirlýsingar um OSNMA-þjónustu, hvort sem ber upp síðar.

TRA_023 Aðeins er heimilt að setja upp bráðabirgðaskráningarhluta ökurita í ökutæki, sem eru skráð í fyrsta sinn, til 31. maí 2024 eða 5 mánuðum eftir dagsetningu yfirlýsingar um OSNMA-þjónustu, hvort sem ber upp síðar.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/946 **2024/EES/25/63**

frá 10. maí 2023

um breytingu á tilskipun 2003/25/EB að því er varðar að auka kröfur um stöðugleika og aðlögun þeirrar tilskipunar að kröfum um stöðugleika sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur skilgreint (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB ([3]) er ákvarðað samræmt stig sérkrafna um stöðugleika ekjufarþegaskipa sem ásamt kröfunum í alþjóðasamningnum um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS-samþykktinni), sem var í gildi við samþykkt þeirrar tilskipunar („SOLAS 90“), bætir eiginleika þessarar tegundar skipa til að þola áraun í kjölfar tjóns af völdum áreksturs og tryggir farþegum og áhöfn fyllsta öryggi.

2) Hinn 15. júní 2017 samþykkti Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) ályktun MSC.421(98) um breytingu á SOLAS-samþykktinni og ákvörðun endurskoðaðra krafna um stöðugleika farþegaskipa í löskuðu ástandi. Þær kröfur gilda einnig um ekjufarþegaskip. Nauðsynlegt er að taka tillit til þeirrar þróunar á alþjóðavettvangi og laga reglur og kröfur Sambandsins að þeim kröfum sem settar eru fram í SOLAS-samþykktinni fyrir ekjufarþegaskip í millilandasiglingum.

3) Í 14. IMO-ályktun SOLAS-ráðstefnunnar frá 1995 var aðildarríkjum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar heimilað að gera svæðisbundna samninga ef þau álíta að ríkjandi sjólag og aðrar staðbundnar aðstæður krefjist sérkrafna um stöðugleika á tilteknu svæði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 323, 26.8.2022, bls. 119.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. mars 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 24. apríl 2023.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa (Stjtíð. ESB L 123, 17.5.2003, bls. 22).

4) Kröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa í löskuðu ástandi, sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2003/25/EB, eru forákvarðanlegar í eðli sínu. Þær eru því frábrugðnar nýju, alþjóðlegu líkindaaðferðinni, sem sett er fram í kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni, einkum nýjum kröfum sem mæla öryggi ekjufarþegaskips á grunni líkinda á því að það þoli áraun af völdum áreksturs. Til að aðlaga kröfur Sambandsins að þessum nýju alþjóðlegu kröfum ætti að breyta tilskipun 2003/25/EB til samræmis við það.

5) Kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB ([4]) gilda áfram um ekjufarþegaskip. Mat á öryggisstigi ekjufarþegaskipa af mismunandi stærð, sem tryggt er með kröfum SOLAS-samþykktarinnar, eins og þeim var síðast breytt með ályktun MSC.421(98) („SOLAS 2020“), leiddi til þeirrar niðurstöðu að beiting krafnanna um stöðugleika í SOLAS 2020 myndi draga verulega úr áhættu fyrir ekjufarþegaskip, sem heimilt er að flytja fleiri en 1350 farþega, miðað við öryggisstigið sem leiðir af beitingu krafnanna sem settar eru fram í tilskipun 2003/25/EB.

6) Kröfur um stöðugleika, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, fyrir ekjufarþegaskip sem heimilt er að flytja 1350 farþega eða færri, verða erfiðar í framkvæmd að því er varðar tiltekna hönnun skipa. Því ættu félög, sem eiga eða gera þau skip út til áætlunarferða innan Sambandsins, að eiga möguleika á að beita kröfunum um stöðugleika sem voru í gildi áður en þessi tilskipun öðlaðist gildi. Aðildarríkin ættu að tilkynna framkvæmdastjórninni um þann möguleika ásamt því að senda henni gögn um viðkomandi skip. Tíu árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin að meta möguleikann á því að ákveða hvort nauðsynlegt sé að endurskoða þessa tilskipun enn frekar.

7) Að því er varðar ekjufarþegaskip, sem heimilt er að flytja 1350 farþega eða færri, ætti valfrjáls beiting krafnanna í SOLAS 2020 að vera skilyrt við hærri R-stuðul en þann sem er skilgreindur í SOLAS 2020, til að öðlast viðeigandi öryggisstig.

8) Til að tryggja nauðsynlegt öryggisstig ættu sértækar kröfur um stöðugleika í löskuðu ástandi einnig að gilda um gömul ekjufarþegaskip sem hafa aldrei verið samþykkt í samræmi við tilskipun 2003/25/EB og eru við það að hefja áætlunarferðir í Sambandinu.

9) Hafnarríki ættu að vinna saman að því, eins og framast er kostur, að útbúa skrá yfir hafsvæðin, sem um getur í þessari tilskipun, að teknu tilliti til fullveldis ríkja yfir hafsvæðum innan lögsögu þeirra og almennra meginreglna um hafrétt.

10) Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) hefur aðstoðað framkvæmdastjórnina við skilvirka framkvæmd tilskipunar 2003/25/EB og ætti að leitast við að halda áfram slíkri aðstoð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ([5]).

11) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar ættu aðildarríki að leggja fram gögn um hvert nýtt ekjufarþegaskip sem heimilt er að flytja 1350 farþega eða færri í áætlunarferðum í samræmi við kröfurnar um stöðugleika í þessari tilskipun. Leggja ætti fram þessi gögn í samræmi við sniðið sem sett er fram í II. viðauka. Þessi gögn ættu að vera tiltæk fyrir öll ný ekjufarþegaskip þar sem þau eru forsenda þess að unnt sé að uppfylla líkindatengdar kröfur um stöðugleika sem settar eru fram í SOLAS 2020.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (Stjtíð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1).

12) Þar sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB ([6]) var breytt og tilskipun ráðsins 1999/35/EB ([7]) var felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2110 ([8]) á hugtakið „gistiríki“ ekki lengur við og í stað þess ætti því að koma „hafnarríki“.

13) Í því skyni að leggja ekki óhóflega stjórnsýslubyrði á landlukt aðildarríki, sem hafa engar hafnir við sjó og engin ekjufarþegaskip sem sigla undir fána þeirra og falla undir gildissvið tilskipunar 2003/26/EB, ætti að heimila slíkum aðildarríkjum að víkja frá ákvæðum tilskipunar 2003/25/EB. Þetta þýðir að svo framarlega sem þau skilyrði séu uppfyllt er þeim ekki skylt að lögleiða þá tilskipun.

14) Því ætti að breyta tilskipun 2003/25/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/25/EB

Tilskipun 2003/25/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b- og c-liðar kemur eftirfarandi:

„b) „gamalt ekjufarþegaskip“: ekjufarþegaskip þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða smíði er á svipuðu stigi fyrir 5. desember 2024. Með smíði á svipuðu stigi er átt við að:

i. smíði tiltekins skips sé greinilega hafin og

ii. samsetning þessa skips sé hafin og það sé orðið a.m.k. 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum massa alls smíðaefnisins, hvort heldur er minna,

c) „nýtt ekjufarþegaskip“: ekjufarþegaskip sem er ekki gamalt ekjufarþegaskip,“.

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) „SOLAS-samþykktin“: alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 og breytingar á honum sem eru í gildi,“.

c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„ea) „SOLAS 90“: alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974, eins og honum var síðast breytt með ályktun MSC.117(74),

eb) „SOLAS 2009“: alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974, eins og honum var síðast breytt með ályktun MSC.216(82),

ec) „SOLAS 2020“: alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974, eins og honum var síðast breytt með ályktun MSC.421(98),“.

d) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) „áætlunarferðir“: siglingar ekjufarþegaskipa milli tveggja sömu hafna eða fleiri hafna eða siglingar til og frá einni og sömu höfn án viðkomu á öðrum stöðum, annaðhvort:

i. samkvæmt birtri áætlun eða

ii. með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um kerfisbundnar og reglubundnar ferðir sé að ræða,“.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

([7]) Tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum (Stjtíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 1).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2110 frá 15. nóvember 2017 um skoðunarkerfi fyrir öruggan rekstur ekjufarþegaskipa og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB (Stjtíð. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 61).

e) Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:

„i) „hafnarríki“: aðildarríki þar sem ekjufarþegaskip er í áætlunarferðum til eða frá höfnum þess,“.

f) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) „sérkröfur um stöðugleika“: kröfur um stöðugleika, sem um getur í 6. gr., þegar hugtakið er notað sem safnheiti,“.

g) Eftirfarandi lið er bætt við:

„n) „félag“: eigandi ekjufarþegaskips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða leigutaki þurrleiguskips, sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri farþegaskipsins fyrir hönd eiganda.“

2) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 3. gr.:

„2. Hvert aðildarríki skal, í hlutverki sínu sem hafnarríki, ganga úr skugga um að ekjufarþegaskip, sem sigla undir fána annars ríkis en aðildarríkis, uppfylli kröfur þessarar tilskipunar að öllu leyti áður en þau geta hafið áætlunarferðir til eða frá höfnum þess aðildarríkis í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2110 (*).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2110 frá 15. nóvember 2017 um skoðunarkerfi fyrir öruggan rekstur ekjufarþegaskipa og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB (Stjtíð. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 61).“

3) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 3. gr.:

„3. Aðildarríki, sem hafa engar hafnir við sjó og engin ekjufarþegaskip sem sigla undir fána þeirra og falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, mega víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar að undanskilinni þeirri skyldu sem sett er fram í annarri undirgrein.

Þau aðildarríki sem ætla að notfæra sér slíka undanþágu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 5. desember 2024, hvort skilyrðin hafi verið uppfyllt og upplýsa framkvæmdastjórnina um allar síðari breytingar. Slík aðildarríki mega ekki leyfa ekjufarþegaskipum, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, að sigla undir þeirra fána fyrr en þau hafa lögleitt og hrint þessari tilskipun í framkvæmd.“

4) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Hæð kenniöldu

Nota skal hæð kenniöldu (hS) til að ákvarða þá vatnshæð á bílaþilfari sem er notuð við beitingu sérkrafnanna um stöðugleika í A-þætti I. viðauka. Hæðargildi kenniöldu skulu ekki vera hærri en sem nemur 10% líkindum á ársgrundvelli.“

5) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Hafnarríki skulu útbúa og uppfæra skrá yfir hafsvæði, sem ekjufarþegaskip sigla um í áætlunarferðum til eða frá höfnum þeirra, ásamt samsvarandi hæðargildum kenniöldu þessara svæða.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Skráin skal birt í opinberum gagnagrunni sem er aðgengilegur á vefsetri lögbærra siglingamálayfirvalda. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um hvar þessar upplýsingar er að finna ásamt hvers konar uppfærslum á skránni og um ástæður slíkra uppfærslna.“

6) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Sérkröfur um stöðugleika

1. Með fyrirvara um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB (*) skulu ný ekjufarþegaskip, sem heimilt er að flytja fleiri en 1350 farþega, uppfylla sérkröfur um stöðugleika sem settar eru fram í B-hluta kafla II-1 í SOLAS 2020.

2. Að vali félags skulu ný ekjufarþegaskip, sem heimilt er að flytja 1350 farþega eða færri, uppfylla:

a) sérkröfurnar um stöðugleika sem settar eru fram í A-þætti I. viðauka við þessa tilskipun eða

b) sérkröfurnar um stöðugleika sem settar eru fram í B-þætti I. viðauka við þessa tilskipun.

Fyrir hvert slíkt skip skal stjórnvald fánaríkis, innan tveggja mánaða frá útgáfudegi skírteinisins sem um getur í 8. gr., tilkynna framkvæmdastjórninni um valkost sinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, og láta upplýsingarnar, sem um getur í III. viðauka, fylgja með slíkri tilkynningu.

3. Þegar aðildarríkin beita kröfunum, sem settar eru fram í A-þætti I. viðauka, skulu þau nota viðmiðunarreglurnar, sem settar eru fram í II. viðauka, svo framarlega sem það er framkvæmanlegt og samrýmist hönnun skipsins sem um ræðir.

4. Að vali félags skulu gömul ekjufarþegaskip, sem heimilt er að flytja fleiri en 1350 farþega og félagið hyggst hafa í áætlunarferðum til eða frá höfn í aðildarríki eftir 5. desember 2024 og sem hafa aldrei verið samþykkt í samræmi við þessa tilskipun, uppfylla:

a) sérkröfurnar um stöðugleika, sem settar eru fram í B-hluta kafla II-1 í SOLAS 2020, eða

b) sérkröfurnar um stöðugleika, sem settar eru fram í A-þætti I. viðauka við þessa tilskipun, til viðbótar við þær sem settar eru fram í B-hluta kafla II-1 í SOLAS 2009.

Kröfurnar um stöðugleika, sem beitt er, skulu tilgreindar í skírteini skipsins sem krafist er skv. 8. gr.

5. Að vali félags skulu gömul ekjufarþegaskip, sem heimilt er að flytja 1350 farþega eða færri og félagið hyggst hafa í áætlunarferðum til eða frá höfn í aðildarríki eftir 5. desember 2024 og sem hafa aldrei verið samþykkt í samræmi við þessa tilskipun, uppfylla:

a) sérkröfurnar um stöðugleika, sem settar eru fram í A-þætti I. viðauka við þessa tilskipun, eða

b) sérkröfurnar um stöðugleika sem settar eru fram í B-þætti I. viðauka við þessa tilskipun.

Kröfurnar um stöðugleika, sem beitt er, skulu tilgreindar í skírteini skipsins sem um getur í 8. gr.

6. Gömul ekjufarþegaskip, sem voru í áætlunarferðum til eða frá höfn aðildarríkis eigi síðar en 5. desember 2024 skulu halda áfram að uppfylla sérkröfurnar um stöðugleika, sem settar eru fram í I. viðauka, í þeirri útgáfu sem gilti fyrir gildistöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/946 (**).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (Stjtíð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/946

frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/25/EB að því er varðar að auka kröfur um stöðugleika og aðlögun þeirrar tilskipunar að kröfum um stöðugleika sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur skilgreint (Stjtíð. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 1).“

7) Ákvæði 7. gr. falla brott.

8) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Skírteini

1. Öll ný og gömul ekjufarþegaskip, sem sigla undir fána aðildarríkis, skulu hafa um borð skírteini sem staðfestir að skipið uppfylli sérkröfurnar um stöðugleika sem um getur í 6. gr.

Stjórnvald fánaríkisins skal gefa út skírteinin og heimilt er að sameina þau öðrum tengdum skírteinum. Að því er varðar ekjufarþegaskip, sem uppfylla sérkröfurnar um stöðugleika í A-þætti I. viðauka, skal tilgreina í skírteininu hæð kennioldu sem skipið þarf að standast til að uppfylla sérkröfurnar um stöðugleika.

Skírteinið skal gilda þann tíma sem ekjufarþegaskipið er starfrækt á hafsvæði þar sem hæðargildi kennioldu er hið sama eða lægra.

2. Hvert aðildarríki skal í hlutverki sínu sem hafnarríki viðurkenna skírteini sem annað aðildarríki gefur út í samræmi við þessa tilskipun.

3. Hvert aðildarríki skal í hlutverki sínu sem hafnarríki viðurkenna skírteini sem þriðja land gefur út sem sýnir fram á að ekjufarþegaskip uppfylli sérkröfurnar um stöðugleika sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.“

9) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

Árstíðabundinn rekstur og annar rekstur til styttri tíma

1. Ef félag, sem býður upp á áætlunarferðir árið um kring, óskar eftir því að bæta við fleiri ekjufarþegaskipum til styttri tíma í þessar áætlunarferðir skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi hafnarríkisins eða hafnarríkjanna um það eigi síðar en einum mánuði áður en fyrrnefnd skip hefja þessar áætlunarferðir.

2. Ef nauðsynlegt reynist, af ófyrirsjáanlegum ástæðum, að skipta út í skyndi ekjufarþegaskipi til að tryggja áframhaldandi þjónustu skal 4. mgr. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2017/2110 og liður 1.3 í XVII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB (*) gilda í stað tilkynningarskyldunnar í 1. mgr.

3. Ef félag óskar eftir því að bjóða upp á árstíðarbundnar áætlunarferðir í styttri tíma en sex mánuði á ári skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi hafnarríkisins eða hafnarríkjanna um það eigi síðar en þremur mánuðum áður en slíkar áætlunarferðir hefjast.

4. Að því er varðar ekjufarþegaskip sem uppfylla sérkröfurnar í A-þætti I. viðauka, ef áætlunarferðir í skilningi 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar fara fram við aðstæður þar sem hæðargildi kennioldu er lægra en þau gildi sem ákvörðuð hafa verið fyrir sama hafsvæði vegna áætlunarferða árið um kring, er lögbæru yfirvaldi heimilt að nota hæðargildi kennioldu fyrir styttra tímabil til að ákvarða vatnshæð á þilfari þegar sérkröfum um stöðugleika í A-þætti I. viðauka er beitt. Aðildarríkin eða, ef við á og það er mögulegt, aðildarríki og þriðju lönd á hvorum enda siglingaleiðarinnar skulu koma sér saman um skilgreiningu á viðeigandi hæðargildi kennioldu fyrir þetta styttra tímabil.

5. Þegar lögbært yfirvald hafnarríkisins eða hafnarríkjanna hafa komist að samkomulagi um áætlunarferðir, í skilningi 1., 2. og 3. mgr., skal þess krafist að ekjufarþegaskip í slíkum áætlunarferðum hafi um borð skírteini sem staðfestir að skipið uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).“

10) Eftirfarandi grein er bætt við:

„13. gr. a

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja niðurstöður matsins fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 5. júní 2033. Upplýsingar, sem byggjast á tilkynningunum sem um getur í 2. mgr. 6. gr., skulu gerðar aðgengilegar á nafnlausu formi.“

11) Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2003/25/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

12) Textanum, sem settur er fram í II. viðauka við þessa tilskipun, er bætt við sem III. viðauka við tilskipun 2003/25/EB.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. desember 2024. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 10. maí 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
R. METSOLA	J. ROSWALL
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi er bætt við á eftir fyrirsögninni „I. viðauki“:

„A-þáttur“.

b) Eftirfarandi inngangsmálslið er bætt við á eftir þessari nýju fyrirsögn:

„Að því er varðar A-þátt skal líta á tilvísanir í reglur SOLAS-samþykktarinnar sem tilvísanir í þessar reglur, eins og þær giltu samkvæmt SOLAS 90.“

c) Í 1. lið kemur eftirfarandi í stað málsgreinarinnar á undan liðum 1.1–1.6:

„1. Til viðbótar við kröfur reglu II-1/B/8 í SOLAS-samþykktinni, að því er varðar vatnsþétta niðurhólfun og stöðugleika í löskuðu ástandi, skal uppfylla kröfur þessa þáttar.“

d) Í stað liðar 3.1 kemur eftirfarandi:

„3.1. Að því er varðar skip, sem einungis á að starfrækja í stuttan tíma, í skilningi 9. gr., skulu hafnarríkin meðfram siglingaleiðinni komast að samkomulagi um hæð viðeigandi kenniöldu.“

e) Eftirfarandi þætti er bætt við:

„B-þáttur

Fara skal að kröfunum í B-hluta kafla II-1 í SOLAS 2020. Þrátt fyrir reglu II-1/B/6.2.3 í SOLAS 2020 skal þó ákvarða nauðsynlegan niðurhólfunarstuðul R sem hér segir:

Einstaklingar um borð (N)	Niðurhólfunarstuðull (R)
$N < 1\,000$	$R = 0{,}000088 * N + 0{,}7488$
$1\,000 \leq N \leq 1\,350$	$R = 0{,}0369 * \ln (N + 89{,}048) + 0{,}579$

þar sem:

N = heildarfjöldi einstaklinga um borð.“

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

Í stað inngangsliðar fyrirsagnarinnar „Beiting“ kemur eftirfarandi:

„Í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar skulu stjórnvöld aðildarríkjanna nota þessar viðmiðunarreglur við beitingu sérstöku krafnanna um stöðugleika, sem settar eru fram í A-þætti I. viðauka, að því marki sem það er framkvæmanlegt og í samræmi við hönnun viðkomandi skips. Númer liðanna hér á eftir vísa til samsvarandi liða í A-þætti I. viðauka.“

———

II. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU

Gögn sem á að tilkynna í samræmi við 2. mgr. 6. gr.:

I. Almenn gögn

1) Viðeigandi kröfur um stöðugleika: A- eða B-þáttur I. viðauka

2) Auðkennisnúmer skips (IMO-númer, kallmerki)

3) Helstu gögn

4) Aðalfyrirkomulagsteikning

5) Fjöldi einstaklinga um borð

6) Brúttótonn

7) Er skipið opið í báða enda? Já/Nei

8) Er skipið með langar undirlestir? Já/Nei

II. Sértæk gögn – fyrir ekjufarþegaskip sem falla undir líkindatengdar kröfur sem settar eru fram í SOLAS-samþykktinni.

1) d_l, d_p, d_s,

2) R – stuðull sem krafist er,

3) yfirlitsteikning sem sýnir heilleika vatnsþéttni (e. *watertight integrity plan*) undirhólfa með öllum innri og ytri opum, þ.m.t. tengdra undirhólfa þeirra, og upplýsingar sem eru notaðar til að mæla rýmin, s.s. aðalfyrirkomulagsteikning og teikning af geymum; mörk niðurhólfunar, langsum, þversum og lóðrétt skulu talin með ([1]),

4) fengið gildi niðurhólfunarstuðuls A með yfirlitstöflu yfir alla framlagsþætti (e. *contributions*) löskuðu svæðanna ([2]), með sérstökum dálki fyrir niðurhólfunarstuðul (w*p*v) sem unnt er að ná,

5) fyrir tjónstilvik á svæði 1 og 2, hundraðshluti tjónstilvika sem voru ekki rannsökuð (þ.e. tilvik sem eru ekki innifalin í stuðlinum (w*p*v)), þar sem $s = 0$, $s = 1$ og $0 < s < 1$,

6) fyrir tjónstilvik á svæði 1 og 2, hundraðshluti tjónstilvika þar sem um er að ræða ekjurými sem voru ekki rannsökuð (þ.e. tilvik sem eru ekki innifalin í stuðlinum (w*p*v)), þar sem $s = 0$, $s = 1$ og $0 < s < 1$,

7) fyrir hvert tjón, sem stuðlar að því fá fram gildi niðurhólfunarstuðulsins A, skal tilgreina rými sem flætt hefur inn í, framlagsgildi og stuðulinn „s“ ([3]),

8) upplýsingar um tjón þar sem ekki er um að ræða framlagsþætti ($s = 0$ og $p > 0$) að því er varðar ekjufarþegaskip sem eru búin langri undirlest, þ.m.t. allar upplýsingar um reiknaða stuðla ([4]),

III. Sértæk gögn – fyrir ekjufarþegaskip þar sem ákvæðum A-þáttar I. viðauka er beitt.

1) Aðferðir til að tryggja að kröfur séu uppfylltar:

— prófanir með líkani,

— útreikningar.

Tilgreina skal hvort látið hafi verið ógert að reikna út vatnsmagn á þilfari, t.d. vegna þess að afgangsfríborð er hærra en 2,0 m í öllum tjónstilvikum: Já/Nei

2) Hæð kennilöldu samkvæmt tilskipun 2003/25/EB.“

([1]) Þessi gögn skulu lögð fyrir stjórnvöld í samræmi við lið 2.2 í viðbætinum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC.429 (98).

([2]) Þessi gögn skulu lögð fyrir stjórnvöld í samræmi við lið 2.3.1 í viðbætinum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC.429 (98).

([3]) Þessi gögn skulu lögð fyrir stjórnvöld í samræmi við lið 2.3.1 í viðbætinum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC.429 (98).

([4]) Þessi gögn skulu lögð fyrir stjórnvöld í samræmi við lið 2.3.1 í viðbætinum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC.429 (98).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2495 **2024/EES/25/64**

frá 15. nóvember 2023

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB ([1]), einkum annarri undirgrein 5. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ([2]) bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup ([3]) sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn um opinber innkaup, með áorðnum breytingum, (hér á eftir nefndur „samningurinn“) er fjölhliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Samningurinn gildir um alla innkaupasamninga sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar sem sett0ar eru fram í honum („viðmiðunarfjárhæðir“) og tilgreindar eru sem sérstök dráttarréttindi.

2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/24/ESB er að gera samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að tryggja að viðmiðunarfjárhæðirnar, sem settar eru fram í a-, b- og c-lið 4. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, séu í samræmi við viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru fram í samningum er nauðsynlegt að endurskoða viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru fram í tilskipuninni. Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/24/ESB ber að samræma viðmiðunarfjárhæðirnar sem ákveðnar eru í 13. gr. þeirrar tilskipunar og viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru fram í a- og c-lið 4. gr. þeirrar tilskipunar.

3) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/24/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin endurskoði viðmiðunarfjárhæðir á tveggja ára fresti, með gildi frá 1. janúar. Því ættu viðmiðunarfjárhæðirnar fyrir árin 2024-2025 að gilda frá og með 1. janúar 2024.

4) Útreikningur á viðmiðunarfjárhæðum getur ekki hafist fyrir 1. september vegna þess að gögn liggja ekki fyrir fyrr. Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar verður framkvæmdastjórnin að birta endurskoðaðar viðmiðunarfjárhæðir í evrum og samsvarandi virði þeirra í öðrum gjaldmiðlum aðildarríkja ESB í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í byrjun nóvembermánaðar. Í ljósi framangreinds og til þess að virða framangreind tímamörk grípur framkvæmdastjórnin til flýtimeðferðarinnar til að samþykkja þessa reglugerð.

5) Því ætti að breyta tilskipun 2014/24/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2014/24/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað „5 382 000 evrur“ í a-lið kemur „5 538 000 evrur“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2495, 16.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtíð. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

([3]) Stjtíð. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 2.

b) Í stað „140 000 evrur“ í b-lið kemur „143 000 evrur“.

c) Í stað „215 000 evrur“ í c-lið kemur „221 000 evrur“.

2) Fyrstu málsgrein 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað „5 382 000 evrur“ í a-lið kemur „5 538 000 evrur“.

b) Í stað „215 000 evrur“ í b-lið kemur „221 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2496 **2024/EES/25/65**

frá 15. nóvember 2023

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB ([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ([2]) bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup ([3]) sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn um opinber innkaup, með áorðnum breytingum, (hér á eftir nefndur „samningurinn“) er fjölhliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Samningurinn gildir um alla innkaupasamninga sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar sem settar eru fram í honum („viðmiðunarfjárhæðir“) og tilgreindar eru sem sérstök dráttarréttindi.

2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/25/ESB er að gera samningsstofnunum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að tryggja að viðmiðunarfjárhæðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna, sem settar eru fram í a- og b-lið 15. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, séu í samræmi við viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru fram í samningnum er nauðsynlegt að endurskoða viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru fram í tilskipuninni.

3) Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin endurskoði viðmiðunarfjárhæðir á tveggja ára fresti, með gildi frá 1. janúar. Því ættu viðmiðunarfjárhæðirnar fyrir árin 2024-2025 að gilda frá og með 1. janúar 2024.

4) Útreikningur á viðmiðunarfjárhæðum getur ekki hafist fyrir 1. september vegna þess að gögn liggja ekki fyrir fyrr. Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar verður framkvæmdastjórnin að birta endurskoðaðar viðmiðunarfjárhæðir í evrum og samsvarandi virði þeirra í öðrum gjaldmiðlum aðildarríkja ESB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í byrjun nóvembermánaðar. Í ljósi framangreinds og til þess að virða framangreind tímamörk grípur framkvæmdastjórnin til flýtimeðferðarinnar til að samþykkja þessa reglugerð.

5) Því ætti að breyta tilskipun 2014/25/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 15. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað „431 000 evrur“ í a-lið kemur „443 000 evrur“.

2) Í stað „5 382 000 evrur“ í b-lið kemur „5 538 000 evrur“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2496, 16.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtíð. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

([3]) Stjtíð. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 2.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2497 2024/EES/25/66

frá 15. nóvember 2023

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæð vegna sérleyfa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga ([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ([2]) bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup ([3]) sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn um opinber innkaup, með áorðnum breytingum, (hér á eftir nefndur „samningurinn“) er fjölhliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Samningurinn gildir um alla innkaupasamninga sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar sem settar eru fram í honum („viðmiðunarfjárhæðir“) og tilgreindar eru sem sérstök dráttarréttindi.

2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/23/ESB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að tryggja að viðmiðunarfjárhæðin vegna sérleyfa sem sett er fram í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB sé í samræmi við viðmiðunarfjárhæðina vegna sérleyfa sem sett er fram í samningum er nauðsynlegt að endurskoða viðmiðunarfjárhæðina sem sett er fram í tilskipuninni.

3) Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/23/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin endurskoði viðmiðunarfjárhæðir á tveggja ára fresti, með gildi frá 1. janúar. Því ættu viðmiðunarfjárhæðirnar fyrir árin 2024-2025 að gilda frá og með 1. janúar 2024.

4) Útreikningur á viðmiðunarfjárhæðum getur ekki hafist fyrir 1. september vegna þess að gögn liggja ekki fyrir fyrr. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar verður framkvæmdastjórnin að birta endurskoðaðar viðmiðunarfjárhæðir í evrum og samsvarandi virði þeirra í öðrum gjaldmiðlum aðildarríkja ESB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í byrjun nóvembermánaðar. Í ljósi framangreinds og til þess að virða framangreind tímamörk grípur framkvæmdastjórnin til flýtimeðferðarinnar til að samþykkja þessa reglugerð.

5) Því ætti að breyta tilskipun 2014/23/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB kemur „5 538 000 evrur“ í stað „5 382 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2497, 16.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtíð. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

([3]) Stjtíð. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 2.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2510 **2024/EES/25/67**

frá 15. nóvember 2023

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ([2]) bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup ([3]) sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn um opinber innkaup, með áorðnum breytingum, (hér á eftir nefndur „samningurinn“) er fjölhliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Samningurinn gildir um alla innkaupasamninga sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar sem settar eru fram í honum („viðmiðunarfjárhæðir“) og tilgreindar eru sem sérstök dráttarréttindi.

2) Eitt af markmiðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ([4]) er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Í samræmi við 17. gr. tilskipunar 2014/25/ESB ber framkvæmdastjórninni að ganga úr skugga um á tveggja ára fresti að viðmiðunarfjárhæðirnar, sem settar eru fram í a- og b-lið 15. gr. þeirrar tilskipunar, séu í samræmi við viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru í samningnum og endurskoða þær ef nauðsyn krefur.

3) Viðmiðunarfjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/25/ESB hafa verið endurskoðaðar. Í samræmi við 1. mgr. 68. gr. tilskipunar 2009/81/EB ber að samræma viðmiðunarfjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun og endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/25/ESB.

4) Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. tilskipunar 2009/81/EB skal framkvæmdastjórnin einnig endurskoða viðmiðunarfjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í 8. gr. þeirrar tilskipunar á sama tíma og viðmiðunarfjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB ([5]) eru endurskoðaðar. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, sem felldi niður tilskipun 2004/17/EB, er þess krafist að framkvæmdastjórnin endurskoði viðmiðunarfjárhæðir á tveggja ára fresti, með gildi frá 1. janúar. Því ættu viðmiðunarfjárhæðirnar fyrir árin 2024-2025 að gilda frá og með 1. janúar 2024.

5) Útreikningur á viðmiðunarfjárhæðum getur ekki hafist fyrir 1. september vegna þess að gögn liggja ekki fyrir fyrr. Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. tilskipunar 2009/81/EB verður framkvæmdastjórnin að birta endurskoðaðar viðmiðunarfjárhæðir í evrum og samsvarandi virði þeirra í öðrum gjaldmiðlum aðildarríkja ESB í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í byrjun nóvembermánaðar. Í ljósi framangreinds og til þess að virða framangreind tímamörk grípur framkvæmdastjórnin til flýtimeðferðarinnar til að samþykkja þessa reglugerð.

6) Því ætti að breyta tilskipun 2009/81/EB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2510, 16.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtíð. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

([3]) Stjtíð. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 2.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 8. gr. tilskipunar 2009/81/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað „431 000 evrur“ í a-lið kemur „443 000 evrur“.

2) Í stað „5 382 000 evrur“ í b-lið kemur „5 538 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2303 **2024/EES/25/68**

frá 24. nóvember 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1780 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB ([1]), einkum 32. gr. (1. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) og 64. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga ([2]), einkum 1. mgr. 33. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB ([3]), einkum 51. gr. (1. mgr.), 75. gr. (3. mgr.) og 79. gr. (3. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB ([4]), einkum 71. gr. (1. mgr.), 92. gr. (3. mgr.) og 96. gr. (fyrsta undirgrein 2. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga ([5]), einkum 3. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum Bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti ([6]), einkum 3. gr. a,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um opinber innkaup,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1780 ([7]) eru tekin upp stöðluð eyðublöð (rafræn eyðublöð) fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup. Henni er ætlað að leysa af hólmi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1986 ([8]) og laga stöðluðu eyðublöðin í þeirri gerð að stafrænu umbreytingunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 305, 25.11.2022, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76.

([2]) Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65.

([4]) Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243.

([5]) Stjtíð. ESB L 395, 30.12.2006, bls. 33.

([6]) Stjtíð. EB L 76, 23.3.1992, bls. 14.

